



Lénið Ísland 1541–1683

Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra

Kristjana Kristinsdóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs
2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

SAGNFRÆÐI- OG HEIMSPEKIDEILD

Lénið Ísland 1541–1683

Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra

Kristjana Kristinsdóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði- og heimspekideild
Desember 2020

Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í sagnfræði

Reykjavík, 26. október 2020

Steinunn Kristjánsdóttir
deildarforseti

Lénið Ísland 1541–1683. Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra.

© Kristjana Kristinsdóttir
Reykjavík 2020

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9563-2-3

Ágrip

Ísland var lén í Danmörku. Rekstur þess og stjórnsýsla var sambærileg við önnur lén innan danska ríkisins. Vestmannaeyjar voru ekki hluti af léninu Íslandi. Í rannsókninni er leitast við að sýna fram á hver staða Íslands var innan danska ríkisins og hvernig þróun stjórnsýslunnar í Kaupmannahöfn birtist hér á landi. Jafnframt er varpað ljósi á þau skjöl sem til urðu vegna reksturs lénsins og með stjórnsýslu konungs. Heitið skjalasafn Bessastaða er notað hér um þau skjöl. Við athugun á skjalasafni Bessastaða er stuðst við fræðikenningu í skjalfræði sem nefnd er upprunaregla. Hér er um að ræða fyrstu stóru skrefin í mótun ríkisvalds á Íslandi með styrkingu konungsvalds, þar sem einn lénsmaður fer með völdin á landinu fyrir hönd konungs. Þær rannsóknarspurningar sem leitað hefur verið svara við eru: Hverjir voru lénsmenn konungs á Íslandi? Hvað felst í heimildinni lénsreikningur? Hvernig mótast og þróast stjórnsýsla konungs? Hvaða skjöl urðu til á tímabilinu 1541–1683 við stjórn og rekstur lénsins Íslands? Frumheimildir um stjórnsýslu þessa tímabils hafa um margar aldir verið sundraðar og ekki áður verið tekið á þeim út frá uppruna skjalanna og stjórnsýslulegu samhengi nema að litlu leyti. Frumheimildir hafa verið skoðaðar á söfnum bæði á Íslandi og í Danmörku. Einkum voru skoðuð skjöl í danska Ríkisskjalasafninu, Den Arnamagnæanske samling i Kaupmannahöfn, Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á Íslandi, Þjóðskjalasafni Íslands og Landsbókasafni-Háskólabókasafni, handritasafni. Gefast með þessu ný tækifæri til að skoða innbyrðis tengsl stjórnsýslunnar og meta söguna frá nýjum sjónarhóli. Þessi saga hefur lítið verið rannsökuð og er óskandi að fyrirliggjandi rannsókn vekji áhuga manna enn frekar á sögu 16. og 17. aldar.

Abstract

During the early modern period Iceland was a fiefdom (*lén*) of the Crown of Denmark. Its administration was comparable to that of the other Danish fiefdoms. The Westman Islands (*Vestmannaeyjar*) were a separate fiefdom. The Reformation in 1550 resulted in the strengthening of state power in Iceland, a royal governor (*lénsmaður*) subsequently being appointed by the King of Denmark. The purpose of this thesis is to study Iceland's position within the Danish realm as well as the development of the Danish administration of Iceland. Another important aim is to examine the documents created by the administration of the fiefdom in conjunction with that of the King of Denmark. These documents constitute the Bessastaðir Archive. The methodology of the thesis is based on a theory called the Principle of Provenance. Its core requirement is that each archive must be preserved as a well-defined whole and that the inner order of the archive must be kept intact. This thesis aims to answer the following research questions: Who were the royal governors of Iceland? How was the king's administration formed and developed? What was the significance of the important source, the fiefdom account (*lénsreikningur*)? What documents were created during the period 1541–1683 regarding the running of Iceland as a fiefdom? For centuries the primary sources regarding the administration of Iceland have been dispersed and only to a limited degree been evaluated in their administrative context. For the purpose of this thesis primary documents preserved in the following archives in Iceland and Denmark have been consulted and form the research framework: The Arnamagnæan Collection in Copenhagen, the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies, the Danish National Archives, the Royal Danish Library, the Manuscript Collection of the National and University Library of Iceland and the National Archives of Iceland. The results of this thesis present us with new opportunities to examine the internal relationships within the administration and to assess and offer new interpretations in history. Little research has hitherto been done in this field and it is hoped that this thesis will stimulate further interest in the history of Iceland during the 16th and 17th centuries.

Efnisyfirlit

Formáli	15
1 Inngangur	16
1.1. Lénið Ísland	19
1.2. Lénið Vestmannaeyjar	20
1.3. Lénsmenn	21
1.4. Skjalasafn og rannsóknaraðferð	22
1.5. Skrif um sögu 16. og 17. aldar.....	26
1.6. Nálgun og framsetning rannsóknar	28
2. Mótun stjórnarsýslu konungs eftir siðaskipti	30
2.1. Stjórnarskrifstofunnar, kansellí og rentukammer.....	30
2.2. Lénin og lénsmenn	32
2.3. Réttaröryggi og skjalahald	34
2.4. Embættismenn í lénunum.....	39
2.5. Stjórnarsýsla og afgreiðsla erinda	42
2.6. Skjalasöfn léna	43
2.7. Lénsmannsskipti og fógetar lénsmanna.....	45
2.8. Hugmyndir Christians IV um breytingar á lénunum.....	54
2.9. Ágrip	57
3 Endurskoðun lénsreikninga í rentukammeri og íslensku lénsreikningarnir	58
3.1. Endurskoðun lénsreikninga (Revision).....	58
3.2. Innihald lénsreikninga og uppbygging	65
3.2.1. Reikningar yfir tekjur og gjöld ásamt kvittunum	66
3.2.2. Tekjur afgjaldsléns.....	69
3.2.3. Tekjur reikningsléns.....	72
3.2.4. Gjöld afgjaldsléns	79
3.2.5. Gjöld reikningsléns	82
3.2.6. Sakeyrisskrár, óvissar tekjur.....	84
3.2.7. Útdrættir úr reikningum.....	85
3.2.8. Athugasemdir rentumeistara við reikningsfærsluna og svör lénsmanna.....	86
3.2.9. Jarðabækur.....	87
3.2.10. Uppgjörsgögn	89
3.3. Ágrip	91

4.	Léismennirnir og störf þeirra samkvæmt erindis- og veitingarbréfum	92
4.1.	Almennt um léismenn.....	92
4.2.	Fyrstu léismenn við siðaskipti. Léismenn 1541 til 1551.....	94
4.3.	Að festa nýjan sið í sessi. Léismenn 1551–1570 (1574).....	96
4.3.1.	Otte Stigesen 1551–1552 og Eggert Hannesson 1552.....	97
4.3.2.	Poul Huitfeldt 1552–1554 (Páll Hvítfeld).....	97
4.3.3.	Knud Stensen 1554–1559 (Knútur Steinsson).....	99
4.3.4.	Poul Stigesen 1560–1566 (Páll Stígsson).....	102
4.3.5.	Hendrik Krag til Trenderup 1567–1569 (Henrik Krag).....	105
4.3.6.	Christoffer Valckendorf 1569–1570 (Kristófer Valkendorf).....	106
4.4.	Próun stjórnýslu. Léismenn 1570 (1574)–1633.....	111
4.4.1.	Johan Bocholt 1570–1586 (Jóhann Bocholt).....	111
4.4.2.	Peder Thomassøn 1587 (Pétur Tómasson).....	115
4.4.3.	Laurits Kruse Tygissøn til Svendstrup 1588–1591 (Lars Kruse).....	115
4.4.4.	Hendrik Krag til Trenderup 1591–1595 (Henrik Krag).....	115
4.4.5.	Brostrup Giedde til Tommerup 1595–1597 (Bostrup Gedde).....	119
4.4.6.	Johan Bocholt 1597–1602 (Jóhann Bokholt).....	120
4.4.7.	Enevold Kruse til Vingegaard 1602–1606 (Enevold Krúse).....	122
4.4.8.	Herluf Trolle Daa til Snedinge 1606–1619 (Herluf Daa).....	123
4.4.9.	Frederik Friis til Hesselager á Fjóni 1619 (Friðrik Friis).....	127
4.4.10.	Holger Rosenkrantz 1620–1633 (Holgeir Rosenkrants).....	129
4.5.	Aukin stjórnýsla. Síðustu fimmtíu ár léismannstímans.....	134
4.5.1.	Pros Mund til Bjerkevold 1633–1645 (Pros Mundt).....	134
4.5.2.	Jens Søffrensen 1645–1648 (Jens Søffrensen).....	138
4.5.3.	Henrik Bjelke til Østeraat 1648–1683 (Henrik Bjelke).....	143
4.6.	Ágrip.....	149
5.	Söfnun heimilda – myndun skjalasafns á Bessastöðum 1552–1682.....	150
5.1.	Söfnun heimilda 1552–1636.....	150
5.2.	Staða eignarmála og eftirlits 1636–1637.....	155
5.3.	Söfnun og skráning eignarheimilda 1639–1645.....	166
5.4.	Söfnun og skráning heimilda 1657–1682.....	174
5.5.	Ágrip.....	177
6.	Niðurstöður.....	178
6.1.	Stjórnýsla konungs.....	178
6.2.	Skjalasafn Bessastaða.....	183
6.3.	Skrá yfir skjalasafn Bessastaða.....	187
Heimildaskrá.....		273
Viðaukar.....		287
	Viðauki 1. Léismenn og fógetar 1541-1683.....	289
	Viðauki 2. Yfirlit yfir varðveitta lénsreikninga frá léninu Íslandi.....	293

Viðauki 3. Veitingarbréf lénsmanna fyrir reiknings- og afgjaldssléni, bréf konunglegs fógeta og veitingarbréf fógeta lénsmanns	299
Viðauki 4. Mynt og verðgildi.....	309
Viðauki 5. Nokkrar orðskýringar	315
Viðauki 6. Viðburðaskrá 1541–1683	323
Viðauki 7. Uppskriftir lénsreikninga	327
Lénsreikningur fyrir reikningsárið 1590 til 1591.....	329
Lénsreikningur fyrir reikningsárið 1647 til 1648.....	385
Viðauki 8. Skammstafanir	551
Summary	552

Skrá yfir töflur, skipurit og kort

Tafla yfir skiptingu lénsins Íslands í afgangds-, reiknings- og þjónustulén	bls. 19
Skipurit yfir embættismenn og tengsl þeirra 1541–1683	bls. 42
Tafla yfir lénsmenn og fógeta þeirra 1541–1683	bls. 53
Tafla yfir klausturhaldara	bls. 73
Tafla yfir hafnir í hverri sýslu	bls. 75
Kort yfir sýslur, hafnir og klaustraumboð 1645	bls. 78
Tafla yfir laun 1647/48	bls. 84
Tafla yfir lénsmenn á Íslandi 1541–1683	bls. 93

Formáli

Samning þessa verks hefur staðið yfir í all langan tíma með hléum. Sveinbjörn Rafnsson prófessor benti mér í upphafi á þetta rannsóknarefni. Margir hafa stutt mig við rannsóknina og hvatt mig áfram til að ljúka verkinu. Ekki er hægt að nefna alla sem aðstoðað hafa mig við efnisöflun og yfirllestur, en ég vil þó geta nokkurra. Þá vil ég fyrst nefna Ólaf Ásgeirsson og Hrefnu Róbertsdóttur Þjóðskjalaverði sem bæði hafa hvatt mig áfram, lesið verkið yfir, komið með góðar ábendingar og veitt mé rannsóknarleyfi frá öðrum störfum á Þjóðskjalasafni til þess að sinna verkefninu í einhverri samfellu. Verkið hefur einnig verið unnið í rannsóknartíma mínum sem lektor í skjalfræði við Háskóla Íslands. Starfsmenn Þjóðskjalasafns hafa einnig bent mér á ýmis skjöl og prentaða texta sem göggnuðust rannsókninni. Má þar sérstaklega nefna og þakka Björku Ingimundardóttur, Gísla Baldri Róbertssyni og Gunnari Erni Hannessyni sagnfræðingum og skjalavörðum fyrir yfirllestur og ábendingar vegna torlesinna orða við uppskrift á textum. Jafnfram vil ég þakka Guðrúnu Ásu Grímsdóttur og Helga Skúla Kjartanssyni fyrir aðstoð við uppskrift á textum og einnig Önnu Agnarsdóttur og Ragnheiði Mósesdóttur fyrir stuðning og yfirllestur. Ég hef fengið styrk frá Det Arnamagnæanske Institut í Kaupmannahöfn á meðan ég dvaldi þar um hríð við athuganir á skjölum sem þar eru varðveitt. Dvöl í Jónshúsi gaf mér tækifæri á að rannsaka skjöl í Ríkisskjalasafninu danska og á öðrum söfnum í Kaupmannahöfn.

Kristjana Kristinsdóttir

26. október 2020

1 Inngangur

Í þessu verki verður fjallað um störf æðsta embættismanns konungs á Íslandi, lénsmanns¹, á 16. og 17. öld og leitast við að varpa ljósi á þau skjöl sem til urðu vegna verkefna hans. Á árunum 1541–1683, þ.e. frá upphafi siðaskipta hér á landi og til amtsskipunar, varð til vísir að miðstýrðri danskri stjórnslu á Íslandi og skjalasafn hennar, skjalasafn Bessastaða, myndaðist en svo kallast skjalasafn þeirra lénsmanna sem hér sátu og höfðu landið að léni. Elsta skjalið úr því safni sem er varðveitt er konungsbréf frá 13. apríl 1565 þar sem Stóridómur er staðfestur.² Við athugun á þróun stjórnslunnar verður stuðst við veitingarbréf lénsmanna, fyrirmæli til þeirra og lög sem sett voru á þessu tímabili. Með tilliti til verkefna lénsmanns verður leitast við að finna hvaða skjöl lágu í skjalasafninu á sínum tíma en skjalasafnið er nú dreift í söfnum á Íslandi og í Danmörku og óljóst hefur verið hvaða skjöl tilheyra skjalasafni Bessastaða. Hér er lögð áhersla á að greina stjórnslubreytingar, skjalategundir, verkefni lénsmanna og skjalagerð auk þess sem sett er saman skrá yfir varðveitt skjöl úr skjalasafni Bessastaða. Ekki hefur áður verið gerð rannsókn á þróun stjórnslunnar á þessu tímabili á Íslandi né kannað hvaða skjöl eiga að liggja eftir lénsmann í skjalasafni Bessastaða og hver þeirra hafi varðveist. Þó er vísir að því í skýrslu Jóns Þorkelssonar Þjóðskjalavarðar (f. 1859 d. 1924)³ um skjöl í Árnasafni sem komin eru úr opinberum skjalasöfnum á Íslandi.⁴

Hafa verður í huga að á þessum tíma var tortryggni á milli valdamanna landsins og deilur risu upp milli lénsmanna, lögmanna og biskupa. Reglur voru hertar um skráningu eigna konungs með skráningu eignaskjala og skyldu þeirra til að halda lénsreikning yfir tekjur konungs og láta endurskoða hann í rentukammeri. Þessi reikningur var yfir tekjur og gjöld konungs. Ljóst varð að vera hvaða tekjur konungur gat haft af landinu. Má segja að þetta haldist í hendur við aukna stjórnslu en fyrsti vísir hennar þróaðist á þessu tímabili 1541–1683 eins og nefnt var. Tungumálaerfiðleikar hafa einnig verið fyrir hendi og var Jónsbók þýdd á dönsku.

¹ Hér er æðsti valdsmaður konungs í léninu kallaður lénsmaður, enda var svo gert í öðrum lénunum Danakonungs. Ekki er stuðst við heitið hirðstjóri, með hirðskrá og Jónsbók að baksviði. Sýslumenn eru nefndir svo hér en ekki hirðmaður og þá lénsmaður, valdsmenn konungs.

² Björn K. Þórólfsson, „Íslensk skjalasöfn“, *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 127 (1953), bls. 119–120.

³ Þegar getið er mannanafna er ýmist getið fæðingar- og dánardags eða þess tíma sem viðkomandi var í embætti og er það gert eftir því sem við á.

⁴ Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar, sem komin eru úr opinberum skjalasöfnum á Íslandi*. Samin að fyrirlagi Stjórnarráðs Íslands (Reykjavík 1903). Sjá einnig Pál Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldrinnar á Íslandi* III (Reykjavík 1924), bls. 24–25.

Smjaðrað var fyrir yfirvaldinu og þeim jafnvel mútað með gjöfum sem þeim hugnaðist eins og Jónsbókum og dúni sem var verðmæt vara. Lesa má nokkur dæmi um allt þetta hér aftar.

Af íslenskum miðaldaánum má ráða, að oft hafi fleiri en einn maður farið með yfirstjórn á Íslandi á sama tíma, en sjaldnar hafi einn maður farið með yfirstjórn á öllu landinu a.m.k. fram til um 1450.⁵ Frá siðaskiptum á Íslandi 1550 fór ætíð einn maður með yfirstjórnina. Lén Danakonungs í öllu ríkinu skiptust annars vegar í smálén (mindre len), t.d. eitt klaustur eða umboð, og hins vegar í stórlén (hovedlen), en undir stórlénin heyrðu mörg héruð (*herred*). Eftir siðaskiptin í Danmörku árið 1537 urðu þær breytingar á lénunum að smálén runnu saman og urðu að stórlénum og var það liður í því miðstýrða kerfi sem var í mótun í ríkinu. Páll Eggert Ólason (f. 1883 d. 1949) gerir ítarlega grein fyrir eignaupptöku konungs á jörðum við siðaskiptin hér á landi, þ.e. klaustraeignum og jörðum biskupanna Ögmundar Pálssonar (1521–1541) og Jóns Arasonar (1522–1550) og sona hans. Jafnframt fjallar hann um skiptingu jarðeigna konungs í umboðsjarðir, klaustur og sýslujarðir (*smálén eða héruð*) sem konungur leigði út gegn ákveðnu gjaldi.⁶ Konungur átti eftir siðaskipti um 10% allra jarða á landinu.⁷ Ísland varð með siðaskiptunum í Danmörku 1537 eitt stórlén á árabílinu 1541–1550, þ.e. yfirstjórn landsins og innheimta tekna konungs af landinu var sett í hendur eins manns.

Breytilegt var á hvern hátt sá sem hélt lénið stóð skil á tekjum af því, þ.e. með hvaða hætti hann hafði eignir konungs að léni. Tekjurnar skiptust í vissar tekjur (*visse rente*), sem var landskuldin, og óvissar tekjur (*uvisse rente*) eins og sakeyri. Almennt er talað um þrenns konar lén í Danaveldi, þ.e. afgangslén (*afgiftslen*), reikningslén (*regnskabslen*) og þjónustulén eða frílén (*tjenestelen*).

Í afgangsléni fékk lénsmaður allar vissar tekjur, þ.e. landskuld á Bessastöðum, tíund, tolla af skipum sem leyfi höfðu til að sigla á hafnirnar, og afgangið af klaustraumboðum⁸, sýslunum og umboðsjörðunum, gegn föstu gjaldi sem tekið var fram í veitingarbréfinu. Hann þurfti ekki að halda reikning yfir þær, en þurfti hins vegar að halda reikning yfir óvissar tekjur, t.d. sakeyri sem hann fékk einn þriðja af. Á afgangsléni þurfti hann að gera skil árlega í rentukammeri þar sem eftirlit var haft með reikningsfærslunni og reikningarnir endurskoðaðir.

⁵ Gustav Storm, *Islandske Annaler indtil 1578* (Christiania 1888); Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannáll“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta* II (Kaupmannahöfn 1886), bls. 606–607; Axel Kristinsson, „Embættismenn konungs fyrir 1400“, *Saga tímarit Sögufélags* 36 (1998) bls. 113–152.

⁶ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 5–24.

⁷ Björn Lárusson, *Íslands jordebok undir förindustriell tid* (Lund 1982), bls. 8.

⁸ Klaustrin voru lögð niður við siðaskiptin en héldust sem jarðaumboð vegna þeirra jarða sem þeim höfðu tilheyrt og konungur leigði nú út til umboðsmanna gegn ákveðnu gjaldi.

Í reikningsléni var lénið veitt gegn föstum launum, „deputat“⁹, og árlega gerður reikningur yfir vissar tekjur og óvissar, samkvæmt veitingarbréfinu, sem skilað var í rentukammer til endurskoðunar.

Reikningar afgjalds- og reikningsléns sem skilað var til konungs eða stofnana hans eru nefndir lénsreikningar og eru varðveittir frá Íslandi frá árunum 1588/89 til 1661/62. Jafnframt eru varðveittir útdrættir úr lénsreikningum 1566/67 til 1572/73.

Auk þessara reikninga eru varðveittir svonefndir fógetareikningar, AM 264 fol, frá árunum 1547 til 1553. Þeir teljast þó ekki til lénsreikninga en eru reikningar fógeta kaupmanna í Kaupmannahöfn sem höfðu landið að léni. Þessir reikningar voru ekki endurskoðaðir í rentukammeri og voru samdir til upplýsingar fyrir kaupmenn Kaupmannahafnar svo þeir gætu hugsanlega útbúið lénsreikning byggðan á þeim. Þeim var ekki skilað inn til stofnana konungs, heldur bárust Árna Magnússyni frá „Lyd Magnussyne 1707“ en hann var prestur á Skarði á Skarðsströnd.¹⁰

Í þjónustuléni fékk lénsmaðurinn tekjurnar af léninu í kaup fyrir veitta herþjónustu.¹¹ Þegar landið var þjónustulén eru engir reikningar varðveittir enda þurfti ekki að gera konungi grein fyrir þeim.

Á árabílinu 1596–1660 voru höfuðlén í Danmörku um 75 og smálenin um 115. Í Noregi voru lénin 43 og Ísland þar talið með. Vestmannaeyja er ekki getið.¹²

⁹ Deputat, notað um ákveðnar tekjur sem embættismenn gátu fengið fyrir utan sín föstu laun. Deputat samanstóð af vörum t.d. korni eða brenni.

¹⁰ *Íslenskt fornbréfasafn* XII, (Reykjavík 1923–1932), bls.106. (AM 264 fol). Hugsanlegt er að þessir reikningar séu afskrift af skjölum sem lágu á Bessastöðum. Í þeim felast reikningar og skjöl Eggerths Hannessonar og afhending innistæðu til Poul Hvidtfeldt frá kaupmönnum í Kaupmannahöfn þegar þeir skila af sér landinu. Ef svo er eru þau skjöl sennilega glötuð.

¹¹ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie i 1640'erne* (Aarhus 1972), bls.153–155; Kr. Erslev, *Konge og Lensmænd i det sextende Aarhundrede* (København 1879), bls. ii–iv.

¹² Kr. Erslev, *Danmarks-Norges Len og Lensmænd* (København 1885), bls 1–92.

1.1. Lénið Ísland

Ísland var reikningslén frá 1553 til ársins 1574.¹³ Frá árinu 1574 til 1582 var landið afgjaldslén.¹⁴ Frá 1582 til Jónsmessu 1586 er landið reikningslén,¹⁵ afgjaldslén reikningsárið 1586/87 og reikningslén 1587/88. Frá Jónsmessu 1588 er landið svo enn gert að afgjaldsléni.¹⁶ Hélt sú skipan til ársins 1663 þó að undanskildum árunum 1645 til 1648 er landið var reikningslén.¹⁷ Árin 1663 til 1683 var landið þjónustulén.¹⁸

Tafla yfir skiptingu lénsins Íslands í afgjalds-, reiknings- og þjónustulén

Ár	Afgjaldslén	Reikningslén	Þjónustulén
1553 – 1574		●	
1574 – 1582	●		
1582 – 1586		●	
1586 – 1587	●		
1587 – 1588		●	
1588 – 1645	●		
1645 – 1648		●	
1648 – 1663	●		
1663 – 1683			●

¹³ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 685–686; *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII (Reykjavík 1933), bls. 258, 473–474; *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV (Reykjavík 1944–1949), bls. 613–614; *Kancelliets Brevbøger V* (København 1898), bls. 413–414.

¹⁴ *ÞÍ*. Kansellí (KA)-1. 26. apríl 1576. Lénsbréf Johan Bocholts höfuðsmanns í frumriti með undirskrift konungs; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls 318; *Kancelliets Brevbøger V*, bls. 413–14; *Kancelliets Brevbøger VI* (København 1900), bls. 41.

¹⁵ *ÞÍ*. KA. KA/1. 7. maí 1582. Lénsbréf Johan Bocholts höfuðsmanns í frumriti með undirskrift og innsigli konungs; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 318–323; *Kancelliets Brevbøger VII* (København 1903), bls. 480.

¹⁶ *ÞÍ*. KA. KA/1. 31. janúar 1586. Lénsbréf Johan Bocholts höfuðsmanns í frumriti með undirskrift og innsigli konungs; *Kancelliets Brevbøger IX* (København 1909), bls. 94–95; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 323–327; *Kancelliets Brevbøger VIII* (København 1906), bls. 480.

¹⁷ Magnús Ketilsson, *Kongelige Allernaadigste Forordninger og aabne Breve II* (Rappsøe 1778), bls. 440–442.

¹⁸ *Lovsamling for Island I* (Kjöbenhavn 1853), bls. 285–286. Björn Lárusson segir í bók sinni *Íslands jordebok undir förindustriell tid*, bls. 8 að Ísland hafi verið rekið og því stjórnað sem reikningsléni til ársins 1684 í endurbættu formi („modifiserad form“). Þessi fullyrðing á ekki við rök að styðjast.

1.2. Lénið Vestmannaeyjar

Þegar talað er um lénið Ísland í lénsreikningum er ekki átt við Vestmannaeyjar og eru þær ekki með í umfjölluninni hér nema þegar þeirra er sérstaklega getið í veitingarbréfum lénsmanna og vegna sérstakra fyrirskipana konungs, t.d. um skipan sýslumanns í Vestmannaeyjum, enda litið á Vestmannaeyjar sem sérstakt lén í rentukammeri. Konungur rak verslunina í Vestmannaeyjum á árunum 1558–1600, og hafði sérstakan umsjónarmann þar. Þannig eru reikningar Vestmannaeyja varðveittir sérstaklega 1586–1589, 1589–1590, 1593–1596, 1599–1600 og 1599–1601 auk útdráttar 1599/1600 sem liggur með íslensku lénsreikningunum.¹⁹ Þetta eru reikningar reikningsléns. Eldri útdrættir eru varðveittir í rentukammeri frá árinu 1571/72.²⁰ Eftir 1600 seldi konungur borgurum í Kaupmannahöfn verslunina að léni. Árið 1620 varð breyting á veitingu Vestmannaeyja. Eftir 1620 voru þær leigðar með öðrum höfnum landsins en þó var gerður sérstakur leigusamningur vegna þeirra.²¹ Reikningar Vestmannaeyja eru varðveittir sem hluti af reikningum Íslenska kompanísins (1619–1662) (*einokunarverslunarfélagið Det islandske, færøiske og nordlandske kompagni*) frá árunum 1620–1660 og einnig í reikningum Hans Nansen 1664–1674, en hann hafði Vestmannaeyjar á leigu fyrir 800 ríkisdali²² og var einn þátttakandi í Verslun aðalútgerðarmanna.²³ Verður ekki fjallað sérstaklega um Vestmannaeyjar hér, enda um annað lén að ræða en Ísland eins og áður segir. Til samanburðar má nefna að Færeyjar voru sérstakt lén og Noregur var á þessum tíma mörg lén og það sama á við um Danmörku þar var fjöldi léna bæði smá- og stórléna. Hér verður rannsakað lénið Ísland, sem valdsmenn Bessastaða fóru fyrir.

¹⁹ ÞÍ. Rentukammer (Rtk) F/235. 1586–1589 Reikningar Vestmannaeyja, Rtk. F/236 1593–1601 Reikningar Vestmannaeyja; ÞÍ. Rtk. F/1 Reikningar jarðabókarsjóðs. Lénsreikningar. Útdrættir úr reikningum Vestmannaeyja reikningsárið 1599–1600. Um upphaf konungsverslunar í Eyjum, sjá Pál Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 101–111.

²⁰ DRA. Regnskaber 1599–1660. Lensregnskaber. Ekstrakter af lensregnskaber 1570–1599. Ekstrakter 1574. Pk 5. Reikningar 1571/72, bls. 346–348.

²¹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 126.

²² Ríkisdalur, verðeining. Einn ríkisdalur var jafngildi 96 skildinga og fjórir ríkisdalir voru jafngildi eitt hundrað álna (120).

²³ DRA. Regnskaber 1559–1660 nr. 775. Islandske Kompagnis Regnskaber 1620–1660; DRA. Rtk. 216.286.XXI Afregninger vedrørende Islands besejling. Hans Nansen Afgift af Vespenø, samt for Islands Besejling 1664–1674. Sjá hér einnig, *Landsbókasafn-Háskólabókasafn*, Pétur G. Kristjánsson, Tengsl framleiðslu og markaðar. Konungsumboðið í Vestmannaeyjum og utanlandsverslun Íslendinga á síðari hluta 16. aldar. Ritgerð til MA-prófs 2008.

1.3. Lénsmenn

Hér á eftir verður æðsti embættismaður konungs oftast nefndur lénsmaður (*lensmand*) þegar landið var afgjaldslén og þjónustulén. Konunglegur fógæti er annað heiti á lénsmanni þegar landið var reikningslén, þ.e. þegar lénsmaður fékk föst árslaun og var jafnvel ekki aðalsmaður. Önnur embættisheiti á lénsmanni eða konunglegum fógæta í íslenskum heimildum eru hirðstjóri, lénsheerra, befalingsmaður, umboðsmaður, höfuðsmaður, junker, réttari (þá sem samheiti yfir sýslumenn, lögmenn og hirðstjóra)²⁴ og einnig fógæti. Embættisheitið fógæti var einnig notað fyrir fulltrúa danskra kaupmanna á Íslandi á árunum 1547–1553 og umboðsmann hans. Þessi fjölbreytni í embættisheitum er sambærileg því sem tíðkaðist í öðrum lénjum Danakonungs annars staðar í ríkinu.²⁵ Embættisheitið fógæti á þó aðeins við hér þegar rætt er um fulltrúa eða umboðsmenn lénsmanna sem skipaðir voru af lénsmanni en ekki konungi, stundum nefndir fógætar lénsmanna eða umboðsmenn til aðgreiningar frá konunglegum fógæta, enda stjórnarsýsluleg staða þeirra önnur.²⁶ Undir lok tímabilsins var síðasti lénsmaðurinn, Henrik Bjelke (1648–1683), einnig nefndur amtmaður í bréfum konungs enda hafði amtskerfinu verið komið á í Danmörku árið 1661.²⁷

Lénsmaðurinn, oftast aðalsmaður, átti að kunngerá fyrirskipanir konungs á Íslandi, sjá um að þeim væri framfylgt og innheimta tekjur af eignum konungs í léninu. Hann hafði eftirlit með réttarfarinu, innheimtu sakeyris og að réttri kirkjuskipan væri fylgt. Hann hafði rétt til að setja menn í embætti og átti að hafa eftirlit með versluninni. Jafnframt hafði hann sérstaklega umsjón með konungsgarðinum Bessastöðum og Viðey, auk Arnarstapa í Snæfellsnessýslu frá árinu 1565, en þá lögðust jarðir Helgafellsklasturs til Arnarstapa sem varð þá sérstakt umboð

²⁴ Hjálmar Vilhjálmsson, „Sýslumenn á Jónsbókartímabilinu 1264–1732“, *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti (1965), bls. 29.

²⁵ William Christensen, *Dansk statsforvaltning i det 15. århundrede* (København 1903/1974), bls. 216–218.

²⁶ Jón Árnason, *Historisk Indledning til den gamle og nye Islandske Rettergang* (København 1762), bls. 498, 512; Einar Arnórsson, *Réttarstaða Íslands* (Reykjavík 1913), bls. 263–264; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 442; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 240–241.

²⁷ Sjá t.d. Magnús Ketilsson, *Kongelige Allernaadigste Forordninger og aabne Breve* III (København 1787), bls. 171, 177, 180.

sem átti að skila reikningi til Bessastaða.²⁸ Bessastaðir á Álftanesi voru eftir siðaskipti²⁹ embættisbústaður lénsmanns. Bessastaðir voru fyrsta jörðin sem konungur eignaðist hér á landi³⁰ eftir lát Snorra Sturlusonar 1241 en upphaflega var e.t.v. ætlunin að konungsgarður yrði í Viðey.³¹

1.4. Skjalasafn og rannsóknaraðferð

Heitið, *skjalasafn Bessastaða*, er notað hér sem samheiti um þau skjöl sem safnað var til Bessastaða svo sem klaustraskjölum og gömlum jarðaskjölum og sem samin voru þar á árunum 1541–1683 á tímabilinu frá siðaskiptum og þar til nýtt stjórnkerfi var tekið upp eftir einveldistöku. Áhersla er lögð á að draga upp mynd af skjalasafninu og gera grein fyrir þeim skjalaflokkum eða tegundum skjala sem mynduðu safnið. Við þá umfjöllun er stuðst við fræðikenningu um skjalasöfn sem nefnd er upprunaregla (*proveniensprincippet*), og sem nú til dags er grundvöllur allrar meðferðar skjala á skjalasöfnum. Staðreyndin er sú að skjal verður ekki heimild sem hægt er að byggja á við það eitt að vera ofan í einhverjum kassa. Skjalið verður fyrst heimild sem hægt er að nota til fræðilegra rannsókna þegar uppruni þess er ljós. Kjarni upprunareglunnar er krafan um að sérhvert skjalasafn skuli varðveita sem afmarkaða heild og að virða beri innri röð safnsins. Upprunareglan er talin hafa komið fram í Frakklandi árið 1841. Saga hennar er þó lengri því árið 1813 talar Finnur Magnússon leyndarskjalavörður (f. 1781 d. 1847) um nauðsyn þess að halda hverju safni fyrir sig. „Ethvert Embeds Brevskaber burde ordnes, op stilles og registreres for sig selv.“³² Þessi vinnuregla við meðferð skjalasafna breiddist út um Evrópu og víðar á árunum eftir 1898 en á því ári komu út hollenskar

²⁸ ÞÍ. Rtk F/1 - F/8. Lénsreikningar 1588–1662; Kr. Erslev,

i det sextende Aarhundrede (København 1879), bls. 1; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 10–24, 246–247; Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, (Reykjavík 1945), bls. 243–244; Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie i 1640erne*, bls. 154–155.

²⁹ Árið 1541 í Skálholtsbiskupsdæmi og 1551 í Hólabiskupsdæmi. Björn K. Þórólfsson, *Biskupsskjalasafn. Skrár Þjóðskjalasafns* III (Reykjavík 1956), bls. 24–25.

³⁰ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 5.

³¹ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. nr. 50 Thill Jsslannd. (Minnisgreinar fógeta konungs um „það, sem mest er á nauðsyn á Íslandi, í Viðeyjarklaustri eða hvar sem haldinn yrði konungsgarðr þar í landi.“) Sjá hér Íslenzkt fornbréfasafn XII, bls. 90–91; Magnús Ketilsson, *Kongelige Allernaadigste Forordninger og aabne Breve* I (Rappsøe 1776), bls. 247.

³² Aðalgeir Kristjánsson, „Tillögur Finns Magnússonar um stofnun handrita- og skjalasafns á Íslandi“, *Gripla* IV (1980), bls. 183.

leiðbeiningar um notkun upprunareglunnar.³³ Upprunareglan var tekin í notkun á Landsskjalasafni Íslands árið 1905–6 með útkomu skrár yfir skjalasafn klerkdóms.³⁴ Áður hafði embættisskjölum verið steipt saman í eina heild,³⁵ sem varð til þess að danski ríkisskjalavörðurinn sendi hingað til lands leiðbeiningar um skráningu safna eftir upprunareglu.³⁶ Ef stuðst er við upprunareglu varpa skjalasöfnin ljósi á stjórnsýsluna. Í upprunareglunni felst að við meðferð skjalasafna verði að gera sér grein fyrir eðli og einkennum skjalasafnsins, uppruna þess og uppbyggingu, m.a. til þess að mögulegt sé að leggja mat á gildi þess sem heimildar.³⁷ Við mat á hvaða skjöl tilheyra skjalasafni Bessastaða var því haft í huga hvers vegna skjalið var búið til og fyrir hvern, uppbyggingu skjalsins, innihald þess, helstu einkenni og varðveislusaga.³⁸ Beiting upprunareglunnar á skjalaförða tímabils lénsmanna konungs á Íslandi er lykillinn að hinni stjórnsýslulegu nálgun. Þetta viðfangsefni er að stórum hluta til órannsakað í íslenskri sögu fyrir lénstímabilið.³⁹

³³ Peter Horsman, Eric Ketelaar, Theo Thomassen, „New Respect for the Old Order: The Context of the Dutch Manual.“ *The American Archivist*. Volum 66. Number 2 (Fall/Winter 2003), bls. 249–270.

³⁴ *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík* II. Skjalasöfn Klerkdóms (Reykjavík 1905–1906).

³⁵ *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík*. I,1. Skjalasafn hirðstjóra, stiptamanna og landshöfðingja (Reykjavík 1903).

³⁶ Sigfús Haukur Andrésson, *Þjóðskjalasafn Íslands. Ágrip af sögu þess og yfirlit um heimildasöfn þar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar I (Reykjavík 1979), bls. 52–53.

³⁷ Sveinbjörn Rafnsson, *Skrift, skjöl og skjalasöfn*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 2 (Reykjavík 1980), bls. 66–67; Peter Horsman, „Taming the Elephant. An Orthodox Approach to the Principle of Provenance“. *The Principle of Provenance*. Skrifter utgivna av Svenska Riksarkivet 10. (1994), bls. 51–63; Sjá einnig, Michel Duchein, „Theoretical Principles and Practical Problems of Respect des Fonds in Archival Science“. *Archivaria*. The Association of Canadian Archivists 16 (1983), bls. 64–82; Anna Christine Ulfsparré, „Utvecklandet av arkivteorien“, 18. Nordiske Arkivdagarna (1997), bls. 191–203; Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar, sem komin eru úr opinberum skjalasöfnum á Íslandi*, einkum bls. 41–51.

³⁸ Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu sviði fyrir tímabilið frá siðaskiptum fram á 20. öld, bæði fyrir Danaveldi þar sem Ísland kemur in að hluta. Sjá danska ritröð um stjórnsýsluheimildir í fimm bindum, *Vor gunst tilforn. Kilder til dansk forvaltningshistorie 1500–1750* I. Ritstjóri Ole Degn (København 2007), *På embeds vegne. Kilder til dansk forvaltningshistorie 1750–1920* II. Ritsjórar Erik Nørr og Karl Peder Pedersen (København 1998), *Efter bemyndigelse. Kilder til dansk forvaltningshistorie 1920–1970* III. Ritstjórar Jørgen Mikkelsen og Erik Nørr (København 2008), *Slesvig, Preussen, Danmark. Kilder til sønderjysk forvaltningshistorie* IV. Ritstjórar Erik Nørr og Jesper Thomassen (København 2004), *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne* V. Ritstjórar Erik Nørr og Jesper Thomassen (København 2007).

³⁹ Sjá einnig verkefni unnin í tengslum við skjalasöfn eldri tíma á Þjóðskjalasafni og gefin hafa verið út á rafrænu formi, <https://skjalasafn.is/rannsoknir>; Helga Jóna Eiríksdóttir. *Embættisfærslur sýslumanna á 19. öld. Skjalfræðileg rannsókn á embættisfærslum sýslumanna Ísafjarðarsýslu, Rangárvall-*

Ætla verður í upphafi að helstu skjalaflokkar sem mynda skjalasafn Bessastaða séu bréf og fyrirskipanir frá konungi, skjöl varðandi jarðir konungs og kirkju og eintak af alþingisbók eftir að farið var að færa slíkar bækur. Í rannsókninni verða kannaðar þær heimildir sem varðveittar eru í ýmsum söfnum í dag og lagt mat á þær út frá upprunareglu, auk þess sem stuðst er við stjórnsýsluþróunina, til að meta hvort þær hafi á sínum tíma tilheyrð skjalasafni Bessastaða.

Skjalasafn lénsmanns á Bessastöðum hefur ekki varðveist í samhengi eins og áður segir, hefur tvístrast á fyrri öldum, en unnt er að fá vísbendingu um hvaða skjöl mynduðu skjalasafnið með því að athuga þau gögn sem þó eru varðveitt um safnið. Slíkar heimildir eru til frá árinu 1553, frá árabílinu 1619–1648 og frá árinu 1662 og eru aðalviðfangsefni þessarar rannsóknar.

Árið 1553 fékk lénsmaðurinn á Bessastöðum eignasafn Viðeyjarklausturs í hendur til þess að standa undir rekstri embættis síns. Lágu þá í skjalasafninu tveir pokar af Viðeyjarklaustursskjölum, alls 28 pergamentsbréf auk eins pappírsbréfs frá Birni Jónssyni (d.1550) syni Jóns Arasonar biskups sem Eggert Hannesson (f. 1515 d. 1583) fógæti hafði safnað, auk tíu bréfa sem sérstaklega er getið. Þessi bréf eru um staðfestingu biskups á Píningsdómi frá 1480, um verslun við þýska kaupmenn og bann við vetrardvöl þeirra. Bréf um mál og vog eftir lögbókinni og bréf um að bændur megi ekki versla fyrr en þeir hafi greitt landskuld sína. Einnig bréf um þá sem drápu þá dönsku embættismenn, að það verði að refsa þeim, og að enginn megi stunda fiskveiðar (*duggeri*) við strendur landsins.⁴⁰ Hvar þessi bréf eru nú er óvíst en líkast til eru þau glötuð.

Árið 1619 má sjá af skrá lénsmanns að þá eru í safninu á Bessastöðum 39 konungsbréf, innsigli landsins úr silfri, ein jarðabók yfir tekjur landsins og ein máldagabók.⁴¹ Ekki er vitað hvaða jarðabók og máldagabók er hér um að ræða. Strax árið eftir eru konungsbréfin orðin 55 með nokkrum kópíum.⁴² Skjalasafnsins er næst getið árið 1645. Þá eru bréfin orðin 60 og hefur

lasýslu og Snæfellsnessýslu. Ritstjóri Kristjana Kristinsdóttir. Ágúst 2015. Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla landshöfðingja á Íslandi 1873 til 1904*. Ritstjóri Kristjana Kristinsdóttir. September 2010. Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904 og amtsráða 1875 til 1907*. Ritstjóri Kristjana Kristinsdóttir. Október 2011. Nanna Þorbjörg Lárusdóttir. *Skjalasafn amtmanns yfir landinu öllu 1688–1770. Embættið og uppbygging skjalasafnsins*. Ritstjóri Kristjana Kristinsdóttir. Ágúst 2011.

⁴⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn XII*, bls. 594–598.

⁴¹ *ÞÍ*. Rtk. F/2. Lénsreikningar. Skrár yfir fylgifé Friðrik Friis 1619–1620. Innistæðuskrá 1619.

⁴² *ÞÍ*. Rtk. F/2. Lénsreikningar. Skrár yfir fylgifé Friðrik Friis 1619–1620. Innistæðuskrá 1620.

þá einnig bæst við próventubríf⁴³ yfir Arnarholt, útgefið 1641, og makaskiptabréf⁴⁴ fyrir Dyrhólum í Mýrdal frá 1643.⁴⁵ Enn eru konungsbréfin með nokkrum kópium orðin 60 árið 1648.⁴⁶

Árið 1662, þegar Íslendingar staðfestu einveldisskuldbindinguna, voru í skjalasafni Bessastaða 97 konungsbréf og nokkrar kópíur, ein máldagabók, ein jarðabók, eitt próventubríf og eitt makaskiptabréf ásamt fylgiskjali frá Vigfúsi Gíslasyni sýslumanni (f. 1608 d. 1647). Jafnframt var þar máldagabók Hóladómkirkju og kirkna í Hólabiskupsdæmi, listi yfir jarðir þeirra og tilheyrandi skraut og gripi (*ornamenter*), máldagabók Skálholtsdómkirkju og kirkna í Skálholtsbiskupsdæmi, listi yfir jarðir þeirra og tilheyrandi skraut og gripi (*ornamenter*). Einnig var þar jarðabók yfir jarðir sem liggja undir Skálholtsdómkirkju sjálfa, auk bókar með eignaheimildum sömu jarða og kirkna. Tvær bækur samhljóða um eignaheimildir klaustranna, tvær bækur samhljóða um innistæðu klaustranna og alþingisdómabók frá 1646 til 1659.⁴⁷

Árið 1703 fær Árni Magnússon (f. 1663 d. 1730) lánuð eftirfarandi skjöl úr amtskistunni á Bessastöðum hjá Christian Müller amtmanni (1688–1718):

1. Een altingsbog in 4to begynder 1646.
2. Een bog in 4to. Om nogle clostere i Iisland og deris rettigheder.
3. Een bog i stor 4to indeholdende Hoole domkirckes maaldage.
4. 121 gamle pergaments breve Om closternes eiendomme udi Iisland.⁴⁸

Þessi kvittun frá árinu 1703 er einhver síðasta heimildin um skjalasafnið í vörslu á Bessastöðum.

Árið 1718, þegar Christian Müller lét af störfum sem amtmaður og Niels Fuhrman tók við (1718–1733), nefnir Christian Müller fimm bækur sem liggja í skjalasafninu. Fjórar þeirra eru frá árunum 1688–1708 og sú fimmta sem hann merkir númer eitt er sennilega úr embættistíð

⁴³ Próventubríf, bréf þar sem próventu er lýst. Próventa þýðir hér fé gefið einhverjum með því skilyrði að hann sjái um gefanda í elli.

⁴⁴ Makaskiptabréf, bréf um skipti eigenda, einkum á fasteignum, skipti á sambærilegum eignum t.d. jörðum.

⁴⁵ *ÞÍ*. Rtk. F/5. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1645–1646 bls. 65r.

⁴⁶ *ÞÍ*. Rtk. F/6. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1647–1648. Udgift Inventarium. (án bls. bl. 55r)

⁴⁷ *AM* Steph. 70. Innistæðuskrá frá Bessastöðum, bls. 2.

⁴⁸ Árni Magnússon, „Arne Magnusson til Amtmand C. Muller. Kieblevig d. 9 7bris 1703“, *Arne Magnussons Private Brevveksling* (København-Kristiania 1920), bls. 339.

hans sjálfs ef marka má orðalagið „hvorudi er begreben det synderligste, som i min Tid er forfalden i Island.“⁴⁹ Auk þessara bóka getur hann eftirfarandi skjala:

Ennu fölger nogle Skriffte og Documenter fra Collegierne udi en Bog indbunden, saa og nogle uindbundne, men igiennemdragne og forseglede.⁵⁰

Hér gætu verið komin í innsigluðum pakka bréf konungs til lénsmanna frá árunum 1542–1682 sem nú eru varðveitt í Þjóðskjalasafni í skjalasafni Stiftamtmanns og e.t.v. önnur þeirra bóka með afskriftum af tilskipunum, konungsbréfum og úrskurðum, auk bréfa stjórnardeilda varðandi Ísland sem einnig er varðveitt í skjalasafni Stiftamtmanns. Að lokum segir:

Disse forskrefne designerede 5 Documenter er saa alt det, som hos mig her befindes og Amtet er vedkommende, hvad Commissioner, Tingbøger, Skiftebøger med videre angaar, det er alt sammen tilfulde at finde i ovenbemelte Protocoll Num 1. og det hossføjede ample Register, saa og i Ambtskisten, hvorudi og alle Landstings- eller Altingsbøger, naar de ere fuldskrefen, henlægges i forvaring, til de behófves.⁵¹

Þetta eru beinar heimildir um þau skjöl sem víst er að hafi tilheyrt skjalasafni Bessastaða og verða þessar upplýsingar hafðar í huga við athugun á skjalasafninu.

1.5. Skrif um sögu 16. og 17. aldar

Nokkuð hefur verið skrifað áður um sögu þessa tímabils, þó frá öðrum sjónarhornum en þessi rannsókn sem hér er gerð, auk þess sem skjöl hafa verið gefin út, einkum lagafyrirmæli. Verður hér getið þeirra helstu sem stuðst hefur verið við. Er fyrst að nefna skrif Jóns Árnasonar sýslumanns (1754–1777) um stjórnslu Íslands á fyrri öldum og er þar fjallað um lénsmenn og stöðu þeirra.⁵² Magnús Ketilsson sýslumaður (1754–1803) tekur saman mikinn lagabálg um

⁴⁹ *DRA*. Rtk 371.1. Designation over Protokoller og Dokumenter vedrørende Island og Færøerne 1718–1846. Designation paa Dokumenter afleverede 1718 af Chr. Müller til Niels Fuhrmann.

⁵⁰ *DRA*. Rtk 371.1. Designation over Protokoller og Dokumenter vedrørende Island og Færøerne 1718–1846. Designation paa Dokumenter afleverede 1718 af Chr. Müller til Niels Fuhrmann.

⁵¹ *DRA*. Rtk 371.1. Designation over Protokoller og Dokumenter vedrørende Island og Færøerne 1718–1846. Designation paa Dokumenter afleverede 1718 af Chr. Müller til Niels Fuhrmann.

⁵² Jón Árnason, *Historisk indledning til den gamle og nye Islandske Rettergang*, bls. 496–514.

íslensk lög og réttarheimildir og skrifar oft athugasemdir og skýringar við þær.⁵³ Það sama gerir V.A. Secher (f. 1851 d. 1918) ríkisskjalavörður Dana en þar er getið laga og lagabálka sem stuðst er við í umfjölluninni.⁵⁴ Einar Arnórsson (f. 1880 d. 1955) hæstaréttarlögmaður skrifar *Réttarsögu Alþingis* og fjallar þar m.a. um ýmislegt sem varðar skjalagerð á alþingi.⁵⁵ *Íslenskt fornbréfasafn, Lovsamling for Island og Alþingisbækur Íslands* eru mikilvægar heimildir um íslenska stjórnisýslusögu þar sem birt eru lög, tilskipanir, bréf og dómar.⁵⁶ Það sama á við frá danska ríkinu þar sem Ísland kemur einnig við sögu í *Kancelliets brevbøger* og *Norske rigsregistrarer*.⁵⁷ Við þessi rit er stuðst í umfjöllun um þróun stjórnisýslunnar. Um verslunarsögu vísast til rits Jóns J. Aðils (f. 1869 d. 1920) um einokunarverslun Dana á Íslandi, en verslunin er eitt af þeim verkefnum sem lénsmenn áttu að hafa afskipti af og tóku jafnvel þátt í sjálfir. Hann fjallar um verslun borgara í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri 1602–1619, verslun elsta íslenska verslunarfélagsins 1620–1662 og um verslun aðalútgerðarmanna 1662–1683 auk þess að fjalla um verslunarhættina.⁵⁸ Í *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar* fjallar Páll Eggert Ólason almennt um sögu þessa tímabils, siðskiptin og eflingu konungsvalds, auk ævi lénsmanna.⁵⁹ Ævisögur þeirra eru einnig raktar í *Hirðstjóraannál* eftir séra Jón Halldórsson (f. 1665 d. 1736).⁶⁰ *Dansk Forvaltningshistorie I* sem kom út árið 2000 gefur yfirlit yfir danska stjórnisýslusögu þessa tímabils. Þar er greint m.a. frá þróun hinnar miðstýrðu stjórnisýslu, kansellíi og rentukammeri, og fjallað um embættismennina og rekstur lénanna.⁶¹ Við *Dansk Finanshistorie i 1640'erne* eftir Jens Engberg sagnfræðing er einkum stuðst þegar lénsreikningar eru skoðaðir og endurskoðun þeirra.⁶² Yfirlit Helga Þorlákssonar í *Sögu Íslands VI* og VII varpar skýru ljósi á sögu þessa

⁵³ Magnús Ketilsson, *Kongelige Allernaadigste Forordninger og aabne Breve I–III* (Rappsø-Kiøbenhavn 1776–1787).

⁵⁴ V.A. Secher, *Forordninger, Recesser og andre Kongelige Breve I–V* (København 1887–1903).

⁵⁵ Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*.

⁵⁶ *Íslenskt fornbréfasafn I–XVI* (Kaupmannahöfn-Reykjavík 1857–1972); *Lovsamling for Island I* (Kjöbenhavn 1853) og *Alþingisbækur Íslands I–VII* (Reykjavík 1912–1948).

⁵⁷ *Kancelliets Brevbøger IV–XIV* (København 1896–1919) og *Norske Rigs-Registrarer II–IX* (Christiania 1863–1887).

⁵⁸ Jón J. Aðils, *Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602–1787* (Reykjavík 1971).

⁵⁹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar I–IV* (Reykjavík 1919–1926).

⁶⁰ Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannáll“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta II* (Kaupmannahöfn 1886).

⁶¹ *Dansk Forvaltningshistorie I. Stat, forvaltning og samfund. Fra middelalderen til 1901* (København 2000).

⁶² Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie i 1640'erne*.

tímabils. Þar er fjallað um siðaskiptins og kirkjuna, þjóðarhag og heilbrigðismál, verslun og veraldlega valdstjórn almennt svo dæmi séu tekin.⁶³ Auk þessa er einkum í þriðja kafla, Endurskoðun lénsreikninga í rentukammeri og íslensku lénsreikningarnir, stuðst við óprentaða cand. mag.- ritgerð höfundar í sagnfræði frá Háskóla Íslands, Um íslensku lénsreikningana.⁶⁴ Um önnur rit vísast til heimildaskrár.

Nýmælið hér er að horft er til stjórnsýslusögu og skjalasafns Bessastaða og Ísland sett í samhengi við þróunina í Danmörku á tímabilinu milli siðaskipta og einveldis.

1.6. Nálgun og framsetning rannsókna

Rannsóknin snýst um að skoða lénsmenn sem höfðu Ísland að léni, skoða stjórnsýslu þeirra út frá þeim heimildum sem varðveist hafa um rekstur þeirra á landinu, léninu Íslandi. Sú leið er valin í umfjölluninni að í byrjun er yfirlit yfir mótun stjórnsýslu konungs eftir siðaskipti í Danmörku 1537 og leitast við að tengja þá sögu almennt þróuninni á Íslandi og þá ekki síst með tilliti til skjalagerðar. Stjórnsýsluþróuninni er fylgt eftir í tímaröð í tengslum við þá lénsmenn sem voru við völd hverju sinni og vísað um leið til þeirra embættisskjala sem til urðu vegna starfa þeirra. Lagt er mat á umfang, þróun og eðli stjórnsýslu konungs í gegnum störf lénsmanna hans.

Sérstakur kafli er um íslenska lénsreikninga og endurskoðun þeirra í rentukammeri auk kafla um söfnun heimilda og myndun skjalasafns á Bessastöðum. Er það yfirlit yfir skjöl sem hafa tilheyrt skjalasafni Bessastaða. Í yfirlitsskrá yfir varðveitt skjalaflokka og skjöl, sem birt er í sérstökum kafla, birtast mikilvægar niðurstöður rannsóknarinnar. Hún er afrakstur þess að tefla saman stjórnsýslusögunni og upplýsingum um varðveittar heimildir lénstímabilsins á Íslandi. Með því er lagður grunnur að frekari rannsóknum á tímabilinu. Í þeirri skrá er einnig getið skjala úr öðrum embættisskjalasöfnum sem varpa ljósi á stjórnsýslu þessa tímabils og á störf lénsmanna. Skráin er ekki tæmandi enda leynast víða uppskriftir af embættisskjölum jafnvel innan um alls óskilyt efni sem skrár geta jafnvel ekki um. Hér er heldur ekki lögð áhersla

⁶³ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands* VI. Ritstjóri Sigurður Línal. (Reykjavík 2003); Helgi Þorláksson, *Saga Íslands* VII. Ritstjóri Sigurður Línal, aðstoðarritstjórar Magnús Lyngdal Magnússon og Pétur Hrafn Árnason. (Reykjavík 2004), bls. 5–211.

⁶⁴ *Landsbókasafn-Háskólabókasafn*, Kristjana Kristinsdóttir, Um íslensku lénsreikningana, cand. mag. -ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1984.

á tilskipanasöfn frá seinni öldum. En ætla má að drýgsta hluta mikilvægra stjórnsýsluskjala sé getið hér.

Þær rannsóknarspurningar sem leitað hefur verið svara við eru: Hverjir voru lénsmenn konungs á Íslandi? Hvað felst í heimildinni lénsreikningur? Hvernig mótast og þróast stjórnsýsla konungs? Hvaða skjöl urðu til á tímabilinu 1541–1683 við stjórn og rekstur lénsins Íslands?

Í viðaukum eru fylgiskjöl og skrár birtar með eftirfarandi rannsóknarniðurstöðum. Í viðauka 1 er skrá yfir lénsmenn og fógeta þeirra á árunum 1541–1683. Getið er útgáfudags veitingarbréfa lénsmanna, hvernar þjóðar þeir voru, tímabilsins sem þeir voru lénsmenn og hverjir fógetar þeirra voru. Í viðauka 2 er yfirlit yfir varðveitta lénsreikninga frá léninu Íslandi. Getið er lénsmanna, varðveittra lénsreikninga og þeirra skjala sem tilheyra þeim. Í viðauka 3 er uppskrift af veitingarbréfum lénsmanna þegar landið var afgjaldslén annars vegar og reikningslén hins vegar, setning Jens Søffrensen í embætti konunglegs fógeta auk veitingarbréfs fógeta lénsmanns. Í viðauka 4 eru fyrst fáein dæmi um gildi myntarinnar við gerð lénsreikninga. Síðan er yfirlit yfir verðeiningar eins og þær birtust í lénsreikningum árin 1627 og 1645/46 og við athugun á tekjum af landinu í rentukammeri um 1640–1646. Í viðauka 5 eru nokkrar orðskýringar. Í viðauka 6 er viðburðaskrá fyrir tímabilið 1541–1683 í Danmörku, þ.e. konunga og stríða, og á Íslandi, þ.e. lénsmanna, biskupa, lögmanna og einstakra atburða sem skipta máli við stjórnsýsluna. Í viðauka 7 eru uppskriftir lénsreikninga, afgjaldsléns frá 1590/91 og reikningsléns frá 1647/48. Jafnframt fylgir listi yfir skammstafanir í viðauka 8.

2. Mótun stjórnsýslu konungs eftir siðaskipti

Hin nýja stjórnskipan eftir siðaskiptin í Danmörku árið 1537 byggðist á þeirri grunnhugsun að konungur og ríkisráðið, fyrir hönd allra stétta, stjórnðu ríkinu sameiginlega. Eftir siðaskiptin þurfti að endurskipuleggja rekstur og stjórn lénanna, auka traust á réttarkerfinu og fylla upp í það tómarúm sem varð til við fráhvarf katólsku kirkjunnar, einkum varðandi daglegt líf fólks. Konungurinn bar ábyrgð á framkvæmd réttarkerfisins og hann var æðsti fulltrúi kirkjunnar.

Verkefni voru mörg og þeim var fylgt eftir með nýjum lögum og ýmsum konunglegum fyrirköpunum. Þessi fyrirmæli voru tekin saman í lagabálka eða „recessa“, t.d. árin, 1558, 1615, og 1643⁶⁵ og voru sömu fyrirmæli oft ítrekuð í þessum lagabálkum sem giltu fyrir allt ríkið. Auk konungs og ríkisráðs sem kom aðeins saman þegar þurfa þótti, var komið á fót embætti ríkishirðmeistara (*rigshofmesteren*) sem hafði umsjón með fjármálum, kanslara konungs (*kongens kansler*) sem stjórnaði innanríkismálum, ríkismarskáls (*rigsmarsken*) sem stjórnaði hernum og kanslara ríkisins (*rigets kansler*) sem hafði yfirumsjón með réttarfarinu.⁶⁶ Hér verður breyting á stjórnsýslu ríkisins til aukinnar miðstýringar.

2.1. Stjórnarskrifstofurnar, kansellí og rentukammer

Mikilvægi kansellisins, sem var æðsta stjórnarskrifstofa konungs, jókst við siðaskiptin og verkefni þess urðu fleiri. Tilurð kansellis má rekja aftur til miðalda. Í kansellíi var daglegum stjórnarstörfum ríkisins sinnt og í gegnum það fóru öll bréfaskipti ríkisins. Starfsemin fór fram þar sem konungur var staddur hverju sinni og fylgdi skjalasafnið konungi á ferðum hans.

Bréf konungs voru tvenns konar. Annars vegar opin bréf (*åbne breve*) og hins vegar lokuð bréf (*missive*). Í opin bréf er skráð það sem hefur réttargildi eins og t.d. lög og tilskipanir (*forordninger*), almennar fyrirköpunir konungs og yfirlýsingar, jarðabréf og fleira þess háttar. Þau hefjast á orðunum „Vi [nafn konungs og titill] gøre alle vitterligt“. Þau eru ætluð almenningi, og ef um lög eða fyrirköpunir er að ræða á að lesa þau upp á þingum og skjalfesta og þess vegna einnig að skrifa að þau hafi verið birt í dóma- og þingbækur. Lokuð bréf eða

⁶⁵ V.A. Secher, *Forordninger, Recesser og andre kongelige breve I* (København 1887–1888), bls. 1–50; *Forordninger, Recesser og andre kongelige breve III* (København 1891–1894), bls. 432–452; *Forordninger, Recesser og andre kongelige breve V* (København 1903), bls. 122–354.

⁶⁶ E. Ladewig Petersen, „Reformationen 1536–96: Modernisering-Justering“, *Dansk Forvaltningshistorie I*, bls. 54.

„missive“ voru skrifuð beint til embættismanna og höfðu ekki réttargildi og því ekki ætlast til að þau væru lesin upp á þingum. Slík bréf hefjast á orðunum „[nafn konungs og titill] Vor gunst til forn“.

Þegar árið 1513 er í kansallínu byrjað að taka afrit af opnum bréfum konungs í sérstakar bækur sem kallaðar voru „registre“. Skráning lokaðra bréfa (*missive*) hófst árið 1535. Afrit þeirra eru skráð í svokallaðar „tegnelser“. Vísi að skráningu innkominna bréfa má rekja til ársins 1626.⁶⁷ Þessar þrjár tegundur yfirlita yfir stjórnsýslulegar gerðir og afrit þeirra eru því lykilheimildir í stjórnsýslusögu.

Rentukammerið sem átti rætur að rekja til síðari hluta miðalda var endurskipulagt og skilið frá kansallí í valdatíð Chistians III (1534–1559), m.a. vegna aukinna verkefna í sambandi við jarðeignatöku og breytinga á lénsfyrirkomulaginu í ríkinu. Er talið að heitið rentukammer komi fyrst fram um 1560. Starfssvið rentukammers var í aðalatriðum tvenns konar. Annars vegar var þar tekið á móti tekjum ríkisins, sem greiddust í peningum, og séð um greiðslu hefðbundinna útgjalda. Hins vegar var þar farið yfir alla reikninga undirstofnana ríkisins og embættismanna, þar á meðal lénsmanna, og þeir endurskoðaðir.⁶⁸ Af þessum tveimur verkefnum tók endurskoðunin mestan tíma. Greiðslur í vörum fóru ekki um hendur rentukammers, og því eru reikningar þess, svokallaðir rentumeistarareikningar, ekki venjulegir ríkisreikningar sem sýna hina raunverulegu stöðu eins og nú er markmið slíkra reikninga, heldur sýna þeir aðeins þær tekjur sem greiddust í peningum.⁶⁹ Vörurnar fóru til birgðahúsa konungs eða voru notaðar í léninu. Jafnframt var aðgreining ríkisfjármálanna milli einkaútgjalda konungs og ríkisins óljós á þessum tíma og ljóst er að um helmingur tekna af lénunum var notaður í léninu sjálfu við rekstur lénsins og til upphalds starfsmanna lénsins.⁷⁰ Þessi staðreynd um rentumeistarareikningana hefur ekki áhrif á heimildagildi lénsreikninga enda sýna þeir stöðuna í léninu út frá skyldum lénsmanns, þ.e. eftir því hvort landið var afgangslén- eða reikningslén.

Öll almenn bréfaskipti rentukammers fóru í gegnum kansallí en í rentukammeri var haldið utan um allar kvittanir og skjöl vegna endurskoðunar reikninganna. Kvittanir voru

⁶⁷ Frank Jørgensen og Morten Westrup, *Dansk centraladministration i tiden indtil 1848* (Viborg 1982), bls. 42–44; Nils G. Bartholdy, „Kongelige åbne og lukkede breve“, *Arkiv* 6. bind nr. 3 (København 1977), bls. 140–143.

⁶⁸ Frank Jørgensen og Morten Westrup, *Dansk centraladministration*, bls. 95–100.

⁶⁹ Leon Jespersen, „Tiden 1596–1660. Mellem personlig kongemagt og bureaukrati“, *Dansk Forvaltningshistorie* I, bls. 109.

⁷⁰ E. Ladewig Petersen, „Reformationstiden 1536–96. Modernisering–Justering“, *Dansk Forvaltningshistorie* I, bls. 54.

skráðar í sérstakar bækur „registerbøger“ og auk þeirra voru færðar svonefndar „tegne- og restancebøger“. Í „restancebøgerne“ voru þeir lénsmenn skráðir sem skulduðu og í „tegnebøgerne“ var skráð ef greiðslurnar af léninu í peningum eða fríðu höfðu verið greiddar til annarra aðila, eða til konunglegra embættismanna.⁷¹ Tilraunir voru gerðar til að fá heildaryfirlit yfir tekjur og gjöld ríkisins árin 1600–1601, 1601, 1602, 1608, 1630, 1642, 1646 og byrjað var á slíku yfirliti árið 1647. Einnig voru slík yfirlit tekin saman árin 1652 og 1656. Heimildir benda til að Ísland hafi verið skoðað árið 1630 og víst er að svo var árið 1646. Heimildir um athugun á heildaryfirliti önnur ár eru ekki fyrir hendi. Lénsmönnunum var veitt lénið almennt frá Jónsmessu, 24. júní, til Jónsmessu árið eftir. Árið 1618 fyrirskipar konungur að öllum lénsmönnum í lénunum, hvort sem þeir halda afgjalds- eða reikningslén, beri skylda til að afhenda gróðann af léninu ekki síðar en við lok reikningsársins og skila reikningi sínum til endurskoðunar í rentukammerið á tilsettum tíma samkvæmt veitingarbréfinu.⁷² Það var ári eftir að greiðslur af léninu voru inntar af hendi. Þessi fyrirskipun er ítrekuð árið 1623,⁷³ og aftur árið 1635. Í því bréfi segir að íslenskir lénsmenn skuli skila reikningi sínum til endurskoðunar fyrir 1. maí ár hvert.⁷⁴ Þeim hefur oftast verið það mögulegt enda voru þeir sjaldnast á Íslandi á þessum tíma árs. Ef lénsmenn gerðu þetta ekki áttu þeir á hættu að missa lénin án frekari viðvörunar og gátu þá sjálfum sér um kennt. Krafan um undirskrift lénsmanna á fylgiskjölum kom að því er virðist, fyrst fram árið 1620, og að þeir skrifuðu undir sjálfan reikninginn árið 1626, en fram að því var hann óundirritaður.⁷⁵

2.2. Lénin og lénsmenn

Eftir siðaskiptin var aukið eftirlit með að lénsmenn gengju ekki á hlut íbúa lénanna eins og fram kemur í fyrirmælum (*instrux*) Christians III árið 1557. Í þeim *instrux* er m.a. áréttað að lénsmenn fari eftir þeim fyrirmælum sem fram koma í veitingarbréfum þeirra og við íbúa lénanna eiga þeir að koma fram samkvæmt útgefnum lögum. Þeir eiga að sjá til þess að til embætta í léninu veljist góðir, guðhræddir og ærlegir menn og að þeir sem dómarasæti skipi séu lögfróðir og ber þeim að sverja þess eið að þeir muni dæma rétt. Sjálfir eru þeir skyldaðir

⁷¹ Leon Jespersen, „Tiden 1596–1660. Mellem personlig kongemagt og bureaukrati“ *Dansk Forvaltingshistorie* I, bls. 109.

⁷² V.A. Secher, *Forordninger* III, bls. 526–527.

⁷³ Jens Engberg, *Dansk finanshistorie* i 1640'erne, bls. 62.

⁷⁴ V.A. Secher, *Forordninger* IV (København 1897), bls. 622–623.

⁷⁵ Hans H. Fussing, *Stiernholm Len* (København 1951), bls. 143, 152–153.

til að mæta á öll þing í sínu léni og fylgjast þar nákvæmlega með að rétt sé að öllu staðið. Fógetar þeirra og aðrir undirmenn eiga að hegða sér vel og ganga ekki of hart fram í málum gagnvart íbúunum eins og oft hafi átt sér stað áður. Þessir undirmenn eiga að vera eiðsvarnir lénsmanni og kóngi og ber þeim skylda til að halda reikning yfir óvissar tekjur, bæði sakeyri og annað sem kóngur áskilur sér hluta af. Þeir mega ekki þiggja gjafir, heldur fá þeir föst laun fyrir sína vinnu og verða að láta sér það nægja. Þeim sem fest hafa sér jarðir má ekki úthýsa ef þeir fara að lögum, en slíkt hafi oft gerst. Ekki má íþyngja íbúunum með of miklum kvöðum og ekki krefjast meiri þjónustu af þeim en verið hafi og vani sé. Ef nýjar álögur eru lagðar á íbúana verður að tilkynna slíkt til kónungs. Byggingum á að halda við og ekki mega lénsmenn stunda aðra verslun en lög mæla fyrir um. Ákvæði eru einnig um nýtingu skóga og skógarhögg sem átti við að hluta til um Ísland.⁷⁶

Konungur var skuldbundinn til að velja lénsmenn úr hópi aðalsmanna og þeir voru milliliðurinn á milli stjórnarskrifstofa konungs og þegnanna í hverju léni.⁷⁷ Verkefni lénsmanns eða fógeta hans var í stuttu máli að fara með konungsvaldið.⁷⁸ Þeir innheimtu tekjur af lénunum samkvæmt jarðabók og skiluðu reikningi í rentukammer. Tilraunir hófust strax til þess að semja jarðabók yfir allt ríkið, sem byggð yrði á jarðabókum einstakra léna, en það virðist fyrst hafa tekist um og eftir árið 1570, þ.e. þegar rentukammerið var orðin sjálfstæð stjórnarskrifstofa.⁷⁹ Eitt fyrsta verkefni lénsmanns á Íslandi eftir siðaskiptin var að safna eignarheimildum og semja jarðabók yfir nýfengnar jarðir konungs.⁸⁰ Eintak þessarar bókar lá í skjalasafni lénsins og var sú bók hin opinbera gilda jarðabók sem sýndi umfang eigna konungs og þá landskuld sem hver og einn átti að greiða. Afrit hennar var síðan afhent rentukammeri ásamt lénsreikningum vegna endurskoðunar reikninganna.⁸¹ Ein helsta breytingin sem varð á lénunum eftir siðaskiptin, sem sýnir þróun í átt til miðstýringar, er að þjónustulénnum fækkaði mjög.

⁷⁶ AM 333 fol. Christian III, Instrux for Lensherrer, bls. 16–18; V. Wollerup, *Danmarks riges historie 1536–1588* (København 1900), bls. 82–90; Niels Kragh og Stephan Stephaniu, *Den Stormægtige Konge Kong Christian den Tredie, Konge til Danmark og Norge etc. Hans Historie del II. Recesser, Forordninger og aabne Breve* (Kjøbenhavn 1778), bls. 261–265.

⁷⁷ E. Ladewig Petersen, „Reformationstiden 1536–96. Modernisering–Justering“, *Dansk Forvaltningshistorie I*, bls. 54.

⁷⁸ Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 243.

⁷⁹ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie i 1640'erne*, bls. 115.

⁸⁰ Verður vikið að þeirri upplýsingaöflun hér á eftir og fyrirskipunum sem á eftir komu um gerð jarðabóka. Sjá umfjöllun í kafla 5.1, Söfnun heimilda 1552–1636.

⁸¹ Orla K. O. Damkjær, „Lensregnskaber og lensadministration 1610–60“, *Landbohistorisk Tidsskrift. Bol og By*, 2. Række. 4 (1982), bls. 11.

Kristian Erslev sagnfræðingur (f. 1852 d. 1930) gerir í bók sinni grein fyrir þeirri breytingu sem varð á lénsskipulaginu í Danmörku við siðaskiptin árið 1537 og ávinningi konungs af henni á kostnað aðalsins, einkum er fram liðu stundir. Árið 1533 voru 22% léna í Danmörku reikningslén, 23% afgjaldslén og 55% þjónustulén. Árið 1602 voru aftur á móti 64% lénanna reikningslén, 24% afgjaldslén og 12% þjónustulén. Samhliða þeirri breytingu fækkaði smálénum úr um 300 í um 70.⁸² Aðalbreytingin var sú að þjónustulénum fækkaði og reikningslénum fjölgaði. Það voru eingöngu aðalsmenn sem gátu fengið þjónustulén en það kom fyrir að borgurum væri veitt reikningslén, samanber Jens Søffrensen sem var konunglegur fógæti á Íslandi 1645–1648. Hann var af borgarastétt. Þessi fækkun þjónustuléna var því á kostnað aðalsins.

Jens Engberg sagnfræðingur segir mestu breytinguna í þessa átt hafa orðið um árið 1550, en þá var reikningslénum fjölgað og um leið aukið eftirlit rentukammers með reikningshaldi lénsmanna.⁸³ Verður saga þessara breytinga ekki rakin hér frekar en aðeins nefnt að Ísland var ýmist afgjalds- eða reikningslén og að lokum þjónustulén síðasta lénsmannsins. Erfitt er að segja til um hvað réði því hvernig gerðar lénið var hverju sinni en sennilega réðu væntanlegir tekjumöguleikar konungs af léninu og aðstæður einhverju þar um, t.d. samskipti konungs við aðalinn hverju sinni.

2.3. Réttaröryggi og skjalahald

Til þess að koma skikki á réttarkerfið og dómsmál í ríkinu fyrirskipaði Christian III árið 1551 að þingskrifarar skyldu halda bækur yfir öll þau mál sem komu til þings í lénunum. Þegar skrifarinn féll frá átti að varðveita bókina á öruggum stað þar sem hægt væri að nálgast skjölin þegar þörf væri á. Síðan komst sú venja á í Danmörku að lénsmaðurinn löggilti nýja bók árlega og fékk hana svo til baka til varðveislu í skjalasafni sínu ásamt öðrum skjölum lénsins.⁸⁴ Mikilvægi þess og skylda til að færa þingbækur er ítrekuð árið 1558⁸⁵ og aftur árið 1578 með

⁸² Kr. Erslev, *Konge og Lensmand i det sextende Aarhundrede*, bls. 193–202.

⁸³ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie i 1640'erne*, bls.165.

⁸⁴ *Meddelelser om Rigsarkivet for 1889–91* (København 1892), bls. 28; Axel Linvald, *Dansk arkivvæsen. Historie, Organisation og Virksomhed* (København 1933), bls. 29–30. Í heimildinni stendur „autoriserede“ sem bæði getur þýtt að heimila og löggilda.

⁸⁵ V.A. Secher, *Forordninger I*, bls. 15.

opnu bréfi konungs.⁸⁶ Er talið að löggilding þingbóka hafi fyrst verið fyrirskipuð með þessu opna bréfi 1578 þó ekki sé það skýrt tekið fram. Bækurnar eiga að vera hreinar og klárar og blátt bann er sett við því að skrifa dóma á seðla og færa inn þegar heim er komið. Allar ákvarðanir sem teknar eru, svo og dóma, á að skrifa strax inn í bókina á þinginu og lesa upp áður en þingi er slitið, í áheyrn þeirra sem málið varðar. Eftir þingið má engu breyta í bókinni. Ef einhver skrifari hlýðir þessu ekki og hægt er að sanna það, ber lénsmanni strax að setja hann af og refsa honum. Lénsmenn eru alvarlega minntir á að halda þessar reglur og fylgja þeim eftir. Einnig eiga þeir að hafa eftirlit með að þingbækur séu greinilega og skýrt færðar og að þær séu varðveittar í öruggri geymslu.⁸⁷

Í opnu bréfi konungs árið 1582 eru lénsmenn áminntir um að sjá til þess að fyrirmæli konungs (*mandater og forordninger*) sem birt eru í opnum bréfum á þingum séu virt og eftir þeim farið í lénunum. Að öðrum kosti geti þeir átt á hættu að missa embætti sitt, þ.e. lénið.⁸⁸ Bendir þessi áminning til þess að ekki hafi allir farið nákvæmlega eftir fyrirmælum konungs um færslu þingbóka. Árið 1588 skrifar konungur enn lénsmönnum sínum í öllu ríkinu með vísun til lagaboðsins frá 1558, og áminnir þá um að sjá til þess að sýslumenn (*herredsfogder*) og þingskrifarar færi réttar þingbækur.⁸⁹

Löggilding þingbóka er síðan áréttuð í lagabálki (*recess*) Christians IV (1588–1648) árið 1643 og jafnframt einnig sérstaklega í sama lagabálki í fyrirmælum fyrir lénsmenn í Noregi. Þar segir að lögmenn og héraðsdómarar (*sorenskrivere/svarnir skrifarar*) skuli hafa númeraða⁹⁰ þingbók með innsigli lénsmanns og þingsins. Þegar bækurnar eru fullskrifaðar á lénsmaður að fá þær til geymslu. Er hér ítrekað bann við að skrifa á lausa seðla dóma og annað og hreinrita svo síðar. Í báðum tilvikum, þ.e. varðandi Danmörku og Noreg, er vísað til eldri fyrirmæla (*forordningar*) fyrir Noreg frá 15. mars 1633.⁹¹ Það er fyrst með konungsbréfi árið 1638 að skipað er hér á landi að halda „en rigtig Althingsbog med Landsens Indsegel

⁸⁶ V.A. Secher, *Forordninger, Recesser og andre kongelige breve II* (København 1889–1890), bls. 88–89.

⁸⁷ V.A. Secher, *Forordninger I*, bls. 15; V. Secher, *Forordninger II*, bls. 88–89.

⁸⁸ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 102–104.

⁸⁹ V.A. Secher, *Forordninger II*, bls. 519–520.

⁹⁰ Hér er sennilega átt við blaðsíðutöl eða blaðmerkingar.

V. A. Secher, *Forordninger V*, bls. 273–274, 337. Þórður Eyjólfsson prófessor segir að í Danmörku hafi lagaboð um þingbókarhald fyrst komið á síðari hluta 16. aldar og löggiltar þingbækur hafi ekki verið lögboðnar fyrr en með fyrirskipun 15. mars 1633. Sjá, „Þrjú dómur eignaðir Ara lögmanni Jónssyni“, *Afmælisrit helgað Ólafi Lárussyni prófessor dr. juris og philosophiae sjötugum 25. febrúar 1955* (Reykjavík 1955), bls. 181.

igennemdraget og nummereret.“ Einar Arnórsson telur þetta ekki löggildingu þó draga verði þá ályktun að svo hafi verið af orðalaginu.⁹² Af rentumeistarareikningum má ætla að litið hafi verið á Ísland á þessum tíma sem sjálfstætt lén, enda er Noregs ekki getið í lénsreikningum. Í rentumeistarareikningunum er gerð grein fyrir Íslandi á eftir Noregi og síðan koma Færeyjar og Vestmannaeyjar.

Í *Íslensku fornbréfasafni* má glögg sjá að löngu fyrir siðaskipti hefur sú regla verið komin á að skjalfesta dóma, bæði alþingis- og héraðsdóma.⁹³ Sveinbjörn Rafnsson prófessor hefur bent á að færsla bréfa- og dómabóka sýslumanna hafi verið lögboðin af Noregskonungi og birt í Hirðskrá árið 1273 að því að talið er, og að slíkar bækur hafi verið til, eins og sjá megi í Sturlungu og Árna sögu biskups.⁹⁴ Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður segir að fullvíst sé að Ari lögmaður Jónsson (1529–1541) hafi haldið bók yfir héraðsdóma sína sem hann dæmdi sem sýslumaður og telur hann ekki ólíklegt að hann hafi einnig haldið bók yfir alþingisdóma sína þó slík bók sé ekki varðveitt.⁹⁵ Elsta dómabók sýslumanns sem varðveitt er hefst árið 1597.⁹⁶

Þrátt fyrir þetta virðist sem lengi fram eftir öldum hafi ekkert verið lögfest um skjalagerð alþingis, hún hafi þrátt fyrir það byggst á nauðsyn og þeirri venju sem skapaðist og dómur hafi verið skrifaðir upp sérstaklega. Þeir Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður, Þórður Eyjólfsson prófessor í lögum (f. 1897 d. 1975) og Einar Arnórsson hæstaréttardómari telja að engar þingbækur hafi verið haldnar fram á 16. öld og engin bókun gerð um það sem fram fór fyrir en dómur var fallinn. Þá hafi dómurinn verið skráður á sérstakt skjal, dómsbréf, og hafi sú skráning oft farið fram síðar og á öðrum stað.⁹⁷

Er það sami háttur og tíðkaðist í öðrum lénum, eins og getið var hér að framan. Þannig er talið að elstu íslensku alþingisbækurnar, sem eru varðveittar frá árinu 1570, hafi verið færðar af eigin hvötum lögmannanna Þórðar Guðmundssonar (1570–1608) og Jóns Jónssonar (1573–1606) og án þess að þær væru lögboðnar. Er talið auðsætt að þessar bækur hafi aðeins verið minnisbækur fyrir lögmenningu sjálfa eða einkabækur þeirra en ekki fyrirskipaðar alþingisbækur sem skylda væri að halda. Slíkar bækur var fyrst farið að halda á fyrri hluta 17. aldar og

⁹² Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 156.

⁹³ Björn K. Þórólfsson, „Íslensk skjalasöfn“, *Skírnir*, bls. 118.

⁹⁴ Sveinbjörn Rafnsson, „Um Hrafnkels sögu Freysgoða, heimild til íslenskrar sögu“, *Saga tímarit Sögufélags* 34 (1996), bls. 48.

⁹⁵ *Alþingisbækur Íslands I* (Reykjavík 1912–1914), bls. III.

⁹⁶ AM 249a 4to. Dómabók Gísla sýslumanns Árnasonar á Hlíðarenda 1597–1612.

⁹⁷ Þórður Eyjólfsson, „Þrjú dómur eignaðir Ara lögmanni Jónssyni“, *Afmælisrit helgað Ólafi Lárussyni prófessor*, bls. 180; *Alþingisbækur Íslands I* bls. iii; Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 155, 160–161.

Þingbókarhald í héraði hófst enn síðar þó dæmi sé um annað, samanber dómabók Gísla sýslumanns Árnasonar frá 1597–1612 sem getið var hér framar.⁹⁸ Þó það hafi ekki verið rannsakað sérstaklega má draga þá ályktun að þessar minnisbækur eða einkabækur lögmanna frá 1570 tengist að einhverju leyti ofangreindum fyrirmælum Christians III frá 1551. Lögmennirnir hljóta að hafa haft einhvern ávæning af þeim og víst er að lénsmönnunum voru fyrirmæli konungs ljós.

Erfiðlega gekk þó að koma þingbókarhaldi alþingis á hér á landi. Þannig var ekki ákveðið að sérstakur alþingisskrifari yrði skipaður fyrr en árið 1593. Átti Henrik Krag lénsmaður (1591–1595) að sjá til þess að hæfur maður yrði ráðinn og að hann fengi sæmilegt kaup fyrir. Skyldi hann vera við á hverju lögþingi og skrifa upp alla dóma, konungsbréf og samþykktir þingsins.⁹⁹ Þrátt fyrir samþykkt um alþingisskrifara árið 1593 varð lítið úr framkvæmdum, og það er fyrst árið 1631 sem alþingisskrifari er kosinn með vísun til konungsbréfsins frá 1593. Loks árið 1638 er með konungsbréfi sagt skýrt fyrir um laun og starf alþingisskrifarans.¹⁰⁰

Alþingisbækur hafa verið haldnar stöðugt frá árinu 1631 þegar „almennilegur Alþingisskrifari“ var fyrst kosinn.¹⁰¹ Alþingisbækur frá 1607 til 1622 eru ekki varðveittar óslitið en víst er að lögmennirnir hafi haldið bækur þessi ár. Bækur frá 1622 til 1630 eru til í afskrift frá um 1660. Frá 1631 eru bækurnar varðveittar í svokölluðum staðfestum afskriftum alþingisskrifaranna eða extröktum.¹⁰² Löggilta alþingisbókin var aðalbókin og var stundum nefnd landsbókin. Í hana hefur allt það sem opinberlega fór fram á þingi verið skráð. Lögmenn hafa þó jafnvel enn haldið einkabækur fyrir sig. Einnig voru stundum færðar svokallaðar „klattbækur“ sem virðast hafa verið minnisbækur eða uppköst að alþingisbókinni sem alþingisskrifarinn hefur gert. Litlar heimildir eru þó fyrir þessu.¹⁰³ Árið 1636 óskaði Pros Mund lénsmaður (1633–1645) eftir því að fá í hendur til Bessastaða „þá riktugu og réttu Alþingisbók

⁹⁸ Jón Þorkelsson, *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík III, Öxarárþing, -Yfirréttur hin forni, -Landsyfirdómur, -Sýslur, -Hreppar, -Sáttanefndir, -Umboð* (Reykjavík 1910), bls. xi–xii; Björn K. Þórólfsson, „Íslenzk skjalasöfn“ *Skírnir*, bls. 117–118; *Alþingisbækur Íslands I*, bls. iii–v; Þórður Eyjólfsson, „Þrír dómar eignaðir Ara lögmanni Jónssyni“, *Afmælisrit helgað Ólafi Lárussyni*, bls. 181; Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 155.

⁹⁹ Jón Þorkelsson, *Skrá um skjöl og bækur III*, bls. xiii; Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 232–242.

¹⁰⁰ Jón Þorkelsson, *Skrá um skjöl og bækur III*, bls. xvi.

¹⁰¹ *Alþingisbækur Íslands I*, bls. v; Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 156.

¹⁰² Jón Þorkelsson, *Skrá um skjöl og bækur III*, bls. xi–xvi; *Alþingisbækur Íslands I*, bls. iv–v, –vii; Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 155.

¹⁰³ Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 156–157.

sálíga Gísla Hákonarsonar lögmans (1614–1631) í allan máta óforfalskaða með það allra fyrsta...“. Þetta orðalag er ekki traustvekjandi. Svar Vigfúsar Gíslasonar var á þá leið að hann gæti ekki afhent bókina því að hann hefði skilið hana eftir er hann flutti sig frá Bræðratungu „en hennar kópí voni hann, að bróðir hans Hákon (f. 1614 d. 1652) hafi afhent umboðsmanninum eða og muni afhenda hið fyrsta honum mögulegt kann vera eptir sinni skyldu...“¹⁰⁴

Víst er þó að fyrirmæli konungs frá 1633 um löggildingu þingbóka í Danmörku og Noregi voru komin í gagnið árið 1638 með skýrum reglum um alþingisbókina og störf alþingisskrifarans. Þá virðist einnig að afrit hafi verið tekið af allri bókinni fyrir lénsmann og auðvitað lögmennina tvo. Í alþingisbók Árna Oddssonar lögmans (1631–1663) árið 1640 segir: „Kopí af því, sem komið er í þá innsigliðu þingbók, svo og herra höfuðsmannsins bók, hverjar ekki urðu fullnaðar, áður hann afsigldi.“¹⁰⁵ Síðar stendur einnig: „Í þá innsigliðu Alþingisbók er ei meir komið innskrifað eður í herra höfuðsmannsins bók. Bíður svo til guð gefur vorn velb. junkur aptur í landið...“.¹⁰⁶ Árið 1640 segir enn: „Herra höfuðsmannsins síðasta tilboð, er hann að þinglausnum lét upp lesa, er hjá honum sjálfum forvarað til þess það verður í þá innsigliðu þingbók innskrifað.“¹⁰⁷ Árið 1662 var í skjalasafni Bessastaða alþingisbók frá árunum 1646–1659. Ætla má að það sé sú bók sem Árni Magnússon fékk lánaða árið 1703 úr amtskistunni eins og fram kom í inngangi.¹⁰⁸

Skýring á tregðu Íslendinga til færslu sérstakra þingbóka og lénsmanna að fylgja bréfum konungs um það eftir, gæti verið sú að framan af hafi e.t.v. dómabækur sem ekki voru löggiltar, einskonar dómasöfn, og Jónsbækur komið í stað formlegra alþingisbóka og annarra þingbóka ef marka má innihald þeirra og þær notaðar sem handbækur eða leiðbeiningarit fyrir lénsmann og fógeta hans.

Í handritaskránni í Jónsbókarútgáfu Ólafs Halldórssonar (f. 1855 d. 1930) eru talin 25 handrit Jónsbókar á dönsku. Már Jónsson prófessor segir handritin 33 langflest frá 17. öld.¹⁰⁹

¹⁰⁴ *Alþingisbækur Íslands V* (Reykjavík 1922–1932), bls. 473–474.

¹⁰⁵ *Alþingisbækur Íslands VI* (Reykjavík 1933–1940), bls. 4.

¹⁰⁶ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 13.

¹⁰⁷ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 26.

¹⁰⁸ Árni Magnússon, „Arne Magnusson til Amtmand C. Muller. Kieblevig d. 9 7bris 1703“, *Arne Magnussons Private Brevveksling*, bls. 339.

¹⁰⁹ *Jónsbók. Kong Magnus Hakonssons Lovbog vedtaget paa Altinget 1281 og Réttarbætr de for Íslands givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314*. Útgefandi Ólafur Halldórsson (København 1904. Odense 1970), bls. lvi–lvii. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*. Már Jónsson tók saman (Reykjavík 2004), bls. 26–27.

Bókin var fyrst prentuð árið 1578, sem er vísir að stjórnarsýslubrúun, og oft síðar með réttarbótum og Gamla sáttmála og byrjað var að þýða hana á dönsku á 16. og 17. öld enda íslenska ekki auðskilin dönskum valdsmönnum.¹¹⁰ Lénsmenn áttu Jónsbækur eins og aðrir valdsmenn á Íslandi. Þessar bækur voru ekki aðeins lögbækur heldur einnig leiðbeiningarrit þar sem í var fært t.d. formúlur um hvernig setja á alþingi og slíta því, sýslumannaæiður, lögmannaæiður, Gamli sáttmáli, hvernig á að setja og slíta héraðsþingi og skýring á tíund. Einnig eru í þeim ýmsar réttarbætur, búalög, konungsbréf og alþingisdómar.

Slíkar leiðbeiningar voru einnig færðar í dómabækur. Dæmi um slíka bók er Skjalabók Alþingis hins forna 1263–1635, skjalabók sem stundum hefur verið nefnd „Dómabók Þjóðskjalasafns í fol.“ Hún er talin skrifuð ca. 1580–1635 og inniheldur skjöl frá árunum 1263–1635. Auk Gamla sáttmála, kirkjuskipunar Christians III, búalaga og fleira er í bókinni fjöldi af héraðsdómum, alþingisdómum, lögmannaæiðum og úrskurðum, samþykktum, hirðstjóraþréfum, vitnisburðum og biskupaskipunum frá tímabilinu 1275–1623.¹¹¹ Þessar bækur eru dæmi um hvernig stjórnarsýsluupplýsingum var haldið saman til notkunar fyrir valdsmenn landsins auk lénsmanna og fógeta þeirra.

Innsigli á skjölum getur tengst bættu réttarfari en innsiglið á að sanna að það sem í bréfinu standi sé þeirra vilji sem undir það skrifa. Árið 1550 sendi Christian III Íslendingum innsigli með Lauritz Mule lénsmanni kaupmanna í Kaupmannahöfn (1547–1551). Innsiglinu fylgdi bréf þar sem konungur þakkar Íslendingum stuðning við innleiðingu nýs síðar. Segir í bréfinu að sex til átta valinkunnir menn skuli annast vörslu innsiglisins svo það verði ekki misnotað. Innsiglið átti að vera konungi og öðrum trygging fyrir því, að þau skjöl er innsiglið bæru væru frá réttum valdsmönnum.¹¹²

2.4. Embættismenn í lénunum

Með nýrri kirkjuskipan breyttist staða kirkjunnar manna frá því sem verið hafði. Biskupar urðu embættismenn og undirmenn konungs. Konungur skipaði tilsjónarmenn með kirkjum, superintendenta eða biskupa, reyndar oftast eftir tilnefningu innanlands og veitti þeim allar tekjur og réttindi biskupsstóla gegn því að þeir stæðu árlega reikningsskil af þeim til konungs

¹¹⁰ Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um afl lagaþekkingar og ættvísi á 17. og 18. öld“, *Íslenska söguþingið. Ráðstefnurit II* (1998), bls. 134.

¹¹¹ ÞÍ. Skjalasafn Öxarárþings (Alþingis hins forna). Skjalabók 1263–1635, bls 4-5.

¹¹² Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger I*, bls. 265–266.

eða lénsmanns. Slíka veitingu fékk Ólafur Hjaltason í Hólabiskupsdæmi (1552–1569) 16. október 1551 og Marteinn Einarsson í Skálholtsbiskupsdæmi (1549–1556) 12. mars 1552.¹¹³ Og frá árinu 1563 fengu prestar veitingarbréf útgefið af lénsmanni samkvæmt kirkjuskipaninni.¹¹⁴ Lénsmennirnir áttu að fylgja eftir hinn nýju kirkjuskipan, hver í sínu léni. Fólust störf lénsinna á Íslandi fyrstu tuttugu árin eftir siðaskiptin einkum í því að koma þeim á eins og nánar verður greint frá.

Einstakir valdsmenn kvörtuðu oft yfir því að hin nýja kirkjuskipan ætti ekki að öllu leyti við á Íslandi. Þeim lánaðist þó ekki að leggja fyrir kóng tillögur að nýrri skipan sem hentaði betur þó tilraunir væru gerðar til þess sem getið verður hér á eftir. Eitt þeirra atriða sem þeir gagnrýndu var sú skriffinnska sem hún lagði þeim á herðar. Meðal annars bar biskupum árlega, ásamt lénsmanni, að heimsækja allar sóknarkirkjur og gera skrá yfir allar eigur þeirra. Eitt eintak skrárinnar skyldi vera hjá biskupi og annað hjá lénsmanni vegna eftirlitsskyldu hans.¹¹⁵ Reyndin var að sýslumenn voru skyldaðir frá árinu 1555 til að fylgja biskupum í yfirreiðum þeirra.¹¹⁶ Endurteknar óskir konungs um upplýsingar frá biskupum um eignir kirkjunnar sýna að þetta ákvæði var illfrankvæmanlegt.

Lénsmenn völdu lögmenn sem síðan fengu lögmennsbréf útgefið af konungi.¹¹⁷ Er þetta í samræmi við lagabálk eða „recess“ konungs frá 1558 þar sem segir að allir landsdómarar (*lögmenn*) í lénum konungs eigi að sverja konungi eið.¹¹⁸ Lénsmenn kusu sýslumenn með samþykki lögmanna og sýslubúa eins og fram kemur í bréfi lögmanna árið 1579 til konungs.¹¹⁹ Í Bessastaðasamþykkt 1555 segir að fógæti eða befningsmaður sé skyldugur til að velja og skipa skilvísa dánumenn til sýslumanna, þá sem eru guðs orðs elskendur og þar með réttvísir og friðsamir.¹²⁰ Í veitingarbréfum frá 1555 og 1558 sem varðveitt eru kemur fram að sýslumaður á að skila afgangi sínu af sýslunni á Jónsmessu til Bessastaða. Hann fær öll sex

¹¹³ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 325–326, 346–347, 361; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* I, bls. 308–309.

¹¹⁴ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV (Reykjavík 1944–1949), bls. 78–79.

¹¹⁵ *Lovsamling for Island* I, bls. 52–53.

¹¹⁶ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 13, 58.

¹¹⁷ Jón Sigurðsson, „Lögsögumannatal og lögmanna á Íslandi“, *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta* II (Kaupmannahöfn 1886), bls. 209–217, 237–242.

¹¹⁸ V.A. Secher, *Forordninger* I, bls. 12.

¹¹⁹ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 362; *Lovsamling for Island* I, bls. 17; Hjálmar Vilhjálmsson, „Sýslumenn á Jónsbókartímabilinu 1264–1732“, *Tímarit lögfræðinga* 1. árg., 1 tbl. (1951), bls. 6–11. Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, um sýslumenn, bls. 248–257.

¹²⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 58–59.

marka¹²¹ mál og minni en annað fellur undir konung og skal ráðstafa í samráði við lénsmann. Hann á að halda mönnum við lög og rétt og aðstoða prófasta við að njóta réttar síns og hann á að fylgja biskupi í ferðum hans um sýsluna. Engir þýskir menn mega dvelja í sýslunni án leyfis lénsmanns. Sýslumaður á að hafa umsjón með konungsjörðum í sýslunni og tryggja að þær séu byggðar og að af þeim fái renta.¹²² Árið 1609 ætlast konungur til töku eiðs af sýslumanni þegar hann var skipaður í Vestmannaeyjum¹²³ og slík fyrirmæli til sýslumanna í léninu Íslandi voru fyrst lesin upp á alþingi árið 1619.¹²⁴ Vegna eignaupptöku jarða við siðaskipti urðu umboðsmenn jarðanna og klausturhaldarar einnig konunglegir embættismenn. Lénsmenn veittu umboðs-, sýslu- og klausturjarðir en bréfin voru gefin út af konungi. Af orðalagi bréfanna þar sem segir: „oc vore befalingsmand paa fornefnte vort land Issland, horig, lydig oc fölgactig, udi hvis maade hand hannem paa vore veigne tilsigendis vorder...“ má ráða að lénsmenn hafi átt að hafa eftirlit með stjórnsýslu þeirra.¹²⁵

Hér verður einnig að geta hreppstjóra þó varla sé hægt að tala um þá sem konunglega embættismenn, en talið er að á 16. og 17. öld hafi sýslumenn farið að líta á þá sem undirmenn sína en í Jónsbók er fjallað um hreppstjórnina og hreppstjóraþing. Er það rakið til þess að með bréfi dagsettu 16. apríl árið 1556 eignar konungur sér hlut biskupa í tíundinni, en hreppstjórar sáu um innheimtu tíundar og skiptingu hennar hver í sínum hreppi. Einnig er ljóst að afskipti konungs af framfærslumálum jukust og víst er að árið 1657 segir í alþingissamþykkt að hreppstjórar skuli sinna hreppsmálum með ráði og styrk sýslumanns.¹²⁶

¹²¹ Mark, mynteining, í einum ríkisdal voru 6 mörk, í einum sléttum dal voru 4 mörk.

¹²² *Íslenzkt fornbréfasafn XIII*, bls. 61–63, 315–317.


¹²³ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 246–247.

¹²⁴ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 283.

¹²⁵ Sjá hér t.d. Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger I*, bls. 354; *Kongelige Forordninger II*, bls. 4, 229, 231, 234; Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 257–259.

¹²⁶ Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi I* (Reykjavík 1972), bls. 63–64. Sjá einnig Kristjana Kristinsdóttir, „Hreppstjórar og skjalasöfn þeirra. Um hreppsþækur og þróun stjórnsýslu frá átjándu öld til upphafs tuttugustu og fyrstu aldar“, *Saga tímarit Sögufélags* 56 (2018), bls. 122–148.

Skipurit yfir embættismenn og tengsl þeirra 1541–1683



2.5. Stjórnsýsla og afgreiðsla erinda

Frumkvæði að afgreiðslu mála, eða vitneskja um atburði í einstökum lénom, átti ekki aðeins rætur í kansellíi, rentukammeri eða hjá konungi. Íbúar lénanna gátu leitað til kansellis með mál sín eða bænarskrá (*suppliker*). Algengast var að einstaklingar óskuðu eftir heimild konungs til frændsemisgiftingar en fyrir slíka heimild, ef hún fékkst, þurfti að greiða. Einnig kom fyrir að Íslendingar, að frumkvæði lögmanna á alþingi, sameinuðust um að leita til konungs þegar mikið lá við. Íslendingar sendu t.d. Jón Jónsson lögmann norðan og austan fyrir sína hönd með bænarskrá á konungsfund árið 1592. Dæmi er um fleiri slíkar bænarskrár til konungs af alþingi sem lögmenn standa fyrir, t.d. árin 1576, 1579 og 1602 og 1604.¹²⁷ Slíkt átti þó að fara um hendur lénsmanns og fara rétta boðleið, a.m.k. ef um dómsmál var að ræða.

Árið 1574 kvartar konungur yfir að einstaklingar frá Íslandi taki sér ferð á hendur til Kaupmannahafnar með mál sín og vilji bera þau upp beint við konung. Slík mál geti hann ekki afgreitt nema fyrir liggi lögboðin afgreiðsla slíkra mála innanlands, þ.e. dómur sýslumanns á

¹²⁷ Jón Sigurðsson, „Lögsögumannatal og lögmanna á Íslandi“, *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennna* II, bls. 223–227, 228–235; Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, bls. 357–360.

héraðsþingi og síðan dómur lögmanna á alþingi. Ef lögmenn dæma ranga dóma er hægt að stefna þeim fyrir konung. Svona málsmeðferð án dóms innanlands vill konungur ekki sjá frá lénsmanni.¹²⁸ Fyrirmæli um rétta boðleið dómsmála, þ.e. að fyrst þurfi að taka mál fyrir á héraðsþingi, síðan á landsþingi og síðan e.t.v. að leggja það fyrir konung og ráð hans eru, í áðurgreindum lagaboðum frá 1558 og er þar vísað aftur til slíkra fyrirmæla allt frá árinu 1282.¹²⁹ Árið 1636 var lögfest að allar bænaskrár frá íbúum léna skyldu undirritaðar af lénsmanni áður en þær væru sendar til kansellís.¹³⁰ Er þetta endurtekið árið 1643. Líta má á bænaskrárnar sem nokkurs konar samband milli einstaklinga í lénunum og stjórnvalda í Kaupmannahöfn. Með þeim reyndu einstaklingar að hafa áhrif á eigin hag með því að biðla til stjórnvalda.¹³¹

Lénsmenn leituðu einnig til kansellís eða rentukammers ef um einhver vafamál var að ræða eða þeir þurftu að koma vilja sínum fram gagnvart íbúum lénsins. Þetta gerði Herluf Daa (1606–1619) t.d. árið 1618. Í framhaldi af því sendi konungur „kommissara“ eða umboðsdómara til að rannsaka málefni sérstaklega í einstökum lénunum ef svo bar undir og mál voru komin í óefni. Dæmi um það voru umboðsdómararnir tveir sem sendir voru til Íslands árið 1618 vegna Herlufs Daa.¹³²

Ljóst er þó að í öllum lénunum konungs voru almenn mál afgreidd innan hvers léns, á þingum, án afskipta kansellís eða kóngs.¹³³ Eru íslenskar alþingisbækur, dómar, einstök bréf og upplýsingar frá lénsmönnum gott vitni um það enda vísa Íslendingar oft til þess í bréfum, og einnig konungur, að dæma eigi eftir íslenskum lögum og er það í samræmi við Gamla sáttmála.

2.6. Skjalasöfn léna

Í greinargerð um ríkisskjalasafnið danska frá árunum 1889–1891 er rætt um skjalasöfn lénsmanna. Segir þar að enda þótt konungleg embættisskjalasöfn (*brevkister*) væru til í Danmörku frá gamalli tíð hjá lénsmönnum, í kirkjum, klaustrum og hjá biskupum væri það samt fyrst eftir siðaskiptin þar, árið 1537, sem fest var í lög að varðveita skyldi lagaboð,

¹²⁸ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 74–75.

¹²⁹ V. A. Secher, *Forordninger I*, bls. 12–13.

¹³⁰ V. A. Secher, *Forordninger IV*, bls. 668–670.

¹³¹ Michael Bregnsbo, *Folk skriver til kongen. Supplikkerne og deres funktion i den dansk-norske enevælde* (København 1997), bls. 22.

¹³² Sjá umfjöllun um það í kafla 4.4.7 Herluf Trolle Daa til Snedinge 1606–1619 (Herluf Daa).

¹³³ Leon Jespersen, „Tiden 1596–1660. Mellem personlig kongemagt og bureaukrati“, *Dansk forvaltningshistorie I*, bls. 115, 143.

konungleg bréf og önnur skjöl sem þýðingu hefðu. Og strax við siðaskiptin hafi skjölum verið safnað til lénsmanna og biskupa.¹³⁴ Það sama átti einnig við á Íslandi eins og skráin yfir skjalasafn Bessastaða árið 1553 sýnir.¹³⁵

Ætlun konungs var að skjalasöfnin, eins og önnur innistæða,¹³⁶ yrðu eftir í léninu við lénsmansskipti. Það varð þó ekki alltaf raunin. Litu margir lénsmenn á skjölin sem einkaeign sína. Vegna þessa er léns mönnum fyrirskipað, með lokuðu bréfi (*missive*) þann 9. júlí árið 1593, að varðveita skjalasöfn sín og færa í bók öll konungleg opin bréf og afhenda skjalasafnið nýjum lénsmanni við lénsmansskipti.¹³⁷ Í bréfinu er sá formáli að hverjum og einum þeirra beri að halda skjalasafni lénsins í röð og reglu og að þeir eigi að afhenda safnið eftirmanni sínum ásamt skrá eða lista yfir það. Þessi fyrirskipun er ítrekuð árin 1615 og 1643.¹³⁸

Í bréfinu sagði um ástæðu þessarar orðsendingar, að oft hafi verið kvartað yfir því að við lénsmansskipti í ríkinu hafi fráfarandi lénsmenn tekið með sér öll skjöl varðandi lénið. Varð það til þess að eftirmenn þeirra hefðu engin eldri bréf til að fara eftir við stjórn lénsins. Því voru menn beðnir að halda til haga þeim bréfum (*opne mandater og forordninger*), sem gefin voru út á stjórnartíma þeirra, láta skrá þau og skrifa inn í bók, sem ætíð ætti að fylgja léninu og ekki mátti færa burt úr því. Við lénsmansskipti átti að afhenda skjalasafnið ásamt skránni yfir það með annarri innistæðu (*inventar*). Eldri bréf, sem horfin voru, átti að reyna að fá til baka og skrá þau. Öll bréf átti að lesa upp á þingum, skrá þau og varðveita vel í léninu, þannig að þau hvorki skemmdust né týndust.

Hefur krafa Henriks Krag lénsmanns (1591–1595) á alþingi árið 1593 örugglega tengst þessu bréfi konungs. Þar segir að þeir sem hafi konungsbréf í fórum sínum sem bætt gætu hag landsins, eigi að afrita þau, þ.e. ef þeir vildu ekki láta frumbréfin með innsiglum frá sér fara. Afritið átti að senda til Bessastaða þar sem bréfin yrðu aðgengileg þegar þörf væri á.¹³⁹

Í skjalasafni stiftamtmanns í Þjóðskjalasafni eru nú varðveitt bréf konungs til lénsmanns frá árunum 1542–1682. Nokkur þessara bréfa eru stíluð til ýmissa manna á Íslandi, en önnur eru opin konungsbréf. Á mörg bréfanna votta lögmennirnir að þau hafi verið lesin upp á alþingi.

¹³⁴ *Meddelelser om Rigsarkivet for 1889–91*, bls. 28.

¹³⁵ *Íslenzkt fornbréfasafn XII*, bls. 594–598.

¹³⁶ Þýðir hér skepnur og munir sem fylgja jörð, fylgifé jarðar.

¹³⁷ V.A. Secher, *Forordninger II*, bls. 647–649.

¹³⁸ V.A. Secher, *Forordninger III*, bls. 448–449; V.A. Secher, *Forordninger V*, bls. 216.

¹³⁹ *Alþingisbækur Íslands II* (Reykjavík 1915–1916), bls. 371.

Þessi bréf hafa komist í vörslu landfógeta frá lénsmanni, síðan amtmanns og loks stiftamtmanns eftir að lénsfyrirkomulagið var lagt niður og amtsskipan komið á árið 1683.¹⁴⁰

Í skjalasafni stiftamtmanns er nú einnig bók, rauð að lit, með afskriftum af tilskipunum, konungsbréfum og úrskurðum, auk bréfa stjórnarskrifstofa varðandi Ísland frá árunum 1329–1746.¹⁴¹ Þessara skjala er getið í afhendingu Christians Müller amtmanns árið 1718 þegar hann lét af störfum og Niels Fuhrmann tók við.¹⁴²

2.7. Lénsmannsskipti og fógetar lénsmanna

Samkvæmt skipun konungs skyldu báðir lögmennirnir vera til staðar á Bessastöðum er nýr lénsmaður tæki við innistæðunni, og gæfu þeir út vitnisburð um að skiptin hefðu farið fram. Þegar lénsmannsskiptin voru undirbúin voru þingvitni (oft bændur) tilkölluð til að meta og bera vitni um innistæðu og ástand búanna á Bessastöðum, Viðey og Arnarstapa. Skrár yfir innistæðuna voru útbúnar og yfirleitt undirritaðar af báðum lénsmönum, en þó oft af fógetum þeirra.¹⁴³

Þó að nýr lénsmaður hefði tekið við léninu var fráfarandi lénsmaður ekki laus allra mála fyrir en hann hafði gert endanlega upp við rentukammerið eins og fjallað verður um í kaflanum um endurskoðun lénsreikninga. Lénsmennirnir voru hér á landi yfirleitt aðeins um alþingistímamann og skipuðu fulltrúa sína eða fógeta til að annast störf sín hér og báru lénsmenn ábyrgð á störfum þeirra. Oftast voru fógetarnir danskir þó dæmi séu um íslenska menn sem fógeta strax eftir siðaskiptin, þ.e. þá Pétur Einarsson (1541–1547), „Gleraugna Pétur“, og Eggert Hannesson (1551) (f. 1515 d. 1583). Einnig er rétt að geta þess að Gísli Hákonarson var sennilega fógeti árið 1628, a.m.k. sýslumaður í Gullbringusýslu. Fógetinn sá um konungsútgerðina og þar með búin á Bessastöðum og í Viðey auk umsjónar með Arnarstapa og hann var oft einnig sýslumaður í Gullbringusýslu og hefur því innheimt sakeyri og önnur gjöld

¹⁴⁰ ÞÍ. Skjalasafn stiftamtmanns III. nr. 3. Konungsbréf til höfuðsmanns 1542–1682; Sigfús Haukur Andrésson, *Þjóðskjalasafn Íslands*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar I (Reykjavík 1979), bls. 50.

¹⁴¹ ÞÍ. Skjalasafn stiftamtmanns IV. nr. 1. Tilskipanir, konungsbréf og úrskurðir og bréf stjórnardeilda varðandi Ísland 1329–1746.

¹⁴² DRA. Rtk. 371.1. Designation over Protokoller og Dokumenter vedrørende Island og Færøerne 1718–1746. Designation paa Dokumenter afleverede 1718 af Chr. Müller til Niels Fuhrmann. Sjá hér kafla 6.3 um skjalasafn Bessastaða.

¹⁴³ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 442–443; Orla K.O. Damkjær, *Indføring i Lensregnskaberne*, Besvarelse af Århus Universitets prisopgave (1978), bls. 31; ÞÍ. Rtk. F/1 – F/8. Lénsreikningar 1588–1662.

þar, hann eða þjónar hans.¹⁴⁴ Fógetar hafa sennilega einnig verið skrifarar fyrir lénsmenn. Auk þeirra hafa lögmenn, alþingisskrifarinn og e.t.v. sýslumenn í Kjósarsýslu og Snæfellsnessýslu séð um skjalagerð fyrir lénsmann eftir því sem henta þótti. Oluff Pedersøn fógeti (1629–1634), sem mætti í kansallíð árið 1635, segir að hann sjálfur hafi þurft að ferðast milli þinga og svara landsmálum sem lénsmaðurinn ætti í raun að gera, auk þess sem hann innheimti vörur af undirsátunum áður en lénsmaður komi til landsins. Vörurnar bíði tilbúnar til uppskipunar í skip lénsmanns þegar hann mætir, en hann stoppi aðeins um mánaðartíma á landinu. Áhyggjur Oluffs af óeiningu í réttarfari og vöntun á góðri jarðabók yfir eigur biskupsstólanna og kirkjujarða sýna að þunginn af landsstjórninni innanlands hvíldi á fógetanum, a.m.k. þegar lénsmaður var fjarverandi í um ellefu mánuði á ári.¹⁴⁵ Verður nánar fjallað um Oluff Pedersøn fógeta hér á eftir.

Fógetar höfðu ekki rétt til að setja menn í embætti, veita giftingarleyfi í þriðja lið eða festa konungsjarðir, þó þeir hafi getað veitt vilyrði fyrir slíku vegna stöðu sinnar. Heimildina eða staðfestinguna gat aðeins lénsmaðurinn veitt. Á þessu verður breyting í tíð Henriks Bjelke 1648–1683, sem má rekja til þess að Bjelke kom afar sjaldan til landsins og hélt landið sem þjónustulén síðustu tuttugu árin og leigði fógeta sínum innheimtuna af tekjunum. Frá hans tíð er varðveitt eina veitingabréf lénsmanns til fógeta útgefið 12. nóvember 1665 og birt á alþingi árið 1666. Í bréfinu segir m.a. að hann skipi Johan Pedersen Klein (1660–1662, 1665–1683) fulltrúa sinn og fógeta yfir Íslandi. Allir landsmenn eigi að vera honum hlýðnir og undirgefni og nefnir hann hér sérstaklega embættismenn, andlega og veraldlega. Það eigi að greiða fógeta afgjald, landskuld og vissar og óvissar tekjur á réttum tíma. Vísað er sérstaklega til sýslumanna, klausturhaldara og umboðsmanna og annarra sem þurfa að gera lénsherranum reikning. Fógetinn hefur fullkomið vald til að innheimta allar tekjur og reka önnur erindi lénsmanns eins og hann væri þar sjálfur í eigin persónu. Fógetinn á að halda mönnum við lög og rétt og leggja sig fram við að gera íbúunum gagn.¹⁴⁶

Til frekari stuðnings því að fógetar Bjelke hafi haft meiri völd en fyrirrennarar þeirra er frásögn Jóns Árnasonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu (1754–1777) frá 1762, þar sem hann

¹⁴⁴ ÞÍ. Rtk. F/1 – F/8. Lénsreikningar 1588–1662; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 240–241.

¹⁴⁵ ÞÍ. Kansallí (KA.) KA/1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verslun og ýmsu öðru með greinargerð í 22. liðum. Gagnrýni fógetans kemur því fram í þessu skjali en hún sem slík er ekki varðveitt.

¹⁴⁶ *Alþingisbækur Íslands* VI (Reykjavík 1933) bls. 644–645; *Alþingisbækur Íslands* VII (Reykjavík 1944), bls. 73–75. Sjá veitingarbréfið í heild í viðauka 3.

heldur því fram að fógetar Bjelkes hafi t.d. skipað menn í embætti og umboðsmenn þeirra tekið embættiseiða af sýslumönnum. Hann skrifar:

I aaret 1661 26. martii da lehnsherren, i samme Thomas Nicolaisens fraværelse, bestillede Johan Pedersen Klein til sin foged, befalede han vel ikkun i almindelighed, at alle vedkommende skulde bevise ham hørsomhed staae ham regnskab og udbetale til ham al vis og uvis afgift. Men historien viser, at hans myndighed ogsaa har strækket sig til andre ting, blandt andet til den verdslige rættergangs drift. Thi strax samme aar findes, at han, ved en beslutning, udgiven 29. junii, handthævede lavmand Arne Oddsens i sit dommer-sæde i lavrættten, imod en stævning som angik hans embede. Og lehnsherren siden, efter Thomas Nicolaisens død, bestillede samme Klein 12. novbr. 1665. til sin ordentlige foged i hans sted, hedder det, at regnskabs betienterne skulde udbetale til ham alle afgifter, al baade vis og uvis kongelig indtægt, og han derimod holde dem og alle indbyggerne ved lands lov og ret. Jeg finder og, at han 21. martii 1670 paa lehnsherrens vegne bestillede Sivert Biörnson, til landstings-skriver. Saa og, at 2 sysselmænd 1677 aflagde deres embeds-eed for hans fuldmægtig, som der kaldes land-fogedens fuldmægtig. Samme findes og at være skeet med nogle klosterholdere 1678. Ligesom lehnsherren selv, saa havde og disse kongens eller hans fogeder frie befordring, saa ofte de paa embeds vegna behøvede at giøre nogen reyse omkring i landet.¹⁴⁷

Hér segir m.a. að þegar léns herrann skipaði Johan Pedersen Klein sinn fógeta fór hann ekki aðeins fram á að landsmenn sýndu honum undirgefni og greiddu honum gjöld sín, heldur segi sagan að hann hafi einnig haft völd til að skipta sér af dómsvaldinu, en slíkt hafði eingöngu verið í höndum lénsmanns.

Umboðsmenn eða þjóna höfðu fógætarnir sennilega allt tímabilið, og hafa sumir þeirra sennilega séð um búið á Arnarstapa. Skipun umboðsmanna varð þó formlegri í lok tímabilsins eða í tíð Henriks Bjelke og e.t.v. líkari hefðbundnum störfum fógeta lénsmanna eins og þau höfðu tíðkast lengst af, þ.e. þeir sáu um konungsgarðinn og útgerðina og innheimtu afgangjöldin gegn réttri kvittun. Eitt veitingarbréf til umboðsmanns fógeta er varðveitt. Er það gefið út af fógétanum 13. mars 1666 og lesið upp á alþingi sama ár. Það hljóðar svo:

¹⁴⁷ Jón Árnason, *Historisk Indledning til den nye og gamle Islandske rettergang*, bls. 513–514.

Jeg, Johan Pedersen Klein, højædle og velbaarne Herre, Herr Henrik Bjelke... hans Excellenzes tilbetroede Fuldmægtig og Foged over Island, kjendes og gjør hermed vitterligt, at eftersom jeg haver affærdiget nærværende Jakob Benediktsen herfra, næst Gud, til Island der sammesteds paa mine Vegne at annamme alt kongel. Majest. Inventarium, saa vel som al Skibs Aabaten og andet, som paa mine Vegne kan falde at bestille, saa og (det Gud forbyde) jeg ej til den rette Tid kom til Landet, da haver jeg og hermed hannem Fuldmagt givet at opberge al anden Landsens visse og uvisse Indkomst, som Landsens Indbyggere til hans kongel. Majest. Lensherre aarligen plejer at udgive, det være sig, hvad det er eller være kan, og hvis han enhver I saa Maader for kvitterer, skal og af mig fuldkomligen være kvitteret. Des til Vidnesbyrd haver jeg dette med egen Hand underskrevet og mit Signet fortrykt. Datum Kjöbenhavn, den 13. Martii 1666 Johan Pedersen Klein.¹⁴⁸

Hér kemur skýrt fram að verkefni hans er að innheimta tekjurnar af landinu. Hér er verkaskiptingin e.t.v. að verða skýrari í átt til hinnar nýju amtskipunar og þá verkaskiptingar milli landfógeta, amtmanna og stiftamtanna.

Vitað er að Hákon Ormsson var umboðsmaður Thomasar Nikolajsen fógeta (1652–1660, 1663–1665), a.m.k. á árinu 1656. Hákon lést á árinu áður en Thomas kom til landsins, og skipuðu þá lögmennirnir Matthías Guðmundsson umboðsmann í hans stað (1656–1657) og væntanlega einnig Guðmund Steindórsson sýslumann í Húnavatnssýslu, þó er það óvíst. Skipun Matthíasar var gerð með þeim fyrirvara að hann héldi stöðunni, þar til lénsmaður eða fógeti gerðu breytingu þar á. Árið 1657 var Gregers Knudsen Bang umboðsmaður og árið 1658 varð Michel Gregersson umboðsmaður Thomasar og sennilega Einar Oddsson árið 1664.¹⁴⁹ Johann Petersen Klein hafði einnig þrjá slíka umboðsmenn, 1665–1683, þá Jakob Benediktsson (1666–1667), Oluf Jensson Klow (1672–1680) og Lafuritz Kristjánsson Gottrup ((1679) 1680–1683).¹⁵⁰

Afgjöld af klaustrum, sýslum og umboðsjörðum voru greidd á Bessastöðum og einnig hlutur konungs af sakeyri, en sýslumennirnir sáu um innheimtu hans hver í sinni sýslu.

¹⁴⁸ *Alþingisbækur Íslands* VII, bls. 75.

¹⁴⁹ *Alþingisbækur Íslands* VI (Reykjavík 1933), bls. 391–192, 395–396, 419–420; Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir* IV (Reykjavík 1909–1915), bls. 131.

¹⁵⁰ *Alþingisbækur Íslands* VII, bls. 75; Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannáll“ *Safn til sögu Íslands* II, bls. 754. Sjá hér nánar viðauka 1. Skrá yfir lénsmenn og fógeta þeirra 1541–1683.

Sakeyrisskrár undirritaðar af sýslumönnum fylgja oftast lénsreikningum. Greiðslur afgangssins fóru ýmist þannig fram að sýslumenn, umboðs- og klausturhaldarar afhentu kaupmönnum vörur fyrir afganginu og fengu í staðinn kvittun kaupmanns fyrir greiðslunni. Kvittunina afhentu þeir síðan lénsmanni eða fógeta hans og fengu hjá þeim kvittun fyrir afganginu. Stundum greiddu þeir líka afgangið í peningum beint til lénsmanns eða fógeta gegn kvittun.¹⁵¹

Frá árunum 1672–1675 er varðveittur sundurliðaður reikningur yfir gjöld af klastrum, sýslum og umboðsjörðum. Verður að ætla að hann hafi verið færður jafnóðum og greiðslurnar voru inntar af hendi á Bessastöðum. Inni í reikningnum liggur lítill minnismiði eða kvittun um greiðslur Daða Jónssonar (d.1682) sýslumanns í Borgarfjarðarsýslu. Miðinn er undirritaður á Bessastöðum af Oluf Jonsson Klow fógeta 25. maí 1675.¹⁵²

Í mörg horn var að líta fyrir fógeta við daglegan rekstur búanna á Bessastöðum og í Viðey. Fjöldi heimilismanna var breytilegur á búunum eftir árstíma. Í ótímasettri greinargerð frá 17. öld segir að átta vinnumenn hafi verið á búunum tveimur, þar af einn ráðsmaður og þrjár vinnukonur auk ráðskvænna á sitt hvoru búinu. Jafnframt var smali og einn hestasveinn. Tveir kaupmenn bættust í hópinn síðsumars meðan heyjað var.¹⁵³ Í annarri ótímasettri greinargerð eru ráðsmennirnir sagðir tveir og vinnumennirnir átta. Einn smali er talinn og hestasveinn. Ráðskonurnar eru tvær og átta vinnukonur auk stúlku í eldhúsi. Í báðum þessum heimildum eru taldir tíu fátæklingar í Viðey.¹⁵⁴ Vinnufólkinu var fækkað árið 1645 í tíð Jens Søffrensen (1645–1648) en þá sagði hann upp störfum ráðsmanninum á Bessastöðum Högna Sinneren/Högna Sigurðssyni,¹⁵⁵ fjórum vinnumönnum, smalanum og hestasveininum auk tveggja vinnukvænna.¹⁵⁶ Af reikningum hans má fá nokkra hugmynd um búreksturinn. Í hans tíð var Jón Högnason ráðsmaður á búunum og tveir vinnumenn voru í fastri vinnu allt árið, þeir Ólafur Helgason smiður og Þórður Jónsson vinnumaður. Vinnukonurnar voru þrjár og auk þess ráðskonan Kolfinna Halldórsdóttir. Í tíu vikur meðan heyjað var bættust við fjórir kaupmenn

¹⁵¹ Jón Árnason, *Historisk indledning til den gamle og nye islandske rettergang*, bls. 480, 502.

¹⁵² *DRA*. Rtk. 373.154. 1661–1828 Diverse dokumenter vedrørende forskellige islandske forhold. Sundurliðaður reikningur yfir gjöld af klastra, sýslu og umboðsjörðum 1672–1675.

¹⁵³ *ÞÍ*. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 50. Ótímasett og óundirrituð greinargerð um ýmis fjárhagsmálefni í Gullbringusýslu.

¹⁵⁴ *ÞÍ*. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 50. Ótímasett tilskipun um fjölda og kjör vinnufólks í Viðey og á Bessastöðum.

¹⁵⁵ Sjá hér *Annálar 1400–1800* VII, Lykilbók I (Reykjavík 1998), bls. 140–141.

¹⁵⁶ *ÞÍ*. Rtk. F/5. Lénsreikningar. Útdráttur úr lénsreikningi 1645–1646, Udgift imoed forscheffne Indtegt bl. 5v og 6h.

og á veturna voru tveir vermenn, eða piparsveinar (*pepersvenner*) sem réru á bátum konungs.¹⁵⁷ Vinnukonurnar hafa einnig róíð til fiskjar. Í útbúnaði þeirra var gert ráð fyrir sex fjórðungum smjörs og tuttugu fiskum til matar, sjö klippingsskinnum til klæða, einni danskri línu, einum hníf, þremur önglum og þremur pörum af vettlingum. Útbúnaðurinn átti að duga þeim um veturinn til Valborgarmessu, þ.e. til 1. maí.¹⁵⁸ Í reikningnum kemur fram að tuttugu menn voru ráðnir tímabundið þegar laxakisturnar voru settar niður, sennilega í Elliðaánum, og teknar upp. Umboðsmenn Jens Søffrensen, þeir Matthías Søffrensen (1645–1651) bróðir Jens, og Torfi Erlendsson (1645–1646), auk a.m.k. tveggja aðstoðarmanna, þeirra Hans Oluffsen (1645–1646) og Jørgen Heitman (1645–1646), dvöldu sennilega allt árið á Bessastöðum og í Viðey og sennilega einnig Jens sjálfur og þjónn hans.

Á spítalanum í Viðey dvöldu tíu fátæklingar eða gamlir menn og ein próventukona, Margrét Gunnsteinsdóttir. Til Bessastaða hafa einnig ýmsir menn átt erindi, eins og t.d. Gregers Knudsen Bang (1646–1656), stjúpsonur Jens, sem sá um konungsbúið á Arnarstapa, Þórður Henriksson alþingisskrifari (1645–1652) vegna skjalagerðar fyrir Jens, sýslumenn, umboðsmenn og klausturhaldarar til að skila af sér afgangi, lögréttumenn vegna starfa sinna á alþingi, danskir kaupmenn og skipverjar sem sóttu vörur af landinu til birgðahúsa konungs og böðullinn ef svo bar undir. Heimilisfólkinu þurfti að sjá fyrir fæði og klæði, auk einhverra launa. Hægt er að gera sér grein fyrir út frá reikningnum hvaða áhöld vinnukonurnar notuðu við störf sín og eldamenskuna. Nefnd er sinnepskvörn, maltkvörn, strokkur, mjólkurtrog, smjör- og skyrkeröld, bruggkeröld, diskar, salttrog, fötur og kljásteynar. Maturinn var auk smjörs, þorskur, hertur fiskur, lax, mjólk, skyr, kinda- og nautakjöt, salt brauð, mjöl og öl.¹⁵⁹ Fleiri gæddu sér á matnum en mannfólkið. Þess er sérstaklega getið að fógeti megi færa til frádráttar í reikningi sex fjórðunga smjörs sem ætla má að matarbirgðir rýrni um vegna ágangs músa og við söltun.¹⁶⁰

Konunum var ætlað helmingi minna fæði en körlunum. Fæðið sem Kolfinna ráðskona og vinnukonurnar þrjár fá á þriggja vikna fresti er hálfur fjórðungur af smjöri og tuttugu

¹⁵⁷ ÞÍ. Rtk. F/5. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1645–1646. Frá bls. 55 og áfram.

¹⁵⁸ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 50. Ótímasett og óundirrituð greinargerð um ýmis fjárhagsmálefni í Gullbringusýslu. Sjá einnig Kristjana Kristinsdóttir, „Tvö skjöl um Bessastaði og Viðey“ *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess* 4 (Reykjavík 1991), bls. 78–90.

¹⁵⁹ ÞÍ. Rtk. F/5. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1645–1646, bl. 46r–48v. ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 50 Ótímasett og óundirrituð greinargerð um ýmis fjárhagsmálefni í Gullbringusýslu. Sjá einnig Kristjana Kristinsdóttir, „Tvö skjöl um Bessastaði og Viðey“ *Landnám Ingólfs*, bls. 78–90.

¹⁶⁰ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 50 Ótímasett og óundirrituð greinargerð um ýmis fjárhagsmálefni í Gullbringusýslu. Sjá einnig Kristjana Kristinsdóttir, „Tvö skjöl um Bessastaði og Viðey“ bls. 78–90.

skálapund af fiski, eða tæp tvö og hálf kíló af smjöri og tíu fiskar. Jón Högnason ráðsmaður fær á þriggja vikna fresti einn fjórðung af smjöri og tvö og hálf líspund af fiski. Vinnumennirnir fengu á þriggja vikna fresti 20 merkur smjörs og tvö og hálf líspund af fiski. Launakjörin voru einnig mismunandi. Þannig sést t.d. af reikningum Jens að ráðskonan Kolfinna Halldórsdóttir hefur í árslaun fjórar álnir af klæði, en alin er þá jafngildi 57 cm, og þrjár álnir af „góðu“ lérefti.¹⁶¹ Þessa vefnaðarvöru fékk Jens Søffrensen árið 1646 hjá Christoffuer Brennermand Íslandskaupmanni. Vinnukonurnar fá sex álnir af vaðmáli og eina og hálf alin af lérefti. Jón Högnason fær í laun sex kindur með lömbum, og sextán álnir af vaðmáli. Smiðurinn fær í laun tvo ríkisdali og sextán álnir af vaðmáli og hinn vinnumaðurinn tvo ríkisdali og tólf álnir vaðmáls. Skó fá allir því í reikningunum eru færðar til útgjalda fjórtán til fimmtán húðir til skógerðar fyrir heimilisfólkið á búunum.¹⁶² Bústofninn á búunum á Bessastöðum og Viðey var árið 1647: 140 kindur, 148 lömb, 60 kýr, 13 naut ung og gömul, 2 kvígur, 14 kálfar, 9 dráttarhestar og 2 hryssur.¹⁶³ Til samanburðar má nefna að bústofninn var árið 1588: 35 kýr, 16 kvígur, 30 geldnaut, 215 kindur með lömbum, 15 hestar og 12 dráttarhestar.¹⁶⁴ Búið hefur því greinilega verið stórt.

Auk þessa var mikil útgerð stunduð á Bessastöðum sem fógetarnir sáu að mestu um og réru menn á bátum konungs af bæjunum í kring. Þannig er í lénsreikningi fyrir árið 1645 listi yfir mannlán¹⁶⁵ af bæjunum í Gullbringusýslu og þess getið hjá hvaða formanni hver maður réri. Svo virðist sem konungur fái sjötta hvern fisk fyrir leiguna á bátunum. Einnig er listi yfir sýslugjaldsmenn¹⁶⁶ og sagt úr hvaða sýslu þeir voru og hjá hvaða formanni þeir réru.¹⁶⁷

Bæði til búskaparins og útgerðarinnar þurfti ýmis tæki og tól og eru þau talin í innistæðuskrám reikninganna. Má þar nefna sem dæmi, báta, kjöltré, keipa og keiparstokka, fiskikróka, akkeri, fiskilínur, sökkur, hákarlafæri, ýmsar gerðir nagla, hamra, smíðatangir, járnbolta, slípisteina, grasljái, skeifur, tunnugjarðir, geirnagla og torfkróka.

¹⁶¹ Hér er miðað við íslenska verslunarlín á 17. og 18. öld. Magnús Már Lárusson, „Íslenzkar mælieiningar“, *Skírnir* 132 (1958), bls. 242.

¹⁶² ÞÍ. Rtk. F/5. Lénsreikningar. Fylgiskjöl með útdrætti úr lénsreikningi fyrir Ísland árið 1645–1646.; Sjá hér einnig almennt, Kristjana Kristinsdóttir, „Um konur í íslenskum lénsreikningum“ *Kvennaslóðir* (Reykjavík 2001), bls. 232–237.

¹⁶³ ÞÍ. Rtk. F/6. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1647–1648, bl. 44r.

¹⁶⁴ ÞÍ. Rtk. F/1. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1590–1591, bl. 2v.

¹⁶⁵ Róðrarkvöð, skylda leiguliða og hjáleigubænda til að róa á bátum landeigenda eða umsjónarmanna jarða á vertíð eða sinna flutningum. Róðrarkvaðir fylgdu oft konungsjörðum.

¹⁶⁶ Menn úr hverri sýslu sem réru á bátum konungs, sennilega hluti af afgangi sýslunnar.

¹⁶⁷ ÞÍ. Rtk. F/5. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1645–1646 bls. 42v–44v.

Af ofanskrifuðu er ljóst að það var í mörg horn að líta fyrir fógeta lénsmanns enda lénsmenn yfirleitt aðeins staddir á landinu um alþingistímam. Rekstur konungsbúsins og samskipti við Íslendinga á þingum og annarsstaðar voru því oftast í höndum fógeta þeirra þó ábyrgðin væri lénsmanna.

Tafla yfir lénsmenn og fógeta þeirra 1541–1683

Lénsmenn	Ár	Fógetar, lénsmenn og umb.menn fógeta	Ár
Christoffer Huitfeldt (Kristófer Hvitfeld)	1541-1542	Pétur Einarsson frá Staðastað	1541-1547
Otte Stigsen eða Stigessen (Otti Stígsson)	1542-1547		
Lafris eða Lafrids Mule (Lárenzius Mule)	1547-1551	Kristján skrifari	1547-1551
Otte Stigsen eða Stigessen (Otti Stígsson)	9.4.1551	Pétur Einarsson	1551
Eggert Hannesson	12.3.1552	Eggert Hannesson	1551
Poul Huitfeldt (Páll Hvitfeld)	1552 10.3.1553-1554	Poul Stigesen	1554-1559
Knud Stensen (Knútur Steinsson)	12.3.1554-1559		
Poul Stigesen (Páll Stígsson)	1559-1566	Andrés Hofmann Niels Ólafsson og Henrik Krag	1563
Hendrik Krag til Trenderup (Henrik Krag)	28.4.1567-1569	Oluff Bagge	1566 1567-1569
Christoffer Valckendorf eða Valckendorp (Kristófer Valkendorf)	29.4.1569-1570	Oluff Bagge	1569-1570
Johan Bocholt eða Bucholt (Jóhann Bocholt)	5.5.1570-1574	Oluff Bagge	1570-1571
	30.3.1574-1576	Barthiel Oluffsson eða Bertel	1571
	26.4.1576-1582	Benedikt Pétursson	1572
	31.1.1582-1586	Eiríkur Jakobsson	1576-1581
		Jakob Hannesson	1581
Peder Thomassøn eða Thamesen (Pétur Tómasson)	1587-1588		
Lauridts Kruse Tygissøn, eða Laurits Kruse til Svendstrup (Lars Kruse, Lauritz Krús)	2.9.1588-1591	Peder Thomassøn Søffrend Islendeus/Nielsen Enevold Christensen Jens Nielsen Koch Peter Søffrensen á Stapa Henrik Mikaelsson	1588-1589 fyrir 1590/91 fyrir 1590/91 1589-1591?? 1590 1591-1593?
Hendrik Krag til Trenderup (Henrik Krag, Hinrik Krag)	28.2.1591-1595	Erasmus Michelsen Rasmus Søffrensen	1593 1594?
Brostrup Giedde til Trommerup (Brostrup Gedde eða Gjedde)	23.4.1595-1597	Rasmus Nielsen Niels Busk	1596-1597 1597-1599
Johan Bocholt eða Bucholt (Jóhann Bocholt)	10.5.1597-1602	Joachim Solke Kaptein Boeke Arnarstapa	1600-1602
Enevold Kruse til Vinggegaard (Einvold, Enevold Krúse)	15.4.1602-1606	Enevold Christensen Peder Brenner	1602-1606 1606

Léismenn	Ár	Fógetar, léismenn og umb.menn fógeta	Ár
Herluof eða	1.5.1606-1619	Peter Brenner	1606-1609
Herluf Trolle Daa til Snedinge		Jørgen Daniell	1610-1616
(Herluf Daa)		Lauritz Rassmussen	1616
		Jørgen Daniell	1617
		Lauritz Rassmussen og Hans Mandixenn	1618-1619
Frederik Friis	23.3.1619-1620	Andres Hanssøn	1619-1620
(Friðrik Friis)			
Holger Rosenkrantz	27.2.1620-1622	Jacob Pedersen	1620-1624
(Holgeir Rosenkrantz)	30.4.1622-1633	Niels Hanssen	1625-1629
		Gísli Hákonarson	1628
		Laurus Hansson	1628
		Oluff Pedersøn	1629-1633
Pros Mund til Birkesvold	25.10.1633-1645	Oluff Pedersøn	1633-1634
(Pros Mundt til Byrkisvold)		Jens Søffrensen	1634-1640
		Hans Pétursson og Laurits Jónsson	1637
		Lauritz Nielssøn (Niculasson?)	1641-1645
Jens Søffrensen	13.1.1645-1648	Torfi Erlendsson	1645-1646
		Matthías Søffrensen	1645-1651
		Hans Oluffsen	1645-1646
		Jørgen Heitman	1645-1646
		Gregers Knudsen Bang	1646
Henrik Bjelke	31.12.1648-1663	Matthías Guðmundsson	1651-1652
(Hinrik Bielke til Österaat eða Bjelke)	1663-1683	Tómas Nikulásson	1652-1660
			1662-1665
		einnig umboðsmenn Tómasar:	
		Hákon Ormsson	1656
		Gvendur Steindórsson	1656
		Matthías Guðmundson	1656-1657
		Gregers Knudsen Bang	1657
		Michel Gregerson	1658
		Einar Oddsson	1664
		Jóhann Petersen Klein	1660-1662
			1665-1683
		Árni Vigfússon	1661
		umboðsmenn Klein:	
		Jakob Benediktsson	1666-1668
		Oluf Jónsson Klow	1672-80
		Lafuritz Kristjánsson Gottrup	(1679) 1680-1683

Heimild: sjá viðauka 1.

2.8. Hugmyndir Christians IV um breytingar á lénunum

Árið 1636 kom fyrst fram sú skoðun Christians IV (1588–1648) að tekjur lénsmanna af lénunum í Danmörku væru allt of miklar í samanburði við tekjur konungs og vildi hann að sinn

hlutur yrði aukinn. Hugmyndir konungs sem hann setti fram á næstu árum fólust í því m.a. að herskyldan yrði lögð niður (*rostjeneste*) og þar með fríu lénin eða þjónustulénin og afgangur af lénunum yrði hækkað. Ríkisráðið sem skipað var aðalsmönnum var mótfallið þessum breytingum og féllst frekar á að greiða aukaskatta sem fóru stöðugt hækkandi frá árinu 1637. Krafa um slíkan aukaskatt kom fram á alþingi árið 1639 þegar lénsmaður bar upp ósk konungs að Íslendingar greiddu sérstakan stríðsskatt.¹⁶⁸ Heimildir um hvort hann hafi verið greiddur eru ekki varðveittar.

Hinn 31. maí árið 1646 í Danmörku og 11. júní árið 1647 í Noregi var loks gerð breyting á veitingum léna í anda þessara hugmynda þrátt fyrir mótmæli ríkisráðsins. Fólst hún í því að afgangur voru aukin af lénunum sem þegar voru afgangslén og að reikningslénunum var breytt í afgangslén. Þessi breyting stóð ekki lengi, því hún var felld niður í ágúst árið 1648 eftir dauða Christians IV. Jafnvel má rekja til þess þá ákvörðun konungs að gera Ísland að reikningsléni árið 1645 og skipa Jens Søffrensen borgara sem konungsfógeta yfir landið (1645–1648). Einhver slík hótun lá í loftinu árið 1645. Þegar konungur kvartar enn í september yfir því að hann missi af öllum tekjum lénanna spyrja aðalsmennirnir í ríkisráðinu hvort það sé stefna konungs að setja skrifara og fógeta sem yfirmenn léna í stað aðalsmanna.¹⁶⁹

En hér lá fleira að baki varðandi Ísland. Árið 1635 mætti Oluff Pedersen fógeti tveggja lénsmanna, annars vegar Holgers Rosenkrantz (1620–1633) lénsmanns á árunum 1629 til 1633 og hins vegar Pros Mund lénsmanns (1633–1645) árið 1634, í kansellíð og gerði athugasemdir í 22 liðum um ýmislegt sem betur mætti fara á Íslandi.¹⁷⁰

Að hans eigin sögn hafði hann verið á Íslandi í sjö og hálf ár og hafði áður fyrr siglt til landsins í átta ár og gjörþekkti því landshætti, og hann virðist hafa kunnað eitthvað í íslensku. Hvers vegna hann kom í kansellíð er ekki vitað með vissu. Undirrótin gæti þó verið deilur hans við íslenska ráðamenn sem þessar athugasemdir hans vitna um, en sjálfur hafði hann ekki alltaf farið að lögum því hann þáði jarðir að gjöf og veitti prestum brauð sem aðrir sátu.¹⁷¹ Oluff hafði skrifað konungi bréf um þetta leyti með ósk um að fá að sigla á nokkrar hafnir og versla. Að mati sumra, og þar á meðal Pros Mund lénsmanns sem nú skipaði embættið, vildi Oluff verða lénsmaður á Íslandi. Að minnsta kosti nefnir Oluff í athugasemdunum að sá sem Íslandi ætti að

¹⁶⁸ *Alþingisbækur Íslands*. V, bls. 560.

¹⁶⁹ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie i 1640'erne*, bls. 165–171.

¹⁷⁰ Jón J. Aðils segir í bók sinni *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602–1687* (Reykjavík 1971 önnur útgáfa), bls. 103, að hann hafi skrifað langt bréf til konungs frá Glückstad 3. nóvember 1635 með þessu sama innihaldi. Aðrar heimildir um þetta hafa ekki fundist.

¹⁷¹ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 364–366.

stjórna þyrfti að þekkja landið vel, geta lesið og skilið tungumálið og útskýrt á dönsku makaskiptabréf, kaupbréf, dóma og vitnisburði því Íslendingum sé ekki treystandi. Þeir hugsi frekar um sinn eigin hag en konungs því þeir séu ekki trúir Dönnum. Þetta viti hann því hann hafi sjálfur umgengist þá svo lengi að hann þekki vel þeirra refshátt. Einnig bendir hann konungi á að það sé skynsamlegra fyrir hann að setja fógeta yfir landið frekar en lénsmann. Hér á hann við að landið verði gert að reikningsléni og að skipaður verði konunglegur fógeti yfir landið. Lénsmaðurinn geri lítið þann mánuð sem hann dvelji á landinu nema fylla skip sitt af vöru sem fógетinn hafi innheimt af undirsátunum áður en lénsmaðurinn komi til landsins.

Fógетinn þurfi aftur á móti að ferðast milli þinga og sinna landsmálefnum sem lénsmaðurinn ætti í raun að gera. Konungur gæti eins vel sett fógeta yfir landið sem gæti sinnt málum fyrir konung á alþingi og safnað vörum í skip, fiski og öðru til birgðahúss konungs. Þá fengi hann alla landskuld, skatt og tíund sem bændurnir gjalda og fógeti innheimtir. Þetta gæti gefið konungi miklar tekjur sem hann fái nú ekkert af og gæti þar fyrir utan haft allt afgjaldið frítt og meir en það.¹⁷² Athugasemdir Oluffs fjölluðu m.a um óeiningu og óvissu í réttarfari og óeiningu innan andlegu stéttarinnar vegna þess að norska kirkjuskipanin hentaði ekki á Íslandi. En flestar athugasemdanna varða skjalagerð og nauðsyn þess að semja nýja jarðabók yfir landið þar sem dýrleika jarða sé getið auk landamerkjabókar. Engin landamerkjabók var samin en jarðabók yfir konungseignir, þar sem dýrleika jarða er getið, var fyrst sett saman árið 1638.¹⁷³

Hvað sem lá að baki komu Oluffs Pedersøn í kansellí í Kaupmannahöfn höfðu orð hans áhrif og konungur hlustaði á hann. Pros Mund lénsmaður fékk nóg að gera og einnig aðrir ráðamenn á Íslandi við að svara fyrir störf sín. Til þessara athugasemda má rekja fyrirspurn Pros Mund á alþingi árið 1636 um ýmislegt er varðaði rekstur jarða konungs og kirkju auk þess sem hann spurðist fyrir um eftir hvaða lögbók væri dæmt í landinu og eftir hvaða kirkjuskipan biskuparnir dæmdu um andleg mál. Pros Mund var þar að afla upplýsinga til þess að geta svarað athugasemdum Oluffs sem honum var fyrirskipað og hann gerði árið 1637.¹⁷⁴ Í framhaldi af þessari upplýsingaöflun kom konungsbréf um gerð nýrrar jarðabókar yfir allt veraldlegt og andlegt góss og var hún lesin upp á alþingi árið 1639.¹⁷⁵ Verður nánar fjallað um athugasemdir Oluffs og svör Pros Mund við þeim hér á eftir og söfnun og skráningu eignarheimilda á Íslandi

¹⁷² ÞÍ. KA. KA/1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verslun og ýmsu öðru með greinargerð í 22 liðum.

¹⁷³ Sjá umfjöllun um jarðabókina í kafla 5.3, Söfnun og skráning eignarheimilda 1639–1645.

¹⁷⁴ *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 426–428; ÞÍ. KA. KA/1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verslun og ýmsu öðru með greinargerð í 22. liðum.

¹⁷⁵ *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 561–567; Magnús Ketilsson, *Forordningar* II, bls. 416–422.

sem fylgdi í kjölfarið. Þessi skjöl voru það tæki sem konungi voru nauðsynleg til þess að efla stjórn sína í léninu þó árangurinn kæmi e.t.v. ekki fram fyrir en á 18. öld.

2.9. Ágrip

Hér að framan er í hnotskurn yfirlit yfir fyrstu drög að myndun stjórnsýslu konungs eftir siðaskipti. Lögð var áhersla á réttarfarið, hverjir væru embættismenn konungs og hvaða skyldur þeir hefðu. Jafnframt var byrjað að skrásetja stjórnsýsluathafnir sem er mikilvægur liður í uppbyggingu stjórnsýslunnar og veitir konungi meiri yfirsýn og upplýsingar um tekjumöguleika sína. Lögð voru drög að skýrari uppbyggingu lénskerfisins og hverjar skyldur lénsmanna voru gagnvart íbúum lénanna og konungi. Skjalasöfn léna eru að byrja að myndast með þeirri skyldu að lénsmenn skilji eftir skjalabækur þær sem tilheyrðu léninu til þess að þær væru aðgengilegar þeim lénsmanni sem tæki við af þeim. Þær voru ekki einkaeign þeirra.

3 Endurskoðun lénsreikninga í rentukammeri og íslensku lénsreikningarnir

Hér verður fjallað um endurskoðun lénsreikninga í rentukammeri og við þá umfjöllun verður stuðst við rannsóknir danskra sagnfræðinga á slíkri endurskoðun. Þeir styðjast einkum við endurskoðun reikninga reikningslénis, en Ísland var afgjaldslén lengstan tímann sem reikningar eru varðveittir. Það kemur þó ekki að sök. Dæmi frá endurskoðun íslensku reikninganna varpa ljósi á endurskoðun þeirra sem var ekki frábrugðin endurskoðun reikninga frá öðrum lénum Danakonungs. Jafnframt verður fjallað um íslensku lénsreikningana en lénsreikningar voru samsettir úr ákveðnum gerðum skjala og þeir hafa ákveðna uppbyggingu og á það við óháð því frá hvaða léni reikningarnir koma. Þannig er tekna konungs alltaf getið fyrst í reikningi og síðan útgjalda konungs hvort sem lénið var afgjalds- eða reikningslén. Reikningarnir eru því reikningar konungs. Síðan er allt lagt saman og niðurstaða fæst um hvor er í skuld, lénsmaður eða konungur. Endurskoðunin er einnig formföst. Fyrst verða tekin dæmi af færslum í sjálfum reikningnum, hvernig þær skiptast í vissar og óvissar tekjur og hver hlutur lénsmanns er af þeim en hann fékk 1/3 hluta af óvissum tekjum sem falla áttu í hlut konungs. Einnig er greint frá fylgiskjölum lénsreikninga svo sem sakeyrisskrám, jarðabókum og uppgjörsgögnum. Er þetta gert til að varpa ljósi á innihald lénsreikninga og hvað felst í þeim sem heimild.¹⁷⁶

3.1. Endurskoðun lénsreikninga (Revision)

Rentukammerið sinnti í aðalatriðum tveimur meginhlutverkum. Annars vegar var þar tekið á móti tekjum ríkisins sem greiddust í peningum, og séð um greiðslu venjulegra útgjalda. Hins vegar var þar farið yfir alla reikninga undirstofnana ríkisins og embættismanna þ. á m. lénsmanna. Rentumeistararnir voru tveir og skiptu þannig með sér verkum, að annar átti að sjá um alla reikningsfærslu fyrir rentukammerið. Fór hún þannig fram að hann tók við öllum greiðslum til rentukammersins í peningum í eigin persónu og gaf út kvittanir í staðinn. Hinn rentumeistarinn átti að sjá um að yfirfara alla innsenda reikninga, t.d. frá lénsmönnum, og átti að kvitta fyrir til vitnisburðar um að þeir væru réttir.¹⁷⁷ Víst er að einum manni var ofviða að endurskoða sjálfur alla innsenda reikninga og af skjölunum má ráða að rentuskrifarnir hafa

¹⁷⁶ Sjá einnig dæmi um reikninga í viðauka 8. Uppskriftir lénsreikninga.

¹⁷⁷ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie*, bls. 37–42; Frank Jørgensen og Morten Westrup, *Dansk centraladministration*, bls. 95–100.

séð um endurskoðunina að mestu leyti. Rentumeistarinn hafði eftirlit með starfinu og hann virðist einnig hafa stjórnað því hvaða reikninga hver rentuskrifari fór yfir. Sami rentuskrifari virðist ekki hafa endurskoðað reikninga sama léns ár eftir ár.¹⁷⁸

Hvenær reikningarnir voru afhentir kemur fram á einstaka reikningi, t.d. stendur á reikningnum 1653/54 „Indleveret i Rentecammerit til Lucas Hansen dend 14 May A. 1655. A. Søffrensen“, en eins og áður er nefnt bar lénsmönnum að skila reikningunum í síðasta lagi ári eftir lok reikningsársins, þ.e. 1. maí.

Eftir afhendingu reikninganna var í rentukammerinu strax farið yfir reikningsliðina, þ.e. hvort þeir væru rétt lagðir saman og athugað hvort lénsmaðurinn væri í skuld, en þeir voru stundum búnir að greiða upp í afgjaldið áður.

Til merkis um að endurskoðunin hefði farið fram var skrifað á reikningana t.d. „Er rett beregnet og leffuerit“ eða „rett conferrerit oc beregnet af ...“. Þessi fyrsta athugun á reikningunum virðist ekki hafa verið mjög vandlega gerð því við athugun á dönsku lénsreikningunum hefur komið fram að samlagningarvillna eða reikningsvillna er aldrei getið þó þær séu algengar. Á grundvelli þessarar fyrstu athugunar á reikningum, kvittunum fyrir greiðslum upp í afgjaldið og því sem greitt var á staðnum, var gefin út kvittun til lénsmannsins fyrir reikningsfærslunni.¹⁷⁹ Hans H. Fussing sagnfræðingur (f. 1896 d. 1956) bendir á að erfitt sé að gera sér grein fyrir hvort þær athugasemdir, sem gerðar voru við reikningsfærslurnar við endurskoðunina í rentukammerinu og sem skrifaðar voru á spássíu reikninganna, hafi verið skrifaðar við þessa fyrstu yfirferð. Ef til vill hafi þær ekki verið skrifaðar fyrr en við nákvæma endurskoðun reikninganna sem fram fór síðar.¹⁸⁰ Jens Engberg sagnfræðingur nefnir að stundum hafi þeim rentuskrifara er fór yfir reikninginn í þessari yfirferð þótt ástæða til að gagnrýna einstaka færslur í reikningnum. Þær athugasemdir sem lénsmaðurinn samþykkti að væru réttar voru reiknaðar inn í þetta uppgjör á reikningnum.¹⁸¹

Nákvæm endurskoðun á reikningunum hófst ekki fyrr en lénsmennirnir voru farnir úr rentukammerinu til síns heima, þ.e. til síns herragarðs. Hver liður var yfirfarinn nákvæmlega og athugað að allt sem færa átti sem tekjur væri fært inn og ekki annað fært út en leyfilegt var. Athugasemdir voru skrifaðar við liðina á spássíu sennilega við þessa nákvæmu endurskoðun. Af athugasemdum má sjá hvernig endurskoðunin fór fram, þ.e. reikningurinn var bæði borinn

¹⁷⁸ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie*, bls. 98–99.

¹⁷⁹ Orla K.O.Damkjær, *Indføring i Lensregnskaberne*, bls. 27.

¹⁸⁰ Hans H. Fussing, *Stiernholm Len 1603–1661. Studier i krongodsets forvaltning* (København 1951), 141–142.

¹⁸¹ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie*, bls. 99.

saman við reikninginn frá árinu áður og athugað hvort færslur stemmdu við fylgiskjölin og að þau væru fyrir hendi. Algengar athugasemdir á spássíunni eru því „lige saa forgangne Aar“ eða „kommer offurens med forleningsbrevet“ og vísað er til fylgiskjalanna, t.d. Lit. A „kommer offurens med hosliggende sagefaldsregister signeret“, „K.M. bevillingsbrev Lit. B:B“, eða „Anders Olufssen bevis indskrevet i tegnebogen“ eða „bevis No 1 og er i tegnebogen indskrevet“. Fyrir kemur einnig að skrifaðar eru skýringar við liðina eða athugasemdir.¹⁸² Thelma Jexlev (f. 1920 d. 2018) skjalavörður á danska ríkisskjalasafninu telur að í flestum tilvikum hafi fylgiskjölin verið merkt um leið og reikningurinn var skrifaður, en bendir á að í formála að skjalaskránni yfir norsku lénsreikningana í ríkisskjalasafninu í Osló sé talið að fylgiskjölin hafi fyrst verið merkt við endurskoðunina í rentukammeri.¹⁸³

Gagnrýni eða þær athugasemdir sem gerðar höfðu verið og það sem skýringar þurfti við frá reikningshaldara var að lokum skrifað upp á sérstakan lista (*antegnelser*), þar sem gert var ráð fyrir að lénsmaðurinn gæti svarað. Eftir að lénsmaðurinn hafði svarað athugasemdum, sennilega er hann kom í rentukammerið að ári liðnu, var listinn sendur rentumeistara eða hirðmeistara til úrskurðar. Ákvörðun þeirra gat lénsmaðurinn áfrýjað til konungs. Þegar endanleg niðurstaða var fengin vegna athugasemda og ef þær höfðu peningaútgjöld í för með sér, voru þau greidd í rentukammerinu gegn kvittun. Væri konungur í skuld við lénsmann var það fært til gjalda í reikningi næsta árs.¹⁸⁴

Jens Engberg segir að í þessari endurskoðun hafi jafnvel verið farið yfir reikninga nokkurra ára í einu allt frá þriggja til fjögurra ára upp í tíu til tólf ára. Endurskoðunin hafi því stundum ekki hafist fyrr en nokkrum árum eftir að reikningarnir voru lagðir inn, og þannig hafi getað liðið allt að fimmtán til tuttugu ár þar til reikningshaldari/lénsmaður fékk endanlega kvittun fyrir reikningi eins árs.¹⁸⁵

Ef það sem hér að framan segir er borið saman við það sem ráða má um endurskoðun íslensku lénsreikninganna, virðist sem endurskoðun þeirra hafi gengið hraðar en hér er lýst og að nákvæm endurskoðun hafi farið fram fljótlega eftir að reikningunum var skilað í rentukammerið. Kvittunina fyrir reikningnum virðist lénsmaðurinn hafa fengið eftir að

¹⁸² Dæmin eru úr íslensku lénsreikningunum og koma margoft fyrir. Sjá *ÞÍ. Rtk. F/1–F/8. Lénsreikningar 1588–1662*; Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie*, bls. 99–101; Orla K.O. Damkjer, *Indføring i Lensregnskaberne*, bls. 27; Hans H. Fussing, *Stiernholm Len*, bls. 142–154.

¹⁸³ Thelma Jexlev, „Norsk lensregnskabsregistratur“ *Nordisk Arkivnyt* I (1984), bls. 20.

¹⁸⁴ *ÞÍ. Rtk. F/1 – F/8. Lénsreikningar 1588–1662*; Orla K.O. Damkjer, *Indføring i Lensregnskaberne*, bls. 27–28; Hans H. Fussing, *Stiernholm Len*, bls. 140–154.

¹⁸⁵ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie*, bls. 99–100.

endurskoðuninni var lokið, a.m.k. í stórum dráttum. Þannig var reikningi 1653/54 skilað inn til rentukammers 14. maí 1655, athugasemdalistinn með svörum lénsmanns og ákvörðun rentumeistara er dagsettur 22. september 1655 og kvittun fyrir reikningshaldinu útgefin 12. mars 1656. Reikningurinn fyrir reikningsárið 1656/57 var afhentur 4. maí 1658 og kvittunin gefin út 24. maí sama ár, en það ár voru engar athugasemdir gerðar við reikninginn. Þar sem sjaldnast er tekið fram hvenær reikningurinn var afhentur í rentukammerið er erfitt að sjá hve langur tími leið yfirleitt frá afhendingu þar til kvittun fékkst, en af dagsetningum kvittananna má þó sjá að það hefur yfirleitt verið fljótlega eftir að reikningarnir voru lagðir fram. Dagsetningar kvittananna eru oft skrifaðar framan á reikningana t.d. „Qvit 24. maí 1658“. Til undantekninga heyrir að reikningar margra ára væru yfirfarnir í einu, og þá aðeins ef þeir voru afhentir saman, eins og var t.d. með reikninga Henriks Bjelke 1654–1656. Endurskoðun á þeim er lokið 11. apríl 1657.¹⁸⁶

Jens Engberg bendir á að erfiðast hafi verið að fara yfir reikningshaldið í reikningsléni og gæti það verið skýringin á því hversu langan tíma endurskoðun dönsku lénsreikninganna gat tekið, en lýsingar þær sem hér er stuðst við miðast frekar við reikningslén en afgjaldslén.

Að síðustu var farið yfir reikningshald lénsmannsins er hann lét af störfum. Þá varð hann að afhenda veitingarbréfið eða veitingarbréfin, ef hann hafði fengið fleiri en eitt, kvittanir fyrir reikningshaldinu og innistæðuskrár. Kvittanir og reikningarnir voru síðan borin saman við veitingarbréfin og í innistæðuskránum var athugað hvort lénsmaðurinn hefði skilað af sér þeirri innistæðu sem honum bar. Við þessa endurskoðun voru einnig stundum skrifaðir athugasemdalistar og er þeir höfðu verið gerðir upp, fékk lénsmaðurinn endanlega kvittun fyrir öllu reikningshaldinu, útgefna af konungi.¹⁸⁷ Liðu stundum eitt til fjögur ár frá því lénsmaður lét af störfum þar til hann fékk konungskvittun fyrir reikningshaldinu.¹⁸⁸

Nefna má dæmi frá Íslandi um hvernig uppgjör fór fram. Henrik Krag lénsmaður (1591–1595) sem hafði landið sem afgjaldslén kemur í rentukammer 8. ágúst 1593 til að greiða afgjaldið af landinu 1591 til 1593. Árið eftir kemur hann 20. apríl og gerir upp og þá einnig óvissar tekjur sem hann hefur í reikningi. Hann kemur aftur 25. apríl og enn aftur 29. apríl og gerir þá einnig upp óvissar tekjur, sem fallið hafa, eins og sakeyri og annað. Einnig er gert upp fyrir ýmsar vörur sem farið hafa til birgðahúsa konungs samkvæmt kvittunum Niels Paaske

¹⁸⁶ ÞÍ. Rtk. F/7. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1653–1654, Athugasemdir við lénreikning 1653, Lénsreikningur 1654–1655 og lénsreikningur 1655–1656.

¹⁸⁷ Orla K.O. Damkjer, *Indføring i Lensregnskaberne*, bls. 28.

¹⁸⁸ Kr. Erslev, *Danmarks–Norges Len og Lensmænd 1596–1660* (København 1885), bls. 83; *Norske Rigs-Registranter III* (Christiania 1865), bls. 261 og 493.

slottskrifara og Hannis Mickelsen rentuskrifara. Niðurstaðan er sú að konungur skuldar honum 25 ½ dal, 1 ½ skilding¹⁸⁹ og 10 ort¹⁹⁰, sem honum verður vel gert í næsta reikningi sem hann getur þá dregið frá þ.e. 1593/94.¹⁹¹ Henrik fékk endanlega konungskvittun 4. maí. 1597 tveimur árum eftir að hann lét af embætti.

Jens Søffrensen konunglegur fógeti 1645–1648 fær konungskvittun fyrir rekstri lénsins Íslands 14. janúar 1651.¹⁹² Hann kom í rentukammer annars vegar 18. apríl 1650 og hins vegar 10. maí 1650 og fær þá staðfestingu (*confirmation*) á þeim tveim fyrri kvittunum vegna uppgjörðs á rekstri lénsins sem hann hafði fengið frá rentukammeri á sínum tíma. Í þessu staðfestingarskjali er rakið uppgjör hans vegna lénsins þar sem sjá má færslu úr reikningum hans fyrir árin 1645–1648. M.a. er getið tekna af Viðeyjarklaustri og Bessastöðum samkvæmt jarðabókinni, tekna af konungsjörðum fyrir austan, vestan, sunnan og norðan auk tekna af sextán sýslum og átta klaustrum. Færsla er vegna hafnartolls sem Íslenska kompaníið greiðir af höfnum sem siglt er á, þ.e. 16 ríkisdalir fyrir hverja höfn. Raktar eru tekjur af Gullbringusýslu eins og mannlán, tíund¹⁹³, skattur, ljóstollur¹⁹⁴, gjaftollur¹⁹⁵, húsmannstollur¹⁹⁶ og lausamannstollur¹⁹⁷. Getið er tekna af laxveiðum, slátruðum skepnum auk þess sem nefndar eru ýmsar tekjur svo sem salt frá Kaupmannahöfn auk tekna af innistæðu Bessastaða, Viðeyjar, Arnarstapa og Skálholts. Tekjurnar eru í peningum alls 9439 og 1/2 ríkisdalir.

Í þessari tölu er jafnframt allt það sem erfingjar Pros Mund hafa greitt vegna rýrnunar á innistæðu Bessastaða í hans tíð eða 2399 ríkisdalir og 8 skildingar. Segir að sú upphæð hafi aftur verið færð í útgjaldalið reikningsins. Á móti eru í skjalinu rakin útgjöld Jens, samanber reikning hans. Þar er t.d. nefndur harðfiskur (*tørfisk*) sem afhentur var til Íslenska kompanísins, greiðslur til ýmissa aðila á Íslandi eins og laun til lögmannanna beggja, umboðsmanns í

¹⁸⁹ Verðeining, til 1602 1/64 dalur, en frá 1625 1/96 ríkisdalur

¹⁹⁰ 20 eða 24 skildingar, ¼ ríkisdalur.

¹⁹¹ *DRA*. Regnskaber 1559–1660. Rentemesterregnskaber. Indtægts- og udgiftsregnskaber nr. 44 1593–1594, bls. 72–74.

¹⁹² *DRA*. Regnskaber 1559–1660. Rentemesterregnskaber 1650–1651. Indtægts- og udgiftsregnskaber nr. 140, bls. 161–163; Magnús Ketilsson, *Forordninger* III, bls. 30–35.

¹⁹³ Skattur af skuldlausri eign. Tíund skiptist í fjóra staði milli biskups, prests, kirkju og fátækra. Eftir siðaskipti tók konungur yfir hluta biskupstíundar.

¹⁹⁴ Skattur ætlaður til að standa straum af kostnaði við að lýsa upp kirkjur og til að útvega vín og brauð lagður á hvern tíundarskyldan bónda.

¹⁹⁵ Tollur innheimtur af sýslumönnum og próföstum fyrir veraldleg og kirkjuleg verk.

¹⁹⁶ Bændur greiða 10 fiska fyrir hönd hvers húsmanns sem tíundar eitt hundrað eða meira en ef húsmáður tíundar ekkert þarf engan toll að greiða.

¹⁹⁷ 20 álna gjald sem lausamenn greiddu til konungs.

Snæfellsnessýslu, til fátækra presta, til vinnufólksins á Bessastöðum og í Viðey og til ellefu fátækra þar. Einnig er getið fiskis og kjöts sem afhent var til Kaupmannahafnar í birgðahúsið (*próvíanthúsið*) auk vaðmáls og sokka sem afhent var í fatabúrið (*klædekammeret*). Salt og ýmsar vörur voru notaðar á konungsgarðinum og t.d. voru útgjöld vegna leigu, geymslu og verkunar á fiski. Útgjöldin alls frá 1645 til 3. janúar 1648 voru 9444 og ½ ríkisdalir og 17 skildingar. Þegar útgjöld voru lögð á móti tekjunum voru eftirstöðvarnar (*beholdningen*) eitt hundrað og átta skippund¹⁹⁸, sex skálapund harðfiskur, tólf lambsgærur (*klippinger*) sem slátrað var eftir Jónsmessu, sex sauðagærur, tvær smáar tunnur og ein hálf bremmer¹⁹⁹ tunna, finmalað salt, tuttugu og þrjú tré fyrir miðhluta borðstokks (*haffstocke*), þrettán spírir eða langborð (*legter*), eitt kjöltré (*kiölltree*), fjórtán álnir á lengd og eitt líspund²⁰⁰ og þrjú skálapund²⁰¹ af ull.

Þar á móti eru útgjöldin (*udgiften*) yfir tekjur (*indtegten*), í peningum fimm ríkisdalir, eitt mark²⁰², tvö alb²⁰³, fimmtíu og hálf sjötta alin²⁰⁴ vaðmál, sex kálfskinn, tólf pör af sjóvettlingum (*søevanter*) og átta tunnur²⁰⁵ af trékolum.

Síðari kvittunin frá 10. maí 1650 varðar reikning Jens Søffrensen fyrir 108 skippundum, sex skálapundum af harðfiski auk alls kyns vöru sem voru eftirstöðvar (*udi beholdning*) eftir að hann lagði fram þá þrjá reikninga vegna reksturs lénsins sem miðast við tímabilið 24. júní 1645 til 3. janúar 1648. Auk þess er hér talin ýmis vara sem færð er til tekna m.a. vegna frekari greiðslna frá Pros Mund heitnum og sem Jens nú afhendir Henrik Bjelke ásamt peningum sem fengust vegna þeirrar vöru. Fyrir þessu gerir Jens grein í reikningi ársins 1648 til 1649. Samkvæmt honum eru tekjurnar í peningum átta ríkisdalir, ein ort, tuttugu skildingar og eitt hundrað og níu skippund, níu og hálf líspund af harðfiski. Þar á móti hefur hann skrifað sem útgjöld, peninga og vöru, útgjöld frá síðasta reikningi sem voru hærri en tekjurnar og fiskur afhentur Henrik Bjelke samkvæmt skipun hirðmeistara. Auk þess dragast frá (*afkortes*) tuttugu

¹⁹⁸ Mælieining, 160 kíló.

¹⁹⁹ Stundum skrifað bereemer, sitt hvort orðið er notað í heimildunum, líklega öltunna frá Hansabroginni Brimar.

²⁰⁰ Mælieining sem svarar til 8 kílóa.

²⁰¹ Mælieining 496 gr, jafngildi 2 marka eða 32 lóða.

²⁰² Mynteining, í einum ríkisdal voru 6 mörk.

²⁰³ Albus, 1/3 skildingur.

²⁰⁴ Ein alin var jafngildi 2 fiska, lengdareining rúmlega 57 cm.

²⁰⁵ Rúmmálseining. Ein tunna öls (lagartunna) jafngildi 163 pottum, 17 kútum eða 131 lítra. Ein tunna korns jafngildi 144 pottum eða 139 lítrum. Ein tunna kola jafngildi 176 pottum eða 170 lítrum. Grjón, hveitimjöl, baunir, kjöt, fiskur, smjör, tólg og sápa voru mæld í öltunnum en salt í kolatunnum.

skippund af harðfiski sem vegna veðurs lentu í sjónum þegar flytja átti fiskinn um borð í skútu og einnig salt og gömul vara sem gerð er grein fyrir í reikningnum. Samkvæmt þessu voru útgjöld Jens og frádráttur (*afkortning*) 5 ríkisdalir, 2 ort, einn skildingur, 2 alb og 109 skipspund harðfiskur. Hér er ljóst að Jens Sjøffrensen er skuldugur um 2 ríkisdali, 3 ort, 18 skilinga og 1 alb sem hann hefur greitt í rentukammeri. Hver dalur var 96 skilingar. Þann 14. janúar 1651 fær svo Jens endanlega kvittun fyrir reikningshaldi sínu eins og áður segir.²⁰⁶

Í rannsókn á Stiernholm léni á Norður Jótlandi 1603–1661 kannaði Hans H. Fussing hverju endurskoðun lénsreikninganna skilaði konungi í beinhörðum peningum. Komst hann að þeirri niðurstöðu að það hafi verið um 35 ríkisdalir að meðaltali á árunum 1603–1661 eða rétt um 1/2 prósent af veltu lénsins árlega. Fussing bendir á að gildi endurskoðunar hafi helst legið í þeirri staðreynd, að hún fór fram, og þær kröfur gerðar að sýna þurfti fram á sannleiksgildi færslanna með fylgiskjölum og með undirskrift lénsmanna. Krafan um undirskrift lénsmanna á fylgiskjölum kom að því er virðist fyrst fram árið 1620, og að þeir skrifuðu undir sjálfan reikninginn árið 1626, eins og þegar hefur verið nefnt.²⁰⁷ Árið 1628 fyrirskipar konungur að öllum lénsmönnum, hvort sem þeir halda afgangslén- eða reikningslén, beri skylda til að afhenda reikning sinn í rentukammerið á tilsettum tíma samkvæmt veitingarbréfinu og er það ítrekun frá 1618 og 1623. Þessi fyrirskipun er enn ítrekuð árið 1635 og í því bréfi segir að íslenskir lénsmenn eigi að skila reikningi inn fyrir 1. maí eins og fram hefur komið hér framar. Óvíst er hvert reikningsárið var framan af en frá 1566 til 1573 a.m.k. virðist landið hafa verið veitt frá Jónsmessu 24. júní (*Johannis til Johannis*) að telja.²⁰⁸ Frá árinu 1574 er Ísland einnig veitt samkvæmt veitingarbréfum lénsmanna frá 24. júní (*St. Hansdag, Jónsmessa*). Þrátt fyrir þá dagsetningu í veitingarbréfunum bar íslensku lénsmönnum að skila sínum reikningi og gera árið endanlega upp fyrir næsta 1. maí (*Philippi Jacobi, Tveggjapostulamessa*) að minnsta kosti frá 1635 eins og nefnt var. Ef lénsmenn gerðu þetta ekki áttu þeir á hættu að missa lénin án frekari viðvörunar.²⁰⁹ Lénsmenn hafa því haft tæpt ár til að gera upp liðið reikningsár í rentukammeri.

²⁰⁶ DRA. Regnskaber 1559–1660. Rentemesterregnskaber 1650–1651. Indtægts- og udgiftsregnskaber nr. 140, bls. 161–163; Magnús Ketilsson, *Forordninger* III, bls. 30–35.

²⁰⁷ Hans H. Fussing, *Stiernholm Len*, bls. 143, 152–153.

²⁰⁸ DRA. Danske Kancelli. B.177A. 1534–1588 Diverse Kammersager nr. 28. Restans Registre 1571–1573. Restanzer af Norge 1572 til Nytt aars dag 1573.

²⁰⁹ V. A. Secher, *Forordninger* IV, bls. 430, 622–623; Þorsteinn Sæmundsson, *Stjórnufræði Rímfræði* (Reykjavík 1972), bls. 132.

Eftirlit rentukammersins var fyrst og fremst með því að reikningarnir væru rétt færðir, þ.e. fylgt væri þeirri venju sem skipast hafði við reikningsfærslu og reikningskil. Rentukammerið gat ekki og átti jafnvel ekki að hafa eftirlit með að reikningarnir sýndu raunverulegar aðstæður í léninu.²¹⁰

3.2. Innihald lénsreikninga og uppbygging

Íslensku lénsreikningarnir eru að samsetningu og uppbyggingu eins og reikningar úr öðrum lénunum konungs í samanburði við lýsingu á dönsku lénsreikningunum.²¹¹ Í þá vantar þó skrá yfir útgjöld vegna upphalds starfsfólks og annarra sem dvöldu í bústað lénsmanns í léninu (*udspisningsregnskab*) sem fylgir með reikningum annarra léna.²¹² Vísir er þó að slíku í reikningunum 1645–1648 þegar landið var reikningslén.²¹³ Einnig vantar skrá yfir skattgreiðendur (*skattemandtal og bilag*) með fylgiskjölum²¹⁴ enda gekk erfiðlega að fá Íslendinga til að borga aukaskatta eða stríðsskatta en tilraunir voru gerðar til þess vegna Keisarastríðsins eða Þrjátíu ára stríðsins (1618–1648) a.m.k. árin 1624²¹⁵ og 1638.²¹⁶

Endurskoðaðir lénsreikningar frá léninu Íslandi eru varðveittir í Þjóðskjalasafni Íslands og eru frá árunum 1588/89 til 1661/62.²¹⁷ Til skjala sem nefnd eru einu nafni lénsreikningar heyra eftirfarandi flokkar.

I: Reikningar yfir tekjur og gjöld ásamt fylgiskjölum (*Regnskab over indtægter og udgifter samt bilag*), þ.e.:

Reikningar yfir tekjur og gjöld ásamt kvittunum (*kvittancer*).

Sakeyrisskrár (*sagefaldsregistre*).

Útdrættir úr reikningum (*ekstrakter*).

²¹⁰ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie*, bls. 105; Orla K.O. Damkjer, *Indføring i Lensregnskaberne*, bls. 29; Hans H. Fussing, *Stiernholm Len*, bls. 53.

²¹¹ Leon Jespersen, „Lens- og amtsforvaltningen“, *Vor gundst tilforn. Kilder til dansk forvaltningshistorie 1500–1750*. Ritstjóri Ole Degn (København 2007), bls. 310–390.

²¹² Leon Jespersen, „Lens- og amtsforvaltningen“, nr. 52, *Udspisningsregnskab*, bls. 354–356.

²¹³ ÞÍ. Rtk. F/5–F/6. Lénsreikningar. Lénsreikningar 1645–1648.

²¹⁴ Leon Jespersen, „Lens- og amtsforvaltningen“, nr. 53, *Skattemandtal*, nr. 54, *Bilag til skat-teregnskab*, bls. 357–366.

²¹⁵ Magnús Ketilsson, *Forordninger II*, bls. 346–347; *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 124.

²¹⁶ Magnús Ketilsson, *Forordninger II*, bls. 421–422; *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 560.

²¹⁷ ÞÍ. Rtk. F/1–F/8. Lénsreikningar. Lénsreikningar 1588–1662. Sjá viðauka 2. Yfirlit yfir varðveitta lénsreikninga frá léninu Íslandi.

Athugasemdir rentukammers við reikningsfærsluna (*antegnelser*).

II: Jarðabækur (*K.M. jordebøger*) sem sendar voru rentukammeri til eftirlits ef lénið var afgjaldslén.

III: Uppgjörsgögn (*kvittantiariumsbilag*) sem í voru:

Uppgjörsskrá (*kvittanceregister*), þ.e. skrá yfir kvittanir, veitingabréf og innistæðuskrár. Fylgiskjöl hennar voru því:

Kvittanir fyrir reikningshaldinu hvert ár og greiðslu afgjaldsins (*kvittancer*).

Veitingarbréfið (*forleningsbrevet*).

Innistæðuskrár (*inventarier*).

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hverjum lið reikninganna, innihaldi og uppbyggingu sem varpar nánara ljósi á þá.

Útdrættir (*kort ekstrakt*) úr íslensku lénsreikningunum eru varðveittir í danska ríkisskjalasafninu frá árunum 1566/67 til 1572/73, en á þeim árum var landið reikningslén. Fylgt er eftir færslunum í reikningnum og virðist sem þeir hafi verið gerðir í sambandi við endanlegt uppgjör lénsmanna en þeir hafa allir fengið kvittun árið 1574. Slíkir útdrættir úr reikningum eru varðveittir frá mörgum lénum konungs frá árunum 1570–1599 og einstaka allt frá 1560. Þeim var safnað saman í rentukammeri og þeir bundnir inn í pergamentsbindi. Svo virðist sem fram til ársins 1580 séu þeir greinilega skrifaðir með sömu hendi. Er jafnvel talið að það bendi til þess að þeir hafi verið unnir í rentukammerinu upp úr innlögðum reikningum.²¹⁸

3.2.1. Reikningar yfir tekjur og gjöld ásamt kvittunum

Á fremstu síðu reikninganna²¹⁹ stendur frá hvaða léni og fyrir hvaða tímabil reikningurinn var. Neðar á síðunni eru verðeiningar skrifaðar, t.d. að einn ríkisdalur jafngildi 96 skildingum. Virðast þær hafa verið skrifaðar á reikningana í rentukammeri.²²⁰ Á næstu síðu er einnig stundum nákvæmari listi yfir verðeiningar.²²¹ Neðst á síðuna hefur sá er fór yfir reikninginn í rentukammeri skrifað t.d. „Er rett regnet og efterlagt ved Thommis Thommisson“. Slíkt er þó

²¹⁸ *DRA*. Regnskaber 1559–1660. Lensregnskaber. Ekstrakter af lensregnskaber 1570–1599. Ekstrakter 1574. pk. 5; Thelma Jexlev, „Lensregnskaberne“, *Fortid og nutid*, 25 (1974), bls. 573–574.

²¹⁹ *ÞÍ*. Rtk. F/1–F/8 Lénsreikningar. Lénsreikningar 1588–1662. Sjá hér einnig viðauka 7 uppskriftir lénsreikninga.

²²⁰ Orla K.O. Damkjer, *Indføring i Lensregnskaberne*, bls. 33.

²²¹ Sjá viðauka 4 yfirlit yfir verðeiningar.

ekki skrifað á elstu reikningana og kemur fyrst fyrir í reikningi Herlufs Daa 1606–1615. Einnig er á suma reikningana skrifað hvenær lénsmennirnir fengu kvittun fyrir þeim, þ.e. á útdráttinn 1588–1591, reikningana frá 1627/28, 1630/31, 1638/39–1643/44 og 1647/48 og síðan út tímabilið. Á reikningnum 1627/28 stendur „Qvitered 11. marty 1630“. Inni í reikningunum má einnig sjá merki um endurskoðunina, t.d. stendur oft á spássíu við reikningsliðina „lige saa forgangne aar“. Fyrir kom að lénsmennirnir gerðu reikning fyrir fleiri en eitt reikningsár í einu, t.d. Herluf Daa 1606–1615 og Henrik Bjelke 1657–1660. Framan af hafa hvorki lénsmaður né fógeti skrifað undir reikningana. Er reikningurinn frá 1625/26 sá fyrsti sem var undirritaður. Eftir það hafa lénsmennirnir yfirleitt skrifað undir, eða fógetar þeirra, ef lénsmenn voru fjarverandi.

Reikningarnir eru þannig upp byggðir að fyrst eru allir tekjuliðir konungs færðir, bæði í peningum og fríðu og oftast samtala þeirra reiknuð. Síðan koma allir útgjaldaliðir (eða það sem dróst frá tekjunum) yfirleitt með samtölu. Með öllum tekjuliðum er átt við að í reikningi fyrir afgjaldslén er afgjaldið, sakeyrir og festugjald fært til tekna en í útgjaldaliðnum eru síðan færðar greiðslurnar upp í afgjaldið. Í reikningsléni eru tekjurnar m.a. landskuld og leiga samkvæmt jarðabókinni af jörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem lágu undir Bessastaði og ekki voru burtfestar með lífsbréfi.²²² Afgjaldið af klaustrum, sýslum og umboðsjörðum²²³, skattar, tollar, tíundir, mannlán og húsmannstollur af bæjum í Gullbringusýslu, sakeyrir²²⁴ og festugjald²²⁵, innistæða²²⁶ Bessastaða og Viðeyjar, peningar fyrir selda vöru, skipshlutir²²⁷, skipsleigur²²⁸ auk sýslugjaldshlutar²²⁹ af skipum konungs á vertíðinni. Einnig listi yfir mannlán sem bændur í sveitinni urðu að inna af hendi, listi yfir lausamenn²³⁰ sem réru á bátum konungs og listi yfir sýslugjaldsmenn. Í útgjaldaliðinn eru færð laun til fógetans og annars starfsfólks í lénu auk upphalds þeirra, vörur og peningar til konungs eða lánadrottna hans, breyting á innistæðu Bessastaða, Viðeyjar og Arnarstapa og goldnir peningar vegna

²²² Jarðir burtfestar með lífsbréfi, bréf sem heimilar lífstíðarábúð.

²²³ Jarðir í eigu konungs eða biskupsstóla, yfirleitt nokkrar saman, sem ákveðinn aðili hafði umsjón með og innheimti tekjurnar af.

²²⁴ Gjald greitt vegna brots.

²²⁵ Tryggingargjald svo kaup- eða leigusamningur haldi.

²²⁶ Skepnur og munir sem fylgja jörð og eru lögð með henni, fylgifé jarðar.

²²⁷ Hlutur skipseigenda í veiði skips.

²²⁸ Leiga fyrir skip.

²²⁹ Gjald af hverri sýslu greitt vegna útgerðar konungs, sennilega hluti af afgjaldi.

²³⁰ Mennt sem réru hér og þar án vistráðninga.

vörukaupa.²³¹ Víst er að lénsreikningar frá þeim árum sem Ísland var reikningslén eru ítarlegri heimild en þegar landið er afgjaldslén. Aðeins eru varðveittir lénsreikningar þegar Ísland er reikningslén frá árunum 1645–1648 auk útdráttanna frá 1566/67 til 1572/73 sem áður eru nefndir.²³² Rétt er að undirstrika að reikningarnir eru reikningar konungs, tekjurnar eru hans og útgjöldin.

Í reikningunum bæði fyrir afgjalds- og reikningslén eru færðar sem tekjur t.d. vörur sem fengnar voru vegna byggingar á Bessastöðum, en þær eru jafnframt færðar í gjaldaliðinn því þær voru notaðar til byggingarinnar. Fiskur sem keyptur var er færður til tekna og greiðslan fyrir hann í útgjaldaliðinn. Í reikningshaldi fyrir reikningslén ber einnig að athuga að sama færsla getur komið fyrir oftár en einu sinni, bæði í tekju- og gjaldaliðnum. Þannig geta t.d. skepnur verið færðar í tekjuliðinn, en ef þeim var slátrað gat kjötið og húðin sem af þeim fékkst einnig verið fært sem tekjur. Var þetta sennilega gert til hagræðis, þ.e. til þess að sjá mætti hvernig hluti innkominna tekna breyttist í aðrar innkomnar tekjur, t.d. kýr í kjöt og o.s.frv. Sama varan gat því komið fyrir oftár en einu sinni í innkomnum tekjum og gildir það sama um gjaldaliðinn. Að lokum eru gjöldin dregin frá tekjunum, þ.e. „lignet og lagt forskrevne indtægt mod forskrevne udgift“ og mismunurinn ýmist greiddur strax, ef hann var í peningum og lénsmaðurinn var í skuld, eða færður yfir á reikning næsta árs.²³³

Af reikningunum má sjá í stórum dráttum hverjar tekjur konungs voru af landinu, þ.e. afgjaldið ásamt upphæðinni yfir óvissar tekjur í afgjaldsléni, og þann tíma sem landið var reikningslén, tekjurnar að frádregnum gjöldum. Verður nánar fjallað um mögulegar tekjur bæði konungs og lénsmanns í kafla 4.5.2. Í umfjölluninni hér á eftir eru rakin dæmi af tekju- og gjaldaliðum í afgjalds- og reikningsléni. Til samanburðar er fyrst getið tekna afgjaldsléns og síðan tekna reikningsléns. Á eftir koma síðan útgjöldin til samanburðar á milli reikninga.

Þann 14. ágúst árið 1650 gaf ríkisráðið út bréf til allra lénsinna þess efnis, að til þess að borga skuldir ríkisins, ættu þeir að greiða konungi á árunum 1650–1652 eins árs tekjur af léni sínu sem runnu annars í þeirra vasa. Í staðinn skyldu ekkjur þeirra eða erfingjar halda léninu eitt náðarár. Hvað hver lénsmaður borgaði er hægt að sjá af kvittunum sem þeir fengu við greiðsluna. Henrik Bjelke fékk kvittun 24. janúar 1653 fyrir 1200 dölum. Ísland er þarna talið

²³¹ Kristjana Kristinsdóttir, „Um íslensku lénsreikningana“ cand. mag. ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1984, bls. 28–42.

²³² *ÞÍ. Rtk. F/5–F/6. Lénsreikningar. Lénsreikningar 1641–1650.*

²³³ Thomas. B. Bang, „Lensregnskaberne og deres benyttelse som historisk kilde“, *Fortid og Nutid* 1. bind (København 1914–16), bls. 143–144.

með lénunum í Noregi. Breytilegt var eftir lénunum hver upphæðin var allt frá rúmlega 200 dölum til rúmlega 8000 dala.²³⁴

3.2.2. Tekjur afgangsléns

Í reikningi fyrir afgangslén eru í grófum dráttum aðeins tvær færslur yfir tekjur.

- I. Afgangið (*afgift*), sem greitt var fyrir allar vissar tekjur af léninu eins og landskuld²³⁵ og var upphæðin lengst af 3200 ríkisdalir. Var gjaldið ýmist greitt í peningum til rentukammers, eða í vörum, svo sem í vaðmáli til fatabúrs, eða fiski til birgðahússins, eins og tiltekið er í veitingabréfunum.
- II. Sakeyrir (*sagefald*), óvissar tekjur. Sýslumenn fengu 1/3 hluta sakeyris í innheimtulaun og hefur sú upphæð verið dregin frá áður en tekjurnar voru færðar inn í reikninginn. Af upphæðinni sem færð var inn fengu lénsmennirnir 1/3 hluta. Festupeningar (*indfestningstedsmál*) sem menn greiddu þegar þeir festu sér umboð eða sýslu, eru stundum taldir með sakeyri, enda óvissar tekjur.

Auk þessara föstu færslna eru í reikningunum fyrir afgangslén ýmsar aðrar tekjur sem koma aðeins fyrir einstaka ár eða í eitthvert samfelld árabíl. Þær eru:

Vörur til upphalds lénsmanns (*varer til lensmandens udspisnings behoff*).

Í tveimur elstu reikningunum, 1589/90 og 1590/91, eru til tekna taldar vörur fengnar frá Kaupmannahöfn til upphalds lénsmanns. Hvers vegna svo er gert er ekki ljóst, því ekkert er sagt um þennan lið í veitingarbréfi Lars Kruse (1588–1591).²³⁶ Skýringin gæti þó legið í því að þær dragist aftur frá innistæðunni við endanlegt uppgjör.

Afgangur frá fyrra ári (*behollandis*).

Þegar reikningarnir voru gerðir upp og í ljós kom að tekjurnar voru hærri en gjöldin (þ.e. konungur í gróða) var venjan sú að ef um peninga var að ræða voru þeir greiddir í rentukammeri, en ef það sem umfram var, var í vörum voru þær ekki greiddar heldur færðar sem innistæða eða inneign í reikningi næsta árs. Ef í ljós kom að konungur var í skuld, þ.e. gjöldin hærri en

²³⁴ Kr. Erslev, *Danmarks-Noregs Len og Lensmænd*, bls. 95–98.

²³⁵ Afgjald til jarðeiganda af leigujörð.

²³⁶ *Kancelliets brevbøger IX* (København 1908), bls. 94–95.

tekjurnar, var það alltaf dregið frá, þ.e. fært í gjaldaliðinn í reikningi næsta árs.²³⁷ Þessi færsla í tekjuliðnum er árin 1621/22 og 1655/56.

Tekjur sem konungur áskildi sér einum til tekna eru einnig taldar upp sérstaklega. Dæmi um þær eru:

Reki og annað góss (*vrag og andet godts*).

Slíkar færslur eru í reikningunum árin 1596/97, þ.e. bátar sem rak á land, og árið 1619/20 er hvalreki talinn til tekna, þó fékk konungur aðeins hluta hans.

Landskuld (*landskuld*).

Kemur fyrst fyrir sem sérstök færsla árið 1619, og er eftir það í öllum reikningunum. Landskuldin er tilfallin konungi m.a. vegna makaskipta á jörðum, þ.e. konungur hefur skipt á jörð með lægri landskuld fyrir aðra með hærri landskuld. Landskuld af jörð gat einnig fallið konungi einum vegna gjafar eða dómsmála og var þá í raun hluti óvissra tekna en í þessum tilvikum fékk lénsmaður ekki 1/3 hluta.

Sala úr innistæðu (*salg af inventarie*).

Í reikningi ársins 1626/27 eru til tekna taldir peningar fyrir nautgripi frá Kirkjubæjarklaustri sem orðið höfðu fyrir skaða af jarðeldi og einnig nautgripir frá Arnarstapa sem voru seldir. Í reikningnum segir að þetta sé gert samkvæmt „bevisi“ konungs. Það fylgir þó ekki reikningnum. Í reikningnum 1636/37 eru færðir inn peningar sem fengust vegna sölu á hlutum úr innistæðu Bessastaða og Viðeyjar. Vísað er til fylgiskjals númer 1 sem er orðsending konungs til lénsmanns um að selja gamla innistæðu. Númer 2 er vitnisburður þeirra sem kallaðir voru til að virða muni á Bessastöðum og í Viðey. Peningarnir voru síðan notaðir til viðgerða og koma því einnig fram sem gjöld vegna viðhalds á Bessastöðum og í Viðey. Í fylgiskjali 3 með reikningnum er uppskrift á búi Jocham Monne fálkafangara sem var gert upptækt. eru þar taldar upp fjórar bækur með grófum pappír sem sennilega hafa verið óskrifaðar.

Fálkafangaratollur (*falcefangers told*).

Öll árin sem Pros Mund var lénsmaður, þ.e. 1633–1645, er fálkafangaratollur færður til innkominna tekna, og 1/3 hlutur hans til gjalda, þ.e. hlutur lénsmanns.

Að lokum það sem verður að kalla ýmislegt, greiðslur sem í raun voru hluti óvissra tekna.

²³⁷ Jens Engberg, *Dansk Finanshistorie*, bls. 173; Thomas B. Bang, „Lensregnskaberne og deres benyttelse som historisk kilde“, bls. 143.

Ýmsar óvissar tekjur.

Öll árin 1633/34–1638/39 færði Pros Mund festupeninga (*indfestning-stedsmaal*) sem sérstaka færslu. Hann færir einnig sem sérstakar færslur greiðslur vegna giftingarleyfis (*bevilget at gifte sig*) í þriðja lið árin 1636/37 og 1641/42. Árið 1636/37 færir hann inn góss sem fallið var til konungs frá fálkafangara (*godts fra falckefanger*) en var áður búinn að draga frá sinn þriðja hluta.

Greiðslur sem erfitt er að flokka með öðrum greiðslum (ef til vill hluti af innistæðu eða „behollendis“).

Árin 1660/61 og 1661/62 er andvirði fisks sem venja var að flytja til birgðahússins fært til tekna því hann var ekki fluttur þangað, þar sem hann var ekki til á landinu. Andvirðið er einnig fært í gjaldaliðinn.

Færslur sem teljast ekki til tekna frá ári til árs.

Er hér átt við innistæðuskrárnar, eða innistæðu Bessastaða, Viðeyjar og Arnarstapa. Innistæðan var aðeins gerð upp við lénsmannsskipti og var færð inn í reikningana við þau fram til ársins 1620. Innistæðuskráin 1588 er þó fyrst skrifuð inn í reikninginn frá árinu 1590/91. Í reikningunum frá 1620–1633 er ætíð athugasemd fremst um það að innistæðan verði óbreytt, en sú athugasemd er ekki skrifuð inn í reikningana. Frá 1633 koma innistæðurnar ekki fram sem færslur í reikningunum.

Færslur sem ekki átti að færa til tekna konungs.

Í reikningum árið 1599/1600. Var það listi yfir þá skipstjóra og kaupmenn sem höfðu konungspassa og höfðu greitt hafnartoll (*havnetold*), þ.e. nöfn þeirra, hvaða hafnir þeir höfðu, upphæð tollsins og oft dagsetningar á pössunum. Í veitingarbréfum lénsmanna fram til ársins 1606 er tekið fram að þeir eigi að skila í rentukammer lista yfir hafnirnar sem leyfilegt var að sigla á. Í þetta eina skipti virðist svo hafa verið gert, nema skrárnar séu glataðar eða liggja í öðrum skjalasöfnum. Í reikningnum er einnig samtala yfir tollinn, en lénsmaðurinn hafði allar vissar tekjur landsins á leigu og þar með hafnartollinn og á því ekki að færa hann konungi til tekna. Hvort hann hefur aftur dregist frá í gjaldaliðnum er óvíst því hann vantar í reikninginn.

Tekjuliðir í afgangsléni eru í aðalatriðum aðeins tveir, afgangið og óvissar tekjur. Í einstaka reikningi koma þó fyrir aðrar færslur eins og dæmin hér á undan sýna. Tekjuhliðin hér sýnir í raun aðeins tekjur konungs af léninu en ekki það sem lénsmaður fékk í tekjur.

3.2.3. Tekjur reikningsléns

Helstu færslur fyrir tekjur þann tíma sem landið var reikningslén á árunum 1645–1648 voru í stórum dráttum þær sömu og þegar landið var afgjaldslén. Þannig var í staðinn fyrir afgjaldið af vissum tekjum fært:

Landskuld og leiga (*leier og landskyld*).

Landskuld og leiga samkvæmt jarðabókinni af jörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem lágu til Bessastaða og ekki voru leigðar út með lífsbréfi (*leier og landskyld effter jordebogen af jorder i Guldringe- och Kiøssesyssel som ligger til Bessestad och ikke er bortfeste med Lifsbreff*) og eiga að gjalda leigu og landskuld til konungsgarðsins Bessastaða. Getið er nafna þeirra manna sem héldu jarðirnar og eru þær um 125 auk fjögurra jarða, sem eru til upphalds presta, og fáeinna eyðijarða. Í athugasemd við þennan lið 1647/8 segir að það sama hafi fengist af jörðunum nú og á fyrra ári. Munurinn er þó sá að fyrra árið hafi leigan verið greidd að mestu í smjöri en nú sé greitt í harðfiski að stærstum hluta.

Afgjald (*vissar tekjur*)

Afgjald af klaustrum, sýslum og umboðsjörðum samkvæmt jarðabókinni (*afgift (visse indkomst) af Syslerne, Clostrene og Ombudsjordene effter jordebogen*). Á eftir þessari upptalningu er skrá yfir jarðir konungs sem liggja fyrir norðan, austan, sunnan og vestan og kallaðar eru umboðsjarðir og er þeirra manna getið með nafni sem halda jarðirnar. Þessar jarðir voru veittar með lífsbréfi gegn ákveðnu afgjaldi árlega. Jarðirnar eru ekki skráðar eftir ákveðinni röð, t.d. eftir sýslum, en í athugasemd fremst segir að leiga og landskuld þessara jarða hafi verið eins og árið áður og er engin athugasemd gerð vegna upphæðarinnar og verður því að ætla að tekjurnar af þeim, 636 ríkisdalir, tvö hundruð í harðfiski sem vega 1 ½ skippund og vaðmál 8 álnir hafi verið ásættanlegar að mati rentukammers.

Á eftir umboðsjörðum eru taldar klausturjarðir samkvæmt festubrési klausturhaldara og eru þeir nafngreindir. Í athugasemd segir að leigan af klaustrunum hafi verið eins árið áður en sjá megi að konungur fái aðeins helming af leigu og landskuld. Konungur fær samkvæmt reikningnum 398 ríkisdali og afgjaldið er alls 1.128 ríkisdalir. Nöfn klausturhaldaranna voru:

Tafla yfir klausturhaldara

Klaustur	Nafn klausturhaldara	Starfsheiti annað en klausturhaldari
Pingeyraklaustur	Guðmundur Hákonarson	Sýslumaður í Húnavatnssýslu ²³⁸
Reynistaðarklaustur	Árni Oddsson	Lögmaður
Munkapverárklaustur	Magnús Björnsson	Lögmaður
Möðruvallaklaustur	Benedikt Pálsson	Bartskeri ²³⁹
Skriðuklaustur	Jón Björnsson	
Kirkjubæjarklaustur	Hákon Þorsteinsson	Sýslumaður í Vestur-Skaftafellssýslu ²⁴⁰
Kirkjubæjarklaustur	Magnús Þorsteinsson	E.t.v. sýslumaður í Vestur-Skaftafellssýslu ²⁴¹
Kirkjubæjarklaustur	Nikulás Þormóðsson ²⁴²	

Auk þess er sérstök færsla yfir tekjur af Arnarstapaumboði með Snæfellsnessýslu í reikningnum 1646/47 (fyrir tvö ár) og 1647/48. Í athugasemdum við þessar færslur stendur í reikningnum árið 1645/46 m.a., „Disse Leyer och Landskyld ehr confererit med dend sidste indleffuerede Jordbog som afgangne Pros Mund hafer ladet leffuere Anno 1640 och kommer der med offurens som følger.“ Við bæinn Laxnes stendur t.d.: „Udi Jordebogen findes tvende Kong Majt. Jorder mehre, nemlig Mugelsaa och Hals, hvilke der berettis at være Presten bevilged til Underholding som aff Arreldstid derfor icke her til Indtegt ført. Item store Mosfell och Bredholte i lige mode.“²⁴³ Prestarnir fengu afgjaldið til upphalds samkvæmt heimild konungs.

Sýslurnar eru listaðar upp, þ.e. samkvæmt veitingarbréfum sýslumanna. Afgjaldið af þeim var alls í peningum 504 ríkisdalir, vaðmál 3.165 álnir, sokkar 990 pör, 3 vættir smjörs, 7

²³⁸ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* II (Reykjavík 1949), bls. 152.

²³⁹ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I (Reykjavík 1948), bls. 134–135.

²⁴⁰ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 235.

²⁴¹ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III (Reykjavík 1950), bls. 465.

²⁴² Hér vantar Þykkvabæjarklaustur í listann og er ekki ljóst hvers vegna. Einnig vantar Helgafell sem fellur undir Arnarstapa og Viðeyjarklaustur sem lá til Bessastaða.

²⁴³ *ÞÍ. Rtk. F/5. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1645–1646*, bls. 3r.

fríir menn (*friimend*)²⁴⁴ eins og segir í reikningnum 1647/48, lambsgærur (*klippinger*) 14 og 2 hestar. Í athugasemd segir að þetta sé sama upphæð og í fyrra að því undanskildu að þá hafi verið meira af vaðmáli og minna af sokkum sem hafi þó engin áhrif á útkomuna. Jafnframt voru þessir 7 frímanshlutir taldir til tekna 18 ½ hundrað og 4 fiskar sem hafa vegið um það bil 11 skipfund.

Tekið er fram að sýslujarðanna sé ekki getið í jarðabók Pros Mund.²⁴⁵ Af þessu má sjá að við gerð reikningsins hefur verið stuðst við jarðabók sem til var í léninu, en hér í reikningnum er jafnframt getið í hverju menn greiddu, t.d. smjöri eða á með lambi. Þó ekki sé hér um sjálfstæða jarðabók að ræða mætti kalla þessa færslu reikningsjarðabók.²⁴⁶

Seinni reikningarnir tveir (1646/47, 1647/48) eru síðan bornir saman við reikninginn 1645/46. Má einnig af athugasemdunum sjá að nokkur óánægja hefur verið með tekjurnar af landinu sem runnu í vasa konungs. Ein athugasemdin hljóðar svo: „Huossbemelte och effterschreffne Closteriis affgiffit waar ligesaa forgangne Aar, och kand her aff fornemmis, adt naar 1 hundred anslaes for 4 rikisdali da bekommer Kong. Mai. ichon halfft aff Leyer och Landschylde.“²⁴⁷ Svo virðist sem konungur hafi aðeins fengið tvo dali í stað fjögurra.

Auk þess eru færðar tekjur af bæjum í Gullbringusýslu (*regnskab af Guldringesysssel*).

Tekjur af sýslunni voru m.a. skattar, tollar, tíundir, mannlán og húsmannstollur. Í öllum reikningunum er á spássíu athugasemd um að svona reikningur ætti að koma frá öllum sýslunum ef farið væri eftir „Resolution“ konungs „signeret Lit B“ en fyrirmælin liggja með reikningnum 1646/47. Þó sé ljóst að tekjurnar séu ekki alltaf eins af húsmönnum, tíund og lausamannstolli. Bæirnir eru skrifaðir upp og einnig þeir sem voru ekki í eigu konungs og getið nafna ábúenda. Slíkar upplýsingar um bændaeign eru allajafna ekki í lénsreikningum en gætu verið taldar upp hér til upplýsingar fyrir rentukammer. Sem dæmi segir um Engey:

Erlendur tíundaði 15 hundruð, gaf í tíund 8 fiska, gjaftoll 10 fiska, skatt 40 fiska, húsmannstoll 10 fiska, tilkomnir menn (*tilkommende mænd*) 3 fiskar, jörðin er bændaeign 30 hundruð, gaf í jarðartíund 18 fiska.²⁴⁸

²⁴⁴ Þetta eru sennilega menn sem sendir voru hver úr sinni sýslu til að róa á bátum konungs um vertíðina. Vinna þeirra hefur þá verið hluti af afgangi sýslunnar.

²⁴⁵ ÞÍ. Rtk. F/5. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1645–1646, bls. 22v.

²⁴⁶ Orla K.O. Damkjær, *Indføring i Lensregnskaberne*, bls. 16, 33, þar sem fjallað er um sambærilegar bækur.

²⁴⁷ ÞÍ. Rtk. F/6. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1646–1647, bls. 18.

²⁴⁸ ÞÍ. Rtk. F/6. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1647–1648, bl. 27.

Hafnartollur (havnetold)

Hafnartollur var greiddur af 22 höfnum (*havnetold*) en af hverri höfn voru greiddir 16 ríkisdalir. Hér á eftir fylgja hafnirnar sem Íslenska kompanið sigldi á. Hafnirnar eru alls 22 og er allra þeirra getið með nafni eftir sýslum. Í athugasemd segir að svo hafi verið á fyrra ári. Hafnirnar voru þessar:

Tafla yfir hafnir í hverri sýslu

Sýsla	Höfn	Sýsla	Höfn
Gullbringusýsla	Grindavík	Ísafjarðarsýsla	Dýrafjörður
	Básendar		Ísafjörður
	Keflavík	Húnavatnssýsla	Spákonufellshöfði
	Hafnarfjörður	Skagafjarðarsýsla	Hofsós
Snæfellsnessýsla	Hólmurinn	Eyjafjarðarsýsla	Akureyri
	Búðastaður	Þingeyjarsýsla	Húsavík
	Arnarstapi	Múlasýslur	Vopnafjörður
	Rif	(Östfiordinge Syssele)	Reyðarfjörður
	Grundarfjörður		Berufjörður
	Kumbaravogur	Árnessýsla	Eyrarbakki
Barðastrandarsýsla	Stykkishólmur		
	Patreksfjörður		
	Bíldudalur		

Óvissar tekjur (*uvisse rente*), sakeyrir og festupeningar.

Má ráða bæði af veitingarbréfi Jens Søffrensen og reikningum hans að hann hafi ekki fengið 1/3 hluta af sakeyri eins og lénsmennirnir fengu.

Einnig voru til tekna færðar eftirfarandi færslur:

Innistæða Bessastaða og Viðeyjar (*indtegt aff inventari, forledne Aars beholdning*).

Í reikningunum 1645/46 og 1646/47 er í þessari færslu getið skjalasafns Bessastaða, en í reikningnum 1647/48 er innistæðuskráin einnig færð í gjaldalið og er þar getið skjalasafnsins.

Ýmsar tekjur.

Athugasemdir eru oftast um að fyrir t.d. tiltekna vöru færast peningar til útgjalda auk þess sem vísað er til númeraðra kvittana Jens Søffrensen fyrir ýmsu en þær liggja með fylgiskjölunum. Byrjað er á því í reikningnum 1647/48 að telja upp tekjur greiddar í fiski sem höfðu komið af innistæðu Arnarstapa og er þar sérstaklega nefndur gamall og ónothæfur koparketill en slíkir katlar voru algengustu eldunaráhöld þessa tíma og voru dýrir.²⁴⁹ Einnig fást tekjur í fiski af gömlum húsum á Bessastöðum og er þar vísað til úttektar matsmanna á þeim og liggur sú úttekt með fylgiskjölum reikningsins. Tekjur í fiski voru einnig af vörum og peningum frá fyrra ári (*beholdning*). Ekki var hægt að flytja allan fiskinn út á fyrra ári en samkvæmt skipun hirðmeistara ríkisins átti nú að færa fiskinn til Íslenska kompanísins og því skyldi einnig færa hann í útgjaldaliðinn. Tekjur felast í tómum tunnnum og fötum. Tunnurnar voru keyptar í birgðahúsinu í Kaupmannahöfn, alls 60, og voru þær ætlaðar til að geyma St. Luckas salt sem svo er nefnt í reikningnum. Auk þess 56 tunnur af annarri gerð sem voru keyptar af Else Hansdóttur borgara í Kaupmannahöfn og 15 föt²⁵⁰ fengust einnig. Við þessa liði segir að á móti komi peningar í útgjaldaliðnum.

Frá Brynjólfi Sveinssyni biskupi í Skálholti fengust gamlar innistæðukýr alls 20. Lax frá laxánni (*Elliðaánum*), alls 20 tunnur, var færður til tekna. Taldar eru tekjur af nautakjöti og kjöti af kúum og kindum auk tólgar (*thallig*) og eru þetta skepnur frá Bessastöðum og Arnarstapa. Húðirnar af þeim eru einnig taldar til tekna og eru hér einnig nefndar húðir af kúnum 20 sem komu frá Skálholti og sem getið var hér framar.

Jens Søffrensen hefur keypt af Madz Rassmussen kaupmanni hjá Íslenska kompaníinu, 12 álnir af klæði, þrjár álnir af góðu lérefsti og 5 álnir af lérefsti sem var miðlungs gott (*middel lerrid*). Einnig keypti hann af honum 59 ganga af litlum skeifum enda fyrir íslenska hesta (*smaa hestescho*) og netagarn til þess að nota við laxveiðar í Elliðaánum. Vísað er á spássíu til þess að í útgjaldaliðnum sé getið peninga sem greiddir voru fyrir þessar vörur. Að lokum er listi yfir allar þær vörur sem taldar hafa verið upp í tekjuliðnum. Engin samtala var reiknuð.²⁵¹

Skipshlutir og skipsleigur (*indtegt schibsløtter och schibseyer*).

²⁴⁹ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands* VII, bls. 60.

²⁵⁰ Sennilega hér ílát undir matvæli.

²⁵¹ ÞÍ. Rtk. F/6. Lénsreikningar. Lénsreikningur 1647–1648, bl. 43v–44r.

Voru greiddir af skipum konungs á vertíðinni sem hann leigir öðrum auk sýslugjaldshlutar (*syssegieldsløtter*). Er listinn yfir þessar tekjur færður eftir formönnum á bátum konungs.²⁵²

Jafnframt er til tekna fært þó ekki sé hægt að reikna það allt til beinhardra peninga og jafnvel ætti ekki að færa til tekna þó það sé gert í reikningnum:

Jarðapartar (*jordeparter*) í sýslunum.

Er nafna þeirra jarðaparta getið, sem sýslumennirnir fengu landskuldina af árlega og reiknaðist í afgjald hverrar sýslu. Í athugasemdum er öll árin tekið fram að þetta eigi ekki að færa til tekna.

Listi yfir mannlánin af sveitinni (*indtegt mandslaan aff sveigtenn*).

Fram kemur hjá hverjum hver og einn réri og er formannsins getið með nafni og stundum hver verstöðin er. Í athugasemd á spássíu segir að slík mannlán séu árviss og komi hér fram þau gæði hversu margir eru skyldugir að róa á fiskibátum konungs. Þó tekur hver sinn hlut og gefur þar af sjötta part til skipsleigu sem hér á eftir verður gerð grein fyrir við tekjur af skipshlutum. Alls voru mannlánin 29 reikningsárið 1647/48.²⁵³

Listi yfir lausamenn (*indtegt løsemend*).

Er nafna þeirra lausamanna getið sem réru á bátum konungs og hjá hvaða formönnum þeir réru. Þeir voru alls 24 reikningsárið 1645/46.²⁵⁴

Listi yfir sýslugjaldsmenn (*indtegt syssegieldsmend*).

Er sýslumanna getið, sýslanna og formanna sem réru á bátum konungs. Þar næst er nefnt úr hvaða sýslu sýslugjaldsmenn komu en þessir menn réru á bátum konungs á vertíðinni og tekið fram hjá hverjum þeir réru. Síðan segir í reikningnum 1647/48 að ekki sé hægt að skrifa mikið um lausamenn á þessu ári einkum vegna þess að veturinn hafi verið mjög harður og fátækt fólk hafi ekki getað ferðast til sjávar. Mannlánin voru alls 46 en voru 56 árið áður. Skýringin á þessum mun er sú að engir lausamenn voru þetta ár.²⁵⁵

Fjórir menn vitna, með undirskrift á Bessastöðum þann 21. júní 1648, að framanskriafaður listi yfir fiskibáta, sýslugjaldshlut og mannhlut af fiskibátunum sé réttur. Bátarnir sem hér eru taldir réru á vertíðinni árið 1648. Auk þessa lista og undirskriftar er vísað í samskonar undirritað fylgiskjal sem ber saman við þessar upplýsingar. Fylgiskjalið er merkt Lit: B. Í þessum lista kemur fram stærð bátsins, nafn skipstjórans og hvaðan hann rær,

²⁵² Sjá viðhengi 7. Uppskrift á lénsreikningi 1647/48, bls. 129–132.


²⁵³ Sjá viðhengi 7. Uppskrift á lénsreikningi 1647/48, bls. 125.

²⁵⁴ Þessi listi er ekki í reikningnum 1647/48 og er þess getið að engin lausamaður hafi komið þetta ár. Sjá viðhengi 7. Uppskrift á lénsreikningi 1647/48, bls. 128–129.

²⁵⁵ Sjá viðhengi 7. Uppskrift á lénsreikningi 1647/48, bls. 128.

skipshlutur, sýslugjaldshlutur og skipsleiga af ákveðnum fjölda háseta. Samtala þess sem hér er talið er 14.243 fiskar. Þegar þetta er vegið er útkoman 70 ½ skippund og 5 ½ líspund. Lýsið (*tran*) var 1 tunna og segir í athugasemd á spássíu að á fyrra ári hafi þessi upphæð verið 88 skippund og 3 tonnur lýsi af sama fjölda báta.

Kort yfir sýslur, hafnir og klaustraumboð 1645



Fremst í reikningnum frá 1645/46 er einnig gerð grein fyrir skiptingu landsins í sýslur, klausturumboð og hafnir. Sýslurnar voru 17, klausturumboðin 9²⁵⁶ og hafnirnar 23²⁵⁷ fyrir utan Bessastaði sem lénsmáðurinn sigldi á sjálfur.

Tekjuliðir í reikningsléni sýna allan rekstur lénsmanns allt frá greiðslum á afgjöldum sýslumanna, umboðsmanna og klausturhaldara til ýmissa tekna af útgerðinni. Þessi gerð af reikningi er því góð heimild um hverjar tekjur og einnig gjöld konungs voru af léninu.

²⁵⁶ Þá meðtalin Viðey og Helgafell.

²⁵⁷ Breytilegt er hvort sagt er að hafnirnar séu 22 eða 23. Svo virðist sem Bäsendar séu ekki alltaf taldir með og er það sennilega skýringin.

3.2.4. Gjöld afgjaldsléns

Hér verða tekin dæmi af gjaldaliðum afgjaldsléns, þ.e. þeim gjaldaliðum sem dragast frá afgjaldi lénsmanns, þeim 3200 dölum sem átti að greiða árlega fyrir lénið.

Í afgjaldsléni eru færslurnar í grófum dráttum eftirfarandi fjórir liðir:

Hlutur lénsmanns af sakeyri (*sagefald*).

Hlutur lénsmanns var 1/3 hluti eins og fram kemur í veitingabréfunum.

Vörur og peningar.

Vörur og peningar til rentukammers, fatabúrs konungs (*klædekammer*) og birgðahússins upp í afgjaldið (*varer og penge som quiteres udi afgiften*). Vörurnar voru fiskur, smjör, vaðmál og fleira, þ.e. eftir því í hverju landskuldin var greidd. Verðið var fest í veitingabréfunum. Frá árinu 1622 bættist við ákveðið magn vaðmáls og sokka. Matvörurnar voru afhentar í birgðahúsið gegn kvittun um afhendingu, vaðmálið og sokkarnir í fatabúr konungs og peningarnir í rentukammer.

„Portúgalsetollur“²⁵⁸ (*portugollser told*).

Portúgalstollur greiddur frá árinu 1606 vegna þess að erlendir kaupmenn sem sigldu á hafnirnar höfðu greitt hærri hafnartoll en dönsku einokunarkaupmennirnir gerðu, fengu lénsmennirnir mismuninn dreginn frá afgjaldinu.

Greiðslur til ýmissa aðila samkvæmt skipun konungs eða rentumeistara.

Vottorð (*bevis*) konungs eða afrit af því og kvittanir fyrir að greiðslurnar hefðu verið inntar af hendi þurftu að fylgja með reikningnum þegar hann var afhentur. Annars voru athugasemdir gerðar við færslurnar í rentukammeri og þær jafnvel ekki viðurkenndar. Þessar greiðslur voru breytilegar. T.d. í reikningi Laurits Kruse eru það árið 1589/90 útgjöld vegna fanga og 1590/91 greiðslur til skólameistarans í Skálholti þar til hann fengi aukið við prestakallið. Gísli Magnússon (*Vísi-Gísli*) fékk árlega styrk (*stipendium*), m.a. vegna stærðfræðikennslu í Skálholtsskóla á árunum 1648/49–1656/57. Nokkrar færslur eru vegna uppihalds skipshafna á skipum konungs, t.d. eru þrír sauðir afhentir árið 1620/21, smjör árið 1626/27, vaðmál 1627/28 og árið 1656/57 er fært til úttektar uppihald vegna stríðsskipa konungs og fylgir listi yfir vörurnar og skipverja. Árið 1648/49 er einnig fært til úttektar uppihald vinnufólks sem sent var til Kaupmannahafnar. Hvers vegna það var gert og hverjir þetta voru er óvíst.

²⁵⁸ Hafnartollur sem útlenskir kaupmenn greiddu af hverri höfn á Íslandi.

Auk þessara færslna má nefna:

Byggingarkostnaður.

Byggingarkostnaður (*udgift og afkortning som er forbygt och forbedrit paa hussen paa Besssted*) kom til bæði vegna kirkjubyggingar á Bessastöðum og annars viðhalds einnig í Viðey og Arnarstapa. Þessi færsla kemur fyrir annað slagið yfir allt tímabilið, þ.e. í reikningunum árin 1589/90, 1590/91, 1596/97, 1606–1615, 1620/21, 1636/37 og 1650/51. Skýrslur yfir byggingarvörur og laun smiðanna fylgja yfirleitt og eru þá ýmist skrifaðar inn í reikninginn eins og árið 1589/90 eða liggja sem fylgiskjöl, t.d. árið 1620/21. Með reikningnum 1636/37 er einnig vitnisburður bænda um nýju byggingarnar.

Skuld konungs (afkortning som K.M. blev schyldig).

Eins og nefnt hefur verið var skuld konungs frá fyrra ári ekki greidd heldur færð til úttektar í reikningi næsta árs. Þessi færsla kemur fyrir í reikningunum árin 1596/97, 1628/29, 1643/44, 1644/45, 1649/50–1653/54 og síðan í reikningnum 1657/60.

Kostnaður vegna góss sem konungur eignaði sér (afkortning før godts som var kongen alldene til bedste).

Á reikningsárunum 1606/15 hefur konungur keypt sér tíu íslenska hesta. Kostnaður var vegna fálka á árunum 1633/34, 1651/52 og 1652/53. Með reikningnum 1633/34 fylgir bréf konungs um að fógetar hans skuli sjá til þess að hann fái alla hvíta fálka sem veiddir yrðu á landinu og jafnframt fylgir kvittun fyrir móttöku á einum hvítum og einum gráum fálka. Með reikningnum 1651/52 fylgir reikningshald fálkafangarans og 1652/53 fylgir reikningur yfir verð fálkanna og upphald. Árið 1644/45 voru tvær hvítabjarnarhúðir afhentar og fylgir kvittun fyrir afhendingu þeirra.

Fálkafangaratollur (falckefangers told)

Fálkafangaratollur og frádráttur vegna óvissra tekna (annars en sakeyris). Lénsmáðurinn fékk 1/3 hluta af fálkafangaratolli á árunum 1633–1645. Pros Mund færði með þessum lið einnig hluta sinn af festupeningum 1638/39 og festupeninga og giftingarleyfi í þriðja lið 1641/42. Auk þess færir hann hluta sinn af festupeningum sér 1644/45.

Framlag konungs til spítala og bókaprentunar á Íslandi (bevilget til hospitaler och boctrøckerne).

Frá árinu 1634/35 lagði konungur fram peninga vegna prentunar nýrrar biblíu og frá árinu 1635/36 og til 1660 var landskuld jarðarinnar Núpufells í Eyjafirði lögð til upphalds prentaranna. Til spítalareksturs voru lagðar fjórar jarðir frá árinu 1652/53.

Rýrnun á vissum tekjum.

Vegna rýrnunar á vissum tekjum lénsmanns, annað en portúgaløsetollur (*afkortning på lensmandens visse rente*). Jörðin Sandhöfn í Vogakirkjusókn í Gullbringusýslu fór í eyði vegna sandfoks og var landskuld hennar dregin frá tekjunum frá árinu 1655/56. Vitnisburður tilkallaðra votta, Árna Oddssonar og fleiri, um að jörðin sé óbyggileg vegna sandfoks liggur með fylgiskjölunum. Í reikningnum 1660/61 var hafnartollur ekki greiddur og dróst hann því frá afganginu.

Innistæðuskrár (*inventarier*).

Í reikningunum 1590/91 og 1596/97 eru innistæðuskrár færðar inn í reikningana eins og áður er nefnt, en þessi tvö ár voru þær einnig færðar til úttektar. Innistæðuskráin er hluti af uppgjöri lénsmanns en bæði þessi ár verða lénsmannsskipti og er það sennilega skýringin á að þær voru færðar inn í reikningana með gjöldum. Sjá hér á eftir nánar um uppgjörsgögn.

Færslur sem í raun áttu ekki heima í reikningunum en eru þar samt.

Árið 1627/28 var fært til gjalda tap vegna lækkunar á landskuld Þykkvabæjarklausturs, því landskuld greiddist ekki af jörðum sem urðu fyrir skaða í jarðeldinum árið 1625. Þingsvitni fylgja því til sönnunar og eru þar taldar upp þær jarðir sem voru enn í eyði, þ.e. árið 1628, landskuldin af þeim og einnig jarðir einstakra manna. Í rentukammerinu var gerð sú athugasemd að ekki væri hægt að viðurkenna þessa færslu (a.m.k. ekki alla) því lénið sé afgangslén og hafi slíkur frádráttur aldrei áður verið færður til reiknings þó samskonar skaði hafi orðið áður fyrr. Virðist lénsmaður ekki hafa fengið fullt afgang af Þykkvabæjarklaustri vegna þessarar landskuldarlækkunar og því fært hana til frádráttar. Annað virðist upp á teningnum 1656/57 er jörðin Sandhöfn fór í eyði. Í reikningi 1644/45 var fært til frádráttar lán Pros Mund til konungs. Í athugasemdum sem gerðar voru við reikningsfærsluna segir að þetta lán komi reikningshaldi lénsins ekki við og því sé ekki hægt að viðurkenna færslurnar.

Með kvittunum og fylgiskjölum liggja oft umslög sem lögð hafa verið utan um kvittanir og fylgigögn. Á einu þeirra stendur t.d. „qvitanse og beviser tilhørende Holger Rosenkrantz regb. aff Island beregnet fra st. Hans dag midsommer anno 1626 och til aarsdagen 1627“.

Enda þótt gjaldaliðirnir séu nokkuð fastir, þ.e. hlutur lénsmanns af sakeyri, ýmsar vörur og peningar til rentukammers og fatabúrs, portúgalstollur og greiðslur til ýmissa aðila samkvæmt fyrirskipun konungs eru, í áranna rás einnig ýmsar tilfallandi greiðslur sem koma jafnvel aðeins einu sinni fyrir. Gjöld afgangsléns eru yfirleitt þau sömu ár eftir ár. Þau varpa ljósi á rekstur lénsins þó gjöld reikningsléns varpi dýpra ljósi á rekstur þess.

3.2.5. Gjöld reikningsléns

Hér verða listaðir upp gjaldaliðir, þ.e. þau útgjöld sem konungur hafði af rekstri lénsins á móti tekjunum. Gjöldin í reikningsléni má flokka í:

Laun til fógetans og annars starfsfólks í léninu auk upphalds (*løn og kost*).

Við þessar færslur er vísað til fylgiskjala, þ.e. til kvittana fyrir kaupgreiðslum og vegna upphalds. Hér má sjá t.d. kvittanir ráðsmannsins fyrir eigin kaup og upphaldi og fyrir kaupum vinnukvenna, kvittanir vinnumanna og lögréttumanna, en kaup lögréttumanna var 40 ríkisdalir (*fyrgethiuge*). Einnig er vísað til konungsbréfa um að t.d. greiðslur til fátækra presta væru leyfilegar og vísað er í afrit af skipunarbréfi Jens Søffrensen sem liggur með reikningnum 1645/46. Vísanir til kvittana eru í reikningunum sjálfum 1646/47 og 1647/48 en í útdrætti reikningsins árið 1645/46. Sjá launatöflu 1647/48 hér fyrir aftan.

Vörur og peningar (varer og penge).

Næst koma vörur og peningar til konungs eða lánadrottna hans (*varer og penge til K.M. kreditorer*). Á spássíu er vísað til kvittana sem eru bæði frá kaupmönnum, fatabúri konungs og birgðahúsi svo dæmi séu nefnd. Árið 1647/48 fékk Fredrik hertogi t.d. tvo hesta frá Íslandi og var greitt fyrir þá 40 ríkisdalir.

Breyting á innistæðu.

Jafnframt er breyting á innistæðu Bessastaða, Viðeyjar og Arnarstapa (*forandring på inventariet*). Á spássíu er vísað til þess að í staðinn fyrir dautt kvikfé t.d. hafi annað verið sett inn eða af slátruðu fé sé húðin og kjötið fært til tekna. Einnig er vísað til fylgiskjala þar sem þingsvitni staðfesta að dautt kvikfé sem fært var til frádráttar hafi örugglega verið dautt.

Peningar goldnir vegna vörukaupa.

Að lokum eru nefndir peningar goldnir vegna vörukaupa (*udgift penge for varer*). Hér er bæði vísað til kvittana, t.d. yfir vörur fengnar hjá Íslenska kompaníinu til Bessastaða, og einnig til tekna, því vörurnar voru færðar til tekna. Stöðugt þurfti að halda við fiskibátunum og fylgdu því útgjöld. Kaupa þurfti margskonar gerðir af nöglum, tjöru, árar, vaðmál og ull. Fiskibátafloti konungs samanstóð af fimm tíæringum, sjö áttæringum og fjórum feræringum og greiða þurfti skipasmiðunum laun og upphald. Greiða þurfti fyrir salt sem var notað til að salta fisk, kjöt og lax.

Til útgjalda er einnig fært vaðmál og sokkar sem voru sendir til fatabúrs konungs auk kjöts og fisks sem fór til birgðahússins. Peningaútgjöld voru þó nokkur vegna ýmiss konar vöru sem kaupa þurfti. Má þar nefna mjöl, tjöru, fiskilínur, kjöltré, netgarn, tómar tunnur og vaxljós. Smjör og fiskur var einnig fært til útgjalda, t.d. vegna upphalds 20 manna sem unnu við

laxakisturnar í Elliðaánum og einnig er fé, lambsgætur og kálfskinn fært til úttektar og er skinnið t.d. notað til að sauma sjóvettlinga og húfur. Útgjöld eru vegna klæðis, lérefts og skeifna. Klæðið og léreftið var notað til að greiða ráðskonunni, vinnukonunum og böðlinum laun eins og sjá má í launatöflunni.

Auk þessara færslna má nefna að með gjaldaliðunum í reikningnum 1647/48 er innistæða Bessastaða og Viðeyjar skrifuð inn í reikninginn, en jafnframt tekið fram að samkvæmt skipun konungs eigi hún ekki að reiknast með. Hún var sérstakt skjal sem aðallega var notað við lénsmannsskipti. Undir innistæðuna skrifa Jens Søffrensen og Matthias Søffrensen (1645–1651) þann 28. júní 1648. Jafnframt er vísað til kvittana þar sem innistæðuskráin liggur. Undir þá skrá hefur auk Jens og Matthiasar, Henrik Bjelke skrifað þann 3. apríl 1649 til vitnis um að hann hafi tekið við innistæðunni af Jens.

Á sama hátt og í afgjaldsléni eru gjaldaliðirnir þeir sömu ár eftir ár, þ.e. það sem kostar að reka lénið, t.d. uppihald vinnufólks og útgjöld vegna útgerðarinnar. Þeir varpa þó nánara ljósi á rekstur lénsins en þegar um afgjaldslén er að ræða.

Tafla yfir laun 1647/48

	Rd	Skildingar	Vaðmál (álnir)	Ær með lambi	Smjör	Mjöl (tunnur)	Fiskur	Fínt léreft (álnir)	Klæði (álnir)	Léreft (álnir)	Skór/fæði ¹
Jens Søffrensen fógæti	250										
Lögmenn, hver	45										
Gregers Knudsen Bang umboðsmaður á Arnarstapa	100										
Vinnumaður á Arnarstapa							2 skippund 3 líspund 10 skálapund				
Lögréttumenn úr Snæfellsnessýslu, hver	4										
Böðullinn á Arnarstapa					10 fjórð- ungar	1	7,5 líspund		4		
Stýrimaðurinn á orlogsskipinu St. Michael	80 slétta dali og 53 rd ²	32									
Húsasmiður samkvæmt skipun hirðmeistara	180										
Fátækir prestar fyrir norðan, alls	100										
Lögréttumannslaun af Gullbringusýslu	1		10								
Böðullinn á Bessastöðum			12		2 fjórð- ungar	1	40		4		
Lóðspenningar (pilots)	1 - 1,5										
Lóðspenningar vegna Bessastaða- og Arnarstapahafna	8										
Þrjú vinnumenn á Bessastöðum, hver			12	3							
Jón Högnason ráðsmaður á Bessastöðum			16	6							
Ráðskonan í Viðey								3	4		
Vinnukonur þrjár, hver			6							1,5	
10 fátæklingar í Viðey, hver			3								
Próventukona			4								
Kaupmenn sem heyja í Viðey					1,5 vætt						
Formannskaup, tíæringar				3 eða 4							
Formannskaup, áttæringar				3							
Formannskaup, feræringar				1							
Formannskaup, þrjáæringar				1							
Fyrir að verka fisk				Ýmist 1 eða 3							

¹ Allt vinnufólkið fékk húðir til skógerðar og fátæklingar og próventukonan, auk matar á þriggja vikna fresti – smjör og fisk.

² Einn sléttur dalur var jafngildi 4 marka, en einn ríkisdalur var jafngildi 6 marka.

3.2.6. Sakeyriskrár, óvissar tekjur

Sakeyriskrár (*sagefaldsregistre*) eru fylgiskjöl með reikningunum, ýmist færsla í reikningnum eða liggja sem fylgiskjöl með þeim. Var þá eingöngu upphæðin skrifuð í reikninginn en jafnframt vísað til skrárinnar á spássíu, t.d. Lit. A, og hún þá merkt þannig. Þegar reikningarnir voru endurskoðaðir í rentukammeri var oft skrifað við færsluna t.d.: „Herpaa indlagt sagefaldsregister og kommer summerum deroffuer, her med lige offuer ens.“ Athugasemdir

hafa stundum verið gerðar við færslurnar í skránni og einnig er verðeininga stundum getið. Í skránum er hverri sýslu haldið fyrir sig og hafa sýslumennirnir oftast skrifað undir, en virðast ekki hafa skrifað listann yfir sína sýslu sjálfir. Skrárnar eru oftast með sömu hendi og fyrir kemur að nöfn sýslumanna hafi einnig verið skrifuð af þessum sama skrifara, sennilega fógetanum. Greiðslu sakeyris hafa sýslumennirnir innt af hendi í júní eða júlí á Bessastöðum eða á alþingi og er tekið fram í skránum að frá sé dreginn 1/3 hluti sem sýslumenn höfðu í þóknun fyrir innheimtuna. Festupeningar eru einstöku ár taldir með í sakeyrisskránum en einnig má finna þá sem færslu í reikningunum eins og nefnt var. Skrárnar eru listar eftir sýslunum yfir þá sem brotið höfðu af sér, þ.e. nöfn þeirra, afbrotið og upphæð sektarinnar. Algengustu brotin voru hórdómur og frillulífi þó einnig meggi rekast á önnur mál, t.d. var Helga Jónsdóttir dæmd fyrir „snapperi“ eða smáþjófnað í Rangárvallasýslu og Erlendur Jónsson í Húnavatnssýslu sló einn mann með fiski á sunnudegi. Aftast í sakeyrisskránni frá árinu 1614/15 er einnig reikningur yfir „Det Engelske goddts som bleff taget fra de engelske I Issland 1613“.

Sakeyrisskrár eru merkilegar heimildir um daglegt líf og líðan fólks sem nota má á ýmsan hátt til rannsókna. Dæmi um það, fyrir utan félagssögu, er að fylgja sýsluskiptingu landsins og þá heitum sýslna sem voru breytileg á því tímabili sem sakeyrisskrárnar eru varðveittar frá.

3.2.7. Útdrættir úr reikningum

Með dönsku lénsreikningunum virðast oft hafa fylgt tvenns konar útdrættir, þ.e. „stor ekstrakt“ þar sem tekjum og gjöldum í sömu vöru var safnað undir einn lið, og „kort ekstrakt“ þar sem fylgt var liðunum í sjálfum reikningnum.²⁵⁹ Slíkt hið sama á ekki við um íslensku lénsreikningana. Útdrættir sem á dönsku nefnast „stor ekstrakt“ fylgja ekki íslensku reikningunum. Yfirleitt fylgja útdrættir ekki íslensku reikningunum þegar landið var afgjaldslén, en þau ár sem svo var voru þeir skrifaðir aftast í reikningana og þá var tekna og gjalda eingöngu getið í peningum. Undantekning er þó útdrátturinn 1588–1591. Hann er á sér örð og er í honum fylgt eftir færslunum í reikningnum. Getið verður útdráttur eða „kort ekstrakt“ frá árunum ca. 1630 og ca. 1640 en þeir liggja ekki með lénsreikningum. Tilefnið að samningu þeirra gæti verið gerð yfirlits yfir heildartekjur ríkisins þessi ár.²⁶⁰

²⁵⁹ Orla K.O. Damkjer, *Indføring i Lensregnskaberne*, bls. 32.

²⁶⁰ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II nr. 38. Yfirlit yfir tekjur og gjöld lénsmanns og nr. 41. Yfirlit um umboðsjarðir.

Eins eru útdrættir úr reikningum þegar landið var reikningslén, en þau ár fylgir alltaf útdráttur fyrir hvert ár. Hafa þeir verið notaðir við uppgjörið í rentukammeri, þ.e. bornir saman við reikningana og fylgja kvittanir útdrættinum 1645/46 en ekki reikningnum sjálfum eins og nefnt hefur verið. Útdráttur er síðan yfir öll árin 1645–1648 og eru þar peningaupphæðir eingöngu færðar eftir árum. Áður var getið eldri útdráttu úr íslensku lénsreikningunum frá 1566/67, en slíkir útdrættir eru varðveittir frá Íslandi til ársins 1572/73.²⁶¹

3.2.8. Athugasemdir rentumeistara við reikningsfærsluna og svör lénsmanna

Athugasemdir (*antegnelser*) eða aðfinnslur rentumeistara við reikningana er fylgiskjal þeirra, því að kvittun fyrir reikningnum fengu lénsmenn ekki fyrr en þeir höfðu svarað þeim og þau svör verið samþykkt. Aðfinnslur rentumeistara var skrifuð hægra megin á örk og svör lénsmanna (eða fógeta þeirra ef þeir höfðu skilað reikningnum) voru skráð vinstra megin. Stundum hefur rentuskrifarinn, sem yfirför reikningana skrifað athugasemdir undir svar lénsmanns vinstra megin, oft til staðfestingar um að t.d. „bevis“ sem vantaði sé komið inn og það liggi nú með reikningi. Ákvörðun rentumeistara var síðan hægra megin undir athugasemdinni, t.d. „kan passere“ eða „haffuer effter forklaring sin rigtighed“.

Virðist sem rentumeistari hafi fyrst skrifað upp athugasemdalista (einn slíkur er varðveittur frá 1657–1660) sem síðan var afritaður af rentuskrifara þannig að svör lénsmanns gátu einnig rúmast á síðunni. Neðst er yfirleitt undirskrift lénsmanns og vitnisburður rentuskrifara um að þetta sé rétt afrit af gagnrýni rentumeistara ásamt dagsetningu. Slíkt á þó ekki við um athugasemdir við reikninginn 1596/97 og er enngar dagsetningar getið.

Athugasemdir voru ýmist gerðar við reikninga eins árs eða fleiri ára í einu. Margar athugasemdanna snúast um verðlag á þeim vörum sem lénsmennirnir sendu til Kaupmannahafnar, þ.e. að það sé skráð of hátt. Í svörum vísa lénsmennirnir yfirleitt til veitingarbréfa sinna eða til fyrri lénsmanna, þ.e. þeirrar venju sem skapast hafði. T.d. færa þeir voð vaðmáls til úttekta á fjóra ríkisdali í stað tveggja en sú venja hafði skapast. Oft er einnig spurt hvort bréf konungs sé fyrir hendi, t.d. vegna Núpufells í Eyjafirði en þangað flutti prentarinn Jón Jónsson. Var prentsmiðja starfrækt þar 1589–1591 þegar hún fluttist aftur til Hóla.²⁶² Athugasemdir voru einnig gerðar ef lénsmennirnir höfðu ekki skilað þeim gögnum sem

²⁶¹ DRA. Regnskaber. 1559–1660. Lensregnskaber. Ekstrakter af lensregnskaper 1570–1599, 1574 pk. 5, bls. 341–366.

²⁶² Einar Laxness, *Íslandssaga I* (Reykjavík 1995), bls. 205.

þeim bar. Í athugasemdinni árið 1596 segir að lénsmanni þ.e. Brostrup Giedde (1595–1597), hafi verið fyrirlagt að leggja inn jarðabók yfir eignir kirkjunnar (*stiftens indkomst*). Lénsmáðurinn segir að það hafi hann gert bæði yfir landsins og „stiftens visse indkomst“, þó ekki samanlagðar. Síðan hefur verið bætt við að jarðabókin sé tilbúin nú og að hún fylgi reikningnum 1596/97. Þessi jarðabók barst til Noregs og var afhent Þjóðskjalasafni árið 1974.²⁶³ Í athugasemdum við reikninginn 1657–1660 frá árinu 1661 er einnig getið jarðabókar. Rentumeistari vísar til veitingabréfsins um að lénsmáður eigi að skila inn jarðabók bæði yfir kirkjujarðir sem og aðrar. Bjelke segir í svari sínu árið 1662 að slík bók sé til í rentukammeri (sem hét á þessum tíma skattkammer) og engin breyting hafi orðið á henni fyrir utan þær fjórar jarðir sem lagðar voru til spítalans. En hann geti þrátt fyrir vinnuna sem því fylgi útbúið jarðabók. Síðan getur Jørgen Hanssen (f. 1613 d. 1673) rentuskrifari þess að bókin hafi verið afhent í rentukammer. Engin jarðabók liggur með reikningum Henriks Bjelke, en af því sem hér stendur má ráða að svo hafi þó verið og verður að ætla að það sé jarðabókin frá árinu 1660 sem Thomas Nikolajsen fógeti (1652–1660, 1662–1665) Bjelke undirritar.²⁶⁴

3.2.9. Jarðabækur

Jarðabækur eru ekki bein fylgiskjöl með reikningunum eins og áður er getið þann tíma sem landið var afgjaldslén, heldur bar lénsmönnum samkvæmt veitingabréfinu að afhenda árlega í rentukammer jarðabók yfir allar jarðir á landinu. Afhending jarðabókanna í rentukammer virðist þó í stórum dráttum vera tengd lénsmannsskiptum og þá uppgjöri lénsmanns, en slíkar jarðabækur yfir konungsjarðir eru varðveittar frá árunum 1597, 1606, 1616, 1632/33, 1639 og ein sennilega frá árinu 1645, auk einnar ótímasettrar.²⁶⁵ Önnur jarðabók er varðveitt frá 1597 og inniheldur hún bæði konungs- og kirkjujarðir. Sjá kafla 6.3. Skrá yfir skjalasafn Bessastaða.

Í þessum bókum er eingöngu getið konungsjarða, þ.e. jarða sem lágu til Bessastaða, umboðsjarðanna og klaustranna. Tekinn er fram fjöldi leigukúgilda og landskuld, auk þess sem dýrleika jarðanna er getið í bókinni frá 1639. Bækurnar virðast í stórum dráttum eins upp byggðar, þ.e. fyrst eru taldar upp jarðir Bessastaða, síðan umboðsjarðirnar auk Arnarstapa og að síðustu klaustrajarðirnar. Smávægilegur munur er á þeirri röð sem bæirnir og umboðsjarðirnar eru taldir upp í. Þannig virðist sama uppsetning vera annars vegar á bókunum

²⁶³ ÞÍ. Norska gjöfin 1974. Legg 14. Jarðabók 1597.

²⁶⁴ ÞÍ. Rtk. E/1 örk 2 1639–1699. Jarðabók frá árinu 1660 yfir konungsjarðir og tekjur af sýslunum.

²⁶⁵ ÞÍ. Rtk. F/1–F/5. Lénsreikningar. Lénsreikningar 1588–1646, jarðabækur.

frá 1597, 1606, 1632/33 og 1639 og hins vegar á óársettu bókinni og bókinni sem hér er talin frá árinu 1645. Þó bækurnar virðast byggja hver á annarri, eða vera uppskriftir eftir sömu bók, voru færðar inn í þær breytingar, t.d. á kúgildafjölda, sem orðið höfðu frá uppskrift síðustu bókar, enda gat slíkt skipt lénsmanninn máli.

Sú bók sem jarðabækurnar hafa verið afskriftir af var sennilega sú sem lá í skjalasafni lénsins a.m.k. frá árinu 1619. Mætti kalla þá bók innistæðujarðabók. Bókin frá árinu 1597 ber engin merki þess að hafa verið yfirfarin í rentukammeri og hún hefur enga undirskrift. Á henni stendur að þessa jarðabók hafi Johan Bocholt (1570–1586, 1597–1602) fengið af þjóni Brostrup Giedde, Rasmus Nielsen fógeta (1596–1597) hér á Bessastöðum árið 1597. Þessi bók er því hluti af innistæðunni sem afhent var við lénsmannsskiptin. Á óársettu jarðabókinni stendur ekkert um afhendingu og hún er ekki undirrituð. Framan á henni stendur Lit. A. sem gæti bent til að hún hafi verið skráð í rentukammeri. Páll Eggert Ólason telur þessa bók líklega vera frá árinu 1602,²⁶⁶ og hún liggur nú með reikningum frá 1602–1620. Verðeininga er getið og í athugasemdum við bæina stendur t.d. „den gaard fieck ikke hos Eggert Hansson register“ sem bendir til að hún hafi verið borin saman við eldri jarðabók, en varðveitt er jarðabók sem talin er að hluta með hendi Eggerts Hannessonar frá árunum 1550–1579.²⁶⁷

Af áletruninni á bókinni frá 1606 má sjá að hún hafi verið afhent við lénsmannsskipti, þ.e. „Bessestads jordbog paa Isslandtt. Saa och andre Kong. Mattz, kloster och ombodz jorder, efftter som velbyrdig Enuoldt Krussis, fuldmægtige, Enuold Christtensøn, och Peder Brenner, fra thenom leffuereitt haffuer Anno 1606“. Á þessari bók er einnig skjalamerking, bókstafurinn C, sem bendir til skráningar í rentukammeri.

Á jarðabókinni árið 1616 kemur skýrt fram að hún er afskrift þeirrar bókar sem lá í skjalasafni Bessastaða, þ.e. „Att dette her er rett jordebog lige ord fra ord effter den jordebogh ieg med lened haffuer annamitt af S. Enevold Kruses fuldmægtig bekiender ieg Herluf Daa“. Af þessari bók má einnig sjá að hún hefur verið yfirfarin í rentukammeri (reiknaðar niðurstöður). Þó hefur það ekki verið gert fyrr en árið 1645 því á henni stendur: „Efterlagt af Hans Westling 1645 in desember.“ Jafnframt hefur útdráttur verið gerður og liggur hann í sér örk. Skjalamerking er Lit. D.

Bókin frá árinu 1632/33 er undirrituð af Holger Rosenkrantz (1620–1633) og á henni stendur að hún sé rétt „copia“ af jarðabók konungs á Íslandi. Pros Mund hefur skrifað undir bókina frá árinu 1639 og í henni er dýrleika konungsjarða getið í fyrsta sinn. Af bókinni má sjá,

²⁶⁶ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 25.

²⁶⁷ AM 902c 4to. Jarðabók yfir klaustureignir og konungsjarðir 1550–1579.

að hún hefur verið yfirfarin í rentukammeri því á henni stendur „Er saaledes rett efterlagt och beregnet bekiendir Thommis Thommisson“. Við endurskoðun á reikningum Jens Søffrensen var stuðst við þessa jarðabók Pros Mund.

Á jarðabókinni sem e.t.v. er frá árinu 1645 stendur „Ao. 1645 dend 24 febr. Er denne jordebog ret effterlagt, ved Anders Søffrensen“. Á henni er skjalamerkingin B. Þessar bækur með bókstaf sem skjalamerkingu, þ.e. Lit. A, Lit. B, Lit. C og Lit. D voru notaðar í rentukammeri við endurskoðun á reikningum Jens Søffrensen sem getið verður síðar.²⁶⁸

Þetta eru þær jarðabækur sem afhentar voru í rentukammer við lénsmannsskipti og sem lénsmaðurinn hefur stuðst við við útreikning og innheimtu á afgangnum af konungsjörðum. Við endurskoðunina, þegar vísað er í jarðabækur, er átt við þessar bækur. Hægt er að kalla þær reikningsjarðabækur.

3.2.10. Uppgjörsgögn

Áður en lénsmaður sem hættur var störfum gat fengið endanlega kvittun, sem gefin var út af konungi, fyrir reikningshaldi sínu af léninu og þar með orðið laus allra mála varðandi það, var farið yfir allt hans reikningshald í rentukammeri. Uppgjörsgögnin (*kvittantiarumbilag*) samanstanda eins og áður hefur komið fram af uppgjörsskrá og fylgiskjölum hennar, þ.e. kvittunum fyrir reikningshaldinu og greiðslu afgangsskjalds hvert ár, veitingarbréfinu, yfirleitt í frumriti, og innistæðuskrám. Stundum eru þær varðveittar bæði frá því lénsmaðurinn tók við léninu og þegar hann skilaði því af sér.

Uppgjörsskráin er oftast þannig uppbyggð að fyrst er þess getið yfir hvaða tímabil hún nær. Síðan er nefnt fyrir hvað er verið að gefa endanlega kvittun, síðan er dagsetning endanlegrar kvittunar og neðst stendur t.d. „Registreret vid Thommis Thommisson“. Á eftir þessum inngangi kemur fyrst útdráttur úr veitingarbréfinu og er vísað til bréfsins á spássíu, t.d. Lit. A. Á eftir fylgir skrá yfir hinar árlegu kvittanir fyrir reikningunum, og er þá reikningsárið nefnt og hvenær kvittanirnar voru gefnar út. Á spássíu er vísað til þeirra, þ.e. númer 1 fyrir fyrsta árið, síðan nr. 2, 3 og áfram út allt tímabilið. Aftast er vísað til innistæðuskráanna.

Frumrit veitingarbréfa lénsmanna varð lénsmaðurinn að afhenda við þetta endanlega uppgjör þó afrit væri til í bréfabókum kansellís. Henrik Bjelke hefur þó ekki gert það, a.m.k. er ekki innsigli á þessu bréfi hans en á því er athugasemd um að það sama standi í „Registerbogen“.

²⁶⁸ Sjá kafla 4.5.2 Jens Søffrensen 1645–1648.

Kvittanir rentumeistara (stundum fyrir mörg ár í einu) eru í rauninni yfirlit yfir reikningsfærslurnar. Neðst er tekið fram að kvittunin sé borin saman við reikning ársins og hafi verið skráð í rentukammeri (*indført*). Rentumeistararnir skrifa undir ásamt tveim rentuskrifurum.

Innistæðuskrárnar voru gerðar við lénsmannsskipti. Þær eru ekki varðveittar frá öllum léns mönnum, en eins og nefnt var eru þær stundum skrifaðar inn í reikningana. Svo er t.d. um innistæðuskrár Bessastaða, Viðeyjar og Arnarstapa 1588 og 1591. Víst er að þessar skrár hafa verið til því vísað er til þeirra á spássíum. Fremst í skránum er yfirleitt vitnisburður um afhendingu eftirskrifaðrar innistæðu. Þingsvitna, sem venja var að kalla til, er yfirleitt ekki getið. Þó er það gert í tveimur skráum, þ.e. innistæðuskrá Arnarstapa 1597 sem liggur með uppgjörsgögnum Johans Bocholt, og innistæðuskrá Bessastaða og Viðeyjar 1645 sem liggur með uppgjörsgögnum Pros Mund. Virðist sem a.m.k. skránni frá árinu 1597 yfir Arnarstapa hafi annað hvort ekki verið skilað inn strax með öðrum uppgjörsgögnum, eða hún verið notuð í rentukammerinu seinna. Aftast í hana hefur verið skrifað að hún sé rétt „copia“ af innsigliðu inventaríi sem Enevold Christensen (1602–1606), fógæti Enevolds Kruse (1602–1606), afhenti Herluf Daa 1606 og vitnar hann um þetta einnig. Með þessari skrá liggur önnur skrá yfir innistæðu Arnarstapa 1597 þar sem engin þingsvitni eru nefnd. Einnig má sjá af öðrum uppgjörsgögnum sem liggja með þessum tveimur skráum með þingsvitnum, þ.e. Arnarstapa 1597 og Bessastaða og Viðeyjar 1645, að vandræði hafa verið við uppgjör lénsmanna. Gæti það verið skýringin á að þessar skrár með þingsvitnum liggja með uppgjörsgögnum. Á eftir vitnisburðinum um afhendingu innistæðunnar fylgir lýsing hennar. Eru þar tíndar til ýmsar vörur, gripir, innanstokksmunir og fiskibátar auk skjalasafns Bessastaða sem fyrst er getið árið 1619 eins og þegar hefur verið nefnt. Skrárnar eru alltaf undirritaðar ýmist af léns mönnum eða fógætum þeirra, auk þingsvitna í þeim tveimur skráum sem þegar er getið. Ef innistæðuskrár eru varðveittar bæði frá því þegar lénsmaður tók við og þegar hann skilaði af sér, eins og dæmi er um hjá Herluf Daa, er t.d. innistæðuskrá Arnarstapa frá 1606 undirskrifuð af Enevold Kruse, sem Herluf Daa tók við af, og árið 1619 af Andres Hanssøn (1619–1620), fógæta Fredriks Friis (1619–1620), sem var að taka við léninu.

3.3. Ágrip

Heitið lénsreikingar er yfirheiti yfir nokkrar gerðir af skjölum. Má þar nefna reikninga yfir tekjur og gjöld, sakeyrisskrár, jarðabækur sem fylgja reikningnum og athugasemdir rentumeistara við reikningsfærsluna. Í þessum reikningum opinberast rekstur lénsins. Ljóst er að færslurnar eru þær sömu frá ári til árs þó fram komi viðbótarfærslur bundnar við einstök ár. Á þetta við hvort sem lénið var afgangslén eða reikningslén. Ákveðin regla var á færslu reikningsins. Færslurnar sýna einnig að lénsmenn þurftu að sinna pappírsvinnu og halda röð og reglu á bókhaldi sínu. Þessi staðreynd er ótvíræður vísir að aukinni miðstýrðri stjórnsýslu Danakonungs.

4. Lénsmennirnir og störf þeirra samkvæmt erindis- og veitingarbréfum

Á tímabilinu 1541 til 1683 telst fjöldi lénsmanna vera 23. Þrír þeirra, Otte Stigesen, Johan Bocholt og Henrik Krag gengdu embættinu í tvígang. Hér verður farið almennt yfir verkefni lénsmanna út frá veitingarbréfum þeirra. Einnig verður fjallað sérstaklega um verkefni einstakra lénsmanna en þau verkefni varpa ljósi á áhuga konungs á landinu á tímabilinu.

4.1. Almennt um lénsmenn

Strax við siðaskiptin voru það fyrst og fremst aðalsmenn sem tryggðu sér embætti lénsmanns með trúnaðareiðum. Þó kom fyrir að borgurum væri veitt lén, en þá einkum reikningslén. Slík lén fengu einnig aðalsmenn.

Þeir menn sem höfðu Ísland að léni á árunum 1541(50)–1683 voru ýmist danskir eða norskir aðalsmenn, með nokkrum undantekningum. Lafrids Mule, lénsmaður 1547–1551, var kaupmaður og forstjóri Íslandsverslunarinnar, Johan Bocholt, lénsmaður 1570–1587 og aftur 1597–1602, var af þýskum aðalsættum. Eggert Hannesson (1552) lögmaður og sýslumaður var íslenskur, Peter Thomassøn, sem var hér konunglegur fógæti með laun frá konungi árið 1587, var sennilega danskur kapteinn og Jens Søffrensen, sem var konunglegur fógæti 1645–1648 þegar landið var reikningslén, var borgari í Kaupmannahöfn og varð síðar borgarstjóri í Kristjánshöfn.²⁶⁹ Tveir voru norskir aðalsmenn, þeir Pros Mund og Henrik Bjelke. Eggert Hannesson, og Jens Søffrensen eru í veitingarbréfunum nefndir fógætar þótt störf þeirra hér á landi, sem snéru að landsmönnum, væru ekki frábrugðin störfum annarra lénsmanna. Veitingarbréf Peter Thomassøn er ekki varðveitt. Auk lénsmanna sendi konungur stundum sérstaka erindreka sína til landsins með bréf upp á vasann (*instrux*) þar sem talin eru nákvæmlega upp þau verkefni sem þeir áttu að einbeita sér að á Íslandi. Dæmi um það eru Poul Huitfeldt árið 1552, Oluff Kalibs (d.1592), Jacob Hvide og Jon Simonsson af Agdesiden í Noregi árið 1553 auk umboðsdómaranna Fredrik Friis og Jurgen Vindt (f. 1593 d. 1644) árið 1618. Skrifað hefur verið um ævi lénsmanna og dvöl þeirra á Íslandi og verður því sú saga ekki

²⁶⁹ Sjá í viðauka 1 skrá yfir lénsmenn og fógæta þeirra á árunum 1541 til 1683. Kristjánshöfn (Christianshavn) var sjálfstæður kaupstaður frá 1639 til 1674. Sjá Claus M. Smidt, *København før og nu – og aldrig*. Bind 7 Christianshavn (København ca. 1989), bls. 12.

rakin hér nema í stuttu máli.²⁷⁰ Hér verður lögð áhersla á stöðu þeirra sem lénsmanna á Íslandi gagnvart konungi, stjórnáslustörf þeirra samkvæmt fyrirskipunum konungs og við gerð lénsreikninga og endurskoðun þeirra.

Tafla yfir lénsmenn á Íslandi 1541–1683

Lénsmenn (alls 23)	Ár
Christoffer Huitfeldt	1541–1542
Otte Stigsen	1542–1547
Lafriðs Mule	1547–1551
Otte Stigsen	1551
Eggert Hannesson	1552
Poul Huitfeldt	1552
Poul Huitfeldt	1553–1554
Knud Stensen	1554–1559
Poul Stigsen	1559–1566
Hendrik Krag	1567–1569
Christoffer Valckendorf	1569–1570
Johan Bocholt	1570–1586
Peter Thomassøn	1587–1588
Laurits Kruse	1588–1591
Hendrik Krag	1591–1595
Brostrup Gjedde	1595–1597
Johan Bocholt	1597–1602
Enevold Kruse	1602–1606
Herluf Daa	1606–1619
Frederik Friis	1619–1620
Holger Rosenkrantz	1620–1633
Pros Mund	1633–1645
Jens Søffrensen	1645–1648
Henrik Bjelke	1648–1683

Heimild: Sjá viðauka 1.

Framan af og til um 1570–1574 voru gefin út svokölluð leiðarbréf (*følgebreiv*) þegar konungur tilnefndi lénsmann, og einnig oftast sérstök erindisbréf þar sem talin eru upp þau sérstöku

²⁷⁰ Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannáll“, *Safn til sögu Íslands* II, bls. 683–754; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 237–423.

verkefni sem hann átti að sinna. Frá um 1574 voru alltaf gefin út tvennskona bréf, leiðarbréf og veitingarbréf (*forleningsbrev*). Leiðarbréfið var stílað til allra íbúa í léninu og þeim tilkynnt hver þeirra nýi yfirmaður væri og að þeim bæri að hlýða honum. Veitingarbréf tiltók aftur á móti með hvaða kjörum lénsmaðurinn hafði lénið og hver verkefni hans væru.

Uppkast af veitingarbréfunum var alltaf, samkvæmt skipun konungs, gert í rentukammeri af rentumeistara og þar voru tekin afrit af þeim í svokallaðar veitingarbréfabækur (*forleningsbøger*). Síðan voru bréfin send til kansellisins til hreinskriftar og til að fá undirskrift konungs. Þegar hún var fengin var eftirrit tekið í bréfabækurnar (*brevbøgene*) áður en léns mönnum voru fengin þau í hendur. Bréfin eru opin bréf og byrja á almennum inngangi, t.d. „Christian den Fierde Giør Alle Vitterlig...“.²⁷¹

4.2. Fyrstu lénsmenn við siðaskipti. Lénsmenn 1541 til 1551

Óvíst er hvernig landið var haldið árin 1541 til 1547 eða sex fyrstu ár þessarar athugunar þar sem leiðar- eða erindisbréf Christoffers Huitfeldt (1541–1542) og Otte Stigesen (1542–1547 (í fyrra sinn)) hafa ekki varðveist.²⁷² Ætla má þó að eitt verkefna þeirra hafi verið að koma upp konungsgarði í Viðey eða þar sem best þætti henta eins og segir í bréfi frá árinu 1542. Í skjalinu eru taldar upp vörur sem nauðsynlegar eru til húsbyggingar og matargerðar svo sem bjálkar, sperrur og tré, hveiti til að baka úr, mjöl, malt, flesk, baunir og grjón, edik, kálfræ og sinnep. Einnig laxagarn eða net sem er tuttugu faðma og annað sem er tólf faðma. Jafnframt þarf að athuga með fálkafangara sem dvelja á Íslandi en greiða kóngi ekkert og það sama á við um enska kaupmenn sem sigla til Íslands. Ennfremur er tekið fram að athuga þarf biskupsgóssið sem var dæmt undir kóng og heyra hvernig biskupinn vill haga því í samráði við konung.²⁷³ Christoffer var sendur til Íslands vegna siðaskiptanna og er sá sem handsamar Ögmund Pálsson biskup í Skálholti 1541. Í úrskurði hans árið 1541 um eina jörð Ögmundar segir að öll klaustur í Danmerkur- og Noregsríki og á Íslandi, og allar gamlar klaustraeignir séu dæmdar undir kóng

²⁷¹ Orla K. O. Damkjer, *Indføring i Lensregnskaberne*, bls. 178; Hans H. Fussing, *Stiernholm Len*, bls. 104; Kr. Erslev, *Danmarks Len og Lensmænd*, bls. IV. Sjá hér viðauka 3, uppskrift af veitingarbréfunum lénsmanna.

²⁷² Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 237–239.

²⁷³ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. nr. 50, Thill Jsslannd. (Minnisgreinar fógeta konungs um „það, sem mest er á nauðsyn á Íslandi, í Viðeyjarklaustri eða hvar sem haldinn yrði konungsgarðr þar í landi.“); *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 90–91.

og eigi ævinlega að fara með þær eftir hans ráðum og vilja.²⁷⁴ Christoffer Huitfeldt var meðlimur í ríkisráðinu 1553. Hann hafði ýmis lén í Noregi og varð m.a. lénsmaður í Færeyjum 1553. Árið 1556 missti hann Bergenshus lén í Noregi í hendur Christoffer Valckendorf sem síðar varð lénsmaður á Íslandi 1569–1570. Herragarður hans var Berritsgård á Lálandi, en vegna ýmissa ábyrgðarstarfa fyrir konung í nyrðri hlutum ríkisins hefur hann varla haft mikinn tíma til að dvelja þar. Hann lést árið 1559.²⁷⁵

Otte Stigesen var hér lénsmaður í fyrra sinn 1542–1547. Hann var aðmírall og þjónaði bæði Fredrik I (1523–1533) og Christian III. Hann barðist í Sjö ára stríðinu (1563–1570), var tekinn til fanga í orustunni um Bornholm 1563 og virðist hafa dáið í fangelsi 1567 þá kringum 80 ára gamall.²⁷⁶ Hann var sendur með bréf til Íslands árið 1542 er varðaði vetursetu kaupmanna og gekk hann ákveðið fram í að koma í veg fyrir hana. Árið 1542 er ljóst að verslun Þjóðverja hér á landi er mikil. Dæmir Otte árið 1545 svokallaðan Skipadóm sem verður til þess að girt er að mestu fyrir vetursetu og útgerð Þjóðverja hér við land.²⁷⁷

Árið 1547 var kaupmönnum í Kaupmannahöfn veitt Ísland að léni gegn 1000 Lybikumarka afgjaldi árlega. Er talið að þessi ráðstöfun hafi verið gerð til þess að bola þýskum kaupmönnum frá landinu. Leigan var til tíu ára með þeim skilmála, að leiguupphæðin skyldi endurskoðuð eftir þrjú til fjögur ár. Fulltrúa sinn skyldu þeir hafa á landinu allt árið sem halda átti uppi lögum og reglu.²⁷⁸ Kaupmenn skipuðu hér sinn lénsmann eða höfuðsmann, Lafrids Mule kaupmann og forstjóra verslunarinnar og var hann þess vegna ekki lénsmaður konungs heldur kaupmanna í Kaupmannahöfn.²⁷⁹ Með Mule sendi Christian III Íslendingum innsigli árið 1550. Fórst Lafrids Mule stjórnin illa úr hendi, sbr. dráp Christians skrifara fógeta hans árið 1551. Árið 1551 tók konungur því aftur við landsstjórninni, þ.e. tók réttinn af kaupmönnum í Kaupmannahöfn til að skipa lénsmann.²⁸⁰ Þrátt fyrir það munu kaupmenn Kaupmannahafnar hafa haldið landinu með verslunarrétti, sköttum og skyldum til Jónsmessu árið 1553, enda hafa

²⁷⁴ *Íslenzkt fornbréfasafn X* (Reykjavík 1911–1921), bls. 640–641.

²⁷⁵ *Dansk biografisk leksikon VIII* (Kjøbenhavn 1894), bls. 152–153.

²⁷⁶ *Dansk biografisk leksikon XVI* (Kjøbenhavn 1902), bls. 431–432.

²⁷⁷ Jón J. Aðils, *Einokunarverzlun Dana á Íslandi*, bls. 25–28.

²⁷⁸ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger I*, bls. 255–256; *Íslenzkt fornbréfasafn XI* (Reykjavík 1915–1925), bls. 529–531; Birgitte Dedenroth-Schou, „Københavns forlening med Island og Vestmannaeyjar 1547–1558“. 46.3 *Historiske meddelelser om København* (1974), bls. 13.

²⁷⁹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir III*, bls. 250; Birgitte Dedenroth Schou, „Københavns forlening med Island og Vestmannaeyjar“, bls. 14. Mule er einnig nefndur konunglegur fógeti sjá bls. 17 og Christian skrifari fógeti hans er einnig nefndur undirfógeti og umboðsmaður, sjá bls. 18, 20–21.

²⁸⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn XII*, bls. 234.

þeir þurft einhvern tíma til að innheimta tekjur sínar af landinu og gera upp við konung.²⁸¹ Skrá vegna afhendingar Lafrids Mule til Pouls Huitfeldt (1552–1554) á innistæðu Bessastaða og Viðeyjar er dagsett 24. júní 1553.²⁸² Við það afhenda kaupmenn formlega lénið til konungs.

Heitið lénsmaður (fógeti) er hér í merkingunni staðgengill eða umboðsmaður þess sem hafði landið að léni og var hann skipaður í starfið af kaupmönum Kaupmannahafnar. Átti hann aðeins að innheimta tekjurnar af landinu en önnur stjórnslá var í höndum þess aðila sem hafði landið að léni.²⁸³

Á þessum árum héldu fógetarnir sem hér voru fyrir hönd kaupmanna Kaupmannahafnar svokallaða fógetareikninga. Ekki til að senda til endurskoðunar í rentukammerið heldur til eftirlits fyrir sjálfa sig eða stjórnendur Kaupmannahafnar sem þurftu að standa rentukammeri skil á afgangi af léninu.

Fógetareikningarnir skiptast í reikninga yfir konungstekjur af leigum, landskuldum og skreiðargjaldi samkvæmt jarðabók, afgjaldsreikninga yfir vörur og sjávarútvegsreikninga, auk skrár yfir innistæðu Bessastaða og Viðeyjar sem Poul Huitfeldt tók við af Lafrids Mule 24. júní 1553. Þessir reikningar eru varðveittir frá árunum 1547–1553.²⁸⁴ Er í þeim við árið 1553 í fyrsta sinn getið skjalasafns Bessastaða eins og fram hefur komið. Er afhending skjalasafnsins og hið nýja innsigli eitt fyrsta merki stjórnslá og aukins áhuga konungs á landinu.

4.3. Að festa nýjan sið í sessi. Lénsmenn 1551–1570 (1574)

Fyrstu verkefni lénsinna á þessu tímabili voru að safna eignarheimildum yfir nýfengnar jarðir konungs frá biskupum, klausturhöldurum og öðrum sem héldu konungsjarðir. Konungur verður yfirmaður allra landsinna og heldur hér fulltrúa sinn, lénsmann, til að halda uppi lögum og rétti. Verkefni lénsinna var auk gerðar jarðabókar yfir jarðir konungs að festa nýjan sið í sessi.

²⁸¹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 253–254; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* I, bls. 320–321; Sjá einnig, Birgitte Dedenroth-Schou, „Københavns forlening med Island og Vestmannaeyjar“, bls. 7–34.

²⁸² *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 592–598.

²⁸³ Jón Árnason, *Historisk Indledning*, bls. 512.

²⁸⁴ AM 264 fol. Fógetareikningar 1547–1553.

4.3.1. Otte Stigesen 1551–1552 og Eggert Hannesson 1552

Samkvæmt leiðarbréfi Otte Stigesen (í síðara sinn 1551), átti hann að innheimta afgjöld, sakeyri og aðra rentu konungs, halda mönnum við lög og rétt og gera konungi reikning yfir gjöld af léninu. Otte Stigesen var sendur til Íslands m.a til að skakka leikinn vegna dráps Christians skrifara og var aðeins skipaður til bráðabirgða vegna ástandsins í landinu. Hann átti samkvæmt bréfinu að setja hæfan mann sem fógeta sinn og varð Eggert Hannesson fyrir valinu.²⁸⁵ Varð hann því fógeti þegar Otte fór af landinu. Var hann fógeti gagnvart konungi og landsmönnum en hins vegar voru skattar og skyldur og tekjur af konungseignum enn á leigu hjá bæjarstjórn Kaupmannahafnar eins og þegar hefur verið nefnt. Var því Eggert gagnvart henni umboðsmaður og stóð Kaupmannahöfn skil á gjöldum af landinu.²⁸⁶ Árið 1551 sóru þeir Otte Stigesen og Eggert Hannesson eið á alþingi um að halda íslensk lög og Gamla sáttmála.²⁸⁷ Árið 1552 þann 12. mars er útgefið bréf konungs til Eggerts Hannessonar og stílað til allra embættismanna og almúga á Íslandi. Með bréfinu er Eggert skipaður konunglegur fógeti. Hann á að innheimta tekjur konungs og gera grein fyrir þeim í reikningi. Hann á að halda mönnum við lög og rétt og er sérstaklega áréttað að landsmenn séu honum hlýðnir og greiði engum öðrum eða afhendi þau gjöld sem þeim beri að greiða til konungs.²⁸⁸

4.3.2. Poul Huitfeldt 1552–1554 (Páll Hvítfeld)

Þann 13. mars 1552, eða daginn eftir að Eggert Hannesson er skipaður konunglegur fógeti, gaf konungur út sérstakt erindisbréf (*instrux*) í 12 liðum til Pouls Huitfeldt til Íslandsferðar.²⁸⁹ Poul var skipaður lénsmaður á Íslandi 10. mars árið 1553.²⁹⁰ Leiðarbréf hans er samhljóða bréfi Eggerts nema að auki er tekið fram að menn verði að vera hlýðnir þeim fógeta sem Poul skipi yfir landið.

²⁸⁵ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 234–235.

²⁸⁶ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 391–434, 561–592.

²⁸⁷ Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, *Ríkisréttindi Íslands. Skjöl og skrif* (Reykjavík 1908), bls. 86–87.

²⁸⁸ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 353; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* I, bls. 276–277, 310–311.

²⁸⁹ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* I, bls. 298–304; *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 355–363.

²⁹⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 525–526; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* I, bls. 329–331.

Auk þess að vinna að ýmsum málum vegna hinnar nýju kirkjuskipunar svo sem um skiptingu tíundar og stofnun skóla, átti Poul Huitfeldt að afhenda Marteini Einarssyni Skálholtsbiskupi (1549–1556) allar jarðir Skálholtsbiskupsdæmis honum og skólanum til uppihalds, og til kirkjubyggingar. Skyldi sami háttur hafður á í Hólabiskupsdæmi. Eftirliti með þessum jörðum skyldi þannig háttað að Marteinn átti árlega að gera konungi eða lénsmanni hans reikning yfir þessar jarðir. Bréf konungs til biskups um þetta efni er dagsett sama dag og erindisbréf Pouls Huitfeldt þann 13. mars 1552. Poul átti að setja Eggert Hannesson í embætti konunglegs fógeta á Íslandi og afhenda honum skipunarbréf kóns. Eggert átti að sverja Poul Huitfeldt hollustueið. Sá eiður skyldi gilda þar til Eggert sæi sér fært að fara af landinu og ganga fyrir kóng. Einnig fékk Poul Huitfeldt Eggerti Hannessyni bréf konungs þar sem honum er falið að reka erindi þau sem Poul Huitfeldt muni birta honum í innsiglaðri skrá konungs. Eggerti var falin umsjón með jörðum sona og mága Jóns Arasonar biskups sem voru dæmdar kóngi árið 1551. Skilmálinn var sá að Eggert gerði árlega reikning yfir afrakstur af þeim. Poul Huitfeldt átti að sjá til þess að þeir sem drápu Christian skrifara fógeta Kaupmannahafnar yrðu dæmdir og á alþingi átti hann að athuga hvernig lögmenn, sýslumenn og lögréttumenn stæðu sig í starfi og hversu trúir þeir væru. Ef einhver stæði sig ekki hafði hann vald ásamt almúganum til að setja hann af og setja annan hæfan í staðinn. Poul Huitfeldt átti að sjá til þess að klaustrin yrðu gerð að afgangslénum, eftir því sem honum þætti betur henta, og skipa aðeins trúa konungsmenn sem ábyrgðarmenn þeirra, og loks á hann að gera jarðabók yfir allt andlegt og veraldlegt góss sem finnst í landinu.

Í erindisbréfi til Pouls Huitfeldt árið 1552 er honum fyrirlagt að láta útbúa jarðabók yfir allar veraldlegar eigur og eigur kirkjunnar.²⁹¹ Þessi fyrirskipun var ekki aðeins orðin tóm og verður nánar fjallað um hana hér á eftir í kaflanum um söfnun eignarheimilda.²⁹² Árið 1554 verður ljóst hvaða stefnu Poul Huitfeldt tók í málefnum klaustranna. Þá eru klaustrin veitt gegn ákveðnu gjaldi sem greiða átti lénsmanni á Jónsmessu, sjá þurfti fyrir prestunum sem á klaustrunum voru og halda innistæðuskrá og jarðabók.²⁹³

Poul Huitfeldt var bróðir Christoffers Huitfeldt fyrrum lénsmanns á Íslandi (1541–1542). Hann varð 1572 fyrsti danski landstjórinn í Noregi. Sem landstjóri var hann milligöngumaður milli konungs og embættismanna hans í Kaupmannhöfn og embættismanna í Noregi. Í því starfi sýndi hann kirkjustjórn sérstakan áhuga og er merk jarðabók frá 1575 við

²⁹¹ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 359, 363.

²⁹² Sjá kafla 5.1 Söfnun heimilda 1552–1636.

²⁹³ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls, 677–684.

hann kennd, Poul Huitfeldt Stiftsbog. Embættinu sleppti hann 1577 af heilsufarsástæðum. Hann barðist eins og Otte Stigesen í Sjö ára stríðinu á árunum 1563–1570.²⁹⁴

4.3.3. Knud Stensen 1554–1559 (Knútur Steinsson)

Við starfi Pouls Huitfeldt á Íslandi tók nýr maður árið 1554. Leiðarbréf Knuds Stensen er frá 12. mars 1554. Þar segir m.a. að hann eigi að innheimta rentu af andlegu sem veraldlegu góssi og gera reikning yfir það árlega. Hann á að halda mönnum við lög og rétt og er sérstaklega áréttað að landsmenn séu honum hlýðnir og greiði engum öðrum eða afhendi þau gjöld sem þeim beri að greiða til konungs líkt og sagði í bréfi Eggerts Hannessonar. Hér er jafnframt tekið fram að lénsmaðurinn eigi að dvelja í landinu yfir veturinn. Poul Huitfeldt hefur komið með Knud Stensen til landsins til þess að innheimta tekjur konungs frá síðasta ári og skila af sér innistæðunni til Knuds Stensen.²⁹⁵

Knud Stensen fékk sérstakt erindisbréf árið 1555 þar sem nefndar eru ýmsar hugmyndir konungs sem Knud átti að kynna á alþingi og fá álit biskupa, lögmanna og helstu bænda á. Konungur hafði áhyggjur af að í bænhúsum og hálfkirkjum væri stunduð afguðadýrkun, þ.e. á kaþólskum líkneskjum. Hann vildi fá álit bestu manna á hvað gera ætti í því máli. Hann vildi koma því á að veraldlegar fjársóknir á hendur prestum væru sóttar af sýslumönnum svo að prestar þyrftu ekki að eyða tíma í að fara til alþingis. Til þess að bæta hag presta og kirkna leggur hann til að allar eignir kirkjunnar eins og bændaeignir tíundist. Tíundinni skyldi skipt í fjóra jafna hluta, einn færi til biskups, annar til prestanna, þriðji til kirkjunnar og fjórði til fátækra. Einnig leggur hann fram hugmyndir um tíundargjörð í Vestmannaeyjum. Hann vill leggja fram árlega rentu til skólanna og uppeldis bæði skólameistara og skólapilta. Einnig að fátækir piltar gangi fyrir til skólavistar en ekki þeir sem ríkir eru og geta því sjálfir borgað fyrir sig. Hann leggur ríka áherslu á að skólarnir séu vel reknir og vel sé komið fram við skólapilta, annars muni skólameistararnir missa starfið. Ekki má veita presti embætti nema hann kunnir að predika og þjóna í kirkjunni. Og hann vill að sýslumenn verði skyldaðir til að fylgja biskupum í yfirreiðum þeirra hver í sinni sýslu og fylgjast með ásamt biskupi að rétt kirkjuskipan sé haldin.²⁹⁶

²⁹⁴ *Dansk biografisk leksikon* VIII (Kjøbenhavn 1894), bls. 165–166.

²⁹⁵ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* I, bls. 350–352.

²⁹⁶ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 11–17.

Svar Íslendinga við þessum tillögum birtist í Bessastaðasamþykkt sem samin var á Bessastöðum degi fyrir alþingi 1. júlí árið 1555 af biskupum, lögmönnum og nokkrum bestu mönnum landsins.²⁹⁷ Þar fallast menn á tillögur konungs og segja í fyrsta lagi að þeir fallist á að hálfkirkjur og bænhús verði lögð af nema þau sem séu algerlega nauðsynleg. Kúgildi og lausafé hálfkirkna og bænhúsa skuli að hálfu leggjast til upphalds prestum og til spítala þar sem þeir sjúku eigi að dvelja svo fremi konungur samþykki það. Bestu jarðirnar fyrir spítala telja þeir Kaldaðarnes í Sunnlendingafjórðungi, Gufudal í Vestfirðingafjórðungi, Glaumbæ í Skagafirði í Norðlendingafjórðungi og Bjarnarnes í Hornafirði í Austfirðingafjórðungi. Innistæða og messuklæði skulu fara til þeirra sóknarkirkna sem mesta þörf hafa fyrir þau.

Í öðru lagi fallast þeir á að fjársóknir presta verði sóttar af sýslumönnum heima í héraði og ef það gengur ekki þá fyrir lögmanni. Þriðja greinin fjallar um tíundina. Þeir fallast á tillögur konungs með því skilyrði að heimaland biskupsdæma, klaustra og sóknarkirkna verði undanþegið tíund. Það sama skuli gilda þar sem eignarmaður á sjálfur jörðina, þá skuli ekki tíundast sá partur sem sú sóknarkirkja á í því heimalandi. Um tíund í Vestmannaeyjum telja þeir að allir menn í eyjunum sem þar eru heimilisfastir og þeir sem þar róa á skipum eigi að gjalda venjulega tíund. Venjuleg tíund er hver tíundi fiskur í fjöru og á hún að skiptast í fjóra parta. Skal sá hluti sem leggjast ætti til fátækra fara til spítalans sem stofnaður verði í Sunnlendingafjórðungi. En sá fjórðungur tíundar sem tekinn er af fuglum og eggjum og tilheyrir þurfamönnum skulu þeir fátæku hafa sem eiga skylduframfæri í eyjunum. Frekari tíund er ekki á leggjandi enda tíundi bændur lausafé sitt eins og venja er. En þau skip af meginlandinu sem eru gerð út frá Vestmannaeyjum telja þeir að eigi að greiða gjald (*undergipt*), eins og venja er, til presta í Sunnlendingafjórðungi sem búa í eyjunum gegn því að prestarnir veiti þeim húsaskjól eftir þeirra þörfum. Í fjórða lagi fallast þeir á tillögur konungs um skólana en telja þó ekki mögulegt að öl verði daglega borið fyrir skólapilta, annan venjulegan drykk sem algengari sé á Íslandi verði þeir að láta sér nægja. Í fimmta lagi segir að erfitt geti verið að fylla öll prestsembætti með útlærðum prestum, það taki tíma, en á meðan leggja þeir til að ærlegir, skilvísir og guðhræddir leikmenn sem elska guðs orð verði settir í þau embætti sem útlærðir prestar fást ekki í. Þetta verði þó með því skilyrði að sá leikmaður sem prestssetrið heldur skuli þar heima halda einn ungan guðsþjón sem biskup skipar sem skuli bera fram guðsorð fyrir sóknarfólkinu. Í sjötta lagi taka þeir undir að sýslumenn fylgi biskupi um landið hver í sinni sýslu og telja að biskup geti ekki farið um vegna vatna, illfærra heiða og torfæra nema að minnsta kosti við áttunda mann og sýslumaður ekki fámennari en við fimmta mann. Skulu þeir

²⁹⁷ *Íslenzkt fornbréfasafn XIII*, bls. 53–59.

hafa með sínum mönnum sæmilega gistingu á öllum stöðum og fá öl og mat. Fógeti og befningsmaður er skyldugur að velja til sýslumanns skilvísa, réttvísa og friðsama heiðursmenn. Að lokum óska Íslendingar eftir staðfestingu konungs á þessum greinum og brjóti þær einhver verður hann sóttur til saka.²⁹⁸

Knud Stensen fékk nýtt erindisbréf árið 1556 og er það svar konungs við ályktun Íslendinga í Bessastaðasamþykkt. Í því bréfi bannar konungur í fyrsta lagi allar guðþjónustur í bænhúsum og hálfkirkjum. Í öðru lagi segir að ef prestar finnast sem ekki hafi sérstök prestssetur sér til upphalds, eigi biskupar að veita þeim jörð til uppeldis sem skyldi haldast sem prestssetur eftir það. Í þriðja lagi finnst konungi að spítalar séu ekki nauðsynlegir til upphalds fátækum meðan þeir geti ferðast og flust kringum landið og leitað sér bjargar. Sýslumenn séu skyldugir til að sjá um flutning fátækra um sýsluna samkvæmt íslenskum lögum og venju. Í fjórða lagi samþykkir konungur að prestar mæti á alþingi ef þeir hafi gerst brotlegir ef áður hefur verið reynt að ná samkomulagi á héraðsþingi. Í fimmta lagi ákvað konungur að taka sjálfur part biskupa í tíundinni og hann ætlar einnig að taka allar sektir í andlegum jafnt sem veraldlegum málum. Í framhaldi af því á lénsmaður að athuga gaumgæfilega kaup eða rentu biskupanna.

Í sjötta lagi vill konungur hækka afgang af klaustrunum og að lokum skipar hann Knud Stensen að taka til sín allar jarðir á Álftanesi og Seltjarnarnesi sem Skálholt á, virða þær og fá Skálholti aðrar jafn verðmætar í staðinn.²⁹⁹ Jarðaskiptabréf á Bjarnarnesjörðum fyrir jarðir á Seltjarnarnesi og Álftanesi er dagsett 3. júlí 1556.³⁰⁰

Þegar Knud Stensen tók við Íslandi árið 1554 af Poul Huitfeldt mun sá síðarnefndi hafa afhent honum bók úr eigu sinni, sem hann hefur e.t.v. fengið upphaflega hjá Christoffer bróður sínum, með dansk-norskum lögum og norskum réttarbótum. Knud Stensen eignaði sér handritið og afhenti það ekki eftirmanni sínum Poul Stigesen, heldur bætti í það fáeinum minnisgreinum. Þetta eru stuttar klausur einkum um ferðir hans til og frá Íslandi og er ljóst af þeim að Knud Stensen dvaldi hér tvo vetur og tvö sumur. Í þeim kemur m.a. fram að hann hafi komið til landsins með Poul Stigesen og tekið við landinu. Knud Stensen nefnir að Álftanes og Seltjarnarnes hafi komið undir konung 1556 og hann segir frá miklu hvaldrápi árið 1556. Þá fór hann út ásamt sveinum sínum og nokkrum bændum og ráku þeir þá á land og drápu 67 hvali. Margir voru skotnir og stungnir og komust út á sjó aftur. Rak þá á land síðar úldna og rotna.

²⁹⁸ *Íslenzkt fornbréfasafn XIII*, bls. 53–59.

²⁹⁹ *Íslenzkt fornbréfasafn XIII*, bls. 104–109; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger I*, bls. 383.

³⁰⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn XIII*, bls. 138–139.

Þetta handrit er nú varðveitt í Þýska ríkisbókasafninu í Berlín.³⁰¹ Knud Stensen var ættaður frá Steensgaard á Langalandi, en kenndi sig við Lundbygaard á Sjálandi þar sem herragarður hans var.

Á alþingi árið 1559 er Knud Stensen mættur til að taka hyllingareiða af Íslendingum. Fredrik II var tekinn við af Christian III. Í bréfinu er óskað eftir því að Íslendingar hylli Knud Stensen fyrir hönd konungs. Konungur Fredrik II lofar að vera Íslendingum náðugur og góður herra og konungur og halda öllum landsmönnum við íslensk lög og rétt. Á þessu þingi voru viðstaddir biskuparnir Gísli Jónsson Skálholti (f. um 1515 d. 1587) og Ólafur Hjaltason Hólum, lögmennirnir Eggert Hannesson og Páll Vigfússon (d. 1570) auk Poul Stigesen sem nú tók við embætti lénsmanns.³⁰² Á þessu sama þingi skrifuðu lögmennirnir konungi bréf og óska sérstaklega eftir því að Poul Stigesen verði gerður að lénsmanni. Í bréfinu er jafnframt kvartað yfir auknum illvirkjum í landinu og óskað er lagaboða til að taka á því, auk lagaboðs um tilkall manna til stóls og kirkna, þannig að hægt sé að greiða úr deilum innanlands um slíkt.³⁰³

Knud Stensen fékk kvittun konungs fyrir reikningshaldi sínu frá Jónsmessu 1588 til Jónsmessu 1559.³⁰⁴

4.3.4. Poul Stigesen 1560–1566 (Páll Stígsson)

Leiðarbréf Pouls Stigesen er dagsett 28. mars 1560. Hann var sennilega bróðursonur Otte Stigesen sem var lénsmaður 1542–1547 og aftur 1551. Bréf hans er að innihaldi samhljóða bréfi Knuds Stensen fyrir utan það að auk þess að innheimta eigin rentu á hann að innheimta þau gjöld sem menn skulda úr tíð Knuds. Einnig er hér sérstaklega tekið fram að menn verði að vera hollir þeim manni sem Poul Stigesen setji fyrir sig yfir landið þegar hann fer af landinu, eins hollir honum og Poul væri þar kominn í eigin persónu.³⁰⁵

Degi síðar, eða 29. mars, skrifar konungur biskupum landsins og leggur fyrir þá að semja og senda sér frumvarp að refsingum við blóðskömm á Íslandi.³⁰⁶ Í svari biskupanna, strax eftir

³⁰¹ Sveinn Bergsveinsson, Handritið Germ.quart. 2065, bl. 274 r-v. *Árbók 1969. Landsbókasafn Íslands* 26 (1970), bls. 135–155, einkum bls. 147. Már Jónsson telur að Jónsbókartexti sé í þessu handriti. Sjá *Jónsbók lögbók Íslendinga*, Már Jónsson tók saman, bls. 27; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 297.

³⁰² Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 2–3.

³⁰³ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 425–428.

³⁰⁴ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 464–465.

³⁰⁵ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 473–474.

³⁰⁶ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 478–480.

alþingi árið 1560, segir m.a að þeir treysti sér ekki til að semja slíkt frumvarp heldur vísa málinu til sér lærðari manna.³⁰⁷ Málslok urðu þau að Stóradómur var kveðinn upp 30. júní árið 1564.³⁰⁸ Konungur staðfesti svo dóminn 13. apríl 1565. Þetta bréf konungs er talið elsta dagsetta skjalið sem nú er þekkt úr skjalasafni Bessastaða eins og getið var í inngangi.³⁰⁹ Í Stóradómi felst að harðari refsingar voru settar fyrir siðferðisbrotum en verið hafði í Kristinrétti frá 1275. Jafnframt hvarf dómsvaldið frá kirkjunni til lénsmanns sem fulltrúa konungs og fékk konungur sakeyrinn vegna slíkra brota í stað biskups áður.³¹⁰

Erindisbréf Pouls Stigesen er ekki varðveitt en hver verkefni hans hafa verið má ráða af þremur bréfum hans til konungs skrifuðum á árunum 1560–1563. 14. júlí 1560 skrifar hann konungi og byrjar bréfið á því að segja að ferðin til Íslands hafi gengið vel og hann sé búinn að setja á skip fisk, vaðmál, peninga og handrit sem hann hafi selt fyrir fisk og vaðmál³¹¹ eins og fram komi í reikningi hans. Samkvæmt ósk konungs hafi hann leitað að brennisteini á Suðurlandi en ekkert fundið. Best sé að vinna brennisteininn fyrir norðan og láta vana kaupmenn sjá um það. Reyndar sé svo kalt á landinu, að sögn Pouls, að annað eins hafi ekki gerst í hundrað ár. Guði sé lof sé hér allt með friði og spekt en margir klagi yfir því að jarðir sem nú tilheyri kirkjunni hafi komist í hennar eigu vegna ofríkis fyrri biskupa en jarðabréfin séu nú oft týnd. Hórdómur sé mikill í landinu og þess konar frásagnir ekki boðlegar eyrum konungs. Bréf konungs (frá 29. mars til biskupanna um málið sem þeir svöruðu strax eftir þingið) sé hann nú búinn að senda þeim eins og konungur hafi sagt honum að gera. Vonast hann til að konungur sendi sem fyrst réttarbót til landsins svo hægt sé að dæma í þessum málum. Að lokum segir hann að alþingi og lögrétta séu að hruni komin vegna vatnsgangs. Óskar hann eftir leyfi til að flytja þingið á hentugri stað.³¹²

Næst skrifar Poul Stigesen konungi árið 1561 og nefnir í því bréfi þær kærur sem Íslendingar hafa borið upp og vilja fá svör við frá konungi. Fyrst eru það sömu mál og í fyrra bréfi, þ.e. kvartað er yfir að jarðir hafi fallið undir kirkjuna með ólögumætum hætti en bréfin séu týnd og því erfitt að sanna það, og að hórdómur sé mikill í landinu og við því verði að bregðast.

³⁰⁷ *Íslenzkt fornbréfasafn XIII*, bls. 499–500.

³⁰⁸ *Íslenzkt fornbréfasafn XIV*, bls. 271–276. Sjá umfjöllun um Stóradóm, Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi 1270–1870* (Reykjavík 1993), bls. 97–107.

³⁰⁹ Björn K. Þórólfsson, „Íslenzk skjalasöfn“, bls. 119–120; *ÞÍ Skjalasafn stiftamtmanns III* nr. 2. l. 13. apríl 1565. Konungsstaðfesting á Stóradómi 30. júní 1564.

³¹⁰ Einar Laxness, *Íslandssaga III* (Reykjavík 1995), bls. 67.

³¹¹ Stendur svo í heimild, þ.e. bréfi skrifuðu 14. júlí 1560. Sjá næstu vísun.

³¹² *DRA*. Særligt stillede landskaber og unionsriger. D.11. Island. Supplem II, nr. 28, kassi 1809; *Íslenzkt fornbréfasafn XIII*, bls. 502–505.

Kvartað er yfir þeim gamla slæma sið að við arfaskipti fái þeir ríku alltaf bestu jarðirnar en þeir fátækari komist ekki að. Vilja menn að séð verði til þess að farið verði eftir íslenskum lögum í þessum málum. Einnig að konungur sendi opið bréf til landsins vegna þekkingarleysis almúgans sem staðfesti að útgefin bréf Christians III sáluga séu í fullu gildi. Nauðsynlegt sé að laga kirkjubyggingarnar á klaustrunum, þær séu allt of stórar og að hruni komnar. Óskað er eftir því að konungur sendi opið bréf til landsins svo hægt sé að rífa þær niður og byggja aðrar minni og hentugri úr sama timbri. Einnig biður hann um aflausnarbréf fyrir Odd Smidt, að Ólafur Hjaltason biskup fái tíund af Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum til skólahalds eins og Christian III konungur hafði veitt honum og að lögmennirnir fái sitt kaup og veitingu, en ekki náðist að ganga frá því fyrir dauða Christians III. Í bréfinu eru athugasemdir meðfram um hvernig afgreiða skuli erindin og eru þær sennilega skrifaðar í kansellíinu í Kaupmannahöfn.³¹³

Þann 13. febrúar 1562 óskar konungur eftir því að Poul Stigesen komi á sinn fund með haustinu og gefi sér skýrslu um verslunarhagi á landinu.³¹⁴ Uppkast að tillögum Pouls Stigesen um verslunarmál, sem hann hugðist bera fram fyrir konung og taldar með hendi hans eru varðveittar í handritinu AM 381 fol.³¹⁵ Síðar eða að því talið er fyrir 20. mars 1563, hefur Poul, þá sennilega staddur í Kaupmannahöfn, skrifað konungi og fjallar í því bréfi um nýjar nytjar brennisteins, fálkatekju, stofnun yfirdóms og fleira.³¹⁶ Svar konungs frá 27. mars árið 1563 um stofnun yfirdóms er samhljóða tillögu Pouls í þessu bréfi. Í bréfi konungs er lagt til að stofnaður skuli yfirdómur 24 manna yfir dómum lögmanna (lögréttu). Í bréfi konungs er sú skýring m.a. gefin að lögmennirnir dæmi stundum dóma sem ekki séu sanngjarnir og samkvæmt íslenskum lögum getur konungur einn andmælt þeim. Þetta verði til þess að einkum fátækt fólk sem ekki hefur efni á að sækja mál sitt til Danmerkur sé órétti beitt. Því vill hann að lénsmaður hans stefni til sín á ákveðnum tíma árlega 24 góðum mönnum og þeir yfurfari alla dóma lögmanna. Ef þeir telja dóminn óréttlátan geta þeir numið hann úr gildi.³¹⁷ Lítið varð úr framkvæmd þessa, og eru fyrirmælin fyrst tekin til greina árið 1593. Undirrot þess þá eru langvinnar deilur milli

³¹³ *DRA*. Særligt stillede landskaber og unionsriger. D.11. Island. Supplem II, nr. 27, kassi 1809; *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 623–626.

³¹⁴ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 686–687.

³¹⁵ *AM* 381 fol. Bréfasafn; *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 128–130.

³¹⁶ *DRA*. Særligt stillede landskaber og unionsriger. D.11. Island. Supplem II, nr. 29, kassi nr. 1809; *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 69–72.

³¹⁷ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 77–78.

manna innanlands, einkum þeirra Jóns lögmans Jónssonar og Guðbrands biskups Þorlákssonar (1571–1627).³¹⁸

Poul Stigesen eignaðist skinnhandrit af Jónsbók sem var skreytt öllum regnbogans litum. Handritið er talið skrifað um 1561–1565 af Grími Skúlasyni í Hruna. Bókin hefst á registri yfir Jónsbók á dönsku, síðan koma ýmsar formúlur, t.d. hvernig setja á alþingi og slíta því, sýslumannaheiður, lögmannaheiður, Gamli sáttmáli, hvernig á að setja héraðsþing og slíta því og skýring á tíund. Eftir Jónsbók koma í handritinu ýmsar réttarbætur, síðan búalög, konungsbréf og alþingisdómar 1490–1565 og að lokum kristinréttur Árna biskups (1269–1298). Fremst í bókinni stendur: „Thenne Bog hörer migh Henrick Kragh tiill med rette och tend erffued iegh epter minn gode Broder Pouell Stiissenn aar 1566 tend gaff hand migh wdii siin Testament“.³¹⁹

Um Poul Stigesen segir í Hirðstjóraannál „Anno 1566 dó Páll Stígsson á Bessastöðum, var grafinn fyrir framan altarið í Bessastaðakirkju, hvar yfir hans gröf er stór líksteinn af marmara, sem ekki á sinn líka á öllu Íslandi...“³²⁰

4.3.5. Hendrik Krag til Trenderup 1567–1569 (Henrik Krag)

Leiðarbréf Hendriks Krag (í fyrra sinn) er dagsett 20. apríl árið 1567. Bréfið er samhljóða bréfi Pouls Stigesen með þeirri viðbót að hann eigi að innheimta skuldir Pouls.³²¹ Hann var lénsmaður til 1569. Eitthvað hefur konungur verið óánægður með störf hans því í mars árið 1568 skrifar konungur tvö bréf þar sem hann lýsir þeim vilja sínum að Knud Mogensen verði lénsmaður á Íslandi því sá sem nú sé dugi ekki til.³²² E.t.v. hefur hann ekki treyst lénsmanni sínum til að verjast enskum víkingum sem konungur hafði frétt að Svíakonungur hefði hvatt til að ráðast á Ísland.³²³

³¹⁸ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 188–191; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 536–647. Sjá hér einnig, Björk Ingimundardóttir, „Yfirrétturinn, aðdragandi, stofnun og saga“ *Yfirrétturinn á Íslandi 1690–1710*. I (Reykjavík 2011), bls. 30–32.

³¹⁹ AM 161 4to. Lögbók Páls Stígssonar (Jónsbók); Kr. Kålund, *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling* I, bls. 441; *Alþingisbækur Íslands* I, bls. 4.

³²⁰ Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannál“, *Safn til sögu Íslands* II, bls. 705.

³²¹ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 613–614.

³²² *Íslenzkt fornbréfasafn* XV (Reykjavík 1947–1950), bls. 73–74.

³²³ *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 90.

Úr tíð Hendriks Krag eru elstu útdrættir úr íslenskum lénsreikningum frá 1566/67, en slíkir útdrættir eru varðveittir frá Íslandi til ársins 1572/73 eins og áður er getið. Þetta eru reikningar frá þeim tíma sem landið er reikningslén. Í þeim eru taldar upp í byrjun þær vörur sem eru fyrir hendi á staðnum, þ.e. á Bessastöðum, Arnarstapa og Viðey. Þar eru t.d. nefndir dalir, silfur, vaðmál, smjör, fiskur, mjöl, salt, kýr og naut, kindur og lömb, danskt öl og síld, svínakjöt, fiskilínur, léreft, skinnbuxur, skinnserkir og klæði. Á móti eru útgjöldin talin upp og snerta m.a. vinnufólkið, skipshafnir konungs, vörur færðar til Kaupmannahafnar, útgjöld vegna fátækra í Viðey, skepnur sem er slátrað og smjör og vaðmál sent til Vestmannaeyja og einnig koma fyrir útgjöld vegna vínkaupa og öls. Innistæðan sem fer til næsta lénsmanns er síðan listuð upp. Þegar Henrik Krag lét af embætti afhenti hann Christoffer Valckendorf (1569–1570), sem tók við innistæðunni, vaðmál, smjör, fisk, kýr og naut, kindur og lömb, kýrskrokka, salt, línur, bik og tjöru auk hesta og tarfa.³²⁴

Hendrik Krag tók aftur við lénsmannsstarfi árið 1591 og hefur því áunnið sér traust konungsvaldsins á ný. Jónsbókin sem hann eignaðist eftir Poul Stigesen kom sér þá vel. Herragarður hans var Trenderup á Jótlandi.³²⁵

4.3.6. Christoffer Valckendorf 1569–1570 (Kristófer Valkendorf)

Erindisbréf Christoffers Valckendorf er frá 29. apríl 1569 og einnig leiðarbréf hans. Samkvæmt erindisbréfinu á hann að athuga hvort nauðsynlegt sé að breyta fyrirkomulaginu á kóngsjörðum og leigja þær gegn gjaldi. Hann á að hækka afgjaldið af klaustrunum ef mögulegt er og athuga hvort skip sigli á hafnirnar án leyfis. Hann á að bæta kjör skólameistarans fyrir norðan á Hólum og athuga hversu lengi sýslumenn og klausturhaldarar eru að ferðast til alþingis og til hafnanna til verslunar. Að lokum á hann að huga að því hvernig brennisteinsnám, auk málma, gæti komið sér sem best fyrir konung. Þegar hann hefur lokið þessu á hann að gefa konungi skýrslu um málið.³²⁶ Sú heimild hefur að því er virðist ekki varðveist. Christoffer Valckendorf var ættaður frá Glorup á Fjóni. Hann átti Jónsbók á íslensku og fékk hana að gjöf frá Skálholtsbiskupi. Hann varð lénsmaður í Bergenshus eftir Poul Hvitfeldt, auk þess sem hann hafði fleiri lén. Hann varð rentumeistari og endurskoðaði því lénsreikninga, hann átti sæti í ríkisráðinu frá 1577 og varð

³²⁴ *DRA*. Regnskaber 1559–1660. Lensregnskaber. Ekstrakter af lensregnskaber 1570–1599. Ekstrakter 1574. pk. 5. Reikningar 1566/67–1572/73, bls. 355–357.

³²⁵ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 308, 328.

³²⁶ *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 250–252.

yfirmaður allra fjármála ríkisins eða ríkishirðmeistari til dauðadags 1601.³²⁷ Hann var því afar valdamikill.

Poul Stigesen, Hendrik Krag, Christoffer Valckendorf og Johan Bocholt sem tók við af Christoffer höfðu allir sama fúgetann, Oluff Bagge Jansen (1566–1574). Hann segir sjálfur svo frá í bréfi sem hann skrifar árið 1619 Christen Friis kanslara (f. 1581 d. 1639), frænda Frederiks Friis umboðsdómara og lénsmanns árið 1619. Bagge var fúgeti Pouls Stigesen í Viðeyjarklaustri í fjögur ár, Hendriks Krag á Bessastöðum í þrjú ár og eitt ár hjá þeim Christoffer Valckendorf og Johan Bocholt, auk þess sem hann var sýslumaður í Árnassýslu í átta ár. Auk þessa virðist hann hafa verið fúgeti Brostrup Giedde löngu síðar eða árið 1599³²⁸. Orð hans verður að taka trúanleg þó íslenskar heimildir geti hans ekki sem fúgeta öll þessi ár. Erindið í bréfinu til kanslarans er beiðni um að fá að kaupa lítinn jarðarpart, Osgierde á Osgierdis-Holm (Ásgerði á Ásgerðishólma) við Arnarbæli í Árnassýslu, sem konungur hafi eignast í sakeyri. Hann segist vera búinn að vera 60 ár á Íslandi og sé orðinn gamall maður. Hann orðar bón sína þannig „ad ieg mott bekome thenne lille bolig for fornefnte rede pendinge ad ieg fatige mand motte sielff haffue nogitt ad bo paa och kome i rolighed.“ Bréfinu lýkur hann, staddur á Vífilstöðum þann 8. júlí árið 1619, með orðinu amen.³²⁹ Íslendingar hafa líka treyst Bagge því árið 1579 fer hann fyrir hönd Íslendinga með bænarskrá á fund konungs.³³⁰ Í annarri heimild segir að hann hafi búið á Nesi við Seltjörn fram til 1600 og hafi þá gerst borgari í Málmei.³³¹ Jafnvel er talið að hann hafi skrifað á Bessastöðum árið 1569 stutta Íslandslýsingu. Í handritinu er fjallað um legu landsins og segir að landið heyri undir Noreg. Fjallað er um skiptingu landsins í fjórðunga, sýslur, klaustrin talin upp og fjórðungarnir bornir saman varðandi fiskveiðar og möguleika á skepnuhaldi og öflun feitmetis. Þar segir að fjórðungarnir séu fjórir. Fyrir sunnan er Viðeyjarklaustur og Rangárvallasýsla, Árnassýsla, Gullbringusýsla og Borgarfjarðarsýsla. Segir að þessi hluti landsins sé bestur varðandi fiskveiðar á landinu en lélegastur varðandi feitmeti að undanteknu Vesturlandi. Fyrir vestan er Helgafellsklaustur og Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandasýsla, Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

³²⁷ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 309–313.

³²⁸ ÞÍ. Leyndarskjallasafn. 3. Supplem I. nr. 17. Vitnisburðarbréf um Niels Busk fúgeta og skrifara á Bessastöðum útgefið á Járngerðarstaðþingi í Grindavík 3. maí 1599.

³²⁹ ÞÍ. KA. KA/1. 8. júlí 1619. Ólafur Jansson Bagge, fyrrum umboðsmaður Kristofers Valkendorfs hirðstjóra, skrifar Christen Friis kanslara um skuldir, sem hann hafi keypt af Hamborgarkaupmönnum og um jarðakaup. Bréfið er skrifað á Vífilstöðum.

³³⁰ Jón Sigurðsson, „Lögsögumannatal og lögmanna á Íslandi“, *Safn til sögu Íslands* II, bls. 225–227.

³³¹ Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands* I (Reykjavík 1892–1896), bls. 154.

Þessi hluti landsins hefur kletta og fjöll og ber lítið af skepnum en fiskveiðar eru þar ágætar þó ekki eins góðar og fyrir sunnan. Fyrir norðan er Þingeyrarklaustur, Munkaþverárklaustur, Möðruvallaklaustur og Reynistaðaklaustur. Sýslurnar eru Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla og Norðursýsla. Þessi hluti landsins er ríkur af vænum skepnum og annarri fóðurvöru jafnvel meir en á Suðurlandi en fiskveiðar eru lélegar. Fyrir austan er Skriðuklaustur, Þykkvabæjarklaustur og Kirkjubæjarklaustur. Sýslurnar eru tvær, Austfjarðasýsla og Síðusýsla. Þessi hluti landsins er bestur í skepnuhaldi en þar eru fiskveiðarnar lélegastar. Samtals eru klaustrin 9, 7 munkaklaustur og 2 nunnuklaustur og sýslurnar eru 16. Hafnirnar eru taldar upp eftir landshlutum og sagt frá hvort höfnin væri góð, eða vond, hvers lenskt skipið væri sem sigldi á höfnina og sagt að einungis 17 skip sigli til Íslands en hafnirnar sem eru nefndar eru 33. Fjallað er um brennistein, um kirkjustjórn og tekjur presta. Einnig er sérstaklega fjallað um útgerð konungs á Bessastöðum. Fyrst er nefnt að konungi ber að útvega á alla báta, hvort sem þar réri hans eigið fólk eða aðkomufólk, einn ketil til að sjóða fisk í. Sá sem stjórnaði hverjum bát var kallaður formaður og átti hann að sjá til þess að öllum liði vel svo vel fiskaðist. Formaðurinn fékk laun á meðan vertíðin stóð, þ.e. frá St. Pouls degi 29. Janúar til Philipi Jacobi eða 1. maí, 3 dali sem jafngilti stóru hundraði álna vef. Þetta fékkst ef báturinn bar 12 manns. Ef hann ber 10 manns fær formaðurinn lítið hundrað af vef sem er einni ort minna en 3 dalir. Ef hann ber aðeins 8 manns fær formaðurinn 80 álnir af vef sem jafngildir 2 ½ dal. Eigin róðrarmenn konungs fá meðan á vertíðinni stendur 1 tunnu af mjöli, 1 vætt smjörs, 44 hráa fiska, 1 tunnu af sýru, 4 pör af sauðskinnsskóm, 3 pör af ullarvettlingum og í laun 4 álnir vaðmáls. Konungi ber að útvega aðkomumönnum sem réru á bátum hans 1 tunnu af mjöli og 1 tunnu af sýru. Til leigu á bátum greiddu þeir konungi 20 fiska af hverju hundraði og kallast sá fiskur skipsleiga. Jafnframt greiða þeir fyrir leigu af bátum jafn mikið og formaðurinn á bátum. Kallast það skipspartur eða skipshlutur. Konungur fær einnig 3 fiska af öllum mönnum sem róa og kallast það manntalsfiskur. Hverjum lausamanni sem fer á milli staða á sumrin og til fiskveiða að vetrinum ber að greiða konungi hálf hundrað fiska. Þessi fiskur kallast lausamannsfiskur. Fátækur maður sem á tvö börn eða fleiri og heldur ekki sjálfur bú reiknast sem húsmaður og borgar ekki þetta hálf hundrað. Lausamenn eða húsmenn og allir aðrir, að undanteknum fátækum mönnum og skattbændum, þeir greiða konungi 10 fiska eða jafngildi þeirra. Þessi fiskur kallast gjaftollsfiskur. Einnig kallast gjaftollsfiskar þeir tuttugu fiskar sem skattbændur greiða. Skattbóndi er sá sem er ógiftur og á 6 hundruð frítt sem samsvarar 18 dölum, hann borgar skatt. Eigi hann börn greiðir hann ekki skatt nema hann eigi 10 hundruð. Þessi skattur er 8 álnir eða jafnvirði þeirra. Þessi ofanefndi fiskur og tíund sem greidd er tel

ég³³² að eigi að skrá, hvern mann með nafni, og skrifast inn í reikninginn. Að lokum gerir höfundurinn grein fyrir tíundinni og skiptingu hennar í fjóra hluta.³³³

Þrír ofangreindra lénsmanna eða Hendrik Krag, Christoffer Valckendorf og Johan Bocholt eiga einnig sameiginlegt að vera getið í skuldaskrá rentukammers sem send var kansellíi. Skráin var tekin saman á árunum 1571–1573. Hendrik Krag á þannig úppgerða reikninga fyrir þrjú ár eða frá 1566–1569, Christoffer á eitt ár úppgert, þ.e. 1569/70 og Johan Bocholt á tvö ár úppgerð eða 1570–1572.³³⁴

Christoffer afhendir Johan Bocholt innistæðu sem inniheldur, t.d. smjör, vaðmál, fisk, mjöl, malt, kýr og naut, lömb, húðir, nautsskrokka, kindur og lambsskrokka, salt, baunir, svínakjöt, humla, grjón, járn, saum, þ.e. nagla, bik og tjöru, línur, hesta og léreft.³³⁵

Á þessu tímabili er aðaláherslan lögð á að gera upp siðaskiptin og sjá til þess að nýr siður verði tekinn upp af öllum. Mikið er fjallað um stöðu presta og afstöðu biskupa. Gerð er krafa um gerð jarðabókar og frá þessum tíma eru varðveittir elstu útdrættir lénsreikninga sem sýna að stjórnsýslan er þegar í mótun.

³³² Þ.e. Bagge.

³³³ *Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn, Det Kongelige Bibliotek* Add. 120 II. Enn liden Beretning och Undervisning och Islandtz Handell som giordt och skreffuedt ehr Anno 1569.

³³⁴ *DRA. Danske Kancelli. B. 177A. 1534–1588 Diverse Kammersager nr. 28. Restans Registre 1571–1573. Restanzer af Norge 1572 till Nytt aars dag 1573.*

³³⁵ *DRA. Regnskaber 1559–1660. Lensregnskaber. Ekstrakter af lensregnskaber 1570–1599. Ekstrakter 1574 pk. 5, reikningur 1569/70.*

Fógeti konunglegrar hátignar, sem þangað er sendur,
ég skal segja þér, hvert hann berst,
starfsgleði fær hann ekki,
heldur fæst við rifrildi og þref.
Fátt eitt gengur honum í hag
gerist hann strangur.
Klókindi og lempni hann verður að sýna
vilji hann halda líftórunni.
Marga fógeta hafa landsmenn kúgað,
þá, sem hafa haldist svo lengi.
Þeir hafa verið ráðnir af dögum með svikum,
ekki hafa landsmenn ráðist á þá opinberlega.
Ég segi, undarlegt fólk
mun vera til í þessu landi,
einþykkt og undirförlt,
bæði með munni og heitu hjarta.
Snauðari hrokabelgi hef ég ekki séð
en í þessu landi, það best ég veit.
Þeim finnst ekkert land fegurra og betra,
en það sama land sver ég við heiður minn ...

Að sumri, á Pétursmessu og Páls, er svo
að þeir allir skulu koma til þess staðar,
hvar þeir eru vanir að halda alþingi.
Þar máttu sjá þóttafulla og djarfa menn.
Þar skulu lögmenn báðir mæta
og biskuparnir, með allt sitt stáss og heiður.
Einnig allir sýslu- og lénsmenn konungs
eiga að vera þangað komnir, en
sömuleiðis lögréttumönnum af öllu landinu
ber að koma á þann stað.
Þá skal fógeti konunglegrar hátignar og umboðsmaður
setja öllu landinu lög og rétt
og krefja reikningsskila og gjalda
sem greiðast af konungslénum hvert ár.
Þar skal leggja fram öll þau stóru mál,
sem árið allt hafa ekki fengið framgang í héraði,
en skulu þá koma fyrir fógeta og lögmenn
og réttlátir dómar kveðnir upp.
Þú afbærir ekki að standa þar hjá
og sjá drambið og gortið, sem þar mun birtast.
Ég segi hér með sanni

Þetta kvæði hér til hliðar er hluti Íslandslýsingar og er talin samið af dönskum valdsmanni sem dvalist hefur á Íslandi en ártal er óvíst.³³⁶

4.4. Þróun stjórnslu. Lénsmenn 1570 (1574)–1633

Stjórnslu eflist smátt og smátt á þessu tímabili 1570–1633 og er merki um það áherslan á vörslu skjalasafns lénsins í léninu og skráningu þess þar. Hér má einnig nefna nýtt innsigli sem Íslendingar fá 1593, enda búnir að glata því eldra frá 1550, auk stofnunar yfirdóms sem dæma átti í málum áður en þau, ef til þess kom, væru send fyrir konung. Bendir það til umbóta konungs á réttarfarinu.

4.4.1. Johan Bocholt 1570–1586 (Jóhann Bocholt)

Leiðarbréf Johans Bocholt er frá árinu 1570 og er samhljóða bréfum fyrirrennara hans.³³⁷ Veitingabréfið er aftur á móti frá árinu 1574. Þar kemur fram að konungur selur honum landið á leigu fyrir 2500 dala árlegt afgangi en Bocholt átti að gera reikning fyrir tveim þriðju óvissra tekna. Þó fær konungur einn alla tolla, reka og sektir fyrir óbótamál. Lénsmáður mátti stunda verslun eins og hver annar kaupmaður en varð að selja góða vöru á sanngjörnu verði. Hann á að halda Bessastöðum og Arnarstapa í góðu standi og skila eins góðri innistæðu og þegar hann tók við. Hann á að láta þá fátæku fá það til uppeldis sem konungur hafði ákveðið. Útlendingar mega ekki stunda víðtækari verslun en konungur hefur þegar heimilað. Þegar hann skilar reikningi fyrir óvissum tekjum á hann að afhenda jarðabók og sjá til þess að jörðum konungs fækki ekki.³³⁸

Þann 26. apríl 1576 gefur konungur út nýtt veitingabréf til Bocholts. Breytingin er sú að nú á hann að greiða afgangi af vissum tekjum og skipstoll alls 3000 dali og flytja á eigin reikning og ábyrgð í rentukammer.³³⁹ Árið 1578 fær Bocholt skipun frá konungi um að taka með sér til Kaupmannahafnar allar jarðabækur yfir klaustraeignir. Slík fyrirskipun hafði áður verið send út

³³⁶ Jón Samsonarson, „Nokkur rit frá 16. og 17. öld um íslensk efni“, *Bibliotheca Arnemagnæana Vol. XXIX, Opuscula Vol. III*, (København 1967), bls. 266–267. Björk Ingimundardóttir skjalavörður snaraði á íslensku.

³³⁷ *Kancelliets brevbøger IV*, (København 1896), bls. 580.

³³⁸ *Kancelliets brevbøger V*, bls. 413–414.

³³⁹ ÞÍ. KA. KA/1. 26. apríl 1576. Lénbréf Jóhanns Bocholts höfuðsmanns í frumriti með undirskrift konungs; *Kancelliets brevbøger VI*, bls. 41.

en henni ekki sinnt. Hann á jafnframt að koma með eins mikinn fisk og skipið tekur og 1500 álnir af góðu íslensku vaðmáli sem skal dragast frá afgjaldi hans. Í bréfinu segir einnig að hann eigi að afhenda Eggerti Hannessyni meðfylgjandi bréf og fyrirskipa honum að fylgja Bocholt til Kaupmannahafnar því konungur þurfi að ná tali af honum.³⁴⁰ Um hvað hann vildi ræða við hann er óvíst. Árið 1579 fær Bocholt verslunarleyfi í Hólminum, Hafnarfirði, Straumi, Vatnsleysu, Keflavík og á Bátsöndum (Básendum). Er það leyfi veitt með þeirri tilvísan að hafnirnar liggi til Bessastaða og hafi ekki verið ráðstafað enn.³⁴¹

Enn fær Bocholt nýtt veitingarbréf 7. maí árið 1582 og er landinu þá breytt í reikningslén.³⁴² Þetta bréf og það næsta frá árinu 1586 þegar landið verður afgjaldslén eru dæmigerð fyrir veitingarbréf lénsmanna allt til ársins 1663.³⁴³ Laun Bocholts voru ákveðin 300 dalir á ári, ásamt þriðjungi sakeyris og klæðnaði handa honum og tveimur öðrum mönnum, en Bocholt skyldi sjálfur kosta ferðir sínar í konungserindum. Daginn eftir bætti konungur 200 dala þóknun árlega við launin vegna dyggrar þjónustu hans.³⁴⁴ Í veitingarbréfinu kemur m.a. fram að lénsmaður skyldi árlega gera grein fyrir vissum og óvissum tekjum landsins, að engu undanteknu, og skyldi reikningsárið teljast frá Jónsmessu til Jónsmessu (24. júní). Hann átti að skrásetja alla fiskibáta konungs og geta nafns þeirra, stærðar, hver hlutur útróðramanna væri og skipshlutur. Sýslumenn og klausturhaldarar áttu að kosta til útgerðar konungs tvo eða þrjú menn hver, auk afgjalds, allt eftir því hversu stór sýslan eða klausturumboðið væri. Þessir menn áttu að róa endurgjaldslaust á bátum konungs um vertíðina. Hann átti að leigja klaustrin gegn ákveðnu gjaldi, þannig að konungur fengi 2/3, en leigutaki 1/3 vissra tekna. Sömu reglur áttu að gilda um sýslurnar. Þó átti engin breyting að verða hjá þeim sem hefðu lífstíðarveitingu. Af óvissum tekjum sýslanna áskildi konungur sér tvo þriðju hluta.

Lénsmaðurinn átti að semja fullkomna jarðabók um allar jarðir konungs og leggja fyrir konung eða ráð hans. Ef einhverjar jarðir eða fé hefðu tapast átti hann að ná þeim aftur. Hann átti að afla sér upplýsinga um allar þær hafnir sem að fornu hefði verið siglt á, og gera nákvæma skrá yfir þær. Þetta átti hann að gera til þess að konungur gæti séð hvort skipakomur væru nægar til upphalds almúganum. Hann átti að hafa eftirlit með útlendum kaupmönnum, að þeir selji rétta vöru, og hafa yfirumsjón með kaupmönnum í Vestmannaeyjum og

³⁴⁰ *Kancelliets brevbøger* VI, bls. 353.

³⁴¹ Jón J. Aðils, *Einokunarverzlun Dana*, bls. 55.

³⁴² ÞÍ. KA. KA/1. 7. maí 1582. Lénsbréf Jóhanns Bocholts höfuðsmanns í frumriti með undirskrift og innsigli konungs; *Kancelliets Brevbøger* VII, bls. 480.

³⁴³ Sjá hér viðauka 3 uppskrift á veitingarbréfum lénsmanna.

³⁴⁴ *Kancelliets Brevbøger* VII, bls. 481.

brennisteinskaupmönnum nyrðra og láta konung vita ef þeir kæmu ekki vel fram gagnvart almúganum. Engin réttindi mátti lénsmaður veita Engendingum eða öðrum útlendingum umfram það sem konungur hafði sjálfur veitt þeim í bréfum sínum.

Lénsmaður átti árlega að koma til alþingis og styðja hvern mann að lögum og rétti, og ef einhver hefði konungs vegna eitthvað yfir að kæra átti hann að skrifa konungi þar um. Samkvæmt bréfinu er honum ekki heimilt að hindra siglingu manna af landinu og hann skyldi árlega sjá til þess að þeir þurfamenn sem hefðu framfæri sitt í Viðey fengju sitt, og fátækir prestar fengju sitt, þ.e. þá 300 dali sem konungur hafði heitið þeim, svo lengi sem ekki yrði gerð breyting þar á.

Gerð var áætlun (*forslag*) í rentukammeri yfir vissar tekjur til Bessastaða frá Jónsmessu til Jónsmessu 1582–1583.³⁴⁵ Ekki er vitað um samhengi þessa skjals við aðrar heimildir en einhver úttekt hefur farið fram í rentukammeri á Íslandi á þessum tíma. Landið var reikningslén eins og fram hefur komið og á sama tíma skrifar konungur biskupunum báðum bréf og segir þeim að koma með jarðabækur og skrár yfir eignir kirkjunnar til Kaupmannahafnar.³⁴⁶ Jafnframt er varðveitt jarðabók, sem hefst árið 1583, yfir konungsjarðir sem lágu til Bessastaða auk skrár yfir sýslurnar, klaustrin og hafnirnar m.m.³⁴⁷ Samningur Bocholts um að halda lénið sem reikningslén stóð í fjögur ár. Þá er landinu breytt í afgjaldslén með nýju veitingarbréfi Johans Bocholts 31. janúar 1586.³⁴⁸ Nú átti Bocholt að greiða 3600 dali fyrir allar vissar tekjur og gera reikning fyrir sakeyri bæði í andlegum og veraldlegum málum og fékk hann sjálfur þriðja hluta þar af. Hann á alltaf að koma í rentukammerið um leið og hann kemur frá Íslandi og greiða það sem honum ber og borga afganginn fyrir næsta föstunngang (*fastelavn*) eða páska. Bréfið er að innihaldi samhljóða fyrra bréfi, og á hann eins og áður að afhenda á næsta ári í rentukammerið jarðabók yfir allar vissar tekjur bæði af andlegu góssi sem öðru, auk skrár með nöfnum þeirra sem hafa konungsleyfi til að sigla á hafnirnar. Hann á að hafa eftirlit með því að prestarnir hagi sér eftir kirkjuskipaninni bæði í lærdómi og lifnaði. Ef þeir gera það ekki

³⁴⁵ *DRA*. D. Kancelli. B. 215. II.b. Diverse efterretninger, overslag og beregninger samt Regnskabsbilag og andre Dokumenter vedk. Rigens og Kongens Indtægter og Udgifter. 6. Island 1582/83.

³⁴⁶ *Norske Rigs-Registranter* II (Christiania 1863), bls. 463.

³⁴⁷ *AM* 459 fol. Jarðabók 1583–1616; Kr. Kålund, *Katalog over den Arnamagnæanske Håndskriftsamling* I, bls. 328; Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar sem komin eru úr opinberum skjalasöfnum á Íslandi*, bls. 42.

³⁴⁸ *ÞÍ*. KA. KA/1. 31. janúar 1586. Lénsbréf Jóhanns Bocholts höfuðsmanns í frumriti með undirskrift og innsigli konungs.

á hann ásamt biskupi að dæma þá. Einnig á hann að hafa eftirlit með að kirkjunum sé haldið í góðu ásíðkomulagi og dæma þá sem hlíta því ekki.

Ef konung vantaði fisk eða vaðmál fyrir skipshafnir sínar bar Bocholt að afhenda eins mikið og konungur þarfnadist af þessum vörum og skyldi það dragast frá afgangi hans. Fyrir hverja lest fisks fékk hann 35 dali og fyrir hverja voð vaðmáls tvo dali. Allur reki, bjarnarhúðir, hvaltennur og annað þvíumlíkt sem til félli hér á landi skyldi eingöngu vera konungi til tekna. Lénsmaður mátti ekki gera á hlut bænda og hvorki hann né fógæti hans eða annað hans fólk mátti reka verslun sem var í andstöðu við lögin eða almúganum til óheilla.³⁴⁹

Ári síðar er samningnum rift með bréfi 30. maí 1587. Konungur segir Bocholt upp lénsmannsembættinu með þeim rökum að hann, þ.e. konungurinn, haldi fjölda manns í þjónustu sinni á herskipum og í Hólminum við Kaupmannahafnarslot og því þurfi hann mikinn fisk þeim til viðurværis og geti því ekki séð af þeim fiski sem fáist af Íslandi. Hann ætlar því sjálfur að taka við landinu eða stjórn þess og kosta svo litlu til sem unnt er. Bocholt á að afhenda Peder Thomassøn væntanlegum fógæta innistæðuna á Bessastöðum og jarðabók og það annað sem eftir á að verða í landinu. Sjálfur á hann að koma í rentukammer og ganga frá reikningshaldinu.³⁵⁰ Næsta dag býður konungur Oluff Bagge fyrrum fógæta og lögmönnum báðum að vera við afhendinguna á Bessastöðum.³⁵¹ Á alþingi árið 1586 fær Bocholt frá Guðbrandi biskupi (1571–1627) afhent eintak af biblíunni en til þessa þings hafði Guðbrandur með sér 14 biblíur sem hann útdeilir á þinginu.³⁵²

Bocholt var þó ekki hættur afskiptum sínum af Íslandi. Hann varð lénsmaður á ný árið 1597. Bocholt var af þýskum aðalsættum og barðist í Sjö ára stríðinu.³⁵³

³⁴⁹ ÞÍ. KA. KA/1. 31. janúar 1586. Lénsbréf Jóhanns Bocholts höfuðsmanns í frumriti með undirskrift og innsigli konungs; *Kancelliets Brevbøger VIII*, bls. 452.

³⁵⁰ *Kancelliets Brevbøger VIII*, bls. 738–739.

³⁵¹ *Kancelliets Brevbøger VIII*, bls. 739.

³⁵² Einar G. Pétursson, „Fáein atriði um biblíuna úr Minnis- og reikningabók Guðbrands biskups“, *Árbók 1984 Landsbókasafn Íslands* 10 (1984), bls. 31.

³⁵³ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir III*, bls. 316.

4.4.2. Peder Thomassøn 1587 (Pétur Tómasson)

Veitingarbréf Peders Thomassøn (1587) er ekki varðveitt, en hann hélt landið sem reikningslén, sbr. orð konungs hér að ofan. Þetta er e.t.v. sami Peder Thomassøn sem var fógeti Laurits Kruse árið eftir eða 1588.³⁵⁴ Frekari heimildir um hann hafa ekki fundist.

4.4.3. Laurits Kruse Tygissøn til Svendstrup 1588–1591 (Lars Kruse)

Veitingarbréf Laurits Kruse var gefið út 2. september 1588 og hafði hann landið að léni frá miðju sumri 1588 til ársins 1591. Bréfið er nær samhljóða bréfum Bocholts, með fáeinum undantekningum. Afgjaldið er lækkað í 3200 dali og hélst sú upphæð óbreytt út tímabilið þau ár sem landið var afgjaldslén. Jafnframt er þess ekki getið að hann eigi að viðhalda fiskibátum konungs og annarri innistæðu eða breyta leigu á klaustra- og konungsjörðum eins og var í fyrra bréfi. Þar er þó ítrekað að hann átti að ná aftur undir krúnuna með dómi þeim jörðum og jarðapörtum sem konungur hafði misst meðan fyrri lénsmenn héldu landið.³⁵⁵

Frá hans tíð eru elstu lénsreikningarnir varðveittir með sakeyrisskrám og innistæðuskrám Bessastaða, Viðeyjar og Arnarstapa frá 1588 og 1591. Á alþingi árið 1588 var gerð samþykkt um það að landsmenn skyldu eingöngu dæma eftir íslenskum lögum og eingöngu þeim konungsbréfum sem landsmenn hefðu samþykkt.³⁵⁶ Áður en Kruse kom til Íslands hafði hann verið lénsmaður í Noregi. Ættaróðal hans var Svendstrup á Jótlandi.³⁵⁷

4.4.4. Hendrik Krag til Trenderup 1591–1595 (Henrik Krag)

Veitingarbréf Hendriks Krag (í síðara sinn) var gefið út 28. febrúar 1591 og hélt hann landið til Jónsmessu 1595. Veitingarbréf hans er að mestu samhljóða bréfi Kruse að því undanskildu að nú er tekið fram hvað felst í vissum tekjum: landskuld (á Bessastöðum), tíund, tollur af skipum

³⁵⁴ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 326–327.

³⁵⁵ *Kancelliets Brevbøger* IX, bls. 94–95.

³⁵⁶ Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, *Ríkisréttindi Íslands. Skjöl og skrif*, bls. 88–89.

³⁵⁷ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 327–328.

sem leyfi höfðu til að sigla á hafnirnar og afgjaldið af klaustrum, sýslum og umboðsjörðum. Afgjaldið af landinu átti hann að afhenda í rentukammer á eigin kostnað og áhættu.³⁵⁸

Ókyrrð var í þjóðfélaginu á þessum tíma því miklar deilur voru uppi milli Guðbrands Þorlákssonar Hólabiskups og Jóns Jónssonar lögmanns norðan og austan. Ekki verða þær deilur raktar hér en helsta ástæða þeirra var vinskapur Jóns Jónssonar og Johans Bocholt lénsmanns en Guðbrandur átti í deilum við lénsmann. Jafnframt komu hér til ýmis deilumál vegna eignarhalds á jörðum.³⁵⁹ Gekk deilan svo langt milli þeirra Guðbrands og Jóns að Henrik Krag lénsmanni var falið ásamt 24 manna yfirdómi árið 1593 að dæma um ágreining þeirra.³⁶⁰

Svo var komið árið 1592 að Íslendingar leita til konungs um ýmis málefni sem varða réttarstöðu almennt. Biskupar og prestar skrifuðu bænarskrá og óskuðu m.a. eftir leyfi til að semja nýja kirkjuskipan.³⁶¹ Einnig skrifuðu Íslendingar kæru- og bænarskrá til konungs á alþingi. Sendu þeir Jón Jónsson lögmann með hana á konungsfund, en af henni er aðeins varðveitt sjötta greinin sem fjallar um kærur á biskupa og klerkdóm vegna ofríkis þeirra og yfiringangs. Af svari konungs frá 9. maí 1593 og lagaboðum sem lesin voru á alþingi 1593 má gera sér grein fyrir innihaldi bænaskrárinnar og virðist sem að nokkur réttaróvissa hafi verið í landinu.³⁶² Í svari konungs er fjallað um þær fjórar jarðir til spítala, þ.e. Nes fyrir sunnan, Gufudal fyrir vestan í Barðastrandarsýslu, Bjarnarnes fyrir austan í Skaftafellssýslu og Glaumbæ fyrir norðan í Skagafirði, sem þegar hafa verið samþykktar af kóngi í tíð Knuds Stensen (sbr. Bessastaðasamþykkt 1555).³⁶³ Frá því máli var þó ekki gengið endanlega. Niðurstaða í málinu fáist ekki fyrr en að loknum Herradegi þar sem flestir ríkisráðsmeðlimirnir verði saman komnir. Þar muni konungur bera upp þetta erindi. Víst er að þessari skipan um spítalana var ekki endanlega komið á fyrr en með bréfi konungs árið 1652.³⁶⁴ Íslendingar hafa óskað eftir innsigli og fellst konungur á að senda þeim slíkt. Innsiglið sem Lafrids Mule lénsmaður kom með til landsins árið 1550 hefur glatast. Alþingisskrifara, sem skrifa átti niður samþykktir þingsins, hafa þeir einnig beðið um. Íslendingar hafa óskað eftir að fá einn lénsmann sem héldi embættinu til lengri tíma, væri á landinu og sem kynnti sér landslög eins og þurfa

³⁵⁸ *Kancelliets Brevbøger IX*, bls. 554–555.

³⁵⁹ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 183–184.

³⁶⁰ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 178–180.

³⁶¹ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 210.

³⁶² *Alþingisbækur Íslands II*, bls. 253–254, 355–362; Magnús Ketilsson, *Forordninger II*, bls. 150–160. Sjá hér einnig: *Landsbókasafn-Háskólabókasafn*. Gísli Baldur Róbertsson, Endurskoðun íslenskra laga á 17. öld. BA-ritgerð í sagnfræði 2000.

³⁶³ *Íslenzkt fornbréfasafn XIII*, bls. 55.

³⁶⁴ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger III*, bls. 50–51.

þætti, og samþykkir konungur það. Vegna óska um lækkun á afgangnum eða landskuld svarar konungur að ekki sé hægt að breyta því sem í jarðabókinni standi. Timbur hefur vantað og segir konungur að hann muni sjá til þess að það verði sent. Kvartað hefur verið yfir versluninni, að þýskir kaupmenn selji dýra vöru og siglt sé á of fáar hafnir. Íslendingar hafa spurt hvort ekki mætti heimila hverjum þeim sem vildi að sigla til Íslands. Svarið er að það sé ekki mögulegt en konungur lofar að sjá til þess að kaupmenn selji góða vöru og samkvæmt rétttri vigt. Áður hefur verið getið kvörtunar Íslendinga undan yfirgangi og ofríki biskupa og presta. Að lokum hafa Íslendingar kvartað yfir að lögþingið stæði aðeins í einn til tvo daga og óska eftir að það standi í að minnsta kosti átta daga.

Til að fylgja svörum sínum eftir hefur konungur þegar látið smíða innsigli sem Hendrik Krag hafði með sér til alþingis, auk konungsbréfs um að það skyldi vera í vörslu lénsmanns og notast í erindum við konung.³⁶⁵ Á innsigliinu er fluttur þorskur með kórónu yfir. Er það enn til og er nú í vörslu Þjóðminjasafns.³⁶⁶ Auk þessa hafði Hendrik Krag meðferðis konungsbréf um að alþingi skuli standa í að minnsta kosti átta daga³⁶⁷ og konungsbréf um skipan alþingisskrifara. Átti Hendrik að sjá til þess að hæfur maður yrði ráðinn og að hann fengi sæmilegt kaup fyrir. Skrifarinn átti að vera við á hverju lögþingi og skrifa upp alla dóma, konungsbréf og samþykktir þingsins eins og áður segir.³⁶⁸ Konungur hefur haft áhyggjur af réttaróvissu víðar í lénum sínum á þessu ári. Það sýnir bréf hans til lénsmanna í ríkinu, frá 9. júlí 1593, sem áður hefur verið getið um að halda skjalasöfnum lénanna í röð og reglu og afhenda þau eftirmönnum sínum við lénsmannsskipti, því að þau séu nauðsynleg við stjórn lénsins.³⁶⁹ Verður að ætla að ósk Hendriks Krag á þinginu um að fá bréf til afritunar til Bessastaða þar sem þau yrðu aðgengileg þegar þörf væri á tengist þessu bréfi kóns eins og fram hefur komið.³⁷⁰ Enn er konungur að hugsa um ástandið á Íslandi því að þann 6. desember 1593 er dagsett bréf hans um skipan yfirdóms. Bréfið er að mestu samhljóða fyrra bréfi konungs um sama efni árið 1563.³⁷¹

³⁶⁵ *Alþingisbækur Íslands* II, bls. 343–344, 357; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 153, 169–170; Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, (Reykjavík 1963), 34.

³⁶⁶ *Þjóðminjasafn (Þjms)*. nr. 4390. Innsigli 1593.

³⁶⁷ *Alþingisbækur Íslands* II, bls. 362–363; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 176.

³⁶⁸ *Alþingisbækur Íslands* II, bls. 345–346; Jón Þorkelsson, *Skrá um skjöl og bækur* III, bls. xiii; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 153, 171–172.

³⁶⁹ V.A. Secher, *Forordninger* II, bls. 647–649.

³⁷⁰ *Alþingisbækur Íslands* II, bls. 370–371.

³⁷¹ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 188–191.

Árið 1593 hefur konungur viljað að biskupar á Íslandi gerðu tillögu að nýrri kirkjuskipan sem hentaði aðstæðum í landinu og þeim lögum sem þar giltu eins og biskuparnir óskuðu eftir árið 1592 í bænarskránni til konungs. Frumvörp að slíkum kirkjulögum eru varðveitt frá árinu 1594, t.d. eftir Guðbrand Þorláksson Hólabiskup.³⁷² Eldri tillögur hafa verið til því Jón Þorkelsson Þjóðaskjalavörður telur að uppkast að nýjum kristnirétti í Jónsbókarhandritinu Gl.kl.sml. 1159, fol sé eldra og samið af þeim Ólafi Hjaltasyni Hólabiskupi (d. 1569) og Árna Gíslasyni sýslumanni í Rangárbíngi og víðar (f.1520 d.1587) fyrir árið 1569.³⁷³

Er jafnvel talið að sú hugmynd að semja nýja kirkjuskipan hafi verið hvatinn að því að Þórður Guðmundsson lögmaður setti saman erindisbréf til hreppstjóra eða skrá yfir embættisskyldur þeirra, enda málin skyld. Víðast í öðrum löndum var það kirkjan sem hafði umsjón með fátækraframsælsu og framferði fólks. Skrá Þórðar er talin samin um eða eftir 1592.³⁷⁴

Hinn 3. júlí 1594 minnir Hendrik Krag biskupa og presta á heimild þeirra til að semja nýja kirkjuskipan og skyldi hún vera tilbúin á næsta ári. Ekkert varð úr því og með bréfi 1598 fengu lénsmaður, biskupar og lögmenn um það konunglega skipun að vinna verkið. Þrátt fyrir það kom ekkert út úr því og er talið að biskuparnir hafi ekki verið sammála um hvernig taka ætti á málinu.³⁷⁵

Þrátt fyrir loforð lénsmanns á þingi 1593 um að koma boðum frá landsmönnum til konungs hefðu þeir yfir einhverju að kvarta, hafa ekki allir treyst honum. Árið 1595 fær Hendrik Krag skammarbréf frá kóngi vegna þess að Páll Pétursson³⁷⁶ hafði lagt á sig langa ferð á konungsfund en þegar til kom var ekki hægt að leysa mál hans því lénsmaður hafði ekki tekið á þeim innanlands eins og vera bæri, en eins og nefnt hefur verið var slík málsmeðferð fyrirskipuð þegar árið 1558.³⁷⁷

Engir lénsreikningar eru varðveittir frá Hendrik Krag. Tvær skrár eru varðveittar úr rentukammeri yfir afhenta lénsreikninga og þar á meðal reikninga frá Íslandi og

³⁷² *Alþingisbækur Íslands* II, bls. 441–443.

³⁷³ *AM* 1062 4to. Skrá Jóns Þorkelssonar yfir íslensk handrit í Konunglega bókasafninu; *Det kongelige bibliotek*, Gl. kgl. sml. 1159 fol. Jónsbók m.m.

³⁷⁴ Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar* I, bls. 59, 61; *Det kongelige bibliotek*, Gl. Kgl. Saml. 367a 8vo.

³⁷⁵ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 209–210.

³⁷⁶ Ekki er vitað hvaða maður það var.

³⁷⁷ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 202–204.

Vestmannaeyjum og er reikninga hans getið í hvorugri þeirra,³⁷⁸ þrátt fyrir að samkvæmt reikningum rentumeistara hafði hann skilað inn reikningi eins og honum bar.³⁷⁹ Hvenær skrárnar eru samdar er óvíst og þær hafa e.t.v. ekki verið mjög nákvæmar. Þannig getur verið að reikningar Krag hafi verið grisjaðir úr rentukammeri á árunum 1720–1725 er rýma þurfti fyrir nýjum skjölum en þá voru margir lénsreikningar grisjaðir auk annarra reikninga.³⁸⁰ Varðveitt er stutt lýsing á Henrik Krag og segir þar að hann hafi „grenslast eftir dómum sýslumanna og hvað til félli heima í héruðum því hann var mútugjarn og þáði gjarnan gjafir. Einn vetur var hann hér í landi en hafði hirðstjórn þrjú ár að þessu sinni. Mjög var hann út um ávinning, en fastheldinn. Veiddi melrakka í boga og skaut seli. Varð hann því auðugur af fé og sat síðan að sínum herragarði til dauðadags. Hans frú hét Christin Krus systir Lauritsar höfuðsmanns.“³⁸¹

4.4.5. Brostrup Giedde til Tommerup 1595–1597 (Bostrup Gedde)

Veitingarbréf Brostrup Giedde sem tók við léninu 1595 er samhljóða veitingarbréfi Hendriks Krag. Bréfið er gefið út 23. apríl 1595 og hélt hann landinu til Jónsmessu 1597.³⁸² Gjedde var af góðum ættum og átti jarðir á Skáni. Hann varð lénsmaður í Laholm á Skáni eftir veru sína á Íslandi og síðan á Gotlandi. Sonur hans var Ove Giedde (f. 1594 d. 1660) flotaforingi sem sá um kaupin á Trankebar á Indlandi fyrir Dani.³⁸³ Varðveitt er lýsing á Brostrup Giedde frá séra Eyjólfí Jónssyi á Völlum. Hún hljóðar svo; „Brostrup Gedde kom eftir Henrich Krag hæglyndur maður fasttækur þar á að lata ganga fram lög og rétt. Var eigi fyrir utan eitt ár, glaðvær maður og lítillátur, drykkjusamur og ör að veita öl og mat. Mjög mikill vexti, þykkleitur og nokkuð bláleitur með bleikt skegg lítið. Hann var ríkur herramaður átti sextíu jarðir á Skanneyo.“³⁸⁴

³⁷⁸ *DRA*. Rtk. 11.1. Ekstraktregisterbog over Brevkammeret 1555–1706, bls. 216–218; *DRA*. Rtk. 11.3. Registratur over danske regnskaber, protokoller og dokumenter 1537–1699, bls. 461–462.

³⁷⁹ *DRA*. Regnskaber 1599–1660. Rentemesterregnskaber. Indtægts- og udgiftsregnskaber 1593–1594 nr. 44, bls. 72–74.

³⁸⁰ *Vejledende Arkivregistraturer XII*. Rentekammeret I (København 1964), bls. xxi–xxii.

³⁸¹ *Lbs*. 38 fol, Um íslenska höfuðsmenn frá Eyjólfí Jónssyni á Völlum; *JS*. 64 fol. Samtíningur, minnisgreinar og uppköst að embættismannatölum á Íslandi.

³⁸² *Kancelliets Brevbøger X* (København 1910), bls. 442.

³⁸³ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 332–333.

³⁸⁴ *Lbs*. 38 fol, Um íslenska höfuðsmenn frá Eyjólfí Jónssyni á Völlum; *JS*. 64 fol. Samtíningur, minnisgreinar og uppköst að embættismannatölum á Íslandi.

Rétt áður en Giedde tók við embætti komu tvö konungsbréf, annars vegar opið bréf, eða fyrirskipun konungs (*forordning*) og hins vegar lokað bréf (*missive*) til lénsmanna og biskupa, skrifuð í mars 1595. Innihald þessara bréfa var fyrirskipun um að þeir prestar sem fengið hefðu og mundu fá í framtíðinni veitingarbréf lénsmanns fyrir prestakalli, skyldu halda því sína lífstíð. Ekki væri líðandi að aðrir gætu komið síðar og fengið veitingu fyrir sömu prestaköllum, og þannig hrakið menn af brauðum sínum. Í bréfinu til biskupa og lénsmanns eru biskupar sérstaklega áminntir um að varðveita þetta bréf svo eftirmenn þeirra geti einnig farið eftir því.³⁸⁵ Í hans tíð kom einnig konungsbréf dagsett 23. apríl 1596 þar sem lénsmanni eða fógeta hans er skipað að refsa þeim bændum sem versla við erlenda kaupmenn áður en þeir hafa greitt landskuldina.³⁸⁶

Hvaða áhrif bænarskrár (*suppliker*) Odds Þorkelssonar (d. um 1623) prests á Hofi í Vopnafirði skrifuð 1594 og Vigfúsar Þorsteinssonar (d. um 1603) sýslumanns, skrifuð að Hegranesi við Mývatn 30. júlí 1595 til konungs, hefur haft er óvíst. Þeir óska báðir eftir því að skip megi koma á Þórshöfn á Langanesi, 40 lesta skip sem komi með þarfa vöru eins og mjöl, járn og katla.³⁸⁷

Frá árinu 1599 frá 3. maí er varðveitt vitnisburðarbréf fyrir Niels Busk fógeta Giedde 1597–1599 um að hann hafi staðið sig vel í starfi og er einn þeirra sem vitnar um það Oluf Bagge fógeti Giedde að minnsta kosti árið 1599³⁸⁸, en Oluf Bagge hafði áður verið fógeti fjögurra lénsmanna á árunum 1566–1571.

4.4.6. Johan Bocholt 1597–1602 (Jóhann Bokholt)

Johan Bocholt, sá sami og var lénsmaður 1570–1586, hélt landið á ný frá Jónsmessu árið 1597 en veitingarbréfið var gefið út 10. maí það ár. Hann hélt landið til Jónsmessu árið 1602. Veitingarbréf hans er samhljóða þeim tveimur hér á undan, en auk þess var í bréfinu tekið fram, að ef hægt væri að hækka afgjaldið af klaustrum, sýslum og jörðum, hækka tolla af skipum eða auka tekjur af landinu á einhvern hátt, skyldi ágóðinn renna beint í vasa konungs. Auk þess var

³⁸⁵ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 196–201.

³⁸⁶ *Alþingisbækur Íslands* III (Reykjavík 1917–1918), bls. 82–83; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 207–209.

³⁸⁷ *DRA*. Særligt stillede landskaber og unionsriger. D.11. Island kassi nr. 1803. Supplem II. Nr. 9. Islands Handel og Fiskerie fra 1552–1668.

³⁸⁸ *ÞÍ*. Leyndarskjalasafn. 3. I. 17. Vitnisburðarbréf um Niels Busk fógeta og skrifara á Bes-sastöðum útgefið á Járngerðarþingi í Grindavík 3. maí 1599.

tekið fram í veitingarbréfinu að einu sinni skyldi eitt af skipum konungs flytja lénsmanninn til Íslands.³⁸⁹

Í hans tíð árið 1598 berst fyrirskipun konungs til lénsmanns, lögmanna og biskupa um að þeir leggi fram tillögu um breytingar á kirkjuskipaninni svo hún henti betur á Íslandi og sendi sér til athugunar og samþykkis.³⁹⁰ Ekkert varð úr að ný kirkjuskipan fæddist sem hentaði landinu betur eins og þegar er getið. En fleiri tillögur en þegar eru nefndar voru settar á blað. Tillögur Odds Einarssonar biskups (1589–1630) frá um 1600 eru varðveittar í bréfabók Gísla Oddssonar biskups frá 1631–1632. Þar segir hann m.a. að ómögulegt sé að skrifa á hverju ári upp alla kirkjureikninga og máldaga og afhenda lénsmanni eins og krafist sé í kirkjuskipaninni. Farsælla væri að lénsmaður færði þessar upplýsingar inn í eina stóra máldagabók „so hun meige liggia alla Tyma a Bessastaudum: og Hr Hoffudsmadur finni hanna þar fyrir sier og kunni ser þar epter ad leidrietta.“³⁹¹ Hvort þessar tillögur hafa borist konungi er óvíst.

Óvinátta milli æðstu manna hafði áhrif í samfélaginu og olli nokkurri réttaróvissu hjá almenningi eins og áður segir. T.d. var enginn vinskapur milli Guðbrands Hólabiskups og Johans Bocholt lénsmanns. Var það einkum vegna þess að biskup hafði klagð fyrir kóngi að lénsmaður hefði ekki látið prestana fá þá 100 ríkisdali sem konungur hafði ætlað þeim.³⁹² Á þessum árum höfðu deilur æðstu manna, þau harðindaár sem tóku við og breyting á skipan verslunarinnar með einokunarverslun árið 1602 áhrif á hag landsmanna.

Hér að framan var getið tilrauna í rentukammeri til að gera heildaryfirlit yfir tekjur og gjöld ríkisins. Í öðru slíku yfirliti frá 1600–1601 eru tekjur af Íslandi sagðar samkvæmt jarðabók 4909 dalir. Johan Bocholt er veitt lénið „ad gratiam“³⁹³ og greiðir af því árlegt afgjald 3200 dali. Auk þess geri hann reikning yfir óvissar tekjur sem lénsmaður fær einn þriðja af. Jafnframt færslu um Ísland er Vestmannaeyja sérstaklega getið í yfirlitinu enda ekki rekið með léninu Íslandi eins og áður segir.³⁹⁴

³⁸⁹ *Kancelliets Brevbøger XI* (København 1913), bls. 156–158.

³⁹⁰ ÞÍ. Skjalasafn stiftamtmanns III. nr. 3. 24. apríl 1598. Konungsbréf til höfuðsmanns, biskupa og lögmanna þar sem viðtakendum er boðið að fá til með sér nokkra hina bestu og virtustu menn í landinu að lagfæra kirkjuskipanina þannig að hún henti á Íslandi; *Lovsamling for Island I*, bls. 136–137; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 209–210.

³⁹¹ *AM 245 4to*. Bréfabók Gísla biskups Oddssonar 1631–1632, bls. 94–95.

³⁹² Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir III*, bls. 347–348; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 183.

³⁹³ Merkir í grunninn í þökk/í náð. Hvort hér er átt við í þakklætisskyni eða náðarsamlegast er óvíst.

³⁹⁴ *DRA. D. Kancelli B. 202a*. Overslag over Rigens Indtægt og udgift 1600–1601.

Í yfirliti dagsettu 10. nóvember 1601 eru sömu tölur gefnar upp en auk þess gerð athugasemd eða gefin skýring á hafnartollinum sem þeir útlensku kaupmenn af Lýbek, Hamborg, Brimum og Oldenborg greiddu, þ.e. einn „portúgalöse“³⁹⁵ af hverri höfn. Þennan toll hafi lénsmennirnir fengið og reiknast hann inn í afgang þeirra. Nú hefur konungur veitt þessa sömu verslun undirsátum sínum í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri til að njóta og halda eins og útlendingarnir gerðu áður. Auk þess að nefna Vestmannaeyjar eins og áður, er Eyjafjarðar sérstaklega getið. Konungur hefur veitt Søffren Andersen, Christen Wiibe, Michel Wiibe, Søffren Inngmann, Jacob Brennder, Johanni Ergenndorff og Peder Anndersen borgurum úti í Kaupmannahöfn leyfi til að sigla á þessar hafnir. Leyfið gildir í fjögur ár og er dagsett 2. apríl 1598. Þeir greiði konungi brennistein sem nemur eitt hundrað dölum fyrir leyfið.³⁹⁶

4.4.7. Enevold Kruse til Vingegaard 1602–1606 (Enevold Krúse)

Veitingarbréf Enevolds Kruse var gefið út 15. apríl árið 1602 og hélt hann landið frá Jónsmessu það ár til ársins 1606. Bréfið er samhljóða bréfi Bocholts.³⁹⁷ Hann er lénsmaður á Íslandi þegar einokunarversluninni er komið á og afar harðir vetur ganga yfir landið með felli á fé og mönnum. Hér verður ekki fjallað sérstaklega um verslunarmál enda hafa aðrir gert það ítarlega, eins og nefnt var í inngangi.³⁹⁸ Rétt er þó að geta bréfs konungs árið 1603 þar sem blátt bann er lagt við verslun Hamborgara, þeir hafi einungis rétt til að innheimta skuldir frá fyrra ári en megi engan kaupskap hafa. Dæmi séu þó um að þeir hafi virt bannið að vettugi viðs vegar á landinu og þurfi lénsmaður að fylgjast vel með því.³⁹⁹

Árið 1604 biðja landsmenn Enevold Kruse að bera upp við konung kvartanir vegna verslunarinnar og þeirra harðinda sem gengið höfðu yfir landið. Einnig sendu lögmenn slík bréf af alþingi. Í veitingarbréfum lénsmanna er tekið fram að þeir eiga að hafa eftirlit með versluninni. Í bréfi konungs um verslunareinokunina frá 16. apríl 1602 er þess sérstaklega getið að kaupmenn verði að fylgja boði lénsmanns og vera honum hlýðnir í öllum málum, auk þess

³⁹⁵ Portúgölsk mynt, 20–22 ríkisdalir.

³⁹⁶ *DRA*. D. Kancelli B. 202b. Overslag over Rigens Indtægt og udgift 1601.

³⁹⁷ *Kancelliets Brevbøger XI*, bls. 717.

³⁹⁸ Jón J. Aðils, *Einokunarverzlun Dana á Íslandi*.

³⁹⁹ *Alþingisbækur Íslands III*, bls. 291–295.

sem þeir eigi að afhenda honum afgangið af höfnunum, þá 16 dali sem greiðast skyldu árlega.⁴⁰⁰ Þann 24. desember 1602 luku rentumeistararnir við nýtt yfirlit yfir tekjur og gjöld ríkisins. Engin breyting er á upplýsingunum um Ísland frá yfirlitunum 1600 og 1601, að því undanskildu að nú heitir lénsmaðurinn Enevold Kruse og varðandi veitingu hafnanna í Eyjafirði segir að sá samningur hafi runnið út 2. apríl síðastliðinn og hafi kaupmennirnir á þeim fjórum árum sem liðin eru afhent brennistein fyrir allt að eitt hundrað dali.⁴⁰¹ Er talið að Guðbrandur biskup hafi skrifað varnarrit sitt til Kruse árið 1602 en ekki til Herluf Daa árið 1606 eins og einnig hefur verið haldið fram.⁴⁰² Með varnarritinu vildi biskup upplýsa nýjan lénsmann um ástand mála í landinu og stöðu sína í því samhengi.

Enevold Kruse var skyldur Laurits Kruse lénsmanni 1588–1591. Óðal hans var Vingegaard á Jótlandi. Hann var höfuðsmaður á skipum konungs og varð eftir veru sína á Íslandi landsdómari á norður Jótlandi og fékk tvö auðug klaustur þar að léni.⁴⁰³

4.4.8. Herluf Trolle Daa til Snedinge 1606–1619 (Herluf Daa)

Herluf Daa fékk Ísland að léni frá 1. maí árið 1606, en veitingarbréfið er gefið út 2. maí sama ár. Hann var lénsmaður á landinu til ársins 1619. Bréf hans er samhljóða bréfi Bocholts nema nú er því fyrirkomulagi komið á, að frá afganginu skuli dragast sá eini „potúgalóstollur“ sem erlendir kaupmenn sem sigldu á landið hefðu greitt, en danskir kaupmenn greiði ekki. Auk þess voru felldar burt greinar um að eitt af skipum konungs skyldi flytja lénsmanninn til landsins, að lénsmaðurinn afhenti skrá yfir þá menn sem leyfi höfðu til að sigla á hafnirnar og að lénsmaðurinn hefði eftirlit með þeim skipshöfnum konungs sem sendar voru til Vestmannaeyja og norður fyrir Ísland eftir brennisteini.⁴⁰⁴

Auk þess að sinna landsmálum áttu lénsmenn að sjá til þess að eignir konungs rýrnuðu ekki og að halda konungi upplýstum um gang mála. Því fékk Herluf Daa bréf konungs 24.

⁴⁰⁰ *Alþingisbækur Íslands* III, bls. 253–255.

⁴⁰¹ *DRA*. D. Kancelli B. 202c. Rigens Indtægt og udgift 1602.

⁴⁰² Arnljótur Ólafsson, „Varnarrit Guðbrands biskups á Hólum“, *Safn til sögu Íslands* II, bls. 328–333.

⁴⁰³ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 366–367.

⁴⁰⁴ *Kancelliets Brevbøger* XII (København 1915), bls. 423; *Alþingisbækur Íslands* IV (Reykjavík 1920–1924), bls. 445–448.

febrúar 1609 þar sem segir að hann eigi að sjá til þess að geldfé og önnur ónauðsynleg innistæða liggi ekki á klaustrunum. Hana á að selja og færa konungi til tekna.⁴⁰⁵

Svo virðist sem sú venja hafi skapast að veitingarbréf lénsmanns fyrir sýslum, klaustrum og umboðsjörðum hafi aðeins gilt þann tíma sem sá tiltekni lénsmaður sat í embætti. Þetta gat eðlilega valdið vandræðum því hvítleitt var að vita ekki hversu lengi menn héldu þeim jörðum sem þeir höfðu fest sér. Árið 1607 kom konungsbréf sem kvað á um að veitingarbréf sem lénsmaður hafði gefið út gildi fyrir lífstíð. Menn verði þó að halda lögin og konungur áskilur sér rétt til að gera breytingu á þessari skipun ef svo ber undir.⁴⁰⁶

Sama ár, 1607, kom konungsbréf um störf lögmanna. Finnst konungi þeir ekki sinna vinnu sinni nægilega vel og segir að þeir dæmi ekki þau mál sem löglega eru lögð fyrir þá. Þeir eigi að halda sig að verki og sjá til þess að mál dragist ekki á langinn.⁴⁰⁷ Á bréfinu stendur að það hafi aftur verið lesið upp á alþingi árið 1682.

Árið 1609 þann 25. febrúar ákveður konungur að lénsmaður skuli skipa sérstakan sýslumann í Vestmannaeyjum, þó það sé sérstakt lén, og á hann að taka af honum eiða eins og venja sé. Hér er konungur að vísa til lagaboðs frá 1558 sem áður hefur verið nefnt.⁴⁰⁸ Slíkt var þó alls ekki venja og er þetta sennilega fyrsta bréfið þar sem þess er krafist að sýslumaður sverji eið.⁴⁰⁹ Þannig bendir Magnús Ketilsson sýslumaður á 18. öld á að enda þótt alþingi hafi verið lengt úr 2–3 dögum í 8 daga árið 1592 sjáist af lögmansbréfinu hér að ofan að málum sé þrátt fyrir það vísað heim í hérað. Af þessu ályktar Magnús að réttarfarið hafi verið slæmt á þessum árum. Og kirkjan sé ekkert betri og vísar hann þá til bréfsins 1595 um lífstíðarveitingu fyrir prestaköllum sem áður er getið. Deilurnar milli Guðbrands biskups, Johans Bocholt lénsmanns og Jóns Jónssonar lögmans og síðar milli Odds biskups Einarssonar (1589–1630) og Herlufs Daa lénsmanns, auk breytingar á versluninni og slæms tíðarfars hafi haft sín áhrif.⁴¹⁰ Hér vísar Magnús til deilna Odds biskups og Herlufs Daa en þannig var komið árið 1618 að konungur sendi tvo umboðsdómara til Íslands. Erindi þeirra var að dæma um ýmis ágreiningsmál sem upp höfðu komið í tíð Herlufs Daa og klöguð höfðu verið fyrir konungi. Er talið að undirrótin

⁴⁰⁵ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 247–248.

⁴⁰⁶ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 239–240.

⁴⁰⁷ *ÞÍ*. Skjalasafn stiftamtmanns III, nr. 3. 14. apríl 1607. Opið konungsbréf þar sem lögmönnum er boðið að hraða rannsókn og dómi í öllum málum sem fyrir þá er löglega stefnt; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 241–243; *Lovsamling for Island I*, bls. 148–149.

⁴⁰⁸ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 246–247.

⁴⁰⁹ Hjálmar Vilhjálmsson, „Sýslumenn á Jónsbókartímabilinu 1264–1737“, bls. 13.

⁴¹⁰ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 243.

hafi verið ósætti á milli lénsmanns og Odds Einarssonar biskups, þó ekki sé það vitað með vissu. Árni Oddsson sonur biskups og síðar lögmaður (f. 1592 d. 1665) fór á fund konungs og klagði Herluf. Einnig hafði Herluf Daa skrifað konungi og lýst fyrir honum drykkjuskap sýslumanna og valdsmanna á alþingi og á héraðsþingum og hvernig að hans mati væri vegna þessa brotið á rétti fátækra. Þegar lögmenn reki slíkar fyllibyttur burt hlýði þeir því ekki eða komi skömmu síðar til baka enn fyllri og galnari. Þetta sé andstætt íslenskum lögum og recessnum.⁴¹¹

Umboðsdómurinum var ætlað að rannsaka heimildir Herlufs Daa fyrir giftingum skyldmenna í þriðja lið og svikin loforð hans vegna vonar- og veitingarbréfa fyrir prestaköllum. Einnig opið bréf sem hann hafði skrifað um að þær konur sem ekki vildu segja til um föður barns síns skyldu þíndar til sagna, en slíkt var andstætt íslenskum lögum (Stóradómi) og veitingarbréfi hans þar sem segir að hann eigi að halda mönnum við lög og rétt. Þeir áttu einnig að athuga ástand skóla og kirkna í landinu, athuga hvort rétt væri að Daa hafi fengið mönnum vonarbréf fyrir prestakalli gegn greiðslu og þegið gjafir fyrir, og einnig áttu þeir að athuga vörugæði og verðlag kaupmanna sem biskupar, prestar og almúginn höfðu klagð yfir.⁴¹²

Þeirra fyrsta verk var þó, og sem rekja má til bréfs Herlufs Daa til konungs, að senda út opið bréf til Íslendinga. Í því bréfi eru allir þeir sem töldu sig hafa verið órétti beittir af valdsmönnum, lénsmönum, fógetum þeirra, lögmönnum, sýslumönnum og biskupum, hvattir til að koma til alþingis og gera þeim grein fyrir málavöxtum.⁴¹³ Margir brugðust við og leituðu réttar síns á alþingi. Málin fjölluðu m.a um arfskipti, eignarhald á jörðum, missætti milli manna, og um ógoldnar skuldir. Á alþingi þetta ár dæmdu umboðsdómararnir marga dóma, m.a. nokkra líflátsdóma vegna hórdóms, og Jón Sigurðsson lögmaður (1606–1618) missti embættið af sömu ástæðu. Fimmtán mál voru enn óafgreidd þegar þeir sigldu af landi brott eftir alþingi.

Þegar til Danmerkur kom skrifuðu þeir skýrslu um ferðina og lögðu fyrir konung og eru í henni tíunduð brot Daa.⁴¹⁴ Herluf Daa þurfti að svara skriflega ákæruatriðum um giftingarleyfi í þriðja lið, um vonar- og veitingarbréf fyrir prestsembættum, um sýsluveitingar sem hann hafði rift, um fyrirmæli um konur sem ekki vildu segja til faðernis barns síns og loks um bætur sem hann hafði tekið við frá Jóni Sigurðssyni lögmanni áður en dómur gekk í máli hans.⁴¹⁵

⁴¹¹ *Alþingisbækur Íslands IV*, bls. 325–328.

⁴¹² *Alþingisbækur Íslands IV*, bls. 377–381.

⁴¹³ *Alþingisbækur Íslands IV*, bls. 382–385.

⁴¹⁴ *Alþingisbækur Íslands IV*, bls. 455–462.

⁴¹⁵ *Alþingisbækur Íslands IV*, bls. 462–470.

Herluf Daa segir m.a. vegna hjúskaparleyfanna að eitt sé veitt í samráði við kanslara konungs og konungi fært til tekna leyfisgjaldið, annað leyfi hafi fógæti hans gefið út árið 1611 meðan hann sjálfur var í hernaði með konungi og þá í samráði við Hólabiskup og gjaldið fært konungi til tekna. Erfiðast var að svara fyrir hjúskaparleyfi sem hann sagðist aldrei beinlínis hafa veitt heldur aðeins heimild til prests um að gefa fólkið saman. Það var með því skilyrði að þau reyndust ekki of skyld samkvæmt lögum og við leyfisgjaldinu tók hann ekki.

Um vonarbréf og veitingar á prestaköllum segir hann að mikil ásókn prestsefna væri til sín þegar hann kæmi til landsins. Vegna þess hefði hann gripið til þess ráðs að gefa slík bréf út með því skilyrði að sóknarmenn vildu taka við prestsefninu og að biskup vildi vígja þá og sé það í samræmi við kirkjuskipanina. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við slík vinnubrögð fyrir en nú þegar biskupar leggi fæð á sig fyrir afskipti sín af skólum og kirkjum. Sé þeim með þessu fyrirkomulagi gert erfiðara fyrir að troða frændum sínum, bræðrum og sonum í bestu prestaköllin eins og þeir væru vanir.

Umboðsjarðir og sýslujarðir sem hann var sakaður um að hafa tekið af tveimur mönnum, segist hann hafa tekið því þeir stóðu ekki í skilum og áttu ekki nægilegt fé fyrir afgangnum. Um faðernislýsingarnar segir hann að hann hafi neyðst til að gefa þær út samkvæmt beiðni Íslendinga en á þeim tíma hafi konungur verið í hernaði og því hafi hann ekki náð til hans. Um móttöku á bótum Jóns Sigurðssonar lögmanns fyrir hórdómsbrot í annað sinn segir hann að sé löglegt samkvæmt Stóradómi þar sem tiltekna eru ákveðnar bætur vegna hórdómsbrota dómalaust.

Í bréfi sínu getur hann að lokum um að hann hafi á alþingi í viðurvist umboðsdómaranna skorað á alla sem teldu sig hafa kærur á hendur sér eða fógæta sinna vegna ofbeldis, rangsleitni, ólöglegra skatta eða annarra álagna að gefa sig fram svo hægt verði að dæma í málinu.⁴¹⁶

Umboðsdómararnir fengu tækifæri til að svara Herluf Daa og þar eru endurteknar fyrri ásakanir og telja þeir svör Herlufs Daa að mestu undanbrögð.⁴¹⁷ Málalok urðu þau að Herluf Daa var sviptur embætti og varð að greiða konungi háar sektir.⁴¹⁸

Síðasta veturinn sem Herluf Daa var í embætti varð það óhapp að kirkjan á Bessastöðum skemmdist mikið í miklu óveðri. Hinn 12. júlí sumarið 1619 voru sex úttektarmenn kallaðir til af Andres Hanssøn fógæta Frederiks Friis, til að gera grein fyrir þeim skaða sem kirkjan hafði orðið fyrir, eftir þeirra skynsemi (*til að skoda og epter wore Skynsemi grein á gióre*). Viðstaddir

⁴¹⁶ *Alþingisbækur Íslands IV*, bls. 462–470; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir III*, bls. 406–409.

⁴¹⁷ *Alþingisbækur Íslands IV*, bls. 470–474.

⁴¹⁸ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir III*, bls. 409.

voru einnig fógetarnir Lauritz Rasmussen (1616, 1618–1619) og Hans Mandixen (1618–1619) fyrir hönd húsbónda síns Herluf Daa. Niðurstaða úttektarmanna var sú að kirkjan væri ónýtt en gæti e.t.v. staðið þetta árið.⁴¹⁹ Herluf Daa hafði látið gera altaristöflu árið 1616 í þessa kirkju sem varð ekki fyrir skaða.⁴²⁰

Herluf Trolle Daa kenndi sig við herragarðinn Snedinge í Slagelse á Sjálandi sem var í eigu ættar hans. Hann var aðmírall, eða yfirflotaforingi, og sigldi sem slíkur í flotafor til Rússlands árið 1602.⁴²¹

4.4.9. Frederik Friis til Hesselager á Fjóni 1619 (Friðrik Friis)

Frederik Friis var skipaður lénsmaður í stað Herlufs Daa. Hann var af göfugri ætt og bar ættaróðalið nafnið Hesselager á Fjóni. Höfðu ættmenn hans verið kanslarar þriggja konunga. Hann átti að verða embættismaður eins og margir frændur hans og starfaði í kansellíinu. Hann var annar umboðsdómaranna sem hingað komu árið 1618.⁴²²

Veitingarbréf Frederiks Friis, en hann hélt landið frá Jónsmessu 1619, var gefið út 23. mars 1619. Það er samhljóða bréfi Herlufs Daa að öðru leyti en því að lénsmanni er fyrirskipað að fylgjast árlega með því hvernig kaupmenn fari að ráði sínu og gæta þess að þeir beiti landsmenn engum ójöfnuði. Jafnframt er í bréfinu tekið fram að lénsmaður á að sigla með öll afgjöld af landinu, bæði fisk og annað, og er bannað að selja vörurnar annars staðar en í Kaupmannahöfn.⁴²³

Friis varð ekki langlífur í embætti, lifði aðeins í þrjá daga eftir komu sína til landsins sumarið 1619. Á alþingi las fógeti hans Anders Hanssøn upp þær fyrirskipanir og ákvarðanir konungs sem Frederik Friis hafði verið ætlað að fylgja eftir. Nokkuð má ráða af bréfi Gísla Hákonarsonar lögmanns til konungs hvað fram fór á alþingi þetta ár. Konungur hefur fyrirskipað að eigendur jarða skyldu greiða tíund. Þetta sætta menn sig ekki við og vilja að sú

⁴¹⁹ ÞÍ. KA. KA/1. 12. júlí 1619. Skoðunargerð sex manna á skemmdum, sem urðu á Bessastaða-kirkju af völdum ofviðris, undirrituð af Ólafi Jónssyni, Guðmundi Gíslasyni og Jakobi Hannessyni.

⁴²⁰ *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 347–348.

⁴²¹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir III*, bls. 369–370; *Dansk biografisk leksikon IV* (København 1890), bls. 130–131.

⁴²² Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir III*, bls. 412.

⁴²³ *Norske Rigs-Registranter V* (Christiania 1874), bls. 11; *Alþingisbækur Íslands IV*, bls. 483–486.

hefð haldist að leiguliðar sem héldu jarðirnar greiddu tíundina. Konungur vill að þeir sem hafi fengið lífstíðarábúð á bændajörðum haldi henni. Þetta var samþykkt á alþingi með því skilyrði að íslensk lög verði virt og eigendur jarðanna mættu eins og hingað til byggja jarðirnar, leigja þær og ráða þeim. Konungur vill ekki að landskuld verði hækkuð á krúnunnar og kóngsins jörðum og samþykkja menn það „huad vier med allri audmyckett. vndirgiefni og þacklæti þiggia vilium“.⁴²⁴

Einnig skipar konungur svo fyrir að allir sýslumenn skuli sverja embættiseið þeim lénsmanni sem hefði landið að léni hverju sinni. Þetta samþykktu menn auðmjúklega og handsöluðu loforð sitt við fógetann Anders Hanssøn og í viðurvist lögmannna og lögréttumanna um að það skyldu þeir gera þegar lénsmaður kæmi til landsins. Að síðustu er getið konungsbréfs um letingja, ómennskudrengi og lausamenn. Vætanlegur lénsmaður átti að sjá til þess að þeim væri haldið við ærlegt handverk svo þeir gætu bjargast. Vegna þessa bréfs var samþykkt á þinginu að sýslumenn sæju til þess að menn hlýði konungsbréfinu svo engin ólög viðgengjust í sýslunum. Þeir sem óhlýðnuðust þessu yrðu dæmdir samkvæmt lögum og gömlum dómum.

Fleiri bréf hafa verið lesin upp t.d. veitingarbréf Frederiks Friis, bréf vegna Guðbrands biskups og hans vanhæfa skólameistara sem honum sé óheimilt að halda, en ekki kemur fram í skjalinu fyrir hvað hann er vanhæfur. Bréf um þær persónur sem giftst hafa í þriðja lið, um vöruverð í Vestmannaeyjum og kaupskap og að fjórir skynsömustu menn landsins sigli til Kaupmannahafnar vegna verslunarinnar. Einnig bréf um afsetningu Jóns Sigurðssonar lögmanns og að menn fari af Íslandi til að leita Grænlands.⁴²⁵ Eitt bréf enn hefur Frederik Friis haft meðferðis til biskupanna um samningu jarðabókar.⁴²⁶

Þann 16. desember 1619 var fyrsti verslunartaxtinn gefinn út fyrir Ísland. Samkvæmt honum á lénsmaður á Bessastöðum að varðveita þá nýju vog og mæli sem miða átti við og fara eftir.⁴²⁷

⁴²⁴ *Alþingisbækur Íslands* IV, bls. 501.

⁴²⁵ *Alþingisbækur Íslands* IV, bls. 479–502.

⁴²⁶ ÞÍ. Skjalasafn Stiftamtmanns III. nr. 3, 22. apríl 1619. Konungsbréf til biskupa í eftirriti þar sem þeim er boðið að afhenda höfuðsmanni árlega rétta jarðabók yfir allar tekjur dómkirknanna; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 276.

⁴²⁷ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 299; *Lovsamling for Island* I, bls. 184–194.

4.4.10. Holger Rosenkrantz 1620–1633 (Holgeir Rosenkrants)

Fyrri veitingarbréf Holgers Rosenkrantz var gefið út 27. febrúar árið 1620 og er bréfið eins og bréf forvera hans í embætti.⁴²⁸ Veitingarbréfið var endurnýjað 30. apríl árið 1622, með þeirri viðbót að lénsmaður skyldi árlega leggja inn í klæðabúr konungs í Kaupmannahöfn 2400 álnir vaðmála og 700 pör sokka, gegn sanngjörnu verði sem draga átti frá afgjaldinu.⁴²⁹

Árið 1622 sendir konungur bréf til Íslands þar sem hann, m.a. vegna ýmissa klögumála um framferði og óhlýðni presta, ítrekar að norska kirkjuskipanin frá 1607 skuli gilda á Íslandi.⁴³⁰ Íslendingum hafði ekki lánast að semja nýja kirkjuskipan sem hentaði á Íslandi eins og getið hefur verið. Í þessari norsku kirkjuskipan eru skýr ákvæði um að bæði við dómkirkjur og á kóngsgarði skuli liggja skrá yfir jarðir og landskuld allra kirkna. Hver kirkja á að halda sérstaka bók, nefnd kirkjustóll, yfir sínar eignir og reikningshald. Auk þessa skulu lénsmaður og biskupar athuga alla innistæðu kirkna og láta skrifa inn í sérstakar bækur.⁴³¹

Á sama ári, 1622, kom opið bréf til lénsmanns sem lesið var upp á alþingi 1623 og kvað á um að við sölu jarða skyldu þær fyrst bjóðast frændum áður en þær yrðu boðnar öðrum. Lögmönnum, sýslumönnum og öðrum sem sitja í dómarsæti er bannað að ásælast með þrætum jarðir eða eignir sem deilur standa um og að það sé landráðasök að beita ofbeldi við stefnur eða koma með miklum liðsafnaði til þinga vegna stefnanna. Ekkjum er heimilt að halda hús og býli sem eiginmenn þeirra hafi fest svo framarlega sem þær haldi þeim við og greiði rétt afgjald. Jafnframt er áréttað að alls timburs til viðhalds afli menn sér sjálfir, jafnt ekkjur sem aðrir og að lokum er bannað að rífa hús og byggingar án heimildar.⁴³²

Svo virðist sem Holger Rosenkrantz lénsmaður hafi haft áhuga á skjalavörslu því 2. júlí árið 1624 skrifaði hann Arngrími Jónssyni lærða (f. 1568 d. 1648) bréf vegna veikinda Guðbrands biskups. Þar segir m.a. að Arngrímur skuli „með ráði og viðurvist ráðsmannsins,

⁴²⁸ *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 2–5.

⁴²⁹ *ÞÍ. Rtk. F/3. Lénsreikningar. Veitingarbréf, kvittanir og skrár yfir fylgifé frá Holger Rosenkrantz 1620–1633; Páll Eggert Ólason, *Menn og Menntir III*, bls. 200.*

⁴³⁰ *Lovsamling for Island I*, bls. 206–208.

⁴³¹ *Lovsamling for Island I*, bls. 160–161.

⁴³² *Lovsamling for Island I*, bls. 209–211. Sjá einnig Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 326–330.

skólameistarans og kirkjuprestsins, saman safna öllum dómkirkjunnar og stólsins bréfum, og leggja þau í góða geymslu, svo ekkert forsómist, þar til guð gefur bót á þessum veikleika.⁴³³

Holger Rosenkrantz byggði upp kirkjuna á Bessastöðum⁴³⁴ en er frægastur í Íslandssögunni fyrir viðbrögð sín við Tyrkjaráninu árið 1627 ef sagan á við rök að styðjast. Segir að þegar skip ræningjanna stóð á skeri við Bessastaði og gott tækifæri gafst til að handsama þá hafi hann harðneitað að reyna það og haft hest söðlaðan bak við hús á Bessastöðum, tilbúinn að forða sér ef í hart færi. Draga verður þessa frásögn í efa þar sem konungur sá ekki ástæðu til að gagnrýna viðbrögð hans og setti hann sama haust yfir flota Dana á Eyrarsundi í stríði þeirra við þýska keisarann Ferdinand II (1619–1637).⁴³⁵

Nokkru fyrr, eða árið 1624, barst Holger Rosenkrantz bréf konungs þar sem óskað var eftir stríðsskatti af Íslandi. Konungur gaf þennan skatt eftir ári síðar, enda höfðu Íslendingar kvartað yfir honum.⁴³⁶ Holger er einn þeirra lénsmanna sem nefndir eru í skuldaskrá rentukammers sem send var kansellí til upplýsingar 16. ágúst 1624. Hann er á eftir með reikningshaldið árið 1623 og einnig árið 1624 en nær þó að greiða inn á skuldina 22. júlí rétt áður en skráin er send kansellí. Í skuldaskrá ársins 1629 sést að hann hefur ekki gengið frá reikningshaldi sínu fyrir árin 1627–1629 og á eftir að greiða afgangið fyrir þessi tvö ár.⁴³⁷ Í yfirliti rentumeistara yfir tekjur og gjöld ríkisins árið 1630 segir að samkvæmt jarðabókinni á Íslandi fáist árlega 3200 dalir sem er afgangur lénsmanns. Auk þess eru til inntektar færðar nokkrar jarðir sem hefur verið makaskipt frá Bessastöðum og lagðar undir Visby á Gotlandi (Wissbye Slott), þ.e. 5 ríkisdalir.⁴³⁸ Summan er því í peningum 3205 ríkisdalir. Frá þessu dragast síðan þeir 20 „portúgalóser“ sem þeir þýsku greiddu meira af hverri höfn en þeir dönsku gera sem samkvæmt reikningnum er 360 ríkisdalir. Því getur konungur fengið af Íslandi í

⁴³³ Jón Halldórsson: „Hirðstjóraannáll“, *Safn til sögu Íslands* II, bls. 734.

⁴³⁴ *Alþingisbækur Íslands* V, bls. 347–348.

⁴³⁵ Páll Eggert Ólason, *Menn og Menntir* III, bls. 421. Sjá almennt um Holger Rosenkrantz og viðbrögð hans, Halldór Baldursson, „Holger Rosenkrantz höfuðsmaður og atlagi Tyrkja að Seilunni 1627“, *Landnám Íngólfs. Nýtt safn til sögu þess* 5 (1996), bls. 110–120. Sjá einnig Þorsteinn Helgason, *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins* (Reykjavík 2013), bls. 130–132.

⁴³⁶ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 346–347.

⁴³⁷ *DRA*. D. Kancelli. B. 145. Restancelister for Danmark, Hertugdømmerne og Norge, indsendt fra Rentekammeret 1618–47, 1623, 1624, 1629.

⁴³⁸ Í Visby er varðveitt eintak af Jónsbók. Carl-Otte Von Sydow og Finnbogi Guðmundsson, „Af

Jónsbókareintaki í Visby“ *Árbók 1984. Landsbókasafn Íslands* 10 (1986), bls. 44–49.

peningum 2845 ríkisdali. Auk þess fær konungur af Vestmannaeyjum frá borgurum Kaupmannahafnar 800 ríkisdali.⁴³⁹

Um þetta leyti, það er u.þ.b. frá árinu 1630, hefur lénsmaður eða fógæti hans sett saman svonefndan „kort ekstrakt“ sem er afar nákvæmt yfirlit um tekjur og gjöld lénsmanns á Íslandi.⁴⁴⁰ Þetta yfirlit fylgir ekki með lénsreikningum Holgers Rosenkrantz heldur hefur það varðveist í leyndarskjalasafni konungs ásamt skjölum sem m.a. varða upplýsingaöflun Pros Mund árið 1636 sem getið verður hér á eftir.⁴⁴¹ Venjulega fylgja slíkir útdrættir ekki íslenskum lénsreikningum og tíðkast varla þann tíma sem Ísland var afgjaldslén. Tilefni samningar þessa skjals gæti verið ofangreint yfirlit um tekjur ríkisins 1630. Fleiri skjöl gætu hafa verið sett saman af sama tilefni. Eitt þeirra er skrá yfir afgjald af sýslum, klaustrum og öðrum umboðsjörðum þar sem tekið er fram hverjir halda þær. Skjalið er ótímasett en í því er Gísli Hákonarsonar lögmanns getið, en fram kemur að hann haldi Rangárvallasýslu fría fyrir lögmannsstörf. Gísli var lögmaður 1614–1631 svo skjalið er örugglega frá því tímabili.⁴⁴²

Í ekstraktinum er yfirlit yfir tekjur og gjöld lénsmanns svo að hann geti nokkurn veginn vitað hvaða tekjur hann hefur af léninu. Þetta skjal er skrifað til upplýsingar fyrir lénsmann og hugsanlega einnig fyrir endurskoðunina í rentukammeri. Byrjað er að telja upp afgjöld sýslanna og nákvæmlega farið yfir tekjur af Gullbringusýslu, afgjöld af klaustrum og af umboðsjörðunum. Á móti eru síðan gjöldin sem lénsmaður þarf að greiða af tekjunum. Þar er m.a. talið afgjaldið af landinu 3200 ríkisdalir, laun fógætans 70 álnir eða sem reiknaðist 80 ríkisdalir auk launa þjóns hans eða fógætapiłtsins (*fogdens dreng*), 12 ríkisdalir. Tekjurnar og gjöldin eru ýmist gefnar upp í ríkisdöllum eða vöru eins og vaðmáli, fiski, smjöri, sokkum og skepnum og er erfitt að reikna það til ríkisdala en engar samtölur eru gefnar upp í ríkisdöllum. Aftast í skjalinu er listi yfir ýmislegt sem lénsmaðurinn þarf að hafa í huga (*atskellige for eringe lensmanden haffuer att betencke*) og þá hugsanlega til að liðka fyrir embættisfærslu sinni í stjórnarskrifstofunum:

H. Kanseler, (kanslari konungs)

R. Admirall (ríkisaðmírall)

Rentemesterne (rentumeistararnir)

⁴³⁹ DRA. D. Kancelli. B. 202e. Rigens indtegt og udgift 1630.

⁴⁴⁰ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 38. Yfirlit yfir tekjur og gjöld lénsmanns.

⁴⁴¹ Sjá Kafla 5.2 Staða eignarmála og eftirlits 1536–1537.

⁴⁴² ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II, 40. Skrá um afgjald af sýslum, klaustrum og umboðsjörðum.

Sekreterer (ritarar)

Errick Otsen⁴⁴³

Toymesterne (forstjórar vopnabúrs konungs)

Rasmus Samson

Knud Christeson

Renteri skriffueren som hór Regneschaberne (rentuskrifarinn sem fer yfir reikningana)

Domme att undershriffue som andre haffuer dómbt

Domme att undershriffue som Mand selff haffer dómbt

Briffue som nogenn begieris udi tretten (þræta, deila) om befordrellse i Rettenn att di stillis med villkor och icke Enndelig att di kand kollis igienn nor mand vill.

Om nogenn affluger for storre sager att ded giöriiss paa hans Mayst. naadigst behag.⁴⁴⁴

Þessi listi gæti verið minnisblað yfir það sem lénsmaður þarf að gera almennt, t.d. að skrifa undir dóma og einnig minnisblað yfir þá embættismenn sem hann þarf að hafa samband við vegna skila á lénsreikningi og reksturs lénsins þegar hann er í Kaupmannahöfn. Hann þarf t.d. að hitta rentuskrifaran, sem fer yfir lénsreikninginn, auk kanslarans og ríkisaðmíralsins. Einnig þarf hann að hitta yfirmanninn á Hólminum.

Annað skjal ótímasett er yfirlit (*offurslag*) yfir vissar tekjur lénsmanns á Íslandi sem hefur verið samið í tengslum við einhverja upplýsingaöflun um Ísland. Skjalið er sennilega samið í Kaupmannahöfn því þegar nefndur er hafnartollurinn sem Íslenska kompaníð átti að greiða af tuttugu höfnum, sextán ríkisdali fyrir hverja höfn, segir að þeir séu vanir að borga „hér heima“. Sami háttur er hér og áður, engar niðurstöðutölur eru reiknaðar í ríkisdöllum.⁴⁴⁵

Verslunartaxtinn var hækkaður árið 1631 á innflutningi. Íslendingar tóku því ekki vel og skrifuðu bænarskrá til konungs. Segir sagan að Holger Rosenkrantz hafi neitað að leggja hana fyrir kóng. Svo vel vildi þó til að Gísli Oddsson var á þessu ári valinn til biskups í Skálholti (1632–1638) og þurfti því að fara til Kaupmannahafnar til vígslu. Bænarskrána tók hann með sér og afhenti kóngi sjálfum. Tókst honum svo vel upp á konungsfundi að nýi taxtinn var strax felldur niður.⁴⁴⁶

⁴⁴³ Þetta er e.t.v. sami maður og Erik Ottesen Orning sem varð yfirmaður á Hólminum í Kaupmannahöfn árið 1630. *Dansk Biografisk Leksikon* XII (Kjöbenhavn 1898), bls. 448.

⁴⁴⁴ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 38. Yfirlit yfir tekjur og gjöld lénsmanns, Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 410.

⁴⁴⁵ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 39. Yfirlit um vissar tekjur lénsmanns. Aftarlega í skjalinu.

⁴⁴⁶ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 358–364; Jón J. Aðils, *Einokunarverzlun Dana á Íslandi*, bls. 101.

Árið 1632 þarf Holger Rosenkrantz að svara bréfi konungs þar sem hann óskar svara vegna ýmissa klögumála á hendur Oluff Pedersøn fógeta. Klögumálin snúast öll um ólöglega veitingu hans á prestaköllum og vonarbréfum. Eitt klögumálið varðar loforð Oluffs Pedersøn til prests fyrir prestssetri sem Gísli Oddsson biskup hafði haldið áður en hann varð biskup. Holger svarar því til að þessi fullyrðing sé firra enda hafi hann sjálfur veitt embættið þeim manni sem hafði verið valinn samkvæmt kirkjuskipaninni. Það var þó með þeim fyrirvara að konungur samþykkti biskupsefnið. Í öðru klögumáli, svo dæmi sé tekið, segir biskup að fógetinn hafi haldið prestssetri frá sér svo hann hafi ekki getað veitt embættið. Þetta sé alrangt segir Holger Rosenkrantz. Biskupinn hafi haldið prestsefninu allt of lengi og lengur en heimilt sé. Venja sé á Íslandi að afhenda bæi 24. maí og 8 daga þar á eftir, kallað fardagar. Þetta prestssetur hafi verið afhent löngu eftir 27. júlí þegar hann sjálfur sigldi af landinu.⁴⁴⁷

Holger Rosenkrantz þótti af góðum ættum eins og flestir fyrirrennarar hans í embætti, af einni elstu aðalsætt í Danmörku og var ódal hennar í Ørup í Danmörku. Sjálfur kenndi hann sig við Frølinge í Hallandi sem var ódal konu hans. Hann var höfuðsmaður og síðar aðmíráll í flota konungs. Eftir veru sína á Íslandi fékk hann fyrst Gotland að léni og síðar Stafangurslén í Noregi.⁴⁴⁸

Fógeti hans hefur átt danska Jónsbókarþýðingu sem er talin skrifuð um 1623.⁴⁴⁹ Á bókinni stendur: „I:P: 1631“. Er talið að þetta séu upphafsstafir Jacops Pedersen sem var fógeti Holgers Rosenkrantz árin 1620–1624, og að hann hafi átt bókina. Í íslenskum heimildaútgáfum er þessi bók stundum nefnd „bók fógetanna á Bessastöðum.“⁴⁵⁰ Er talið að Brynjólfur biskup Sveinsson (1639–1674) í Skálholti hafi eignast hana, líklega árið 1639 þegar hann dvaldi í Kaupmannahöfn vegna biskupsvígslu sinnar, og tekið hana með sér til Íslands aftur. Afrit af henni skrifað 1658 og tileinkað Henrik Bjelke lénsmanni (1648–1683) að því að talið er, er einnig varðveitt.⁴⁵¹ Annar fógeti Holgers, á árunum 1629–1633, var Oluff Pedersøn, sá sami sem getið hefur verið vegna komu hans í kansellíð árið 1635.

⁴⁴⁷ ÞÍ. KA. KA/1. Árið 1632 Holger Rosenkrantz hirðstjóri sendir konungi 7 greinargerðir um íslensk mál.

⁴⁴⁸ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 417–418.

⁴⁴⁹ *Lbs.* 6 fol. Jónsbók m.m.

⁴⁵⁰ Sjá t.d. *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 53.

⁴⁵¹ *Lbs.* 6 fol. Jónsbók m.m.; Páll Eggert Ólason, *Skrá um Handritasöfn Landsbókasafns I* (Reykjavík 1918), bls. 9.

4.5. Aukin stjórnsýsla. Síðustu fimmtíu ár lénsmannstímans

Þeir þrír lénsmenn sem nú verður fjallað um eru nokkuð ólíkir en þeir eru síðustu lénsmennirnir í þjónustu konungs á Íslandi. Pros Mund sat hér marga vetur ásamt eiginkonu sinni og tók þátt í mikilli upplýsingaöflun um jarðeignir konungs. Hann hafði landið sem afgjaldslén og greiddi 3200 dali af því til konungs. Jens Søffrensen var borgari í Kaupmannahöfn og heldur lénið sem reikningslén, þ.e. hann fær föst laun en konungur fær allan afrakstur af léninu. Við skoðun á reikningum hans í rentukammeri uppgötva menn konungs ýmsar tekjur af landinu sem lénsmaður hafði hingað til setið einn að. Henrik Bjelke var flotaforingi konungs og heldur landið sem þjónustulén, þ.e. hann fær tekjurnar af léninu sem laun fyrir þjónustu sína og heldur þannig enga lénsreikninga. Hann var lénsmaður hér í 30 ár og kom afar sjaldan til landsins og þá einkum vegna erfðahyllinga konunga.

4.5.9. Pros Mund til Bjerkevold 1633–1645 (Pros Mundt)

Pros Mund hafði landið á leigu frá Jónsmessu 1633, en veitingarbréfið var gefið út 25. október og hélt hann landið til ársins 1645. Bréfið er samhljóða bréfi Holgers Rosenkrantz.⁴⁵²

Pros Mund var sjóliðsforingi af norskum aðalsættum, og átti ættarsetrið Bjerkevold í Noregi. Síðar keypti hann Grevensvænge á Sjálandi. Árið 1624 varð hann lautinant á skipi en forframaðist árið 1628 og varð skipherra. Árið 1630 var hann sendur til stranda Noregs og Færeyja og tók síðar þátt í átökunum við Hamborgara við Elbe þar sem hann hafði aðstöðu fyrir skip sín í nokkur ár.

Hann dvaldi marga vetur á Íslandi, þeirri fjarlæju eyju, og var hér lénsmaður til dauðadags. Kona hans, Edel Urne, flutti til Íslands árið 1638. Þegar stríðið við Svía braust út (1643–1645) var þörf fyrir hann á ný til sjóliðsforingjastarfa og féll hann í einni orustunni eftir frækilega baráttu árið 1644.⁴⁵³ Því var það ekkja hans sem þurfti að standa rentukammerinu skil á afgjaldinu af Íslandi og ganga frá málum hans þar. Árið 1646 skrifar konungur Íslendingum og biður þá góðfúslega um að greiða Lauritz Nielsson fulltrúa lénsfrúarinnar þær skuldir sem eftir standa frá tíð Pros Mund.⁴⁵⁴ Þann 4. júní 1647 segir í skuldaskrá rentukammers að erfingjar

⁴⁵² Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 370–375.

⁴⁵³ *Dansk biografisk leksikon*, XI (Kjøbenhavn 1897), bls. 511–513.

⁴⁵⁴ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 449–450.

Pros Mund eigi enn eftir að gera upp.⁴⁵⁵ Víst er þó að Íslendingar hafa borgað að lokum því að ekkjan fær konungskvittun 12. apríl 1649.⁴⁵⁶

Tekjur konungs af Íslandi árið 1642 voru að mati rentumeistara hans 2732 ríkisdalir. Afgjald Pros Mund er 3200 ríkisdalir en frá því dregst „portúgalöse“ tollurinn eins og venja var auk átta ríkisdala vegna jarðarinnar Núpufells í Eyjafirði sem var lögð til prentsmiðju á Hólum. Síðar segir að tekjurnar séu 2832 ríkisdalir.⁴⁵⁷

Pros Mund fékk heimild konungs árið 1635 til að lagfæra húsin á Bessastöðum og í Viðey.⁴⁵⁸ Í reikningi árið 1636/37 er kostnaðurinn færður til útgjalda og vitnisburður tilkvaddra matsmanna um verð bygginganna, dagsettur 16. október 1636, liggur með reikningnum.⁴⁵⁹ Til er úttekt, sennilega frá árinu 1636, á húsakosti á Bessastöðum og sennilega einnig Viðey. Er sú ályktun dregin að í úttektinni sé einnig átt við Viðey af því að ekki er vitað til, frá annarri heimild en þessari, að spítali eða fátækraheimili hafi verið á Bessastöðum, heldur aðeins í Viðey en búin voru rekin saman og í lénsreikningunum eru þau ekki aðgreind. Um kirkjuna segir í úttektinni:

Í fyrstu kirkjan af gömlum viðum uppgjör og stæðileg, af Holger Rosenkrantz upp byggð undir stafgólfi og 8 fornum, sumum brotnum, glergluggum. En ornamenta í prestsins vöktun, 2 stórar klukkur, ein lítil, en þeirrar fjórðu vísar fógetinn Oluff Pedersøn til, að sé hjá síra Ólafi.⁴⁶⁰ 2 stórar koparpípur á altari, og altaristafla, sem Herluf Daa lét upp á kosta. Skírnar mundlaug. Undirportið gamalt, sem forbetrð var í Holger tíð.

Lýsing á öðrum húsum er m.a. eftirfarandi:

Forstofan og fógetans hús nýbyggt af nýjum við. Höfuðsmannsstofan nýbyggð af góðum við með panil og eikilista allt um kring og á lopti, og allir bitar klæddir með eikiborðum, með 3 hurðum, 3 matborðum, 6 gömlum vindaugum. Item hans sængurhús með 3 bekkjum og 1 matborði, 3 gömlum vindaugum og

⁴⁵⁵ *DRA. D. Kancelli. B. 145. Restancelister for Danmark, Hertugdømmerne og Norge, indsendt fra Rentekammeret 1618–47, 1647.*

⁴⁵⁶ *Norske Rigs-Registranter IX 1648–1649 (Christiania 1887), bls. 336.*

⁴⁵⁷ *DRA. D. Kancelli B. 202f. Rigens indtegt og udgift 1642.*

⁴⁵⁸ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 397–398.

⁴⁵⁹ *ÞÍ. Rtk. F/4. Fylgiskjöl með lénsreikningi reikningsárið 1636–1637.*

⁴⁶⁰ Hér er sennilega átt við Ólaf Jónsson í Görðum.

steinkakalofn, og annað lítið borð. Skorsteinninn nýr með heimuglegu gemak.⁴⁶¹ Forstofan og göngin ný. Salthúsið slæmt og gamalt. ... Brugghúsið nýtt, göngin fallin, ... Baðstofa út í bænum með palli gömlum. Gamalt eldhús mjög tilgengið. Skálinn sterkur og stæðilegur með átta sængurstöðum. Búrhúsið vænt og stæðilegt, sem kallað er mjólkurhús, og göngin nokkuð forfallin. Fiskahjallurinn byggður í Holgers tíð, sterkur og stæðilegur. Gamalt smiðjuhús. Gamalt torfhús forfallið. ... Hesthús og fjós forfallið. Skipaskemman stæðileg að viðum, en moldarveggir lasnir. 2 hús á kýr inni við fjárhús. Bessastaða hrosspítall forfallinn, undanteknu mjólkurhúsinu. Ráðsmannsstofan er gömul, þó stæðileg af góðu timbri.⁴⁶²

Hér er mjög áhugaverð lýsing á húsakosti á Bessastöðum. Pros Mund lét reisa þar stofu sem hér er lýst og virðist vel búin. Þessi stofa stóð að minnsta kosti í þrjátíu ár en hennar er minnst í úttekt 1663 og 1666 og sem síðar verður getið. Einnig er áhugavert að lesa m.a. um baðstofuna, brugghúsið, eldhúsið, mjólkurhúsið, skálann með átta sængurstæðum auk Bessastaðaspítala.

Árni Oddsson lögmaður bað á alþingi Pros Mund um réttan pundara sem hann gæti farið eftir. Svar Munds var á þá leið að slíkur pundari sé á Bessastöðum. Hann hafi verið þar lengi og margir miðað við hann eins og vera ber. Útlendingar eigi einnig að miða mjöltunnur sínar við rétta vigt.⁴⁶³ Á sama þingi benti Jens Søffrensen fógeti Mund á að öllum, sem hefðu veitingu fyrir sýslum, klaustrum eða umboðsjörðum bæri að skila afgjaldi sínu á réttum tíma sem er St. Hans babtiste dag (Jónsmessa) eða fyrir þing. Ef þeir geri það ekki geti þeir misst umboð sín.⁴⁶⁴

Á alþingi árið 1637 er lesið bréf konungs um að allar bænarskrár (*suppliker*) skuli leggjast fyrir lénsmann til úrlausnar áður en menn fari á fund konungs með málið og sé huganlega vísað þaðan heim aftur. Slík ferð skuli ekki farin fyrr en reynt hafi verið til þrautar að leysa málið heima í léninu.⁴⁶⁵ Árið eftir, 1638, býður Pros Mund að hann vilji gera hverjum manni lög og rétt og tefja á þinginu eins lengi og þörf krefði.⁴⁶⁶ Á alþingi árin 1641 til 1646 er í lok hvers þings lesið bréf lénsmanns þar sem fram kemur að hann vill gera hverjum manni lög og rétt og býðst til að vera svo lengi á þinginu sem nokkur hefur sakir að leggja fram og dæma

⁴⁶¹ Þýðir hér sennileg leynihólf.

⁴⁶² *Alþingisbækur Íslands*, V, bls. 347–348.

⁴⁶³ *Alþingisbækur Íslands*, V, bls. 380.

⁴⁶⁴ *Alþingisbækur Íslands*, V, bls. 384.

⁴⁶⁵ *Alþingisbækur Íslands*, V, bls. 495–496.

⁴⁶⁶ *Alþingisbækur Íslands*, V, bls. 553–554.

þarf. Slíku hefur lénsmaður sennilega lýst yfir á hverju þingi eftir þetta þó að þess sé ekki sérstaklega getið í alþingisbókinni.⁴⁶⁷ Er þetta í samræmi við þá kröfu að leitast eigi við að leysa mál innanlands en vísa þeim ekki beint til konungs, samanber konungsbréfið hér að ofan, fyrirmæli sem voru í veitingarbréfum lénsmanna og recessi allt frá 1551.

Eggert Björnsson sýslumaður (f. 1612 d. 1681) skrifar Pros Mund bréf 21. ágúst 1640. Í bréfinu, sem er á íslensku, segir Eggert að hann skrifi bréfið „með einfaldri íslensku“ samkvæmt ósk höfuðsmannsins sjálfs. Hann segir jafnframt að hann hafi fengið lítinn æðardún frá bændum og að dúnninn í þeim tveimur tunnum sem hann hafi sent honum hafi verið lélegur. Því sendir Eggert höfuðsmanni tvær tunnur til viðbótar af góðum dúni.⁴⁶⁸

Frá tíma Pros Mund, eða frá um 1640, er varðveittur „kort ekstrakt“ yfir umboðsjarðirnar, klaustrin og hverjir hafi þau sem lén. Fram kemur hvert afgangið var af jörðunum til þessa dags samkvæmt veitingarbréfunum. Jafnframt er eftir jarðabókinni reiknað til peninga fjórir ríkisdalir fyrir hvert hundrað þar sem konungur fær þar af þrjú ríkisdali og sá sem heldur lénið þann fjórða. Einnig er reiknað eftir jarðabókinni hvort konungur fái af hverju hundraði tvo ríkisdali og sá sem heldur lénið þann þriðja. Síðan fylgir listi yfir jarðirnar þar sem þessar upplýsingar koma fram um hverja jörð. Þetta yfirlit er örugglega gert að undirlagi rentukammers en hvert tilefnið er nákvæmlega er óvíst en gæti verið hluti af upplýsingaöflun vegna athugunar á tekjum ríkisins um þetta leyti og getið verður hér á eftir.⁴⁶⁹ Árið 1642 áminnir Pros Mund almúgann um að borga Íslenska kompaniinu skuldir sínar.⁴⁷⁰ Verður nánar fjallað um Pros Mund hér á eftir í kaflanum um söfnun eignarheimilda.⁴⁷¹

Koma Oluffs Pedersøn í kansellíð, sem áður er nefnd, hafði persónulegar afleiðingar fyrir hann. Hann var fógeti Pros Mund sem tók við af Holger Rosenkrantz í október árið 1633 og komst í ónáð hjá honum vegna ummæla sinna í kansellíinu. Segir sagan að Oluff hafi ekki talið sig öruggan í Danmörku vegna reiði Pros Mund og hafi því flúið til Svíþjóðar. Í Svíþjóð lést hann lítills metinn og fátækur. Oluff þáði jarðir að gjöf og mun hafa veitt prestum brauð sem

⁴⁶⁷ *Alþingisbækur Íslands*, VI, bls. 70, 76, 94.

⁴⁶⁸ ÞÍ. Barð. CA/1 örk 1. Bréfabók Eggerts Björnssonar á Skarði sýslumanns í Barðastrandarsýslu 1632–1673, bls. 137–138; *Landsbókasafn-Háskólabókasafn*. Gunnar Örn Hannesson, Bréfabók Eggerts Björnssonar sýslumanns á Skarði á Skarðsströnd. Um efni hennar, feril og skjalfræði, M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2011.

⁴⁶⁹ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 41. Yfirlit um umboðsjarðir.

⁴⁷⁰ *Alþingisbækur Íslands*, VI, bls. 77.

⁴⁷¹ Sjá kafla 5.2 Staða eignarmála og eftirlits 1636–1637 og 5.3 Söfnun og skráning eignarheimilda 1639–1645.

aðrir sátu eins og áður er getið og í kansallínu talaði hann ekki vel um Íslendinga.⁴⁷² Að þiggja slíkar gjafir hafði verið ólöglegt í öllum lénnum Danakonungs allt frá því instrúxinn til lénsheerra var gefinn út árið 1557. Vegna þessa fékk Pros Mund lokað bréf (*missive*) frá kóngi 8. janúar 1635 þar sem lénsmönnum og fógætum er harðlega bannað að þiggja slíkar mútur, eða kaupa jarðir.⁴⁷³ Jón lærði Guðmundsson (f. 1574 d. 1658) kallar Oluff fógeta Ólaf illræða á Kvalastöðum og kemur það til af afskiptum Oluffs af galdramálum.⁴⁷⁴

4.5.10. Jens Søffrensen 1645–1648 (Jens Söffrensen)

Jens Søffrensen var skipaður konunglegur fógeti 13. janúar 1645, og tók við starfinu 24. júní sama ár og hélt landið sem reikningslén til 1648. Konungur sendi borgarann Jens Søffrensen sem fógeta hingað til að innheimta vissar og óvissar tekjur krúnunnar, halda yfir þær reikning og gera grein fyrir þeim árlega án alls frádráttar. Hann átti að sjá til þess að lögum og rétti væri framfylgt, og að biskupar, lögmenn og aðrir, gegndu störfum sínum eins og þeim bar skylda til. Undirmönnum sínum á Íslandi sagði konungur að greiða gjöld sín á réttum tíma til Jens Søffrensen. Ef þeir gerðu það ekki, eða hindruðu á einhvern hátt störf hans, yrði þeim refsað.

Í árslaun fékk Jens Søffrensen 100 ríkisdali „deputat“ og auk þess 150 ríkisdali í „kost“ peninga fyrir sig og einn þjón sinn árlega.⁴⁷⁵ Jafnframt óskar konungur eftir því að lögmennirnir Árni Oddsson og Magnús Björnsson (f. 1595 d. 1662) auk Þórðar Hinrikssonar og Torfa Erlendssonar, verði viðstaddir þegar fógeti Pros Mund sáluga afhendi innistæðu og hús á Bessastöðum og í Viðey.⁴⁷⁶

Jens Søffrensen spurðist fyrir hjá konungi um ýmislegt varðandi hið nýja starf enda bar hann nú einn ábyrgðina en hann var fógeti Pros Mund 1634–1640. Af svörum konungs er hægt að fræðast eilítið um reikningshaldið. Innistæðuna (*inventarium*) átti hann að selja eins dýrt og hægt væri og láta kvittanirnar fylgja með reikningnum. Þær sex lestir rúgmjöls sem Jens Søffrensen þarfnaðist vegna útgerðar báta og fátækra bænda átti hann að kaupa af Íslenska kompaníinu, en hvað er átt við með fátækum bændum er óljóst. Salt til að salta með fisk átti hann að fá hjá birgðahúsi konungs í Kaupmannahöfn, og færa til tekna í reikningi og einnig í

⁴⁷² Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 364–366.

⁴⁷³ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 389–392.

⁴⁷⁴ Einar G. Pétursson, *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða: Þættir úr fræðasögu 17. aldar* (Reykjavík 1998), bls. 77–89, 320.

⁴⁷⁵ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 440–442.

⁴⁷⁶ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 442–443.

útgjaldalið. Ef Jens Søffrensen fyndi kirkjuklukkukopar á landinu átti hann að koma honum til Kaupmannahafnar með fyrstu ferð og fá hæfilega kvittun fyrir. Kristfjárjarðirnar átti hann að athuga með það í huga hvort ekki væri rétt að koma þeim undir Viðeyjarspítala til upphalds fátækra þar. Að síðustu er í svari konungs tekið fram að hann ætti að láta gera við fiskibátana eftir því sem þörf var. Efnid sem í það færi átti hann að skrifa upp og láta fylgja reikningnum.⁴⁷⁷

Er athyglisvert að sennilega hefur eitt fyrsta verk Jens Søffrensen árið 1645 verið að segja upp störfum fjórum vinnumönnum á búunum að Bessastöðum og í Viðey, smalanum og hestastráknunum auk tveggja vinnukvenna. Af reikningnum sést að laun eru greidd til þeirra árið 1645 en í athugasemd segir að þessi útgjöld verði ekki næsta ár. Reikningar Jens eru greinargóð heimild um rekstur lénsins og má í þeim m.a. fræðast um ýmislegt varðandi rekstur búanna á Bessastöðum, Viðey og Arnarstapa eins og áður hefur komið fram.⁴⁷⁸ Einnig er endanleg kvittun hans fyrir reikningshaldinu, sem gefin var út árið 1651 og sem áður er getið, heimild um vinnubrögð í rentukammeri og varpar ljósi á hvernig reikningshaldinu var háttað.⁴⁷⁹

Varðveitt eru skjöl vegna yfirlits rentumeistara yfir tekjur og gjöld ríkisins á árunum 1645–1646. Jens Engberg segir þessi skjöl hafa orðið til við gerð yfirlits, sem hófst árið 1645 og lauk í desember árið 1646, en niðurstaðan varðandi Ísland er þrátt fyrir það ekki undirrituð fyrir en árið 1648.⁴⁸⁰ Enn var gerð tilraun til að semja slíkt yfirlit árið 1647 en í þeim gögnum sem eru varðveitt er Íslands ekki getið.⁴⁸¹

Byrjað var á því að reikna samtölu jarðabókarinnar sem Pros Mund afhenti í rentukammer árið 1640 og borin saman samtalan í peningum samkvæmt íslenska taxtanum og taxa kaupmanna. Niðurstaðan úr þeim samanburði er að upphæðin er hærri þegar kaupmannataxtinn er notaður. Ýmsar athugasemdir eru skrifaðar á spássíu og er þá reikningur Jens Søffrensen 1645–1646 notaður til samanburðar. Dæmi um slíkar athugasemdir er að konungur fær minna en jarðabókin sýnir því jarðir eða tekjur af landskuld og leigum (*indkomsten*) er greidd á landsvísu, þ.e. eitt hundrað frítt fyrir 2 ríkisdali. Hér að auki þarf að „acta“ að íbúarnir greiða tíund einu sinni á ári og um hvað slík tíund og skattur getur gefið er „ingen rigtighed om I Ko. Ma. Rendtecammer“. Með fylgir „Nota“ með nákvæmum

⁴⁷⁷ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 444–445.

⁴⁷⁸ *ÞÍ. Rtk. F/5 Lénsreikningar. Lénsreikningur 1645–1646 útdráttur, udgiff.*

⁴⁷⁹ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* III, bls. 30–35.

⁴⁸⁰ *DRA. D. Kancellí B. 215 B.II. Diverse Efterretninger, overslag og beregninger samt Regnskabsbilag. 6. Island; Jens Engberg, Dansk Finanshistorie, bls. 127.*

⁴⁸¹ *DRA. D. Kancellí B. 186. Olufs Daas Optegnelsesbog 1635–1650; Jens Engberg, Dansk Finanshistorie, bls. 128–129.*

útskýringum á greiðslu tíundar. Lénsmáður og sýslumenn fá þessar tekjur og þær séu hluti afgjalds þeirra. Þeirri athugasemd lýkur með orðunum: „*stillis til betenchende!*“ (þetta þarf að athugast betur).

Einhverjar þessara upplýsinga hafði lénsmáður þó sent konungi nokkrum árum áður, sennilega vegna samskonar yfirlits árið 1630 og síðar e.t.v. um 1640.⁴⁸² Þeir eru líka hissa á óvissum tekjum lénsmanns af konungsbúinu. Hann njóti hlunninda af fiskibátunum, laxveiðunum, fái smjör af fé búins og 6 líspund af ull auk festugjalds (*stedsmaal*) af sýslunum, umboðsjörðum og öðru. Slíkt hefur ekki verið opinbert fyrr en nú („*obenbart förr en nu*“).

Auk þess að reikna samtölu jarðabókarinnar 1640 er útdráttur gerður úr henni og dýrleika jarðanna getið. Þar er gerð sú athugasemd að um tekjur af Snæfellsnessýslu sé ekkert hægt að segja, því í rentukammeri sé ekkert kunnugt um tekjur þaðan og á það reyndar við um aðrar sýslur líka. En með því að bera Snæfellsnessýslu saman við Gullbringusýslu er hægt að fá hugmynd um tekjurnar. Því Snæfellsnessýsla er „lige saadan herlighed med fiskerj som udi Guldringesysse.“ Íslendinga hafa menn þekkt. Ef fá eigi sýslumenn til að gera reikningsskap yfir alla í sýslunni sem greiða tíund, gjaftholl, ljóstoll, skatt og annað þessháttar eins og gert hefur verið í Gullbringusýslu þurfi hörku til. Eigi það að fást í gegn þá verði að setja þá kröfu fram með mikilli ákveðni og alvöru og hótta refsingu ef þeir ekki hlýða. Annars muni þessir höfðingjar ekki fúsir að gera það.⁴⁸³ Sá sem þetta skrifaði gæti hafa lesið lýsingu Oluffs Pedersøn fógeta á íslenskum embættismönnum.

Margsinnis eru útskýringar á hvernig jarðabókarsumman reiknast yfir í peninga og listaður upp munur eftir taxtanum á landinu og eftir taxa kaupmanna. Einnig hafa tekjur Gullbringusýslu verið bornar saman við fimm jarðabækur merktar A, B, C, D og E. Þessar jarðabækur lágu í rentukammeri enda hluti af uppgjöri fyrri lénsmanna eins og fyrr er getið. Í Minnislista eða „Memorial“ er ítarlega farið í ýmsar athugasemdir og dæmi tekin til útskýringar. Þannig er sagt að þegar hægt sé að taka fisk fyrir frítt (þ.e. fyrir lifandi skepnur) þá takist tvö hundruð fiskar fyrir eitt hundruð frítt. Um Dyrhólma undir Þykkvabæjarklaustri er sagt að hann sé afar góð fiskihöfn sem var makaskipt frá krúnunni fyrir fjórar smáar jarðir sem finnast í jarðabókinni 1645 til 1646. Um allar jarðir segir að þær eigi að festa til lífstíðar þegar þær verða lausar, en á því varð misbrestur í tíð Holgers Rosenkrantz sem festi jarðir aðeins þann tíma sem hann var lénsmáður. Leigukúgildi á jörðum krúnunnar eru metin á 20 álnir á landsvísu.

⁴⁸² ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4 Supplem II, 38. Yfirlit yfir tekjur og gjöld lénsmanns (ca. 1630), Supplem II, 39. Yfirlit um vissar tekjur lénsmanns á Íslandi (ótímasett).

⁴⁸³ DRA D. Kancellí. B. 215. B. II. Diverse Efterretninger, overslag og beregninger samt Regnskabsbilag. 6. Island. 1640–1648, „Memorial“.

Athugasemdir eru um tekjur klaustranna, konungur hafi ekki nægilegar tekjur af þeim, litlar upplýsingar liggi fyrir um sýslurnar en þær eigi að liggja fyrir samkvæmt Resolution lit. B. Athugasemdir eru um hafnartoll Íslenska kompanísins og íslenska tíundin er útlistuð. Auk þessa studdust embættismennirnir við lista eða skrá þar sem íslenski taxtinn er nákvæmlega útlistaður eftir lögum og á landsvísu.⁴⁸⁴

Tilraunir voru gerðar til að finna út hvaða tekjur hægt væri að hafa af landinu (*overslag*). Svo virðist að ef miðað er við afgangslén hafi verið gert ráð fyrir að summa af öllu sem lénsmaður, sýslumenn, klausturhaldarar og umboðshaldarar hafi fengið sé 19.092 ½ ríkisdalur. Það sem kóngur fær af óvissum tekjum eru 200 ríkisdalir og af vissum 2840 ríkisdalir. Samtals 3040 ríkisdalir. Lénsmaður og forpagtarar fá því 16052 ríkisdali alls. Hvernig þessi tala er fengin er óútskýrt í skjalinu. Víst er að í rentukammeri var engin vitneskja á þessum tíma um hvað hægt var að fá af sýslunum fyrir utan Gullbringusýslu og svo virðist af heimildum að engin vitneskja hafi verið um mögulegar tekjur af klaustrum og umboðum. Annað yfirlit (*overslag*) var gert 1646 þegar landið er reikningslén og er í því miðað við hvað lénsmaður í afgangsléni gat fengið. Þar er til útgjalda talið afgangið 3200 ríkisdalir, tekjurnar eru 8574 ¼ ríkisdalur og 1 ort og frá dregst hjá lénsmanni afgangið og laun og annað vegna búanna á Bessastöðum og Arnarstapa, niðurstaðan er þá 4365 ½ ríkisdalur og 16 skildingar. Þetta eru aðeins tölur en ekki útlistun á hvernig þær eru fengnar.

Enn ein tilraun er gerð til að skrifa yfirlitið og er það miðað við tekjur konungs af reikningsléni. Er það undirritað þann 16. ágúst 1648 af Thommis Thommissen sem endurskoðaði nokkra lénreikninga og hefur því verið skrifari í rentukammeri, (*overslag paa itt aars visse indkomst aff Islandd anno 1646*). Samkvæmt því eru vissar tekjur konungs reiknaðar til peninga (*summa summarum offuer et aars forskreffne indkomst kand bedrage udi penge*) 9093 ríkisdalir. Frá því dróst síðan kostnaðurinn við rekstur konungsbúsins (*udgift imod forskreffne indtegt*) alls 2202 ríkisdalir. Og niðurstaðan var (*lignet og lagdt, daa bliffuer til beste naar al forskreffne omkostning fratagis*) alls 6884 ríkisdalir og 16 skildingar.⁴⁸⁵ Til samanburðar má nefna að eitt af herskipum konungs sem lokið var smíði á árið 1639 kostaði 8.000 ríkisdali. Hvenær smíðin hófst er ekki vitað. Fjöldi fallbyssna og áhafnar er óþekktur. Annað skip, Frederik, sem virt var til peninga árið 1653 og er það stærsta sem metið var það ár, kostaði 70.000 ríkisdali. Þetta skip, sennilega eitt af flaggskipum konungs, var afhent konungi

⁴⁸⁴ Sjá viðauka 4 yfirlit yfir verðeiningar.

⁴⁸⁵ *DRA. D. Kancellí. B. 215 B. II. Diverse Efterretninger, ovarslog og beretninger samt Regnskabsbilag. 6. Island.*

árið 1649. Fallbyssurnar voru 94 og áhöfnin alls 434 manns. Hversu mörg ár tók að smíða þetta skip kemur ekki fram.⁴⁸⁶

Jens lét skrifa fyrir sig Kristnirétt „liet sier epter þeim rieltasta vppskrifa“ og má ætla að handrit í Landsbókasafni Norðmanna sé skrifað eftir þessu skjali Jens.⁴⁸⁷ Einnig hefur hann átt elstu gerð af Gamla sáttmála og hefur eignast það skjal 1652. Á spássíu handrits yfir réttarbætur og tilskipanir skrifuðu ca. 1760 segir: „Þetta h[efe] ec skrifa[d] effter co[dice] Stocksör[ensi] sem ritad [hefur] Arne Gis[lason] 1616 og a[tt] hefur Jen[s]Soffrenss[on]1652.“⁴⁸⁸

Jens varð eftir dvölinna á Íslandi borgarstjóri í Kristjánshöfn. Kona hans hét Else Hansdottir.⁴⁸⁹ Á árunum 1647 og 1648 kaupir Jens af kaupmanninum og borgaranum í Kaupmannahöfn, Else Hansdottir, ýmsar vörur til Bessastaða. Árið 1647 kaupir hann af henni tvö vaxljós í kirkjuna og árið eftir selur hún Jens, auk tveggja vaxljósa, 56 tómar tunnur, öltunnu, tvær litlar brennivínstunnur og hálfu tunnu af brauði.⁴⁹⁰ Hugsanlega hefur þessi Else verið eiginkona hans en það er ekki hægt að fullyrða.

Í bréfi Eggerts Björnssonar sýslumanns til Jens Søffrensen 16. apríl 1646 sem fjallar um jarðavafstur sýslumanns segir hann jafnframt að hann hafi afhent kaupmanninum Johanni Worst fæinar vættir fiska sem hann átti að afhenda konu Jens í Kaupmannahöfn „til lítills þakklætismerkis við yðar frómheit fyrir auðsýnda velvild.“⁴⁹¹ Árið 1651 lést Matthías Søffrensen fógeti og bróðir Jens Søffrensen, þá 35 ára að aldri, en hann hafði einnig verið fógeti hjá Henrik Bjelke. Varðveittur var legsteinn hans í Bessastaðakirkju en er ekki sjáanlegur þar nú. Á steininum stóð:

Her vunder liger begrafen erlig oc welfor nehme mattias søfrensen kong: may: faged paa island sem hensofved vdi herren paa bæsestad den 10 december anno 1651 vdi hans alder 35 aar gvd gifve hannem med ale tro christne en ærefuld opstandelse

⁴⁸⁶ John T. Lauridsen, *Marselis Konsortiet. En studie over forholdet mellem handelskapital og kongemagt i 1600 tallets Danmark*, Århus: Jysk Selskab for Historie, 1987, bls. 47.

⁴⁸⁷ Jónas Kristjánsson, Skrá um íslenzk handrit í Noregi, (Handritastofnun Íslands 1967), bls. 66.

⁴⁸⁸ ÞÍ. Réttarbóta- og tilskipanasafn úr eigu séra Friðriks Eggerz, bls. 179 efst. Án skjalamarks; *Íslenzkt Fornbréfasafn IX* (Reykjavík 1909–1913), bls. 1.

⁴⁸⁹ Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannáll“, *Safn til sögu Íslands II*, bls. 745

⁴⁹⁰ ÞÍ. Rtk. F/6. Fylgiskjöl með lénsreikningum fyrir reikningsárin 1646–1647, 1647–1648; Kristjana Kristinsdóttir, „Um konur í íslenskum lénsreikningum“, *Kvennaslóðir* bls. 238.

⁴⁹¹ ÞÍ. Barð. CA/1 örk 1. Bréfabók Eggerts Björnssonar, bls 180; *Landsbókasafn-Háskólabókasafn*. Gunnar Örn Hannesson, Bréfabók Eggerts Björnssonar sýslumanns á Skarði á Skarðsströnd. Um efni hennar, feril og skjalfraði, M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2011.

denne sten hafver erlig act og welfor nehme mand iens søfrensen borger vdi kiøbenhafn forige forwalter paa island hans salige broder til ære ladet bekoste.⁴⁹²

Jens Søffrensen konunglegur fógæti var einn fárra borgara sem hér urðu æðstu fulltrúar konungs. Hann var borgari en ekki aðalsmaður líkt og var venja um lénsmenn í danska ríkinu og því hér á landi. Hvers vegna hann var skipaður yfir landið er ekki víst en það gæti tengst komu Oluff Pedersøn í kansellið árið 1635 og einnig deilum Christian IV við aðalinn sem hér er ekki til frekari umfjöllunar. Víst er að lénsreikningar hans eru merkileg heimild um rekstur lénsins á árunum 1645–1648.

4.5.11. Henrik Bjelke til Østeraat 1648–1683 (Henrik Bjelke)

Veitingarbréf Henriks Bjelke var gefið út 31. desember 1648 og hélt hann landið frá Jónsmessu það ár til ársins 1683 þegar amtsskipaninni var loks komið á á Íslandi en amtsskipan hafði verið komið á í Danmörku árið 1661. Bréfið er samhljóða bréfi Pros Mund.⁴⁹³ Henrik Bjelke var lénsmaður á Íslandi í rúm 30 ár en dvaldi afar sjaldan á Íslandi og kom nær aldrei til landsins um alþingistímamann eins og oftast átti við um fyrirrennara hans enda flotaforingi ríkisins og fékk ýmis önnur há embætti í konungspjónustu. Hann þjónaði þremur konungum, fyrst Christian IV. Hann fékk lénsmannsembættið á Íslandi í upphafi valdatíðar Frederik III og lét Íslendinga sverja honum hollustueið 1649. Hann kom til landsins árið 1662 þegar Íslendingar sóru þessum sama Frederik III, sem nú var orðinn erfðakonungur, hyllingareið í Kópavogi, og hann var enn við völd á Íslandi þegar Íslendingar sóru Christian V (1670–1699) hyllingareið árið 1670.⁴⁹⁴

Bjelke var af norskri aðalsætt (f. 15. janúar 1615 d. 1683) og átti marga stóra herragarða, Austrát og Hvarelingárd í Noregi og Næsbyholm, Bavelse, Edelgave og Tersløgárd á Sjálandi. Hann var sonur Jens Bjelke (f. 1580 d. 1659). Hann var skráður sem ungur maður í háskólann í Padova á Ítalíu en hernaður átti betur við hann en bóklegur lærdómur.⁴⁹⁵ Hann var fyrsti

⁴⁹² *Kirkjur Íslands* 12 Gunnar Bollason, „Bessastaðakirkja“. *Friðaðar kirkjur í Kjalarnesprófastdæmi* II. Ritstjórar Jón Torfason og Þosteinn Gunnarsson (Reykjavík 2008), bls. 84.

⁴⁹³ *Norske Rigs-Registranter* IX (Chistiania 1887), bls. 256–258.

⁴⁹⁴ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* III, bls. 9–11, 85–91, 158–160; *Alþingisbækur Íslands* VII, bls. 200–210; *Lovsamling for Island* I, bls. 263, 330. Sjá um hyllingareiðana 1649 og 1662 í Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, *Ríkisréttindi Íslands. Skjöl og skrif*, bls 92–159, og *Skjöl um hylling Íslendinga 1649 við Friðrik konung þriðja með viðbæti um Kópavogssærin 1662*, Sögurit XII (Reykjavík 1914). Sjá einnig Stefán Karlsson, „Skrifandi bændur“, *Gripla* XIX (Reykjavík 2008), bls. 30–49.

⁴⁹⁵ *Dansk Biografisk Lexikon* II, (Kjøbenhavn 1888), bls. 327–330.

lénsmáðurinn sem eignaðist konungsjarðir á Íslandi árið 1675 sem voru greiðslur upp í skuldir konungs við hann.⁴⁹⁶

Lénsreikningar frá hans tíð eru aðeins varðveittir til ársins 1661/62 enda var sú breyting gerð með bréfi 23. desember 1662, sem gekk í gildi 1663, að Ísland var gert að svokölluðu þjónustuléni (*på tjeneste*). Bjelke fékk þá 6000 ríkisdali á ári til tíu ára af tekjum landsins fyrir störf sín sem yfirmaður alls flota ríkisins. Bjelke mátti stunda fiskveiðar með eins mörgum bátum og hann vildi og fékk fría siglingu og útskipun á Bessastöðum og Arnarstapa. Var í bréfinu sérstaklega tekið fram að hann árétti við fógeta sinn og sýslumenn að þeir haldi lögin sem í gildi eru og komi þannig rétt fram við íbúana, auk þess sem sérstaklega er fjallað um verslunina. Bjelke fær leyfi til verslunar en verður að gæta þess að ganga ekki á hlut einokunarkaupmanna.⁴⁹⁷

Jafnframt fær Bjelke heimild til að leigja (*bortforpagte*) lénið út til þriggja ára, þ.e. innheimtuna af tekjunum, til fógeta síns. Fógetann má hann velja sjálfur en „dog under voris egen Eed og Pligt“ enda nú einvaldur konungur við völd.⁴⁹⁸ Þessi skipan og heimild Bjelkes til að skipa fógeta fyrir sína hönd yfir landið er ítrekuð og framlengd til þriggja ára frá 24. júní 1669, með bréfi konungs 20. desember 1668. Falli hann frá halda eiginkona hans og erfingjar landið í þennan tiltekna tíma. Þann 26. febrúar 1670 staðfestir nýr konungur þessa skipun og framlengir um leið um eitt ár.⁴⁹⁹ Enn er þessi skipun framlengd um þrjú ár, þ.e. frá 24. júní 1673 til sama dags 1676 með bréfi konungs 20. mars 1672.⁵⁰⁰ Bjelke greiddi fógætum sínum engin laun heldur heimilaði þeim að stunda verslun við þá menn sem réru á bátum konungs í Gullbringusýslu. Fógætum hafði þó verið stranglega bannað að stunda verslun með einkaleyfisbréfi kaupmanna frá 31. júlí 1662.⁵⁰¹

Þrátt fyrir þessa breytingu á veitingu lénsins var stjórn landsins í reynd óbreytt. Undantekningin er þó staða fógeta lénsmanns. Þeir fengu frá þessum tíma meiri völd en fógetar lénsmanna höfðu haft hingað til enda höfðu þeir landið á leigu frá lénsmanni og voru ígildi hans. Frá tíð Bjelke er varðveitt eina veitingarbréf lénsmanns til fógeta og veitingarbréf fógeta til umboðsmanns síns.⁵⁰² Má e.t.v. segja að vísir að fyrirkomulagi einveldis, þ.e. með skipan

⁴⁹⁶ *Lovsamling for Island I*, bls. 356; *J.Johnsen jarðatal* (Kaupmannahöfn 1847), bls. 443–446.

⁴⁹⁷ *Lovsamling for Island I*, bls. 285–286.

⁴⁹⁸ *Lovsamling for Island I*, bls. 284.

⁴⁹⁹ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger III*, bls. 155–157.

⁵⁰⁰ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger III*, bls. 165.

⁵⁰¹ Jón J. Aðils, *Einokunarverzlun Dana*, bls. 534–535.

⁵⁰² Sjá viðauka 3. Uppskriftir af veitingarbréfum lénsmanna.

landfógeta, stiftamtmanns og amtmanns sem tók við á Íslandi á árabílinu 1683–1688 þegar amtsskipaninni var komið á megi þannig merkja þegar í tíð Bjelke. Þannig má e.t.v líta svo á að skipan landfógeta árið 1683 sé staðfesting á starfi umboðsmanns fógeta lénsmanns. Skipun stiftamtmanns 1684 samsvari lénsmanni, og skipun amtmanns árið 1688 má að nokkru líkja við starf fógeta Henriks Bjelke. Munurinn er sá miðað við það sem koma skyldi að erindisbréfin eru gefin út af Bjelke og fógeta hans en ekki konungi. Fógetar Bjelke þurftu þó ekki aðeins að vera hollir lénsmanni heldur einnig konungi. Hér er einnig rétt að geta þess að dæmi eru um að í bréfum konungs til Bjelke síðustu árin hafi hann embættisheitið amtmaður. Með bréfi konungs 17. október 1681 var ákveðið að samningurinn við Bjelke skyldi falla úr gildi árið 1682 og hugmyndir voru um að leigja sameiginlega út tekjur og gjöld af Íslandi og Færeyjum.⁵⁰³

Af þessu varð ekki og amtsskipan var komið á árið 1683 eins og kunnugt er. Laun Bjelkes, 6000 ríkisdalir, voru í samræmi við niðurstöðu rentumeistara árið 1648, um þær tekjur sem hægt væri að hafa af landinu. Árið 1656 reiknuðu rentumeistararnir tekjur konungs af landinu 2706 ríkisdali⁵⁰⁴ en þá er auðvitað ótalið það sem lénsmaðurinn fékk. Þessir peningar runnu til sjóhersins.

Árið 1650 kom opið bréf um frían flutning lénsmanns á ferðalögum um landið og einnig fógeta hans og þjóna þeirra. Þessi tilskipun var lesin aftur á alþingi árið 1682.⁵⁰⁵ Á sama ári er sýslumönnum skipað að mæta persónulega til alþingis, annars eigi þeir á hættu að missa embættið.⁵⁰⁶ Jafnframt fékk hann bréf um að laga og leggja vegi og brýr. Um vegina fjallar konungur aftur í bréfi árið 1651.⁵⁰⁷ Sama ár kom bréf um að konungur sendir sérstakan mann, Bagge Wandell (f. 1622 d. 1683) siglingastjórnufræðing, til landsins til að rannsaka allar hafnir.⁵⁰⁸

Lénsmenn fylgdust með því að mál og vigt væru rétt haldin og lofaði Bjelke á alþingi 1651 að útvega réttan pundara með stimpli Kaupmannahafnar. Næsta ár myndu sýslumennirnir geta keypt einn slíkan.⁵⁰⁹

⁵⁰³ *Lovsamling for Island I*, bls. 383.

⁵⁰⁴ *DRA. D. Kancelli B 202g. Rigens indtægt og udgift 1656.*

⁵⁰⁵ *Lovsamling for Island I*, bls. 237–238; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger III*, bls. 29–30.

⁵⁰⁶ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 276.

⁵⁰⁷ *Lovsamling for Island I*, bls. 237, bls. 242.

⁵⁰⁸ *Dansk Biografisk Lexikon*, XVIII (Kjøbenhavn 1904), bls. 244; *Lovsamling for Island I*, bls. 239.

⁵⁰⁹ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 287.

Á sama þingi var lesið bréf undirritað af Bjelke fyrir hönd konungs um hvort rétt væri að koma á þeirri reglu að húsbændur geti hýtt vinnufólk sitt án limlestingar ef það er ekki hlýðið. Svar lögmanna og lögréttumanna á þinginu var að þessa heimild hefðu þeir nú þegar.⁵¹⁰

Einnig fær lénsmaður bréf um upphald fátækra presta og að rétt sé að ein konungsjörð í hverjum fjórðungi sé lögð til spítala þar sem fátækir og veikir geti dvalið. Um spítalann eru fleiri bréf næstu árin.⁵¹¹

Þórður Henriksson alþingisskrifari hefur kvartað við kóng yfir því að sýslumenn, klausturhaldarar og umboðsmenn hafi verið tregir til að greiða honum það kaup sem honum bar fyrir vinnu sína. Vegna þessa skrifar konungur Henrik Bjelke bréf 10. maí árið 1651 og fyrirskipar að laun alþingisskrifarans skuli greidd til Bessastaða um leið og önnur gjöld og fulltrúi Bjelke á Bessastöðum eigi síðan að greiða alþingisskrifaranum launin.⁵¹²

Konungur skrifar Bjelke haustið 1651 og vill að hann geri tillögu um hvernig hægt sé að varast launverslun Englendinga. Bjelke svarar konungi og gerir tillögur um hvernig best sé að taka á vandanum. Aðaláherslu leggur hann á að verslunarfélagið flytji nægan varning til landsins og selji hann samkvæmt kaupsetningunni. Einnig vill hann skylda verslunarfélagið til að kaupa allan ósvikinn varning af Íslendingum og að séð verði til þess að útlenskir sjómenn séu ekki ráðnir á kaupskipin. Þeir stundi launverslun við Íslendinga. Að lokum vill hann að öll launverslun verði bönnuð og að sent verði árlega varnarskip til landsins til að hafa eftirlit með útlendum skipum.⁵¹³

Árið 1652 kom bréf konungs um hvaða jarðir skyldi leggja til spítala og að lénsmaður hefði eftirlit með rekstri spítalanna í samráði við lögmann og biskupa. Bréf um sama efni höfðu áður borist árin 1556 og 1593 án þess að þeim væri framfylgt.⁵¹⁴

Árið 1653, 2. febrúar, skrifar Eggert Björnsson sýslumaður Thomasi Nikulajsen fógeta á Bessastöðum og þakkar honum fyrir að hafa veitt sér Skógarstrandarumboð og biður hann Thomas um að senda sér afrit af skrá úr jarðabókinni á Bessastöðum „svo ég megi mig þar eftir rétta við landsetana og ekki þá þar fram yfir þvinga á móti kónglegri befalningu.“⁵¹⁵

⁵¹⁰ *Alþingisbækur Íslands* VI, bls. 297.

⁵¹¹ *Lovsamling for Island* I, bls. 241–242, bls. 244–252.

⁵¹² Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* III, bls. 39.

⁵¹³ Jón J. Aðils, *Einokunarverzlun Dana*, bls. 587–588.

⁵¹⁴ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* III, bls. 50–51; *Lovsamling for Island* I, bls. 245–246.

⁵¹⁵ Þ.Í. Barð. CA/1 örk 1. Bréfabók Eggerts Björnssonar, bls. 259–260; *Landsbókasafn-Háskólabókasafn* Gunnar Örn Hannesson, Bréfabók Eggerts Björnssonar sýslumanns á Skarði á Skarðsströnd. Um efni hennar, feril og skjalfraði, M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2011.

Árið 1654, 6. ágúst, skrifar Eggert Björnsson sýslumaður Bjelke og ræðir í bréfinu nokkur mál. Hann biður Bjelke um skriflegt samþykki upp á veitingu Skógarstrandarumboðs sem Thomasi Nikulajsen fógeti á Bessastöðum hafði veitt honum. Jafnframt fer hann þess á leit við Bjelke að einn af sonum hans megi halda Skógarstrandarumboð eftir sinn dag og segist hafa beðið Hans Nansen borgarstjóra í Kaupmannahöfn að ræða þetta við Bjelke. Að lokum fjallar hann um æðardún sem Bjelke hafði óskað eftir að hann keypti í Barðastrandarsýslu. Hann hafi reynt að kaupa en lítið fengið en segist þó hafa afhent Thomasi Nikulajsen fógeta þrjár tunnur æðardúns um sumarið á alþingi sem ætlaðar voru Bjelke „til eins lítills þakklætis teikns fyrir yðar velburðugheita velgjörninga á móti mér.“⁵¹⁶

Árið 1657 fær Bjelke bréf um að gera nýja jarðabók yfir landið og verður sérstaklega fjallað um hana hér á eftir.⁵¹⁷ Í sama bréfi er sýslumönnum fyrirskipað að búa innan sinnar sýslu, þannig takist þeim betur að halda mönnum við lög og rétt.⁵¹⁸ Á árunum 1658 til 1663 skrifaði Eggert Björnsson sýslumaður nokkur bréf til Thomasar Nikulajsen fógeta á Bessastöðum. Umræðuefnin eru m.a. jarðir og jarðadeilur og deilur um flutning Eggerts til Bæjar á Rauðasandi til þess að sitja innan sýslu árið 1659. Jafnframt sendir Eggert Thomasi samúðarkveðju sína vegna fráfalls konu hans, Margrétar Clausdóttur Brun en hún andaðist á Bessastöðum 28. nóvember 1662. Eggert fjallar um sauðadauða á eyjunum við Skógarströnd og mikilvægi þess að landsetarnir fái nauðsynlega vöru á borð við timbur, járn og annað sem þá vanhagaði um hjá kaupmanninum. Í útdrætti er bréf frá 30. júlí 1661. Í bréfinu segist Eggert merkja óvild af hendi Johannesar Klein umboðsmanns í sinn garð „framar öðrum hér.“ Segist hann hafa sent afgang, samtals 123 og hálfan ríkisdal til Bessastaða en Klein hafi ekki viljað veita þeim móttöku þar en hafi hins vegar meðtekið þá á alþingi „en þó öngva kvittan viljað gefa.“ Hann segir hegðun Klein stafa af því að hann hafi ekki fengið æðardún frá Eggerti og óttast hann að Klein muni kæra sig fyrir verslun við Hollendinga og einnig það að búa ekki í þeirri sýslu sem hann hefur umboð fyrir. Umræðuefnið er þó gegnumgangandi um kaup Thomasar á æðardúni fyrir Bjelke og konung. Eggert spyr hversu dýrt hann eigi að kaupa hvern ótíndan dúnfjórðung. Sjálfur telur hann sanngjarnt að menn fái einn ríkisdal fyrir hvern fjórðung ef dúnninn er þurr og nokkurn veginn í lagi. Hann segist hafa ferðast til landsetanna á

⁵¹⁶ ÞÍ. Barð. CA/1 örk 1. Bréfabók Eggerts Björnssonar, bls. 204–206; *Landsbókasafn-Háskólabókasafn* Gunnar Örn Hannesson, Bréfabók Eggerts Björnssonar sýslumanns á Skarði á Skarðsströnd. Um efni hennar, feril og skjalfræði, M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2011.

⁵¹⁷ Sjá kafla 5.4. Söfnun og skráning heimilda 1657–1682.

⁵¹⁸ *Lovsamling for Island I*, bls. 252.

Skógarströnd og skilið eftir bréf hjá þeim um að þeir skyldu selja léns herranum allan þann dún sem þeir kynnu að fá á leigujörðum sínum.⁵¹⁹

Árið 1662, 31. júlí, fengu svonefndir aðalútgerðarmenn (*De fire Hovedparticipanter 1662–1683*) 20 ára einkarétt á verslun við Ísland. Er þar sérstaklega tekið fram að fógetum sé óheimilt að stunda nokkra verslun við landsmenn.⁵²⁰ Er það ítrekað í bréfi til Henriks Bjelke árið 1663 að hann, fógetar hans og sýslumenn verði að virða einokun Íslenska kompanísins.⁵²¹ Áður hefur komið fram að Bjelke megi versla en verði að hafa í huga að ganga ekki á hlut einokunarkaupmanna. Hvernig hann fór að því er óljóst.

Svo virðist sem Henrik Bjelke hafi ávaxtað fé fyrir kirkjuna utanlands eins og segir í vísitásiu Steinholtskirkju í Gnúpverjahreppi en þar kemur fram að presturinn hafi í hyggju að láta lénsmanninn ávaxta fé frá kirkjunni.⁵²² Sömu upplýsingar koma fram í vísitásiu Hvamms í Hvammssveit 2. september 1667.⁵²³

Varðveittar eru tvær húsavirðingar af Bessastöðum frá árunum 1663 og 1666. Svo virðist sem Thomas Nikolajsen hafi látið reisa nýjar byggingar á konungsgarðinum Bessastöðum árið 1663. Við húsavirðinguna eru m.a. talin suðurstofan, norðurstofan, portið með kvistum, kjallari, Holgers stofa, Pros Mund stofa, smiðjan, fálkahúsið, gamalt eldhús, hesthús, fjós og sjóbúð.⁵²⁴ Árið 1666 óskar Henrik Bjelke eftir virðingu á húsakosti á Bessastöðum. Um þá húsavirðingu sá Jakob Benediktsson fógeti hans (1666–1668) sem þá var að taka við starfi. Litlar breytingar hafa orðið á húsakostinum þessi þrjú ár. Enn eru taldar stofur, port með kvistum, Pros Mund stofa, gamalt eldhús og útihúsin. Hér er þó einnig nefndur einn nýr steikarofn með múruðum skorsteini auk bakaraofns.⁵²⁵ Af þessum lýsingum er hægt að draga þá ályktun að

⁵¹⁹ ÞÍ. Barð. CA/1. Bréfabók Eggerts Björnssonar, bls. 247–248, 249–252, 283–285, 289; *Landsbókasafn-Háskólabókasafn Gunnar Örn Hannesson*, Bréfabók Eggerts Björnssonar sýslumanns á Skarði á Skarðsströnd. Um efni hennar, feril og skjalfraði, M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2011.

⁵²⁰ *Lovsamling for Island I*, bls. 277–278; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger III*, bls. 99–105.

⁵²¹ *Lovsamling for Island I*, bls. 288; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger III*, bls. 106.

⁵²² ÞÍ. Bps. A. II 7. Vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Sunnlendingafjórðung nema Þverárþing sunnan Hvítár 1640–1670, bls. 190–191.

⁵²³ ÞÍ. Bps. A. II 6. Vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, bls. 334–335.

⁵²⁴ Guðmundur Ólafsson, *Bessastaðarannsókn 1987. Aðdragandi og upphaf – uppgriftarsvæði I–II*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2010/1. Ritstjóri Steinunn Kristjánsdóttir (Reykjavík 2010), bls. 190–191.

⁵²⁵ Guðmundur Ólafsson, *Bessastaðarannsókn 1987*. bls. 192.

konungsgarðurinn hafi verið fjórar álmur með lokuðum húsagarði og hliði. Er það skipulag 40 árum eldra en talið hafði verið.⁵²⁶

Bjelke var síðasti lénsmaðurinn yfir Íslandi og þegar hann féll frá var amtskipaninni komið á á Íslandi eins og þegar var orðið í Danmörku. Hann var aðalsmaður og yfirmaður flota Danakonungs og hafði tekjurnar af landinu í laun fyrir það starf. Landið var frítt lén. Hann dvaldi hér afar sjaldan og hafði hér fulltrúa sína, fógeta og umboðsmenn þeirra, við stjórn.

4.6 Ágrip

Á þeim rúmlega 140 árum sem hér um ræðir, frá 1541–1683, voru lénsmenn nær alltaf aðalsmenn, oftast danskir en einnig norskir og einn þýskur. Störf þeirra voru í megindrátum þau sömu allt tímabilið, þ.e. að kunngera fyrirskipanir konungs, sjá um að þeim væri framfylgt, innheimta tekjur af léninu, hafa eftirlit með réttarfarinu og að réttri kirkjuskipan væri fylgt. Megináherslan framan af var að koma á nýjum sið. Við tekur þróun stjórnsýslu konungs með nýjum lagasetningum og afskiptum af einstaka málefnum innanlands sem hæst bar hverju sinni. Að lokum er lénskipulagið lagt niður hér á landi árið 1683 og amtskipan tekur við eins og þegar var orðið í öðrum lénum konung.

⁵²⁶ Guðmundur Ólafsson, *Bessastaðarannsókn* 1987, bls. 18–19.

5. Söfnun heimilda – myndun skjalasafns á Bessastöðum 1552–1682

Hér verður leitast við að sýna hvernig konungur aflaði sér upplýsinga um eigur sínar á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að setja saman jarðabækur yfir jarðeignir konungs og kirkju. Bréf, fyrirmæli, jarðabækur og önnur gögn áttu að færast í skjalasafnið á Bessastöðum, samanber fyrirmælin frá árinu 1593. Mikið átak var gert í söfnun eignarheimilda strax eftir siðaskipti og síðan á árunum 1636–1645 og eru þó nokkrar jarða- og máldagabækur varðveittar frá þeim tíma. Að lokum var á tímabilinu gerð krafa um samningu nýrrar jarðabókar á árunum 1657–1682.

5.4. Söfnun heimilda 1552–1636

Í erindisbréfi til Pouls Huitfeldt árið 1552 er honum fyrirlagt að láta útbúa jarðabók yfir allt veraldlegt og andlegt góss. Þessi fyrirskipun var ekki aðeins orðin tóm. Árið 1553 sendi konungur Oluff Kalibs (d. 1592) sem erindreka sinn til Norðurlands. Oluff Kalibs var höfuðsmaður á öðru þeirra skipa sem konungur hugðist senda til Íslands með timbur,⁵²⁷ og sem átti að fylgja Poul Huitfeldt til Íslands.⁵²⁸ Verkefni hans snérist flest öll um skráningu jarðeignaréttinda konungs.

Hann átti að sjá til þess að Ólafur Hjaltason biskup á Hólum færi til alþingis og gerði Poul Huitfeldt grein fyrir hvaða jarðir Jóns Arasonar biskups heyrðu kirkjunni til og hverjar konungi. Hann átti að afla upplýsinga hjá Ólafi um meðferð konungsgóss fyrir norðan, skrá hjá sér það sem aflaga færi og gera Poul Huitfeldt grein fyrir því á alþingi. Væri þá hægt að gera ráðstafanir eftir þing vegna þess sem miður færi. Einnig átti Ólafur biskup að sjá til þess að gerð yrði jarðabók yfir allar kirkjujarðir í Hólastifti. Þorleifur Grímsson (f. um 1490 d. 1560) sýslumaður á Möðruvöllum í Eyjafirði sem hélt átján jörðum Ara Jónssonar (d. 1550), sonar biskups, og einnig þeir menn aðrir fyrir norðan, sem héldu einhverju af góssi þeirra feðga, áttu að fara til alþingis með bréf og önnur sönnunargögn fyrir þessum jörðum.

Á alþingi átti Oluff Kalibs að fá frekari fyrirmæli hjá Poul Huitfeldt um verkefni sín á Norðurlandi. Þegar hann færi af landinu átti hann að hafa með sér alla rentu af jörðum Jóns

⁵²⁷ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 516–519.

⁵²⁸ *Dansk biografisk leksikon* IX (Kjøbenhavn 1895), bls. 79.

biskups Arasonar og sona hans sem Pétur Jensen hafði innheimt og Pétur Einarsson myndi sjá um að koma til skips.⁵²⁹ Mikið stóð til þetta vor og sumar hjá konungi við að koma skikki á jarðeignamál sín því auk Oluff Kalibs sendi konungur a.m.k. tvo menn, þá Jacop Hvides og Jon lögmann Simonsson frá Noregi til Íslands, til aðstoðar Poul Hvíteldt á alþingi og við að fá yfirsýn yfir jarðeignir konungs.⁵³⁰

Marteinn biskup Einarsson í Skálholti fékk einnig skilaboð frá konungi um að gera registur yfir allar kirkjujarðir í Skálholti og yfir þær jarðir sem horfnar væru úr eigu kirknanna eða biskupsdæmisins, svo að hægt væri að ná þeim til baka. Þessum upplýsingum átti hann að koma til Pouls Huitfeldt.⁵³¹

Á þessu alþingi árið 1553 lágu þegar fyrir nokkuð af þeim upplýsingum sem konungur ætlaðist til að aflað yrði. Eggert Hannesson lögmaður og fyrrum lénsmaður hafði í september árið áður hitt Ólaf Hjaltason biskup og gert með honum skýrslu og reikning yfir þær jarðeignir sem Jón biskup Arason hafði fargað frá Hólastól og þær jarðir sem hann hafði fengið stólnum í stað þeirra. Um svipað leyti útbjó Eggert einnig skrá yfir jarðeignir Björns Jónssonar (d. 1550) og Ara Jónssonar. Frumkvæði Eggerts má rekja til þess að árið 1552 var honum falin umsjón jarða sona og mága Jóns biskups Arasonar eins og áður er nefnt. Þessar skrár eru varðveittar í afskrift í svonefndri Bessastaðabók.⁵³² Í sömu bók er skrá yfir jarðir Ögmundar biskups Pálssonar á Vestfjörðum og í Borgarfirði sem talin er gerð 1541 og einnig afskriftir Viðeyjarklaustursskjala. Þessi bók er talin skrifuð á síðari hluta 16. aldar (um 1570). Hefur hún örugglega tilheyrt skjalasafni Bessastaða. Innihald hennar gefur tilefni til slíkrar ályktunar, og eru fræðimenn sem um bókina hafa fjallað sammála um þá fullyrðingu.⁵³³

Árið 1569, lagði konungur fyrir biskupa á Íslandi að fá Christoffer Valckendorf lénsmanni (1569–1570) í hendur skrá um stólseignir og kirkjujarðir.⁵³⁴ Konungur gaf síðan út opið bréf 22. september árið 1570 til allra sem hefðu einhver lén að senda inn til rentukammers

⁵²⁹ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* I, bls. 324–327; *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 516–519.

⁵³⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 519–520.

⁵³¹ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* I, bls. 328–329; *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 521–522.

⁵³² *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 459–465; *AM* 238 4to. Bessastaðabók.

⁵³³ Ragnheiður Mósesdóttir, „Bessastaðabók og varðveisla Viðeyjarklaustursskjala“ *Saga tímarit Sögufélags* 34 (1996), bls. 219–254; Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit*, bls. 43; Páll Eggert Ólason, *Handritakröfur Íslendinga. Den islandske haandskriftsag* (Reykjavík 1939), bls. 13.

⁵³⁴ *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 253.

nákvæma undirskrifaða jarðabók fyrir næsta Marteinsdag eða 11. nóvember⁵³⁵ með uppskrift á öllum kirknaeignum, hvaða nafni sem þær nefndust, í biskupsdæminu. Segir í bréfinu að samskonar bréf frá kóngi hafi Guðbrandur biskup Þorláksson á Hólum fengið. Prófastar áttu að aðstoða við skýrslugerðina.⁵³⁶

Árið 1582 hefur konungur skrifað báðum biskupunum bréf og segir þeim að hafa jarðabækur og skrár yfir eignir kirkjunnar með sér til Kaupmannahafnar.⁵³⁷ Verið getur að þessi fyrirskipun sé tilefni jarðabókarhlutans sem nú liggur í biskupsskjalasafni með fyrirsögninni „Anno domini 1583 eru þetta Prestagardar í Skálholtsstifti“.⁵³⁸ Frá árinu 1589 er jarðabók Skálholtsdómkirkju varðveitt í leyndarskjalasafni konungs.⁵³⁹

Elsta jarðabók yfir klaustureignir og konungsjarðir er frá árunum 1550–1579.⁵⁴⁰ Að hluta er bókin talin vera með hendi Eggerts Hannessonar. Þorvaldur Thoroddsen (f. 1855 d. 1921) telur og hefur það eftir Árna Magnússyni að Johan Bocholt lénsmaður (í fyrra sinn 1570–1587) hafi sett þessa bók saman. Í bréfi Árna Magnússonar til rentukammersins um árið 1703 segir hann þessa bók miklu betri en þær sem hann hafi áður verið búinn að fá úr rentukammeri. Telur hann jafnvel þessa bók einnig vera úr rentukammeri. Segir hann ýmsar athugasemdir á spássíum bókarinnar sýna það og hann muni skila henni aftur þangað. Þrátt fyrir þessi orð Árna er ekki að sjá af athugasemdunum að þær hafi frekar verið gerðar í rentukammeri en á Íslandi. Verður að ætla að einhver lénsmannanna hafi haft þessa bók með sér í rentukammer vegna endurskoðunar lénsreikninga og þannig hafi hún hafnað þar.⁵⁴¹

Jarðabók frá árunum 1583–1616 yfir konungsjarðir er lágu til Bessastaða auk skrár yfir sýslurnar, klaustrin og hafnirnar m.m.⁵⁴² tengist einnig Bocholt. Þessa jarðabók kallar Páll

⁵³⁵ *DRA*. D. Kancellí. B. 46 D. Diverse 1481–1571, 111 1570. D. 76.a. Fortegnelse på pannt og forleninger udi Norge og Islandt.

⁵³⁶ *ÞÍ*. Skjöl í steinklefa. XXIX. Handrit dr. Jóns Þorkelssonar I. Sjá einnig *Lbs.* 101 4to, Höfuðsmannsbréf og fleira, bls. 475–476.

⁵³⁷ *Norske Rigs-Registranter* II, bls. 463.

⁵³⁸ *ÞÍ*. Bps. A.II.2. Máldagar Vilckins og Gísla, bls. 113–140.

⁵³⁹ *ÞÍ*. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II.52. Jarðabók Skálholtsdómkirkju 1589.

⁵⁴⁰ *AM* 902c 4to. Jarðabók yfir konungsjarðir á Íslandi.

⁵⁴¹ Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands* III (Kaupmannahöfn 1919), bls. 77; Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit*, bls. 42; Kr. Kålund, *Katalog over den Arnamagnæanske Håndskriftsamling* II (København 1894), bls. 253; Árni Magnússon, *Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker* (København-Kristiania 1916), bls. 69–70; Páll Eggert Ólason, *Handritakröfur Íslendinga*, bls. 18.

⁵⁴² *AM* 459 fol. Jarðabók 1583–1616. Kr. Kålund, *Katalog over den Arnamagnæanske Håndskriftsamling* I, bls. 328; Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit*, bls. 42; Páll Eggert Ólason, *Handritakröfur Íslendinga*, bls. 12.

Eggert Ólason brot úr jarðabók Bocholts 1583.⁵⁴³ Þegar Árni Magnússon reyndi að aldursgreina bókina notar hann m.a. jarðabók til viðmiðunar sem er kölluð Johan Bocholt jarðabók „den grønne“, og sögð er samin um svipað leyti eða kringum 1583.⁵⁴⁴

Strax á þingi árið 1591 hefur Hendrik Krag (1591–1595) lesið bréf konungs til a.m.k. biskupsins í Skálholti um að skrifa upp máldaga og eignarheimildir allra kirkna í því biskupsdæmi. Sennilega hefur það sama átt við Hólabiskupsdæmi en þetta konungsbréf er ekki í alþingisbókinni. Upplýsingar um það fást þó í bréfi Odds Einarssonar Skálholtsbiskups til klerka árið 1592 þar sem þeim er uppálagt að skrifa vandlega upp máldaga og eignarheimildir allra kirkna með vísun til þessa konungsbréfs.⁵⁴⁵ Óvíst er hvað varð um frumrit þessa máldaga eða jarðabókar, en til er í afskrift frá 18. öld jarðabók Hóladómkirkju, Skálholtsdómkirkju, klaustrajarða og konungsjarða frá árinu 1592.⁵⁴⁶

Í athugasemdum rentumeistara við reikning Brostrups Gjedde 1596/97, en það ár lét hann af lénsmannsstarfi, var nefnt að honum hefði verið fyrirlagt að leggja inn jarðabók yfir jarðir kirkjunnar (*stiftens indkomst*). Í svarinu kemur fram að það hafi hann gert bæði yfir landsins og „stiftens visse indkomst“, þó ekki reiknuð samtala (*summerud*). Er síðan tekið fram að hún fylgi reikningnum 1596/97 og samtala hafi verið reiknuð. Jarðabókin frá árinu 1597 sem liggur með lénsreikningum hefur ekki inni að halda „stiftens indkomst“. Aftur á móti er í jarðabók frá árinu 1597, sem nú liggur í svokallaðri Norsku gjöf 1974 í Þjóðskjalasafni, bæði getið konungsjarða og jarða Skálholts- og Hólastiftis (*stiftens indkomst*). Má því ætla að það sé sú bók sem hér er átt við og á því að liggja með lénsreikningum, en hefur borist úr rentukammeri til Noregs. Bókin er í raun þrjár bækur og virðast biskuparnir hafa skrifað upp hver sinn hluta. Bókin í heild hefur verið yfirfarin í rentukammerinu og samtölur yfir jarðirnar reiknaðar. Má ætla að a.m.k. ein þeirra sé afskrift eldri bókar, þ.e. frá árinu 1583, sem legið hafi í skjalasafni Skálholtsbiskups. Jarðabókarhlutinn um Skálholtsstifti með hendi Odds biskups Einarssonar 1597 er sagður skrifaður, „eftir staðarins jarðabók og registri kirknanna svo sem Herra Oddi Einarssyni var afhent nær hann tók við“, árið 1589.⁵⁴⁷ Þessi jarðabókarhluti virðist að miklu

⁵⁴³ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir III*, bls. 14.

⁵⁴⁴ *Alþingisbækur Íslands IV*, bls. 559.

⁵⁴⁵ *Alþingisbækur Íslands II*, bls. 288–289.

⁵⁴⁶ *AM Steph. 27. Jarðabók 1592; Kr. Kålund, Katalog over Den Arnemagnæanske Håndskriftsamling II*, bls. 574.

⁵⁴⁷ Lýsingin á bókinni er fengin frá Sveinbirni Rafnssyni prófessor, *ÞÍ. Norska gjöfin 1974. Legg 14. Jarðabók 1597.*

leyti samhljóða hluta af jarðabók í biskupsskjalasafni sem hefur fyrirsögnina „Anno domini 1583 eru þetta prestaráðar í Skálholtsstifti“.⁵⁴⁸

Lénsmáður hefur krafið Odd biskup nánari upplýsinga um kirknareikninga árið 1599 og sendir biskup út bréf til prófesta og presta í Rangárþingi þar sem segir m.a.:

... eg hefi nýlega feingið bréf höfuðsmannsins um kirknareikninga þessarar meiningar, að honum þykir ekki fullnægja slíkt registur, sem eg hefi árlega uppskrifað, og þeim afhent, og heimtir þar fyrir enn að nýju kláran reikningsskap til næsta Alþingis um allar kirkna eignir, hvort það er alkirkju, hálfkirkju eða bænhús. Kanske yfirvaldið meini, að vér munum svalla og brjála kirkjufénu frá og til, eins og forðum daga, og af þrjúzku og óhlýðni ei vilja fram leggja fullan reikning, svo sem hann er til, hvað tildrægislaust er að dylja þess, sem menn vita þar um framast, og ekki hefi eg kunnað það betur að gera, eptir því, sem mér hefur verið til sagt, þar sem eg hefi visiterað...⁵⁴⁹

Síðan er nákvæm lýsing á hvernig færa skuli reikninginn og er próföstum falið að sjá til þess að þetta framkvæmist víslega. Öruglega hafa þessir reikningar verið gerðir og sendir til upplýsingar til Bessastaða.⁵⁵⁰ Áður er getið athugasemda Odds við það ákvæði í kirkjuskipaninni að biskupum beri að skila árlega inn kirknareikningum til lénsmanns. Oddur biskup Einarsson hélt mikið skjalasafn biskupsstólsins sem brann 24. febrúar 1629. Í safninu voru árið 1615 m.a. Vilkinsmáldagi og fleiri máldagar, vísitásiubækur, jarðabók staðarins, jarðabréf staðarins geymd í járnslögnum kistli í kórnum og fáein konungsbréf sem hann fékk í hendur þegar hann tók við staðnum og voru þau geymd í kringlóttum máluðum öskjum. Einnig nefnir hann reikning úr tíð Gísla biskups Jónssonar yfir skjöl sem hann hefur meðtekið sem ber ekki alveg saman við hans eigin reikning því þar eru nokkrir hlutir sem farið höfðu til Bessastaða í tíð Gísla biskups.⁵⁵¹

Enn eitt bréf hefur Frederik Friis lénsmáður 1619 haft meðferðis til biskupanna um samningu jarðabókar. Er það dagsett 20. apríl 1619 og þar er biskupum boðið að afhenda

⁵⁴⁸ ÞÍ. Bps. A.II. 2. Máldagar Vilckins og Gísla.

⁵⁴⁹ *Alþingisbækur Íslands* III, bls. 171.

⁵⁵⁰ *Alþingisbækur Íslands* III, bls. 171–173.

⁵⁵¹ „Bókasafn Skálholts-staðar 1604 og 1612.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1886 (1887) bls. 65–67.

lénsmanni árlega rétta jarðabók yfir allar tekjur dómkirknanna.⁵⁵² Einnig fengu biskupar bréf um að halda árlega skrá yfir reka, hvað af honum er kostað til þarfa dómkirkjunnar og halda skrár yfir vissar og óvissar tekjur dómkirkjunnar og afhenda lénsmanni.⁵⁵³

Víst er að biskuparnir hafa sett saman jarðabækur þó ekki séu þær varðveittar. Sjá má af minnisblaði Odds biskups yfir þau mál sem hann ætlaði að reifa við lénsmann á alþingi árið 1620 að hann hefur þekkt þessi konungsbréf. Auk annarra mála ætlar hann að ræða við lénsmann, um skýrt registur uppá jarðabók Skálholtskirkju, um registur uppá allt kirknagóss hér í stiftinu og um tvær registursbækur sem „eg hefe ecke afftur fejnged sijdan eg sende þær thil herra manna a Bessastodum 1618“.⁵⁵⁴ Í minnisbók sína árið 1622 hefur Oddur skrifað á alþingi: „Umm Skalhollts inventarium og umm jarda bookena uppa alltt kirknagodtz i Skalholltz Stigte og ad taka qvittun eda medkennyng umbodsmannsens þar uppa ad hun hafe afhendt veredt“.⁵⁵⁵

Strax við siðaskiptin var mikil áhersla lögð á að safna eignarheimildum konungs bæði yfir veraldlegt og andlegt góss. Enda þótt að ekki séu margar jarðabækur varðveittar er víst að þær voru settar saman og lágu á Bessastöðum og rentukammeri konungi til upplýsingar. Dæmi um slíkar bækur eru Jarðabók yfir konungsjarðir á Íslandi, AM 902c 4to 1550–1579 og svokölluð Bessastaðabók AM 238 4to um 1570.

5.5. Staða eignarmála og eftirlits 1636–1637

Árið 1635, þann 17. apríl, skrifar Þorlákur Skúlason biskup á Hólum (f. 1597 d. 1656) prestunum í Eyjafjarðarsýslu og krefur þá reikningsskapar yfir allar kristfjárjarðir. Pros Mund lénismaður hafði skrifað honum að boði konungs og krafist reikningsskapar bæði af góssi

⁵⁵² ÞÍ. Skjalasafn stiftamtmanns III. nr. 3. 22. apríl 1619. Konungsbréf til biskupa í eftirriti þar sem þeim er boðið að afhenda höfuðsmanni árlega rétta jarðabók yfir allar tekjur dómkirknanna; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 276.

⁵⁵³ ÞÍ. Skjalasafn stiftamtmanns III. nr. 3. 21. apríl 1619. Konungsbréf til biskupa í eftirriti þar sem þeim er boðið að halda árlega skrá yfir reka svo og hverju af honum er kostað til þarfa dómkirkjunnar. Einnig að halda skrár yfir vísar og óvísar tekjur dómkirkjunnar og afhenda höfuðsmanni; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger* II, bls. 277.

⁵⁵⁴ *Alþingisbækur Íslands* V, bls. 36.

⁵⁵⁵ AM 243 4to. Memorialia Odds biskups Einarssonar.

dómkirkjunnar og kristfjárjarða. Geta átti landskuldar, kúgildafjölda á hverri jörðu, eyðijarða og skóga.⁵⁵⁶

Þetta bréf var undanfari mikillar skjalasöfnunar og upplýsingaöflunar á vegum konungs sem hefst á alþingi árið 1636 en upphafið má rekja til gagnrýni Oluffs Pedersøn fógeta í kansellíi árið 1635 sem áður hefur verið nefnt. Konungur skipaði lénsmanni að svara gagnrýni Oluffs og gera grein fyrir málavöxtum. Áður en hann getur það þarf lénsmaður að afla upplýsinga í léninu og fer yfir gagnrýni Oluffs lið fyrir lið. Oluff Pedersøn byrjar gagnrýni sína á því árið 1635 að segja að mikil óvissa sé um hvaða lög gildi í landinu, menn dæmi hver á móti öðrum. Telur hann ástæðu þeirrar óeiningar vera þá að ekki sé samræmi milli prentaðra laga og skrifaðra þó þetta séu sömu lög, auk konungsbréfa, lögmansdóma og réttarbóta sem einnig stönguðust á. Lögbókin finnst ekki allsstaðar og hún sé ekki alltaf samhljóða því að stundum sé heilum og hálfum köflum sleppt. Menn dæmi dóma hver á móti öðrum en þrátt fyrir það sé það allt samkvæmt lögum. Vill hann að lögunum verði breytt eins og gert hafði verið í Noregi.⁵⁵⁷ Sambærileg gagnrýni kemur fram hjá Birni Jónssyni á Skarðsá (f. 1574 d. 1655) annálaritara og lögréttumanni í ritgerð um ómagaframfærslu frá árinu 1629.⁵⁵⁸

Skýringin á þessari réttaróvissu er m.a. talin vera sú að við uppskriftir Jónsbókarhandrita var ýmislegt tekið með til uppfyllingar og fróðleiks sem ekki hafði lagast á Íslandi, en var síðar dæmt eftir, því að menn vissu ekki betur.⁵⁵⁹ Um sama leyti og Oluff ber fram gagnrýni sína eru menn farnir að huga að lagfæringum á Jónsbók og vísast þar til Björns Jónssonar á Skarðsá, Gísla Hákonarsonar lögmans (1614–1631) og Þorsteins Magnússonar (f. 1570 d. 1655) sýslumanns. Megináhersla var lögð á að koma sér saman um einn skilning á tvíræðum og torskildum Jónsbókargreinum, þó e.t.v. hafi einnig verið meiningin að endurskoða lögbókina frá grunni.⁵⁶⁰ Jafnframt segir Oluff að kirkjuskipanin norska, sem send var Íslendingum árið 1622, ætti ekki við á Íslandi. Prestar hegði sér illa og margir grófir lestir viðgangist en biskupar

⁵⁵⁶ *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*. Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns I (Reykjavík 1979), bls. 80.

⁵⁵⁷ *DÍ*. KA. KA/1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verzlun og ýmsu öðru með greinargerð í 22 liðum.

⁵⁵⁸ Gísli Baldur Róbertsson, „Áform um endurskoðun íslenskra laga“, *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, bls. 38.

⁵⁵⁹ Einar Arnórsson, *Réttarstaða Íslands*, bls. 228–229; Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* II, bls. 11; Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um afl lagaþekkingar og ættvísi á 17. og 18. öld“, *Íslenska sögubingid*. Ráðstefnurit II, bls. 134–135.

⁵⁶⁰ Gísli Baldur Róbertsson, „Áform um endurskoðun íslenskra laga“, *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, bls. 38–42.

sjái í gegnum fingur sér vegna slíkra brota. Ef hið veraldlega vald finni að því segja prestarnir að því komi þetta ekki við.

Fyrstu spurningar Pros Mund á þingi 1636 eru hreinar og beinar: „Eftir hvaða lögbók er dæmt í landinu og eftir hvaða kirkjuskipan er dæmt í andlegum málum“? Svörin tvö eru Jónsbók og hin norska kirkjuskipan.⁵⁶¹ Einhvern grun hlýtur lénsmaður að hafa haft um þessi svör en það er meira að marka svörin ef hann fær vitnisburð alþingis um þau. Það er alvarlegt mál að kvartað sé yfir vinnu manns við konung. Og Íslendingar bregðast vel við. Gísli Oddsson biskup afhendir lénsmanni eintak af kirkjuskipaninni árið 1637⁵⁶² og árið 1641 hefur lénsmaður eignast eintak af Jónsbók sem skrifuð var af Þórði Henrikssyni á Innrahólmi á Akranesi árið 1641, auk leiðbeiningarrits um íslensk lög með útskýringum.⁵⁶³

Í leiðbeiningunum er fjallað sérstaklega um hreppstjórn.⁵⁶⁴ Þetta leiðbeiningarrit, eða „lykill þeirrar íslensku lögbókar“ hefur nokkra sérstöðu enda elstu leiðbeiningar sem vitað er um fyrir hreppstjóra og er um hreppstjórnina vísað til skoðana Þórðar Guðmundssonar lögmans (1570–1606) eins og áður hefur verið nefnt.⁵⁶⁵ Elsta hreppsbók sem varðveist hefur hefst árið 1643. Hún er úr Reykholtshreppi í Borgarfirði. Már Jónsson hefur skrifað um bókina og segir að hún hafi verið færð, eftir því sem best verður séð, án skipunar frá æðri yfirvöldum. Færsla hreppsbóka er fyrst fyrirskipuð af stiftamtmani árið 1785 og er sú fyrirskipun lesin upp á alþingi árið 1786. Önnur bók er varðveitt úr Hálsasveit í Borgarfirði frá árinu 1684.⁵⁶⁶ Afar líklegt er að tengsl séu á milli færslu þessarar bókar 1643 og leiðbeininga um hreppstjórn sem Pros Mund fékk í hendur 1641, en það bíður frekari rannsókna.

Fleiri gerðir eða afrit Jónsbókar urðu til í tíð Pros Mund. Ein er skrifuð 1644 af Lauritz Nielsson fógeta Pros Mund á árunum 1641–1645. Á forsíðu bókarinnar stendur neðst: „Skreffven paa Bessested af Lavrits Nielsson, fowged paa Island: 1644“. Í bókinni eru auk

⁵⁶¹ ÞÍ. KA. KA/1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verzlun og ýmsu öðru með greinargerð í 22 liðum.

⁵⁶² ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 51. Spurningar um kristfjárjarðir.

⁵⁶³ *Det kongelige bibliotek*, Gl. kgl. saml. 3671a 8vo Jónsbók m.m., 3671b 8vo Lykill Jónsbókar.

⁵⁶⁴ *Alþingisbækur Íslands I*, bls. 197–201.

⁵⁶⁵ *Det kongelige bibliotek*, Gl. kgl. saml. 3671b, 8vo, bls. 55; *Det kongelige bibliotek*, Gl. kgl. saml. 3671a, 8vo; Kr. Kålund, *Katalog over De Oldnorsk-Islandske Håndskrifter i Det store Kongelige Bibliotek og Universitetsbiblioteket samt Den Arnemagnæanske Samlings Tilvækst 1894–1899* (København 1900), bls. 82–83; *Alþingisbækur Íslands I*, bls. 197–201.

⁵⁶⁶ Már Jónsson, „Elsta hreppsbók á Íslandi: Reykholtshreppur 1643–1785“ *Borgfirðingabók* (2007), bls. 63.

Jónsbókar, réttarbætur, alþingisdómar og Gamli sáttmáli, allt á dönsku.⁵⁶⁷ Önnur bók er einnig talin skrifuð af Lauritz Nielsson og er nafn hans á fyrstu síðu handritsins. Í þessu handriti sem er á dönsku eru, auk Jónsbókar, réttarbætur, alþingis- og lögmansdómar, uppkast að nýjum kristnirétti þeirra Ólafs Hjaltasonar biskups og Árna Gíslasonar sýslumanns (f. um 1520 d. 1587), hirðsiðir, búalög og ýmsir héraðs- og alþingisdómar, bréf útgefin af Poul Stigesen, listi yfir eiða og fleira.⁵⁶⁸

Oluff Pedersøn heldur áfram gagnrýni sinni og heldur því fram að kirkjubyggingum og öðrum byggingum á konungsjörðum sé ekki haldið við og að hluti jarðanna sé í eyði sem komi sér illa fyrir konung. Hann segir að lénsmaður eða fógeti hans verði að hafa nákvæmt eftirlit með þessu en þegar fógetinn ferðist um landið og geri athugasemdir við prestana segi þeir bara að honum komi kirkjubyggingar ekkert við. Prestar taki alla tíund og tolla kirkjunnar til eigin nota en geri engan reikning vegna þessa og kaupí varla vín og brauð til kirkjunnar.

Oluff Pedersøn vill láta afrita alla dóma og máldaga dómkirknanna, klaustranna og kirkjujarða og skrifa í bók sem best sé að geyma í Danmörku auk eintaks á Bessastöðum. Bréfunum skuli svo skilað aftur til klaustranna og kirkna. Þetta þurfi að gera hratt og með mikilli leynd því ef Íslendingar vita þetta fyrirfram muni þeir falsa (*forryke*) bréfin eða fela þau. Sannleikurinn er, segir hann, að skjöl um stærð jarða konungs og réttindi séu sennilega ekki til.

Hann sakar lögmenn um að dæma áreiðardóma (*ride på*)⁵⁶⁹ á jörðum kóngs, eða á jörðum bænda þar sem konungur gæti átt eignir eða átt hlut að máli. Þetta geri þeir án heimildar fyrir vini sína og frændur.

Oluff gagnrýndi einnig meðferð kristfjárjarða. Afgjaldið af þeim átti að vera til uppihalds fátækum en biskupar og prestar haldi þessar jarðir og noti afgjaldið til annars. Þessar jarðir vill hann láta skrá í jarðabókina og leggja þær til Viðeyjarspítala, þar nýtist þær fátækum best. Oluff segir að á klaustrunum og við kirkjurnar sé mikil og gömul innistæða, sennilega gömul húsgögn og slíkt, sem ekki sé notuð heldur grotni niður og eyðileggist. Hann vill selja þessa innistæðu fyrir peninga og gera reikning fyrir í rentukammeri. Auk þess liggi mikið af ónýtum kirkjuklukkum á klaustrunum og við kirkjur sem ekki sé hægt að nota. Sumar kirkjur eigi engar klukkur, en aðrar margar. Það væri kristilegt og gott verk að jafna þessu niður á

⁵⁶⁷ *Kgl. bibl*, Gl. kgl. sml. 3276 4to Jónsbók m.m.; Kr. Kålund, *Katalog over De Oldnorsk-Islandske Håndskrifter*, bls. 76.

⁵⁶⁸ *Kgl. bibl*, Gl. kgl. sml. 1159 fol. Jónsbók m.m.; Kr. Kålund, *Katalog over De Oldnorsk-Islandske Håndskrifter*, bls. 33; *AM* 1062 4to. Skrá yfir íslensk handrit í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn gerð af Jóni Þorkelssyni.

⁵⁶⁹ Áreið, fara eftir landamerkjum jarða til að rifja upp eða staðfesta, ákveða, ganga á merki sbr. Jónsbók.

kirkjurnar svo allar ættu klukku. Ónýtum klukkum ætti að safna saman og láta kaupmennina koma þeim til Kaupmannahafnar gegn kvittun því fógetinn þarf að færa þetta í reikning sinn og upphæðin gæti orðið há.

Oluff vill láta gera jarðabók og reikning yfir eigur biskupsstólanna og kirkjujarða, þar sem getið yrði leigukúgilda⁵⁷⁰ og landskuldar, auk skrár yfir innistæðu þessara jarða. Hann segir að dæmi sé um jarðir sem ekki eru skráðar í jarðabókina og ekkert sé um þær vitað. Af sumum þessara jarða hirði sýslumennirnir allt afgangið en konungur fái ekkert. Þetta sé ekki réttmætt því afgangið af sýslunum eigi ekki að greiðast með afgangi af umboðsjörðum. Jarðir og jarðapartar hafi fallið til konungs í hans tíð, en séu enn ekki skráð í jarðabókina.

Einnig finnst Oluff ómögulegt að dýrleiki og landamerki jarða sé ekki skráður. Hann telur afar mikilvægt að skrá landamerki jarða svo umfang konungsjarða sé ljóst því annars eignir Íslendingar sér jarðirnar. Þegar landamerkjadeilur koma upp og fógeti lénsmanns kemst að því er það ævintýri líkast að eiga að leysa deiluna. Hvað á konungur og hvað á bóndinn? Engar eignaskrár liggja fyrir eða landamerkjabók. Íslendingum sé alls ekki hægt að treysta, þeir sverji hver á móti öðrum ef þeir eygja gróðamöguleika. Það sé stór nauðsyn að semja slíka bók auk jarðabókar þar sem dýrleika jarða er getið auk landskuldar og leigukúgilda. Konungur muni hagnast á því. Jarðabók þar sem dýrleika er getið var síðan gerð samkvæmt tilskipun konungs frá 1638 og verður hennar getið hér á eftir.

Jafnframt segir Oluff að sýslumenn, klausturhaldarar og aðrir sem einhver lén hafa fái 1/3 hluta af óvissum og vissum tekjum í greiðslu fyrir ómak sitt. Þessir menn hafa sín á milli gert samkomulag um að þegar sakeyrir og afgangi til konungs er greitt skuli hvert hundrað á landsvísu⁵⁷¹ ekki reiknast hærra en þrjú ríkisdalir. Þar af fær konungur tvo dali. En sjálfir, þegar þeir innheimta afgangi af bændunum og undirmönnum sínum, reikna þeir hundraðið á fjóra dali. Þrátt fyrir þetta fær konungur aðeins þessa tvo dali eins og fyrr er sagt en þeir hirða tvo eða helminginn, í stað þriðjungs, sem alls ekki er réttlætanlegt að mati Oluffs.⁵⁷²

Á þingi árið 1636 krefur lénsmaður menn svara við nokkrum af þessum ákæruatriðum og hefur sennilega rætt hugmyndir og skoðanir Oluffs við menn á þingi eins og um lögbókina og möguleika á gerð landamerkjabókar. Hann vill fá svar biskupa við bréfi Frederiks Friis lénsmanns frá árinu 1619 um hvernig farið sé með kristfjárjarðir. Svárið vill hann fá fyrir næstu Mikjálsmessu (*St. Mikaelstag*) 29. september.

⁵⁷⁰ Ær og kýr sem leigðar voru með jörðum voru kallaðar leigukúgildi. Stundum aðeins kúgildi.

⁵⁷¹ Hér er átt við íslenskan hundraðsreikning, 120 álnir, 240 fiskar í hundraði.

⁵⁷² ÞÍ. KA. KA/1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verzlun og ýmsu öðru með greinargerð í 22 liðum.

Hann spyr menn á þinginu hvernig farið sé með innistæðu allra klaustrajarða og konungsjarða samkvæmt bréfi sem Herluf Daa lénsmaður hafi komið með til landsins og hann skipar báðum biskupum, klausturhöldurum og öðrum að rannsaka og skrá allar gamlar og ónýtar klukkur sem finnast.

Einnig eiga allir sýslumenn að rannsaka hversu margar jarðir hafa fallið undir konung í þeirra tíð og fyrirrennara þeirra, og gera skrá yfir þær. Jafnframt eiga þeir að gera grein fyrir hversu stóran hluta af hverju hundraði þeir fái af óvissum tekjum og hvernig það kemur fram í reikningshaldi þeirra gagnvart konungi.

Að lokum skipar hann mönnum að borga alþingisskrifaranum það kaup sem honum ber samkvæmt alþingisdómi frá 1631. Kaupið var að árlega fékk alþingisskrifarinn einn dal af hverjum sýslumanni og lögmönnum, auk þess mátti hann þiggja laun af þeim sem óskuðu eftir afriti af dómi.⁵⁷³ Þar á móti skyldi alþingisskrifarinn, Páll Gíslason (f. 1600 d. 1678), afhenda hverjum og einum valdsmanni eins fljótt og hann gæti það sem honum bæri að hafa úr bókinni.⁵⁷⁴

Ári síðar, í apríl 1637, hittir Pros Mund Gísla biskup Oddsson á Bessastöðum og leggur fyrir hann spurningar um kristfjárjarðir, innistæðu og brotnar klukkur. Spurningarnar og svörin eru skjalfest. Þar afhendir biskup lénsmanni eintak af norsku kirkjuskipaninni. Pros Mund spyr hvort hann viti eitthvað um jarðabók dómkirkjunnar sem gera átti samkvæmt bréfi Fredriks Friis 1619. Því svarar biskup að um vissar og óvissar tekjur dómkirkjunnar viti hann ekki annað en það sem hann hefur skjalfest í sínum pappírnum.⁵⁷⁵

Svörin við þessum spurningum, frá klausturhöldurum, biskupum báðum og tveimur sýslumönnum eru nú varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands. Flest svörin, oft í afskrift, eru dagsett 1636 eða 1637. Má þar nefna að varðveitt er innistæðuskrá Kirkjubæjarklausturs auk skrár yfir leigur, landskuldir og kúgildi, jarðabók Möðruvallaklausturs ásamt kúgildafjölda og landskuldarupphæð, jarðabók Munkaþverárklausturs með landskuldarupphæð og leigukúgildum, jarðabók Reynistaðarklausturs ásamt leigukúgildum og landskuldum, einnig innistæða klaustursins og skrá um ónothæfan klukkukopar frá 1635, úttekt Skriðuklausturs og jarðabók, jarðabók Þykkvabæjarklausturs ásamt landskuldarupphæð og leigukúgildum auk skrár yfir klukkur og klukkubrot, jarðabók Þingeyraklausturs, skrá um kristfjárjarðir í Skálholtsstifti ásamt skýrslu um brotnar kirkjuklukkur, skrá um brotnar klukkur í Hólastifti og

⁵⁷³ *Alþingisbækur Íslands* V, bls. 212.

⁵⁷⁴ *Alþingisbækur Íslands* V, bls. 426–428.

⁵⁷⁵ *ÞÍ*. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 51, Spurningar um kristfjárjarðir.

skrá um kristfjárjarðir. Hér má einnig nefna jarðabók Arnarstapaumboðs 1637, undirritaða af Steindóri Finnssyni umboðsmanni (a.m.k. frá 1637–1647) og Bjarna Péturssyni umboðsmanni (a.m.k. frá 1637–1644) og sýslumanni í Dalasýslu, auk nokkurra skýrslna um landskuldarupphæð á nokkrum konungsjörðum. Sést á sumum svaranna að auk þess að bera þessa fyrirspurn upp á alþingi hefur Pros Mund fylgt henni eftir með bréfi til þeirra.⁵⁷⁶

Meðal þessara skjala eru bréf til Pros Mund og Jens Søffrensen fógeta hans. Árni Oddson lögmaður og klausturhaldari í Reynistaðarklaustri skrifar Pros Mund 23. september 1636. Það hafi snjóað eftir að júnker var farinn sem gerði lífið erfitt fátæku fólki. Hann hafi leigt til næsta árs hálf tlaustrið með leigum og landskuldu, prestinum sem þar sitji, eins og hann hafi sagt honum. Júnkerinn fái sín afgangur eins og vera ber. Hallgrímur Halldórsson í Vík óskaði júnkernum þúsund góðra daga en Hallgrímur vildi gjarnan fá að vita hvort mögulegt væri að hann fengi að festa fyrir lífstíð jörðina sem Ingjaldu Illugason hefði haft en yrði nú að sleppa. Árni óskar eftir svari við þessu svo hann gæti skrifað Hallgrími og látið hann vita, einnig um það hvað greiða eigi í festuþeninga. Varðandi innistæðu klaustursins sendir hann júnkernum rétt afrit auk upplýsinga um ónothæfan klukkukopar eins og óskað var eftir á alþingi þá um sumarið. Að lokum ræðir hann mál konu, sem þeir höfðu rætt á alþingi, frá Vestmannaeyjum sem fjórum sinnum hefði fallið í hórdóm. Vill Árni að júnker gefi sýslumanninum þar ráð um hvernig með skuli fara.⁵⁷⁷

Arngrímur Jónsson lærði skrifar Pros Mund einnig. Bréf hans er skrifað á Melstað í Miðfirði 1. apríl 1637 og fjallar aðallega um jörðina Eyri í Eyrarsveit sem Arngrímur hafði á leigu en hún var með átta leigukúgildi. Hann fjallar um hvað hann greiði af henni og hvernig hann kemur landskuldu til skila til kaupmanna. Sjálfur sé hann nær 70 ára og hafi þjónað biskupi í 30 ár. Vegna jarðarinnar hafi hann vísan stað til að senda fólk sitt á til að afla viðurværis fyrir sitt erfða heimili. Hann sjálfur vill eyða tíma sínum í lærdómsiðkanir og hafi tvær bækur verið gefnar út á prenti sem hann hafi tileinkað konungi. Önnur hafi verið prentuð í Kaupmannahöfn og hin í Hamborg.⁵⁷⁸

⁵⁷⁶ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 43, Innistæða Kirkjubæjarklausturs, 44, Jarðabók Möðruvallarklausturs og fl., 45, Jarðabók Munkaþverárklausturs 1637, 46, Jarðabók Reynistaðarklausturs, 47, Úttekt og jarðabók Skriðuklausturs, 48, Jarðabók Þykkvabæjarklausturs 1637, 49, Jarðabók Þingeyrarklausturs 1636, 51, Spurningar um kristfjárjarðir, 53, Jarðabók Arnarstapaumboðs 1637, 54, Skýrslur um landskuldarhæð á nokkrum jarða konungs.

⁵⁷⁷ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 46. Bréf frá Árna Oddssyni lögmanni og klausturhaldara til Pros Mund höfuðsmanns, dags. að Leirá 23. sept. 1636.

⁵⁷⁸ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 54. Bréf sr. Arngríms Jónssonar lærða til Pros Mund um jörðina Eyri í Eyrarsveit dags. að Melstað í Miðfirði 1. apríl 1637.

Þorbergur Hrólffsson (f. 1573 d. 1656) sýslumaður skrifar Jens Søffrensen fógeta og sínum góða vini. Bréfið er dagsett að Seylu í Skagafirði 3. apríl 1637. Bréfið er á íslensku. Í fyrstu vísar hann til bréfsins sem Jens Søffrensen hafði skrifað eftir ósk junkersins og sem hann er að svara. Bréfið hafði Benedikt Pálsson komið með. Junkerinn vill upplýsingar um þær konungsjarðir sem hann heldur, hver séu leigukúgildi þeirra og landsskuld. Halldór segir að jarðirnar séu allar í Þingeyjarsýslu og hann sendi upplýsingar um jarðirnar og leigukúgildin, hvað þau séu mörg með hverri jörð. Uppá vanti þrjú og hálf kúgildi sem hann hafi aldrei fengið greitt. Hann getur ekki heldur greint nákvæmlega frá hvað hann greiði í landskuld því það sé mismunandi eftir árum. Viðmiðið er sex ær í hundraði, ein kýr í hundraði eða einn hestur í hundraði og einnig í öðru, fríðum og ófríðum aurum sem eru selskinn, húð og aðrir dauðir peningar. Þetta gelst í sumarmálum sem eru sex vikum fyrir fardaga. Hægt er að ímynda sér hvaða verðmæti felast í þeim í fardögum þegar þau eru komin í Skagafjörð. Vegna þessa vill hann frekar þessa þrjá dali en þessi hundruð í fardögum því sumt sé dauðt af því og ónýtt. Engin af þessum jörðum liggi að sjó eða eigi nokkurn reka og aldrei hafi verið greitt með lýsi, aldrei fiski og aldrei vaðmáli. Þessu geti hann sagt honum frekar frá ef guð lofar að þeir hittist.

Næst hefur Jens spurst fyrir um jörðina Brekku á Langanesi, hvernig hún sé komin undir kónginn. Halldór svarar að það viti hann ekki en hún hafi í langan tíma fylgt sýslunni er honum sagt og fáist af henni átta stikur vaðmáls sem eru afhentar til Bessastaða sem hann geti sannað með sínum kvittunum. En hann skuli kanna þetta nánar og láta vita þegar þeir hittist. Hann vísar til þeirra punkta sem junker fyrirskipaði sýslumönnum á alþingi. Hann muni gera sitt besta fyrir Jónsmessu á Bessastöðum í júní ef drottinn lofar. Síðasta efni bréfs hans til junkers og Jens segir hann vera hvort þeir myndu svo vel gera að flytja sýslugjaldið í sumar til Akureyrar eða Húsavíkur. Honum sé ómögulegt í þeim harðindum sem verið hafi að koma því til Bessastaða því allir hestar séu magrir og komnir að dauða sem Benedikt Pálsson geti sagt þeim frá. En vilji junker að ég stundi ævintýri og fari sjóleiðina geti hann það alls ekki eins og þeir viti. Hann óskar eftir að Benedikt Pálsson fái svar í vertíðarlok sem hann geti svo fengið með Hólamönnum. Hann minnst á að honum hafi verið sagt að hann hafi misst mann sinn í skipstapi með Ormi Jónssyni og væru lítil skil á þeim munum sem rekið hefðu af skipinu. Óskar hann eftir því að þeir hlutist til um að hann fái skil á því sem hans maður hafi átt svo því verði ekki stolið. Hann hafi beðið Sölva Oddson að meðtaka það sem hans maður hafi átt og afhenda það

Skúla á Breiðabólstað. Að lokum segist hann ekki hafa meir um að skrifa og felur Jens Guði á vald og sendir Junker sína kæru kveðju og sínar bestu lukkusamlegustu óskir.⁵⁷⁹

Þessum skjölum öllum, sem söfnuðust til Bessastaða, hefur lénsmaður komið til konungs því þau lágu í Leyndarskjalasafni konungs í Kaupmannahöfn þar til þau bárust Þjóðskjalasafni þaðan árið 1928.⁵⁸⁰

Í bréfabók Eggerts Björnssonar á Skarði er varðveitt ódagsett bréf frá árinu 1637 þar sem sýslumenn Barðastrandarsýslu þeir Eggert Björnsson og Magnús Jónsson (f. 1600 d. 1675) eru að svara bréfi frá Pros Mund um ýmis efni. Þeir segja um kristfjárjarðir að engar slíkar séu í sýslunni en tíundir af Gufudal séu lagðar til skólapilta. Vísa þeir hér m.a. til máldagabókarinnar í Skálholti. Um klukkurnar segja þeir að þeir hafi fengið bréfið seint og því ekki haft tíma til að athuga fjölda þeirra en muni ganga í málið sem fyrst. Konungsjarðir sem fallið hafi í eyði í þeirra tíð og fyrirrennara þeirra segjast þeir ekki kannast við. Engar slíkar séu í sýslunni. En konungsjarðir sem konungur eigi að fullu eða að hluta telja þeir upp: Steinanes, Feisdalur (Feitsdalur), Geitagil, Máberg (Móberg), Gröf, Klúka, Vaðall, Nes og Skálanes.⁵⁸¹

Loks er lénsmaður búinn að afla þeirra upplýsinga sem þarf til að svara gagnrýni Oluffs Petersøn. Bréfið er undirritað á Bessastöðum þann 8 júlí 1637. Af svörum lénsmanns er ljóst að hann tekur tillit til skoðana og skýringa Íslendinga og gerir sér grein fyrir að Ísland er vegna fátæktar og stærðar erfitt land. Því sé ekki alltaf hægt að fylgja bókstaflega öllum dönskum fyrirmælum. Sjálfur á hann hagsmuna að gæta gagnvart konungi enda lénsmaður hans og bar skyldur sem slíkur.

Niðurstaðan var að dæmt hefði verið eftir Jónsbók allt frá 1280 auk konunglegra réttarbóta, recessa og mandata og í andlegum málum gildi kirkjuskipanin norska. Þessu til stuðnings vísar lénsmaður í báðum tilvikum til bréfa konungs þar um frá 29. nóvember 1622.⁵⁸²

⁵⁷⁹ ÞÍ. Supplem II. 54. Bréf frá Þorbergi Hrólffssyni sýslumanni til Jens Søffrensen á Bessastöðum dags. að Seylu í Skagafirði 3. apríl 1637. Með fylgir skrá um konungsjarðir í Reykjadal og Bárðardal með landskuldarhæð og kúgildafjölda.

⁵⁸⁰ Sjá Afhendingarskrá dönsku sendingarinnar í Þjóðskjalasafni. Sjá einnig *Danska sendingin*. Ritstjórar Unnar Rafn Ingvarsson, Gunnar Örn Hannesson, Eiríkur G. Guðmundsson. (Þjóðskjalasafn Íslands 2018).

⁵⁸¹ ÞÍ. Barð. CA/1 örk 1. Bréfabók Eggerts Björnssonar á Skarði, bls. 74–75; *Landsbókasafn-háskólabókasafn*. Gunnar Örn Hannesson, Bréfabók Eggerts Björnssonar sýslumanns á Skarði á Skarðsströnd. Um efni hennar, feril og skjalfraedi, M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2011.

⁵⁸² ÞÍ. KA. KA/1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verzlun og ýmsu öðru með greinargerð í 22 liðum.

Bréf konungs dagsett 24. apríl 1598 um samningu kirkjuskipanar á Íslandi barst til landsins en menn komust ekki að samkomulagi. Um slæma og ranga hegðun kirkjunnar manna og refsingu við slíku, eftir því sem við á, er til nóg af fyrirmælum bæði í norsku kirkjuskipaninni og í útgefnum bréfum konungs rétt eins og í öðrum löndum. Kirkjum og öðrum húsum á kirkjujörðum og konungs er haldið við eins og hægt er við að koma eftir tekjum kirkjunnar og aðstæðum í landinu. Ef slíkt sé ekki gert væru til refsingar og ráð við því á Íslandi rétt eins og í Danmörku. Vísar lénsmaður hér til bréfs konungs frá 29. nóvember 1622 þar sem segir að sá sem byggir jörð eigi að viðhalda byggingum á eigin kostnað. Margar kirknanna hafi svo litlar tekjur að engir peningar séu til fyrir brauði og víni. Prestarnir taki tíundina því þeir hafi engar aðrar tekjur til að lifa af. Landið sé fátækt og svo fyrirkomið að í mörgum héruðum eða sveitum þar sem áður fyrr voru tíu eða tuttugu bændur sem greiddu konungi skatt og tíund séu nú aðeins þrjár búandi. Ströngum og hörðum vetrum er hér um að kenna. Hvort afrita eigi skjöl dómkirknanna, kirkna og klaustra leggur Pros Mund í dóm konungs. En slíkt geti ekki gerst með hraði því landið sé stórt og reyndar finnst honum þetta ónauðsynlegt. Auðvitað þekki menn sínar jarðeignir rétt eins og í Danmörku.

Áreiðardóma hafi hann skoðað og telur að ekkert misjafnt hafi átt sér stað. Konungur hafi ekki tapað neinum jörðum eða jarðapörtum. Kristfjárjarðir finnast sem ekki séu skráðar í jarðabókina. Í Skálholtsstifti séu jarðirnar og jarðapartarnir alls tíu og hálf jörð. Af þessum jörðum fáist engin landskuld og aðeins einn fátækur ómagi fái framfæri sitt af hverri jörð og engir reikningar séu gerðir þar um. Lénsmaður leggur það í hendur konungs hvort hann vilji að þessar jarðir verði skrifaðar inn í jarðabókina og lagðar til Viðeyjarspítala til uppihalds fátækum þar, en það sé eini spítali landsins. Í Hólastifti eru jarðapartarnir fimm og fæst engin landskuld af fjórum þeirra, hana fái fátækir, enda séu þetta ekki heilar jarðir. Fimmta partinum sem er 60 hundruð heldur Þingeyraklaustur. Ákvörðun um breytingu á þessu geti konungur einn tekið. Um sölu á innistæðu kom bréf konungs 24. febrúar 1609. Í hans tíð hafi engin innistæða verið seld á klaustrunum fyrir utan þá heimild sem hann sjálfur fékk árið 1635 um sölu á innistæðu Bessastaða. Það hafi hann þegar gert og fært inn í reikning sinn í rentukammeri og honum fylgi undirrituð virðingargerð. Í Skálholtsstifti finnast alls 52 rifnar eða ónothæfar klukkur, stórar og smáar, slæmar og góðar. Í Hólastifti voru 37 klukkur auk þriggja ónothæfra á Reynistað. Um jarðabók yfir jarðir biskupsstólanna kom bréf árið 1619 þar sem segir að biskupar eigi árlega að afhenda Frederik Friis jarðabók yfir vissar og óvissar tekjur þeirra en það hafi ekki verið gert. Konungur verður einn að taka ákvörðun í þessu máli. Sýslumenn taka í sakeyri þrjá ríkisdali fyrir hvert hundruð og gera reikningsskap til konungs samkvæmt því. Umboðsmenn

og klausturhaldarar greiða fast afgang árléga samkvæmt jarðabókinni. Þeir taka hvert hundruð fyrir fjóra ríkisdali en gera engan reikning yfir það öðru vísi en að greiða afgangið.

Allar jarðir á Íslandi eru mönnum kunnar og konungur fær árlega sitt gjald af þeim. Þetta segist lénsmaður hafa rannsakað sérstaklega. Hann segir að rétt sé að nokkrir jarðpartar í sýslunum séu ekki skráðir í jarðabókina en þetta séu jarðir sem allir viti um og hafi ekki verið haldið leyndum fyrir konungi. Hvað konungur vilji gera í þessu sé hans ákvörðun. Í reikningum sínum hafi hann gert grein fyrir öllum jörðum sem konungur hafi eignast í hans tíð. Árið 1629 eignaðist konungur 15 hundruð í jörðinni Drápuhlíð í Helgafellssveit vegna þjófnáðarmáls. Árið 1630 bættust tíu hundruð við í Fremrabotni í Botnsdal (nú Stóribotn) og þrjú hundruð í Innrahólmi á Akranesi sem Ólafur Arason gaf konungi. Þetta má sjá í reikningunum í rentukammeri. Árið 1635 bættust við fjögur hundruð í jörðinni Ársstaðir⁵⁸³ vegna óbótamáls og verði einnig gerð grein fyrir því í reikningnum. Og ekki list Pros Mund vel á skráningu landamerkjja. Það sé algerlega ónauðsynlegt og reyndar afar erfitt í framkvæmd á Íslandi. Árstíðirnar þegar hægt er að ferðast um séu fáar og landið sé stórt með mörgum stórum fjöllum, mýrum og illfærum ám. Sum ár sé ekkert hægt að ferðast og ferðalög lífshættuleg. Margir deyi í slíkum ferðum vegna ána, mýranna, snjóa og þoku.⁵⁸⁴

Pros Mund vísar í ofangreindum svörum oft til skjalasafns síns og er ekki ólíklegt að um þetta leyti hafi hann látið Hákon Ormsson alþingisskrifara (1641–1645, 1652–1654) afrita öll konungsbréf sem þá lágu á Bessastöðum og gera skrá yfir bréf frá árunum 1542–1619. Skráin er nú í skjalasafni stiftamtmanns ásamt konungsbréfum frá árunum 1542–1682 sem verið hafa á Bessastöðum og nefnd hafa verið.⁵⁸⁵

Oluff Petersøn gagnrýnir hér margt sem betur mætti fara á Íslandi og vekur athygli konungs á því. Pros Mund svarar gagnrýninni og er í svörum sínum oft sammála Íslendingum. Þegar hann vísar til þess að málið sé algerlega í höndum konungs er hægt að draga þá ályktun að hann sé þar að óska eftir fyrirskipun frá konungi um að þetta beri að lagfæra. Víst er að áhugi konungs á Íslandi hefur vaknað að minnsta kosti um stundarsakir.

⁵⁸³ Væntanlega Oddsstaðir í Lúndarreykjadal.

⁵⁸⁴ ÞÍ. KA. KA/1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verzlun og ýmsu öðru með greinargerð í 22 liðum.

⁵⁸⁵ ÞÍ. Skjalasafn stiftamtmanns III. nr. 2. Þrjú skinnbréf 1565–1643 og III. nr. 3. Konungsbréf til höfuðsmanns 1542–1682.

5.6. Söfnun og skráning eignarheimilda 1639–1645

Á alþingi árið 1639 kynnti Pros Mund lénsmaður fyrirskipun (*resolution*) konungs frá árinu 1638 um ýmislegt varðandi Ísland. Konungur hefur skoðað svör hans og vill frekari upplýsingar og gerir viðamikla kröfu um skjalagerð. Kausturhöldurum og öðrum sem höfðu eignir konungs á leigu er boðið að gera skrá yfir innistæðu krúnunnar á jörðum, klaustrum og annarsstaðar. Einnig áttu biskupar ásamt próföstum og prestum að gera skrá yfir alla innistæðu dómkirkna, kirkna og annarra þeirra staða, sem kirkjunnar menn héldu og innistæðu höfðu. Frumrit innistæðuskráanna átti að varðveita á hverjum stað fyrir sig, en tvö afrit átti að gera, annað skyldi geyma á Bessastöðum en hitt senda til rentukammers. Þá bauð hann klausturhöldurum, umboðsmönnum og öllum þeim, er lén höfðu af kóngi, að gera jarðabók yfir allt landið. Í jarðabók þessari átti að koma fram dýrleiki⁵⁸⁶, leigukúgildi og landskuld og öll réttindi krúnunnar og þær breytingar, sem orðið höfðu á jörðum hennar. Landamerki jarða eru ekki nefnd.

Biskupar skyldu gera rétta jarðabók yfir allar kirkjunnar jarðir, sem tilheyrðu biskupsstólum, kirkjum, skólum, spítólum eða öðrum kirkjunnar jörðum ásamt því að afhenda lénsmanni reikning árlega auk skrár yfir bústofn og tekjur dómkirknanna, skólanna og spítalanna, með skýringum um hvernig þær hefðu verið notaðar.

Þá áttu klausturhaldarar, umboðsmenn og aðrir að afhenda lénsmanni öll jarðabréf sem fyndust á landinu og vörðuðu réttindi og eignir krúnunnar. Lénsmaðurinn átti að setja sitt eigið innsigli og innsigli lögmanna á þau, skrifa þau inn í eina bók á íslensku með læsilegum, góðum, dönskum bókstöfum og á góðan pappír.

Afrit bréfanna skyldu vera tvö, annað fyrir skjalasafnið á Bessastöðum en hitt fyrir kansellið. Varðveitt er ótímasett yfirlit (*kort ekstrakt*) yfir umboðsjarðir á Íslandi, afgang af þeim og hverjir umboðsmennirnir voru. Einnig er klausturjarðanna getið og hverjir sátu þær. Skjalið er talið vera frá um 1640. Tilefni samningar þess gæti verið þessi fyrirskipun lénsmanns.⁵⁸⁷

Á sama hátt áttu biskuparnir að afhenda öll bréf varðandi dómkirkjur, kirkjur og spítala, og þau að skrifast inn í eina bók. Alþingisskrifari átti að halda númeraða alþingisbók með innsigli landsins. Í hana átti að færa öll útgefin bréf konungs, alþingisdóma og annað, sem lénsmaðurinn vildi að fært yrði inn og varðaði hagsmuni konungs. Gegn greiðslu skyldi hann

⁵⁸⁶ Verðgildi jarða. Dýrleikinn fór eftir því hve marga gripi jörð gat borið og auk þess eftir hlunindum sem fylgdu jörð.

⁵⁸⁷ ÞÍ. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II, 41, Yfirlit yfir umboðsjarðir.

gera afrit úr bókinni fyrir sýslumenn, klausturhaldara, embættismenn og aðra, ef um væri beðið.⁵⁸⁸ Víst er, að ekki hlýddu allir strax þessum fyrirskipunum sem hér hafa verið nefndar.

Á alþingi árin 1641 og 1642 kvartaði lénsmaður bæði við andlegu stéttina og við klausturhaldara og umboðsmenn yfir lélegum heimtum til Bessastaða á máldögum, bréfum og skjölum ásamt reikningum kirknanna, sem allt átti að færa inn í eina bók. Árið 1642 bauð hann lögmönnum að þeir ættu um veturinn, með aðstoð alþingisskrifarans, að athuga öll veraldleg jarðabréf og færa inn í sérstakar bækur. Á alþingi árið 1643 tók hann fram að frá veraldlegu stéttinni hefði hann fengið nokkuð af gögnum, en alls ekkert frá biskupum vegna kirkjunnar.⁵⁸⁹

Þrátt fyrir þessar kvartanir yfir lélegum heimtum á skjölum hafa menn setið sveittir við, því að fjórar jarðabækur, auk tveggja síðari tíma afskrifta, yfir konungseignir sem lénsmaðurinn og fógeti hans hafa sett saman eru varðveittar frá 1638–1639. Ekki er víst hver þessara fjögurra bóka er frumritið en ætla má að þær hafi verið skrifaðar upp nokkuð samhliða og þá hver fyrir sig með ákveðinn aðila í huga, þ.e. fyrir lénið, rentukammer og kansellí. Sennilega er bók með ártalinu 1638 og sem nú liggur með þeim skjölum, sem söfnuðust vegna fyrirskipunarinnar 1636, frumritið eða grunnbókin og hefur þá tilheyrt skjalasafni Bessastaða. Framan á henni er ártalið 1638 en hún er ekki undirrituð. Í bókinni er getið leigukúgilda, landskuldar og dýrleika jarðanna. Auk þess er getið nafna umboðsmanna og sýslumanna og hversu hátt afgjald þeir greiða. Listi er yfir kauphafnirnar. Fremst eru leiðbeiningar um hvernig skilja á dýrleika jarða og íslenskt verðgildi. Bókin er á dönsku.⁵⁹⁰

Björn Lárusson (f. 1926 d. 2007) hagsögufræðingur telur bók frá 1639 vera afskrift hennar. Hún er undirrituð af Pros Mund⁵⁹¹ og hann hefur sennilega afhent hana í rentukammer samkvæmt veitingarbréfinu vegna endurskoðunarinnar. Af bókinni má sjá, að hún hefur verið yfirfarin í rentukammeri, því að á henni stendur: „Er saaledes rett eftirlagt och beregnet bekiendir Thommis Thommisson“ og hún hefur verið notuð við endurskoðun á reikningum Jens

⁵⁸⁸ Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger II*, bls. 416–421; *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 561–567. Björn Lárusson segir, sbr. *Íslands jordebog under förindustriell tid* (Lund 1982), bls. 9, að Pros Mund hafi á alþingi árið 1638 kallað eftir jarðabókum yfir allt kirkjulegt góss. Hér vísar hann til Jóns Espólín, *Íslands Árbækur i Söguformi VI* (Kaupmannahöfn 1827), bls. 109 og áfram. Aðrar heimildir hafa ekki fundist fyrir þessu.

⁵⁸⁹ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 42–43, 76–77, 100. Björn Lárusson segir ennfremur, í bókinni *Íslands jordebog* bls. 9, að árið 1643 hafi Pros Mund krafist jarðabókar yfir allar jarðir í einkaeigu en án árangurs. Hér vísar hann til Jóns Espólín, *Íslands Árbækur i Söguformi VI*, bls. 109 og áfram. Aðrar heimildir hafa ekki fundist fyrir þessu.

⁵⁹⁰ *ÞÍ*. Leyndarskjalasafn. 4. Supplem II. 37. Jarðabók 1638.

⁵⁹¹ *ÞÍ*. Rtk. F/4. Lénsreikningar 1631–1640. Jarðabók 1639; Björn Lárusson, *Old Icelandic Land Registers* (Lund 1967), bls. 9–10.

Søffrensen í rentukammerinu. Í reikningnum segir: „Disse leyer och landskyld ehr confererit med dend sidste indleffuerede jordbog som afgangne Pros Mundt hafer ladet leffuere anno 1640“.⁵⁹² Í bókinni er getið leigukúgilda, landskuldar og dýrleika jarðanna. Aðra bók telur hann jafnframt afskrift bókarinnar frá 1638. Er það jarðabók undirrituð af Johani Petersen Klein 4. ágúst 1683, með vitnisburði tveggja votta á Bessastöðum þann 29. júlí 1685. Bókin er nú í skjalasafni rentukammers.⁵⁹³

Aðra bók frá árinu 1639, sem nú er varðveitt í Þjóðskjalasafni, staðfestir Johan Petersen Klein einnig sem „Richtig copie effter originalen“. Í þeirri bók er einnig skrá um jarðir Henriks Bjelke lénsmanns. Í lok bókarinnar segir: „Denne jordebog med 50 beshrefne blade, at vere dend samme, huoreffter ieg underschrefften indkomsten her i landet effter forlæningsbrefuene i Issland oppebaaret hafuer, saa at ieg ey af nogen meere Kongl: Mayst.“⁵⁹⁴ Framhaldið er því miður glatað.

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður telur jarðabók frá árinu 1639 sem nú er í safni Árna Magnússonar, með merkingunni AM 460, fol., vera frumrit frá 1639.⁵⁹⁵ Í henni eru engar athugasemdir og hún er óundirrituð. Getið er leigukúgilda, landskuldar og dýrleika. Eftir jarðabókinni kemur listi yfir sýslurnar, hverjir halda þær með nöfnum sýslumanna og hvað þeir greiða af hverri sýslu. Síðan kemur listi yfir umboðsjarðirnar og klaustrin, hverjir halda þær jarðir og hvað greitt er af þeim. Aftast er svo nákvæm útlistun á íslenska kaupfaxtanum. Árni Magnússon telur að Jens Søffrensen hafi samið þessa bók og hún sé jafnvel með hans hendi.⁵⁹⁶

Öruggt er að eintak jarðabókar var á kóngsgarðinum á Bessastöðum. Segir á alþingi árið 1639 “hvar fyrir sérhver eptir jarðabókinni, sem liggur á k(ongl.) m(ajestets) garði, kunni að hafa sig eptir að rétta með hækkun af öllum forléningum“.⁵⁹⁷

Lénsmennirnir þurftu samkvæmt veitingarbréfinu að skila árlega inn jarðabók til rentukammers. Reyndin var að þeir skiluðu henni inn við lénsmannsskipti og þá vegna uppgjorsins. Slíkar jarðabækur eru varðveittar frá árunum 1597, 1606, 1616, 1632/33, 1639.

⁵⁹² ÞÍ. Rtk. F/5. Lénsreikningur fyrir reikningsárið 1645–1646, bls. 3.

⁵⁹³ ÞÍ. Rtk. E/1 örk 1 1639–1699. Jarðabók Johans Klein 1639. (Eftirrit sem Heidemann landfógeti fékk árið 1685).

⁵⁹⁴ ÞÍ. Jarðabækur-sér safn. A/1 örk 3. Jarðabók Jens Søffrensen 1639 og skrá um jarðir Henriks Bjelke lénsmanns frá 1675–1683.

⁵⁹⁵ Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit*, bls. 42; Páll Eggert Ólason, *Handritakröfur Íslendinga*, bls. 12.

⁵⁹⁶ AM 460 fol. Jarðabók yfir konungsjarðir 1639; Kr. Kålund, *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling I*, bls. 328.

⁵⁹⁷ *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 566.

Ein er sennilega frá árinu 1645, auk einnar ótímasettrar. Í þessum bókum er tekinn fram fjöldi leigukúgilda og landskuld auk þess sem dýrleika jarðanna er getið í bókinni frá 1639. Bækurnar virðast byggja hver á annarri, þ.e. vera uppskriftir eftir sömu eða sambærilegri bók eins og fram hefur komið. Í jarðabókinni frá árinu 1616 kemur t.d. skýrt fram að hún er afskrift þeirrar jarðabókar sem lá í skjalasafni Bessastaða: „Att dette ehr en rett jordebog lige ord fra ord effter den jordebogh ieg med lened hafuer annamitt af S. Enevold Kruses fuldmægtig bekiender ieg Herluf Daa.“⁵⁹⁸ Slík bók er einnig að öllum líkindum jarðabók frá árunum 1633–1634 sem nú er varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.⁵⁹⁹

Fjórðu bókina frá árinu 1639,⁶⁰⁰ fyrir utan afskriftirnar tvær sem nefndar hafa verið, telur Páll Eggert Ólason gerða af Jens Søffrensen eins og bókina sem er í Árnasafni (AM 460, fol).⁶⁰¹ Í skrá Landsbókasafns segir hann að í bókinni séu í fyrsta lagi allar konungsjarðir á Íslandi ásamt hafnartali og klaustrajarðareglistri á dönsku. Í öðru lagi skrá yfir prestajarðir og kirkjueignir í Skálholtsstifti frá 1639, og í þriðja lagi skrá yfir kristfjárjarðir í Skálholtsstifti.⁶⁰² Ef til vill hefur þessi bók verið ætluð rentukammeri eða kansellí til upplýsingar.

Björn Karel Þórólfsson (f. 1892 d. 1973) skjalavörður segir að ekki fyrr en á 17. öld hafi megnið af fornbréfum klaustra farið til Bessastaða.⁶⁰³ Varðveittar eru tvær afskriftabækur klaustraskjala báðar frá um 1640 og báðar skrifaðar af Hákonni Ormssyni sem var alþingisskrifari 1641–1645. Önnur er nú í Árnasafni AM 280, 4to, hin í skjalasafni amtmanns í Þjóðskjalasafni Íslands.⁶⁰⁴ Bækurnar eru svipaðar þó að ekki séu þær alveg samhljóða. Í AM 280, 4to er einnig getið innistæðu Reynistaðar, Arnarstapa, Bessastaða, Viðeyjar, Munkaþverár, Þingeyra, Möðruvalla, Kirkjubæjar og Þykkvabæjar. Í þeirri bók stendur:

Anno 1642 aa jolafostu voru þesser menn samankommner a kongsgaardenum a Bessastodum til ad yfferlesa þaug breff reikningskape klaustranna sem velbyrdig herra hoffudsmann Pros Munndt haffde befalad logmonnum badum ad yfferskoda a næsta

⁵⁹⁸ ÞÍ. Rtk. F/2. Lénsreikningar. Jarðabók 1616.

⁵⁹⁹ ÞÍ. Jarðabækur-sér safn. A/1 ör k 1. Jarðabók yfir konungseignir 1633–1634.

⁶⁰⁰ Lbs. 492 to. Jarðabók 1639.

⁶⁰¹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 30.

⁶⁰² Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* I, bls. 254–255.

⁶⁰³ Björn K. Þórólfsson, „Íslensk skjalasöfn“, *Skírnir*, bls. 117.

⁶⁰⁴ AM 280 4to. Bessastaðakópiubók; ÞÍ. Skjalasafn amtmanns II. nr. III. Afrit af skjölum ýmissa klaustra ca. 1200–1643; Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit*, bls. 43–44; Jón Þorkelsson, *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík* I, 1 (Reykjavík 1903), bls. 81; Páll Eggert Ólason, *Handritakröfur Íslendinga*, bls. 15.

fyrirfarende Alþynge Aarne Oddsson logmadur Paall Giislason vegne Magnúsar logmanns Þordur Henriksson i naalægd umbodsmannssins Lauridtz Niellssonar.⁶⁰⁵

Sennilega á önnur þessara bóka heima í skjalasafni Bessastaða og hin í kansellíi eða rentukammeri, þó að e.t.v. séu hér komnar þær tvær samhljóða bækur yfir klaustræignir sem árið 1662 lágu í skjalasafni Bessastaða.⁶⁰⁶

Víst er að árið 1703 fékk Árni Magnússon 121 klaustrabréf lánað úr amtskistunni. Voru það skjöl frá Möðruvallaklaustri, Munkaþverárklaustri, Reynistaðarklaustri, Skriðuklaustri og Kirkjubæjarklaustri.⁶⁰⁷ Þegar hefur verið getið Viðeyjarklaustursskjala en þau eru varðveitt í afskrift í handritinu AM 238, 4to, Bessastaðabók. Um varðveislu skjala annarra klaustra og afhendingu þeirra til Bessastaða er minna vitað.

Skjöl Þykkvabæjarklausturs og Kirkjubæjarklausturs eru nú nær öll talin glötuð. Vitað er að um árið 1641 eru skjöl Kirkjubæjarklausturs send til Bessastaða til afritunar. Þau komu ekki þaðan aftur og nú eru aðeins þrjú þeirra þekkt. Skjöl Þykkvabæjarklausturs eru aftur á móti talin hafa skemmst, blotnað og fúnað á árabílinu 1583–1590, í tíð Eiríks Jakobssonar klausturhaldara.⁶⁰⁸ Skjöl Viðeyjarklausturs eru varðveitt í afskrift, og einnig skjöl Helgafellsklausturs. Frumskjöl Helgafellsklausturs eru jafnvel talin hafa verið brennd á bókabrennum sem haldnar voru þar á árunum 1623 og 1624. Önnur klaustraskjöl eru varðveitt ýmist í frumriti og/eða afriti, þ.e. skjöl Þingeyraklausturs, Möðruvallaklausturs, Munkaþverárklausturs, Reynistaðarklausturs og Skriðuklausturs.⁶⁰⁹

Á alþingi árið 1643 kvartar lénsmaður yfir að hann hafi engar upplýsingar fengið frá biskupum. Hólabiskup hefur þó verið byrjaður að afrita bækur en láðst að afhenda eintökin til Bessastaða. Frá Hólabiskupsdæmi eru nú varðveittar þrjár bækur sem skrifaðar voru upp á árunum 1639–1645. Sú fyrsta er afritabók gamalla bréfa Hólastóls 1331–1633, skrifuð samkvæmt bréflægri befallingu konungs 1641–1642.⁶¹⁰ Önnur er afritabók gamalla bréfa Hóladómkirkju frá árinu 1639 og stendur á forsiðu hennar að hún sé kópíeruð og afskrifuð úr

⁶⁰⁵ AM 280 4to. Bessastaðakópiubók, bls. 206.

⁶⁰⁶ AM Steph. 70. Innistæðuskrá frá Bessastöðum, bls. 2.

⁶⁰⁷ Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit*, bls. 45–46; *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík II, Skjalasöfn klerkdóms* (Reykjavík 1905–1906), bls. xxii–xxiii.

⁶⁰⁸ Jón Þorkelsson, *Skrá um skjöl og bækur III*, bls. xxxi–xxxii.

⁶⁰⁹ Jón Þorkelsson, *Skrá um skjöl og bækur III*, bls. xxvii–xxxiii; Jón Þorkelsson, *Skýrsla frá Þjóðskjalasafninu í Reykjavík* (Reykjavík 1917), bls. 68–78; Sveinbjörn Rafnsson, „Skjalabók Helgafellsklausturs“, *Saga tímarit Sögufélags* 17 (1979), bls. 165–186.

⁶¹⁰ ÞÍ. Bps. B.I. 13. Afritabækur gamalla bréfa Hólastóls 1331–1633.

þeim gömlu kálfskinns máldagabókum samkvæmt Kong Majestatis befallingu Anno 1639.⁶¹¹

Á forsiðu þeirrar þriðju stendur:

Maldaga bækur Hooladomkyrkiu coperadar og saman teknar epter þeim gomlu kalskins maldaga bokum sem liggja a Hoolum ord epter ord epter befallingu vorz Nadugasta Herra Konungs Criistians þess fiorda thil Danmerkur og Norregs er og epter thilsogn velberdugs mans Pros Mundz Kong Majestatis befallnings mans yfer Islands.

Aptur ad nyu uppskrefadar og underskrifadar a Hoolum i Hialltadal: 1645.

Máldaga Bok Audunar bps huorror datum er 1318 Ar.⁶¹²

Brynjólfur biskup gaf sínar skýringar í bréfi til lénsmanns, skrifuðu í Skálholti 28. júní árið 1641 og afhent lénsmanninum á alþingi.⁶¹³ Í inngangi bréfsins kemur fram að hann hafi verið í útlöndum og komið seint og því misst af því þegar höfuðsmaður las bréfið á alþingi. Og svo sé hann ungur og reynslulaus. Um þær uppskriftir skjala sem hann er krafinn hefur hann ýmislegt að segja. Vegna jarðabókar yfir kirkjueignir og kristfjárjarðir er svar hans að hann telur að jarðaregistur dómkirkjunnar hafi nokkrum sinnum verið sent til Bessastaða og að stærstur hluti eigna allra kirkna sé færður inn í þann almennilega kirknastól Vilchinsmáldaga „hvar eg meina einninn ligge a Bessastöðum“. Þrátt fyrir þetta ætlar hann að láta skrifa upp vísitásiuna og „þad registur maa lensmadurinn faa þegar þad er bued. Þessu verður ei suo fliott fyrerkomed suo vel vandad sie“.⁶¹⁴ Einnig lofar hann skrá yfir kristfjárjarðir. Varðandi afhendingu á reikningum dómkirkjunnar hefur hann þetta að segja: „þar til suara eg fyrir domkirkuina i Skaalhollte, ad hennar inntekt sem eru leigur og landskyllder eru innskriffadar i þad jarda registur er eg vona a Bessastöðum ligge huad alldre vex, helldur miklu helldur aarlega minkar vegna faatæktar og landsins hardenda ... sem reikningarner skulu noglega utviissa“.⁶¹⁵

Í sömu heimild segir:

... fraa því ad skyra huorninn inntektunum er varid mun reikningurinn giorast herma huors inntak eg fa hoffudsmannenum i stuttri summu því omogulegt er

⁶¹¹ ÞÍ. Bps. B.III. 3. Máldagar Hólabiskupsdæmis skrifaðir eftir skinnbókum 1639; Sjá *Íslenskt fornbréfasafn* I (Kaupmannahöfn 1893), bls. 423–484.

⁶¹² ÞÍ. Bps. B.III. 4. Máldagar Hólabiskupsdæmis skrifaðir eftir skinnbókum 1645. *Íslenskt fornbréfasafn* III (Kaupmannahöfn 1896), bls. 155–178.

⁶¹³ AM 258 4to. Bréfabók Skálholtsstóls, bl. 178–186.

⁶¹⁴ AM 258 4to. Bréfabók Skálholtsstóls, bl. 183v.

⁶¹⁵ AM 258 4to. Bréfabók Skálholtsstóls, bl. 184r.

einum manne suo opt ad laata allt i gegnum skrifa med ollum odrum breffagiordum, erendum og reidum sem hann a i alla stade ad giegna vegna syns embættis huad ei maa hier fyrerforsomast þo huor og eirn vilie sier sem best ummhugad vera laata sitt besta ad giora epter skylldu.⁶¹⁶

Brynjólfur segir að reikningurinn segi best til um hvernig tekjunum sé varið og þær tölulegu upplýsingar hafi höfuðsmaðurinn. Hann segir jafnframt að það sé ómögulegt einum manni að skrifa allt upp svo oft með öðrum bréfagerðum og verkefnum embættisins. Þeim verkefnum vill hann þó gegna samkvæmt bestu vitund.

Svar hans við skipun um afritun á öllum bréfum dómkirkjunnar hljóðar svo:

hvar til eg svara ad ei sie mogulegt þaug gömlu breff er Skaalhollts kirkia medferdis heffur, suo snarlega og fliotlega ad yffersiaa og underskriffa sem margur meinar, þui þo þaug sieu ei morg, þa er þo ei ouyst nema aarid teffiest umm það allt er ordriett skriffad, samanlesed og handskriffad aff því rusle sem þar liggur. Sumt til nockurs enn sumt til onytis þo ad eg Hanns Maytts naadar bifalning underdanlegast giore það eg maa. Og velb. Herra hoffudsmanne hlydnest. Heff eg epter þui sem tymenn og tydenn vill leyffa fyrerborest ad lata utskriffa þaug breff er Skaalhollts domkirkia aa nu og heffur medferdis i eina bok med handskrifftum, suo þar meiga faast epter su bok er herra hoffudsmadurinn umtalar eff gud vill oss so leinge lyda, ...⁶¹⁷

Brynjólfur segir að ekki sé eins fljótlegt að skrifa upp bréf, lesa yfir og undirrita og margur meinar. Þó þau séu ekki mörg getur verkið, að skrifa þau upp og lesa saman, dregist fram eftir ári. Sum þessara bréfa eru merkileg og önnur ekki. Hann segist reyna það sem hann geti sem undirmaður konungs og hlýðnast herra höfuðsmanni. Eftir því sem tíminn og tíðin leyfir muni hann láta skrifa upp þau bréf sem Skálholtsdómkirkja á nú í eina bók handskrifada svo þar fáist sú bók sem höfuðsmaðurinn óskar eftir ef guð lofar.⁶¹⁸

Biskup hefur staðið við orð sín því varðveittur er máldagi Brynjólfs biskups Sveinssonar eða skrá yfir kirkjugóssið í Skálholtsbiskupsdæmi. Á bókinni stendur „Anno domini 1641 factum est registrum istud sub magistro Bryniolfo schalholtensi episcopo“. Í þýðingu þessi skrá

⁶¹⁶ AM 258 4to. Bréfabók Skálholtsstóls, bl. 184v.

⁶¹⁷ AM 258 4to Bréfabók Skálholtsstóls, bl. 185v.

⁶¹⁸ AM 258 4to. Bréfabók Skálholtsstóls, bl. 185v.

er gerð undir handleiðslu meistara Brynjólfs biskups í Skálholti.⁶¹⁹ Einnig bréfabók Skálholtsstóls með hendi Hákonar Ormssonar frá um 1643. Í þá bók er innskrifuð virðing á ónothæfri innistæðu frá Skálholti sem gerð var á alþingi árið 1641 og einnig reikningur um tekjur og gjöld Skálholtsdómkirkju og skóla „svo sem reyndist í meðalárum“.⁶²⁰ Hákon Ormsson hefur einnig verið fenginn árið 1642 til að skrifa upp máldaga Gísla biskups Jónssonar sem nú er varðveittur í afskrift frá árinu 1710.⁶²¹ Varla getur það verið tilviljun að a.m.k. fimm afrit af Vilchinsmáldaga eru frá árabílinu 1640–1643 og fjögur þeirra sögð skrifuð fyrir Brynjólf biskup.⁶²²

Jens Søffrensen var fógæti Pros Mund á árunum 1634–1640 og er talið að tvær jarðabókanna frá árinu 1639 séu með hans hendi. Tvær Jónsbækur tengjast honum einnig. Í ríkisskjalasafninu danska er Jónsbók skrifuð kringum 1634 sem hann hefur átt. Hún er á dönsku og í henni eru einnig norskar réttarbætur á íslensku, kristniréttur á íslensku, ýmsar réttarformúlur, hvernig setja á þriggja hreppa þing, að setja og slíta héraðsþingi, að setja og slíta manntalsþingi, að setja kaupstefnu og að nefna lögréttumenn, allt á dönsku, auk konungsbréfa opinna og lokaðra (*missiver*) frá 1542–1637.⁶²³ Í Stokkhólmi er annað handrit sem sagt er „Sammensancket af Jennss Søffrensenn anno 1646“. Í því handriti eru einnig konungsbréf 1542–1638.⁶²⁴ Jens Søffrensen tók við starfi Pros Mund sem konunglegur fógæti árið 1645.

Í framhaldi af gagnrýni á stjórnýslu innanlands gerir konungur kröfu um upplýsingaöflun og leggur þar áherslu á skjalagerð, þ.e. gerð jarðabóka yfir konungseignir þar sem dýrleika jarða er getið, gerð máldagabóka og jarðabóka yfir eignir kirkjunnar, auk upplýsinga um eignir klaustra og umboða. Hér er komið mikið efni sem konungur getur stuðst við stjórn sína á léninu.

⁶¹⁹ AM 262 fol. Máldagabók Brynjólfs biskups Sveinssonar; Kr. Kålund, *Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling* I, bls. 238.

⁶²⁰ AM 258 4to. Bréfabók Skálholtsstóls bl. 197v–199r, 200r–205r.

⁶²¹ AM 261 fol. Máldagi Gísla Jónssonar biskups; Kr. Kålund, *Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling* I, bls. 238.

⁶²² *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 29.

⁶²³ DRA. D. Kancelli. B.164 1A 1572–1660. Diverse Breve, Dokumenter og Akter sagligt ordnende. 1. Lovgivning. 2. Manuskript med afskrifter af Jonsbogen I dansk oversættelse. Sjá einnig Ólafur Halldórsson, *Jónsbók*. (København 1904), bls. lvi, 24. 3. DR. Pappirshdskr. Skr. C. 1634 (har tilhørt Jens Søffrenssen); Ólafur Halldórsson, *Jónsbók*, (endurprentuð útgáfa Odense 1970) Appendix, bls. 24.

⁶²⁴ Ólafur Halldórsson, *Jónsbók* (København 1904), bls. lvi, 5. Stock. MS. Island. C 10 4to pap., „Sammensancket af Jennss Søffrensenn Anno 1646“; Ólafur Halldórsson, *Jónsbók*, (endurprentuð útgáfa Odense 1970) Appendix, bls. 24.

5.7. Söfnun og skráning heimilda 1657–1682

Konungur þurfti stöðugt nýjar jarðabækur til eftirlits og upplýsingar um mögulegar tekjur af landinu. Árið 1657 var send út sérstök tilskipun um gerð nýrrar jarðabókar.⁶²⁵ Í þeirri tilskipun er gert ráð fyrir að sýslumennirnir í hverri sýslu láti gera jarðabók yfir allar jarðir í sýslunum, þar sem fram átti að koma dýrleiki jarðanna, kúgildafjöldi og landskuld. Fógetinn á Bessastöðum átti síðan að útbúa jarðabók fyrir allt landið eftir þessum bókum sýslumanna. Menn virðast ekki hafa hlýtt þessu, og var tilskipunin ítrekuð á alþingi árið 1668. Árið 1682 var þess enn á ný krafist að farið væri fullkomlega eftir tilskipuninni frá árinu 1657.⁶²⁶ Björn Lárusson bendir þó á, að í afskrift frá um 1750 sé varðveitt jarðabók Ísafjarðarsýslu frá árinu 1658. Þessi afskrift liggur nú í Árnasafni.⁶²⁷

Í athugasemdum rentumeistara árið 1661 við reikninga Henriks Bjelke frá árunum 1657–1660 vísar hann til veitingarbréfsins um að lénsmaðurinn eigi að skila inn jarðabók yfir kirkjujarðir sem og aðrar jarðir. Bjelke segir í svari sínu árið 1662 að slík bók sé til í rentukammeri og engin breyting hafi orðið á henni, fyrir utan þær fjórar jarðir sem lagðar voru til spítalans. En hann geti þó þrátt fyrir umstangið sem því fylgi útbúið jarðabók. Síðan getur Jørgen Hansen rentuskrifari þess að bókin hafi verið afhent. Má gera ráð fyrir, þó að ekki sé það fullkannað, að hér eigi hann við jarðabókina 1660 sem er undirrituð af Thomas Nikolajsen fógeta Bjelkes. Hún liggur nú í rentukammerskjölum í Þjóðskjalasafni. Í henni er aðeins getið leigukúgilda, landskuldar og dýrleika konungsjarða auk afgjaldsins af sýslunum, en ekki allra jarða eins og ætlast var til í tilskipun konungs 1657. Bókin er sennilega afskrift bókar sem lá í léninu, og í henni koma fram þær breytingar sem orðið hafa á eignarhaldi á jörðum frá því árið 1638.⁶²⁸ Það er fyrst árið 1686 sem ný jarðabók var samin. Björn Lárusson hefur sýnt fram á að sú jarðabók, sem kennd hefur verið við Johann Petersen Klein fógeta og sögð vera frá árinu

⁶²⁵ *Lovsamling for Island I*, bls. 252; Magnús Ketilsson, *Kongelige Forordninger III*, bls. 65.

⁶²⁶ *Alþingisbækur Íslands VII*, bls. 125, 587.

⁶²⁷ Björn Lárusson, *Íslands jordebok undir förindustriell tid*, bls. 12; AM 211 b 4to. Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1658. Telja sumir að e.t.v. sé þetta samtíða afrit eða jafnvel frumrit. Í *Katalog over den Arnemagnæanske Samling I*, bls. 475–476 segir að bókin sé frá 1700.

⁶²⁸ ÞÍ. Rtk. E/1 örk 2 1639–1699. Jarðabók 1660 yfir konungsjarðir og tekjur af sýslunum; Björn Lárusson, *The old Icelandic Land Registers*, bls. 10.

1681, er í raun tekin saman í embættistíð Kristofers Heidemann frá árinu 1686. Vinnsla hennar byggðist á þeim línnum sem lagðar voru í bréfi konungs um stríðsskatt árið 1679.⁶²⁹

Einnar heimildar verður getið að lokum. Tilraunir voru gerðar til að leggja aukaskatta á Íslendinga, t.d. árin 1624 og 1638, en Íslendingar báðu sér vægðar og varð því lítið úr skattheimtunni. Einhver skattur mun þó hafa safnast árið 1638, en skjöl eru ekki varðveitt um það.⁶³⁰ Heimildir eru aftur á móti varðveittar vegna Stríðshjálparinnar 1681 svokölluðu, en hún var aukaskattur sem lagður var á samkvæmt bréfi konungs frá árinu 1679, eins og nefnt var hér framar. Bréfið var birt á alþingi árin 1680 og aftur 1682, en samkvæmt konungsbréfi 1681, sem birt var á alþingi 1682, var fyrirhugaður skattur lækkaður um helming.⁶³¹ Í bréfi konungs segir um skattinn:

efterfølgende extraordinarie krigshjelp til Vor orlougflaades fornödenhed at paabjude og befale, saasom Vi og hermed bjuder og befaler, at af hver tjuge hundrede jorders eiendom der paa Vort land Island og Vespenöe, at forstaae, at af hvilken jord der gjeldes eet hundrede i landskyld reignes for tiuge hundrede jord i eiendommen, og de andre jorder efter advenant⁶³²: skal gives og betales af bonden, som gaarden eller eiendommen beboer eller bruger, een vet islandsk fisk, og af hver leiequilde fem fisk, paa de steder, som mueligt er fisk at bekomme, og ellers isteden penge og anden kjøbmandsvare efter taxten og af gaardens eiere eller proprietarien af hver tiuge hundrede to vetter fisk og af hver leiequilde ti fisk; saa og alle de, som noget gods pro officio nyder eller i forlehning haver, iligemaader af tiuge hundrede eiendom een vet fisk, og af hver leiequilde fem fisk (Vidöes og Helgefolds klostres underliggende jorder undertagendis, hvoraf alene leilændingens anparter betales) udi fisk, penge og kjøbmandsvare ligesom forbemeldt.⁶³³

Skatturinn var ætlaður stríðsskipum konungs og var tekinn af 20 hundraða jörðum á Íslandi og í Vestmannaeyjum. Hver bóndi sem yrkir jörð skal greiða eina vætt⁶³⁴ af

⁶²⁹ Björn Lárusson, *The old Icelandic Land Registers*, bls. 12–16. ÞÍ. Rtk. E/3 1681 Ný jarðabók yfir Ísland árið 1681.

⁶³⁰ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 192–193.

⁶³¹ *Lovsamling for Island* I, bls. 370–373, 380–381; *Alþingisbækur Íslands* VII, bls. 484.

⁶³² Hlutfallslega, í hlutfalli við.

⁶³³ *Lovsamling for Island* I, bls. 371.

⁶³⁴ Þyngdarmæling, breytileg á mismunandi tímum. Eftir 1619 um 40 kg, 8 fjórðungar (einn fjórðungur 4.96 kíló), 20 álnir, 40 fiskar.

fiski⁶³⁵ og af hverju kúgildi fimm fiska þar sem fisk er að fá. Annars með peningum eða annarri kaupmannsvöru. Eigendur af hverjum 20 hundruðum skulu greiða tvær vættir fiska og af hverju leigukúgildi einn fisk. Auk þessa skulu allir þeir sem njóta jarða á einn eða annan hátt greiða af 20 hundruða jörð eina vætt fiska og af hverju leigukúgildi fimm fiska, eða pening eða kaupmannsvöru.

Sýslumennirnir, hver í sinni sýslu, áttu að innheimta skattinn:

og skal enhver sysselmand over sit syssel og district forfatte et rigtig register og regenskab under sin haand over denne krigshjelp, saaledes som han den af undersatterne opberger og annammer, og deraf en gjenpart til landfogden levere, og den anden med Skiber, som varene fra hans hafn udfører, udsende, og ellers alvorligen paadrive og flittig indseende have ...⁶³⁶

Skýrslur sýslumannanna eða jarðabækur eru varðveittar úr flestum sýslum landsins, ýmist frá árunum 1681, 1682 eða 1683. Getið er bæjarnafna, oft eiganda með nafni ef jörðin var í einkaeigu, landskuldar, kúgilda og stundum dýrleika. Við endanlegt uppgjör stríðsskattsins árið 1688 var hann talinn 7744 vættir.⁶³⁷

Athyglisvert er að sú bók sem krafist er að gerð verði árið 1657 nær yfir allar jarðir, ekki aðeins konungsjarðir eða jarðir kirkjunnar. Enda þótt þessi bók sé ekki varðveitt nema í afskrift frá 1700⁶³⁸ yfir Ísafjarðarsýslu bendir sú afskrift til þess að bækur hafi verið settar saman fyrir fleiri sýslur, treglega þó, samanber ítrekanirnar 1668 og 1682. Ein bók er þó varðveitt frá Snæfellsnessýslu frá árunum 1681–1686 yfir jarðir konungs.⁶³⁹ Jarðabækurnar sem lágu í skjalasafni lénsins náðu aðeins yfir konungsjarðir og afrit þeirra var afhent í rentukammer, samanber jarðabókina frá 1660 sem er undirrituð af Tómasi Nikolajsen, fógeta Bjelke. Máldagabækur yfir eignir kirkjunnar lágu einnig í skjalasafninu. Þessar nýju upplýsingar um allar jarðir gera ítarlegra eftirlit rentukammers með eignum í landinu mögulegt.

⁶³⁵ Eitt hundruð fiskar voru jafngildi 240 fiska eða 120 álna, ein alin var því jafngildi 2 fiska.

⁶³⁶ *Lovsamling for Island I*, bls. 372.

⁶³⁷ ÞÍ. Rtk. D2/1. 1681. Stríðshjálpin 1681 – bréf og skrár bundnar í sérstaka bók; Björn Lárusson, *Íslands jordebog under förindustriell tid*, bls. 10–16. Sjá einnig, Lýður Björnsson, „Dalir í kistuhandraða“, *Söguslóðir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum 18. september 1979*. (Reykjavík 1979), bls. 297–305; Gunnar Marel Hinriksson, „Kópavogur í Seltjarnarneshreppi frá 1681–1729“, *Ársrit Héraðsskjalasafns Kópavogs 2006–2007*. Ritstjóri Hrafn Sveinbjarnarson (Kópavogi 2008), bls. 275–277, 286–304

⁶³⁸ *Katalog over den Arnemagnæanske Samling I*, AM 211.b 4to, bls. 475–476.

⁶³⁹ AM 457 fol. Jarðabók Snæfellsnessýslu 1681–1686; Páll Eggert Ólason, *Handritakröfur Íslendinga*, bls. 12.

5.8. Ágrip

Án skjallegra heimilda, jarðabóka, máldagabóka, jarðaskjala, reikninga og annarra gagna var konungi ómögulegt að stýra léninu. Í þessum skjölum fólust upplýsingar um eignir hans og kirkjunnar. Fljótlega eftir siðaskiptin hófst söfnun eignarheimilda og hélst svo til 1682. Um árið 1635 hófst undirbúningur að mikilli skjalasöfnun á tímabilinu 1636–1645 sem e.t.v. má rekja til aukins áhuga konungs á auknum tekjum af léninu og í samhengi við það áhugi á bættri stjórnsýslu lénsins Íslands. Er á þessum tíma sett saman jarðabók sem sýnir dýrleika jarða sem var nýmæli. Þrátt fyrir þessa upplýsingaöflun er lénsmaður enn krafinn um nýja jarðabók árið 1657.

6. Niðurstöður

Hér að framan hefur verið varpað ljósi á þróun stjórnsýslu konungs og í tengslum við það vakin athygli á þeim skjölum sem urðu til við þróun hennar. Stjórnsýslan verður ekki til án samningar skjala og því veitir skjalasafnið og þau skjöl sem varðveitt eru dýrmætar upplýsingar um hana á þessu tímabili (1541–1683).

6.4. Stjórnsýsla konungs

Um tuttugu árum eftir siðaskiptin í Danmörku eða um og upp úr 1550 fer konungur að leggja meiri áherslu á veraldlegt skipulag stjórnsýslunnar. Hann ítrekar færslu þingbóka árið 1551, 1558 og 1578 og frá þeim tíma er talið að þær séu löggiltar og eiga lénsmenn að sjá til þess að þær séu varðveittar í öruggri geymslu. Það er hert eftirlit með lénsmönnum í ríkinu í heild og reikningsfærslu þeirra, sbr. fyrirmæli til lénsmanna frá árinu 1557. Konungur leggur áherslu á endurskoðun lénsreikninga og hann endurskipuleggur kansellí og rentukammer. Strax árið 1550 sendir hann Íslendingum innsigli og árið 1553 hefur hann söfnun eignarheimilda og tekur við skjölum Viðeyjarklausturs. Er þetta eitt fyrsta merki stjórnsýslu og aukins áhuga konungs á Íslandi.

Veitingarbréf lénsmanna konungs, á Íslandi a.m.k., fá fast form um árið 1574 og innihald veitingarbréfa frá árunum 1582 og 1586 helst nær óbreytt til ársins 1683 eða í nær hundrað ár. Breytilegt var á hvern hátt sá sem hélt lénið stóð skil á tekjum af því, þ.e. með hvaða hætti hann hafði eignir konungs að léni. Tekjurnar skiptust í vissar tekjur (visse rente), sem var landskuldin, og óvissar tekjur (uvisse rente) eins og sakeyri. Almenn er talað um þrenns konar lén í Danaveldi, þ.e. afgjaldslén (afgiftslén), reikningslén (regnskabslén) og þjónustulén eða frílén (tjenestelen). Þeir menn sem höfðu Ísland að léni á árunum 1541(50)–1683 voru ýmist danskir eða norskir aðalsmenn, með nokkrum undantekningum. Lafrids Mule, lénsmaður 1547–1551, var kaupmaður og forstjóri verslunarinnar, Johan Bocholt, lénsmaður 1570–1587 og aftur 1597–1602, var af þýskum aðalsættum. Eggert Hannesson (1552) lögmaður og sýslumaður var íslenskur, Peter Thomassøn, sem var hér konunglegur fógeti með laun frá konungi árið 1587, var sennilega danskur kapteinn og Jens Søffrensen, sem var konunglegur fógeti 1645–1648 þegar landið var reikningslén, var borgari í Kaupmannahöfn og varð síðar borgarstjóri í Kristjánshöfn Eftirlit með lénsmönnum er hert er líða tók á tímabilið. Árið 1582 eru lénsmenn áminntir um að sjá til þess að fyrirmæli konungs, sem birt eru í opnum bréfum á þingum, séu virt og eftir þeim farið í lénunum. Að öðrum kosti geti þeir misst lénið. Þýðing endurskoðunar

lénsreikinga lá í þeirri staðreynd að hún var til staðar, og að þær kröfur voru gerðar að sýna þurfti fram á sannleiksgildi færslna í lénsreikningum með fylgiskjölum og undirskrift lénsmanns. Krafa um undirskrift lénsmanna á fylgiskjölum kom fyrst fram árið 1620, og að þeir skrifuðu undir sjálfan reikninginn árið 1626. Árið 1618 fyrirskipar konungur að öllum lénsmönnum í lénunum, hvort sem þeir halda afgjalds- eða reikningslén, beri skylda til að afhenda gróðann af léninu ekki síðar en við lok reikningsársins og skila reikningi sínum til endurskoðunar í rentukammerið á tilsettum tíma samkvæmt veitingarbréfinu. Það var ári eftir að greiðslur af léninu voru inntar af hendi. Þessi fyrirskipun er ítrekuð árið 1623, og aftur árið 1635. Í því bréfi segir að íslenskir lénsmenn skuli skila reikningi sínum til endurskoðunar fyrir 1. maí ár hvert. Ef lénsmenn gerðu þetta ekki áttu þeir á hættu að missa lénin fyrirvaralaust og gátu þá sjálfum sér um kennt. Lénsmenn voru milliliður á milli stjórnarskrifstofa konungs og þegnanna í hverju lén. Þeir dvöldu þó sjaldan hér á landi nema um alþingistímamann og höfðu fulltrúa sína hér eða fógeta til að sjá um innheimtu tekna af léninu og stjórn þess. Lénsmaðurinn bar þó alla ábyrgð á rekstri lénsins.

Á Íslandi fór mestur tími konungs fyrst eftir siðaskipti í að festa kirkjuskipanina í sessi. Verkefni lénsmanna hans og sérstakra erindreka snúast fyrstu tíu til tuttugu árin eftir siðaskipti einkum um lærdóm og hlýðni presta, kirkjubyggingar, skólalald, slæmt líferni Íslendinga og að farið væri eftir kirkjuskipaninni, auk þess sem þeir áttu að safna eignarheimildum, innheimta tekjur konungs og kanna frekari tekjumöguleika. Frá þessum tíma eða frá árunum 1566/67–1572/73 eru varðveittir útdrættir úr lénsreikningum sem sýna að stjórnsýslan er í mótun.

Það er fyrst um og upp úr 1570 sem örlar á að áhrifa fyrirmæla konungs um almenna veraldlega stjórnsýslu fari að gæta. Færsla alþingisbóka hefst þó, að því talið er, af eigin hvötum lögmanna. Elstu jarðabækur yfir konungseignir eru frá þessum tíma og elsta afritabók eignaskjala, Bessastaðabók, er talin skrifuð um 1570. Prestar fá veitingarbréf frá lénsmanni frá 1563, og þá er einnig gerð tilraun til að auka áhrif konungs eða fulltrúa hans, lénsmanns, enn frekar með stofnun yfirdóms þó að lítið yrði úr störfum hans. Víst er að Íslendingar voru seinir til að fylgja fyrirmælum konungs. Sérstaklega er athyglisvert hversu seint, eða fyrst árið 1592, þeir óska eftir sérstöku nýju innsigli og sérstökum alþingisskrifara sem bókfæra á gerðir þingsins. Ári síðar er yfirdómi komið á þar sem hægt er að skjóta lögmansdómum til lénsmanns og 24 heiðursmanna. Er þetta á sama ári og konungur skipar lénsmönnum sínum að halda skjalasöfnum lénanna í röð og reglu og skilja mikilvæg skjöl til reksturs eftir fyrir næsta mann þegar þeir láti af störfum.

Íslendingar lögðu alltaf mikla áherslu á að mönnum væri haldið við gömul íslensk lög og rétt, þ.e. við Jónsbók í samræmi við Gamla sáttmála. Prentun hennar hófst 1578 og er það

vísir að stjórnarsýslu. Inn í eintök Jónsbókar voru skrifaðar réttarbætur konungs, tilskipanir hans, kirkjuskipan og fleira auk þess sem menn áttu sérstakar dómabækur eða dómasöfn. Þessar bækur eru dæmi um hvernig stjórnarsýsluupplýsingum var haldið til haga til notkunar fyrir valdsmenn landsins, lénsmenn og fógeta þeirra. Þeir hafa því e.t.v. ekki talið sig þurfa á löggiltum dóma- og þingbókum að halda framan af enda þótt ætla megi að lögmennirnir og a.m.k. lénsmaðurinn hafi þekkt til slíkra fyrirmæla konungs sem nefnd hafa verið. Árið 1592 er þó svo komið að nokkur óvissa var um hvaða lög giltu í landinu, og miklar deilur voru innanlands milli biskups og lögmans. Deilur milli manna innanlands hafa e.t.v. einnig ráðið því að þrátt fyrir ósk um alþingisskrifara var þó fyrst skipað í stöðuna árið 1631. Áður, eða árið 1618, var í svo mikið óefni komið að konungur sendi sérstaka umboðsdómara til að dæma um ágreiningsmál, m.a. milli biskups og lénsmanns. Ekki er hægt að rekja það eingöngu til þess að Herluf Daa hafi verið óhæfur lénsmaður því að ýmsir menn innanlands töldu sig ekki hafa náð fram rétti sínum á alþingi óháð störfum lénsmanns. Árið 1635 kvartar Oluff Pedersøn fyrrum fógeti yfir óvissu í réttarfari á Íslandi, og má e.t.v. rekja skýr fyrirmæli konungs um störf alþingisskrifara árið 1638 til þessa.

Í fyrstu veitingarbréfum biskupa og samkvæmt kirkjuskipaninni er sérstaklega tekið fram að þeir eigi að skila kirkjureikningum til lénsmanns og jarðabók í rentukammer. Víst er að þeir voru starfsmenn konungs samkvæmt kirkjuskipaninni, enda þurfti samþykki konungs til þess að þeir fengju embættið. Þótt fáar jarða- og máldagabækur séu varðveittar yfir kirkjueignir sem rekja má til skjalasafns Bessastaða er víst, ef marka má orð Odds biskups árið 1599 og Brynjólfs árið 1641, að slíkar bækur lágu þar. Konungur fylgdist með rekstri biskupsstólanna og kirkjujarða. Lénsönnum bar einnig skylda til að skila slíkum bókum í rentukammer, sbr. instrux Pouls Huitfeldt og síðar veitingarbréf þeirra. Upplýsingar um rekstur biskupsstólanna og kirkjunnar hafa því alltaf legið fyrir á Bessastöðum og konungur haft eftirlit með þeim þó að e.t.v. hafi það ekki verið jafn náíð og með öðrum biskupsdæmum í ríkinu sem lágu nær konungi.

Hugmyndir konungs um breytingar á lénsfyrirkomulaginu í ríkinu eru e.t.v. kveikjan að þeirri skjalasöfnun sem hófst árið 1636 og hélt áfram allt til ársins 1645 þegar báðir biskuparnir voru búnir að leggja fram þær upplýsingar sem þeim bar. Ekki hafa spillt fyrir þær persónulegu upplýsingar um aðstæður á Íslandi sem hann fékk frá Oluff Pedersøn fógeta árið 1635 og leiddu til sérstakrar athugunar á eignarheimildum á Íslandi.

Af veitingarbréfum lénsmanna, lénsreikningum og endurskoðun þeirra í rentukammeri, ýmsum fyrirmælum konungs, t. d. um gerð jarðabóka, og samþykktum á alþingi, má sjá að lénsmaðurinn sem fulltrúi konungs hafði yfirumsjón með öllum tekjum af landinu, hvort sem

var af veraldlegum eða kirkjulegum eignum. Virðast tekjur konungs af léninu, þegar landið var reikningslén, mögulega hafa numið um 7000 ríkisdöllum þegar útgjaldaliðir, um 2000 ríkisdalir á ári, höfðu verið dregnir frá. Fastar tekjur af afgjaldsléni voru 3200 ríkisdalir. Jafnframt hafði lénsmaður eftirlit með versluninni og innheimti tekjur konungs af henni. Í bréfi konungs um verslunareinokunina frá 16. apríl 1602 er þess sérstaklega getið að kaupmenn verði að fylgja boði lénsmanns og vera honum hlýðnir í öllum málum, auk þess sem þeir eiga að afhenda honum afgjaldið af höfnunum, þá sextán dali sem greiðast skyldu árlega. Hverjar tekjur lénsmanna gátu verið er erfitt að geta sér til um, en árið 1646 segir að upphæðin hafi verið 4365 og ½ ríkisdalur og 12 skildingar. Ekki kemur fram hvernig þessi tala er fengin þó að e.t.v. byggist hún á þeim upplýsingum sem lágu fyrir frá um 1630 og síðar sennilega um 1640.

Reikningarnir eru þannig upp byggðir að fyrst eru allir tekjuliðir konungs færðir, bæði í peningum og fríðu og samtala þeirra oftast reiknuð. Síðan koma allir útgjaldaliðir (eða það sem dróst frá tekjunum) yfirleitt með samtölu. Með öllum tekjuliðum er átt við að í reikningi fyrir afgjaldslén er afgjaldið, sakeyrir og festugjald fært til tekna en í útgjaldaliðnum eru færðar greiðslurnar upp í afgjaldið. Í reikningsléni eru tekjurnar færðar, m.a. landskuld og leiga samkvæmt jarðabókinni af jörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem lágu undir Bessastaði og ekki voru burtfestar með lífsbréfi. Afgjaldið af klaustrum, sýslum og umboðsjörðum, skattar, tollar, tíundir, mannslán og húsmannstollur af bæjum í Gullbringusýslu, sakeyrir og festugjald, innistæða Bessastaða og Viðeyjar, peningar fyrir selda vöru, skipshlutir, skipsleigur auk sýslugjaldshlutar af skipum konungs á vertíðinni. Einnig listi yfir mannslán sem bændur í sveitinni urðu að inna af hendi, listi yfir lausamenn sem réru á bátum konungs og listi yfir sýslugjaldsmenn. Í útgjaldaliðnum eru færð laun til fógetans og annars starfsfólks í léninu auk uppihalds þeirra, vörur og peningar til konungs eða lánadrottna hans, breyting á innistæðu Bessastaða, Viðeyjar og Arnarstapa og goldnir peningar vegna vörukaupa. Víst er að lénsreikningar frá þeim árum sem Ísland var reikningslén eru ítarlegri heimild en þegar landið er afgjaldslén. Aðeins eru varðveittir lénsreikningar þegar Ísland er reikningslén frá árunum 1645–1648 auk útdráttanna frá 1566/7 til 1572/3 sem áður eru nefndir. Rétt er að undirstrika að reikningarnir eru reikningar konungs, tekjurnar og útgjöldin eru hans. Færslurnar sýna að lénsmenn þurftu að sinna pappírsvinnu og halda röð og reglu á bókhaldi sínu. Þessi staðreynd er ótvíræður vísir að aukinni miðstýrðri stjórnsýslu konungs.

Lénsmenn voru yfirmenn alls dóms- og réttarfars, í andlegum málum samkvæmt kirkjuskipaninni og í veraldlegum málum, a.m.k. eftir skipun yfirdóms 1593. Lögmenn fengu veitingarbréf frá konungi og áttu að vera honum og lénsmanni hans trúir og hollir og lénsmenn kusu sýslumenn með samþykki lögmans og sýslubúa. Frá árinu 1619 sóru sýslumenn þeim

hollustueið, og árið 1650 skipar lénsmaður sýslumönnum að mæta í eigin persónu til alþingis, annars geti þeir misst embættið. Vegna eignaupptöku jarða við siðaskipti urðu umboðsmenn jarðanna og klausturhaldarar einnig konunglegir embættismenn og áttu lénsmenn að hafa eftirlit með stjórnarsýslu þeirra. Lénsmenn veittu umboðs-, sýslu- og klausturjarðir, en bréfin voru gefin út af konungi. Menn leituðu til lénsmanna ef þeir töldu sig órétti beitta, t.d. af sýslumönnum, lögmönnum, kaupmönnum eða biskupum, sbr. bréf umboðsdómaranna árið 1618. Var það samkvæmt veitingarbréfum lénsmanna og fyrirmælum um rétta boðleið dómsmála. Þ.e. að fyrst þurfti að taka mál fyrir á héraðsþingi, síðan á landsþingi og loks e.t.v. að leggja það fyrir konung og ráð hans. Þetta er í lagaboðum frá 1558 og vísar þar til fyrirmæla allt frá árinu 1282. Árið 1636 var lögfest að allar bænarskrár frá íbúum léna skyldu undirritaðar af lénsmanni áður en þær væru sendar til kansellís. Frá árinu 1638 og 1641 til 1646 er í lok hvers þings lesið bréf lénsmanns þar sem fram kemur að hann vill gera hverjum manni lög og rétt og býðst til að vera svo lengi á þinginu sem nokkur hefur sakir að leggja fram og dæma þarf. Því hefur lénsmaður sennilega lýst yfir á hverju þingi eftir þetta þó að þess sé ekki sérstaklega getið í alþingisbókinni. Jafnframt reyndu Íslendingar með bænarskrám að hafa áhrif á eigin hag með því að biðla til konungs.

Upplýsingaöflunin sem fram fór frá 1636–1645 varpar ljósi á stöðu stjórnarsýslunnar á Íslandi á þessum tíma. Konungur hefur afskipti af innri málefnum landsins. Þróun stjórnarsýslunnar er hafin, en enn er langt í land og víða er pottur brotinn. Lénsmaðurinn er skilningsríkur á að ekki sé alltaf hægt vegna aðstæðna á Íslandi að fara fullkomlega eftir fyrirmælum konungs, t.d. af landfræðilegum ástæðum. Konungur svarar með því að koma á allsherjar upplýsingaöflun þar sem allir sem einhverjar jarðir héldu þurftu að veita upplýsingar um sína stöðu. Og þessu hlýddu menn, sbr. skjölin sem varðveitt eru.

Lénsmennirnir varðveittu innsigli landsins frá árinu 1593, og því fóru öll mikilvæg bréfaskipti af Íslandi og erindi til konungs, sem vörðuðu þjóðarhag, um þeirra hendur. Þeir báru upp erindi við konung fyrir hönd Íslendinga sem sjá má t.d. af bréfum Pouls Stigesen 1560–1563 og bréfum Íslendinga frá árunum 1602 og 1604.

Ljóst er þó að í öllum lénum konungs voru almenn mál afgreidd innan hvers léns, á þingum, án afskipta kansellís eða kóngs. Eru íslenskar alþingisbækur, dómar, einstök bréf og upplýsingar frá lénsmönnum gott vitni um það enda vísa Íslendingar oft til þess í bréfum, og einnig konungur, að dæma eigi eftir íslenskum lögum.

Ísland var venjulegt lén í Danaríki jafnrétt hátt öðrum lénum konungs. Lénsmenn Íslands höfðu sömu skyldur og aðrir lénsmenn Danakonungs.

6.5. Skjalasafn Bessastaða

Í greinargerð um ríkisskjalasafnið danska 1889–1891 er rætt um skjalasöfn lénsmanna. Segir þar að enda þótt konungleg embættisskjalasöfn (*brevkister*) væru til í Danmörku frá gamalli tíð, hjá lénsmönnum, í kirkjum, klastrum og hjá biskupum, hafi það samt fyrst verið eftir siðaskiptin þar, árið 1537, sem fest var í lög að varðveita skyldi til frambúðar lagaboð, konungsbréf og önnur skjöl sem þýðingu hefðu. Og strax við siðaskiptin hafi skjölum verið safnað til lénsmanna og biskupa.

Ætlun konungs var að skjalasöfnin eins og önnur innistæða yrðu eftir í léninu við lénsmannsskipti. Ljóst er af veitingabréfunum og þróun skjalasafna lénsmanna í öðrum lénun Danakonungs, að lénsmennirnir á Íslandi hafa þurft að hafa við höndina í léninu ýmis skjöl og pappíra til þess að þeir gætu sinnt starfi sínu og skyldum gagnvart konungi og landsmönnum á sama hátt og aðrir lénsmenn konungs.

Heitið *skjalasafn Bessastaða* er notað hér sem samheiti um þau skjöl sem safnað var til Bessastaða og samin voru þar á árunum 1541–1683. Skjalasafnsins er fyrst getið árið 1553 þegar lénsmaður fékk eignasafn Viðeyjarklausturs afhent og síðar í lénsreikningum árin 1619 og 1645–1648 og loks er þess getið í heimild árið 1662. Elsta skjal sem varðveitt er úr safninu er Stóridómur frá 1565 þegar hann var staðfestur af konungi og tók gildi sem lög.

Strax við siðaskipti hófst söfnun heimilda í skjalasafn Bessastaða, sbr. Viðeyjarklaustursskjölin og önnur söfnun eignarskjala, og náði slík söfnun og myndun heimilda hámarki þá og á árunum 1636–1645.

Niðurstaða þessarar rannsóknar á stjórnslu lénsmanna á Íslandi 1541–1683 er sú að eftirfarandi skjalaflokkar eða gerðir skjala hafi myndað skjalasafn Bessastaða, þó ekki endilega allir á sama tíma:

- A. Eintak af Jónsbók. Jónsbækur á dönsku eru til í 33 handritum. Lénsmenn virðast hafa átt eintak af þeim snemma og litu á þær sem sína einkaeigu. Eintak slíkrar bókar hefur þó örugglega verið til á Bessastöðum. Þær eru ekki eingöngu lagasafn heldur eru einnig í þeim, t.d. formúlur um setningu alþingis og héraðspings, skýring á tíund, Gamli sáttmáli auk konungsbréfa og alþingisdóma. Það sama á við um dómabækur; í þeim voru ekki aðeins dómur heldur einnig ýmsar upplýsingar varðandi réttarfarið. Jónsbók er til prentuð frá 1578 og áfram.

- B. Alþingisbók, a.m.k. frá 1631. Þær voru haldnar reglulega frá þessu ári þegar alþingisskrifari var fyrst kosinn. Inn í þær voru færðar athafnir á alþingi, lesning konungsbréfa og fyrirskipana og dómar sem dæmdir voru.
- C. Dómabækur og dómasöfn með réttarbótum, konungsbréfum, alþingisdómum og fleiru, þ.e. svokölluð tilskipanasöfn sem komu jafnvel eins og Jónsbækur í stað löggiltra dóma- og þingbóka.
- D. Konungsbréf og önnur bréf. Konungsbréfin eru ýmist opin bréf sem innihéldu lagafyrirmæli, sem bar að lesa upp á alþingi, eða lokuð bréf (*missive*) sem voru eingöngu ætluð lénsmönnum. Í einu slíku lokuðu bréfi er t.d. fyrirskipun konungs til lénsmanns um varðveislu skjalasafnsins í léninu frá árinu 1593.
- E. Afskriftir konungsbréfa. Algengt var á þessum tíma og síðar að bréf og skjöl væru afrituð í sérstakar skjalabækur.
- F. Klaustrabréf. Við siðaskiptin féllu klaustrin undir konung. Öll klaustrabréf sem segja til um eignir klaustranna féllu við það undir konung og urðu við það hluti skjalasafns Bessastaða.
- G. Afskriftir klaustraskjala (*umboðin*). Skjöl voru skrifuð upp í bækur sem eru varðveittar og eru slíkar uppskriftabækur hluti af stjórnsýslu þess tíma. Upplýsingar um eignir klaustranna þurftu að liggja fyrir á Bessastöðum.
- H. Jarðabækur yfir konungseignir. Eitt fyrsta verk konungs eftir siðaskipti var að láta útbúa jarðabók. Slíkar bækur voru mjög mikilvægar konungi við rekstur lénsins til að skýra hvaða tekjur var hægt að hafa af léninu. Elsta jarðabókin sem varðveitt er hefst árið 1550. Það er fyrst árin 1638 og 1639 sem gerðar eru fjórar jarðabækur þar sem getið er dýrleika jarða.
- I. Jarðabækur yfir jarðir dómkirkna og kirkna. Það sama á við um jarðir dómkirkna og kirkna og konungseigna. Þessar eigur voru nú undir umsjá konungs. Hvaða tekjur var hægt að hafa af þeim? Til að fá svar við því þurftu bækurnar að liggja frammi á Bessastöðum.
- J. Mál dagar og afritabækur bréfa dómkirknanna og undirliggjandi kirkna. Hér á það sama við. Upplýsingarnar þurftu að liggja fyrir á Bessastöðum svo hægt væri að fylgjast með og innheimta tekjur ef svo bar undir.

- K. Jarðabækur umboða, innistæðuskrár og rekaskrár. Hér á það sama við. Upplýsingarnar þurftu að liggja fyrir á Bessastöðum svo hægt væri að fylgjast með og innheimta tekjur.
- L. Listar og reikningar yfir tekjur og gjöld. Vegna endurskoðunarinnar og eftirlits konungs var krafist yfirlits yfir tekjur og gjöld. Gott dæmi um það eru listar yfir tekjur og gjöld vegna upplýsingaöflunar sem hófst 1636.

Er við þessa ályktun um skjalasafnið stuðst við fræðikenningu sem nefnd er upprunaregla og sem í dag er grundvöllur allrar meðferðar á skjalasöfnum. Kjarni hennar er krafan um að sérhvert skjalasafn skuli varðveita sem afmarkaða heild og að virða beri innri röð safnsins. Í upprunareglunni felst að við meðferð skjalasafna verði að gera sér grein fyrir eðli og einkennum skjalasafnsins, uppruna þess og uppbyggingu, til þess að mögulegt sé að leggja mat á gildi þess sem heimildar. Við mat á hvaða skjöl tilheyra skjalasafni Bessastaða var því haft í huga hvers vegna skjalið var búið til og fyrir hvern, uppbygging skjalsins, innihald þess, helstu einkenni og varðveislusaga.

Skjalasafn Bessastaða er ekki varðveitt sem sérstakt skjalasafn í dag. Ástæðan er sú að lénsmenn litu, a.m.k. framan af, á skjalasöfnin sem einkaeign sína. Konungur reyndi að breyta þessu og skipar þeim árið 1593 að skilja skjalasöfnin eftir í léninu, enda séu skjölin nauðsynleg eftirmanni þeirra við stjórn lénsins. Þetta þarf hann að árétta árin 1615 og 1643. Vegna endurskoðunar í rentukammeri og ýmiss konar upplýsingagjafar hafa lénsmenn einnig örugglega stundum afhent skjöl í rentukammer og kansellí sem upphaflega hafa átt heima í skjalasafni lénsins og ekki haft þau með sér aftur til Íslands, sbr. skjölin í Leyndarskjalasafni konungs. Og samkvæmt erindisbréfi Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1702 höfðu þeir heimild til að fá lánuð skjöl sem þeir þurftu á að halda vegna jarðabókargerðarinnar og gerði Árni það árið 1703. Árið 1718 þegar Christian Müller amtmaður lét af störfum má ætla að hann hafi afhent Niels Fuhrman skjöl úr skjalasafni Bessastaða frá árunum 1542 til 1682 sem nú liggja í skjalasafni Stiftamtmanns á Þjóðskjalasafni.

Skjöl úr skjalasafni Bessastaða eru nú varðveitt í Den Arnamagnæanske Samling Kaupmannahöfn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Ríkisskjalasafninu danska, Konunglega bókasafninu danska, Handritasafni Landsbókasafns-Háskólabókasafns og Þjóðskjalasafni Íslands.

Hér á eftir fylgir skrá yfir skjalasafn Bessastaða á árunum 1541–1683 auk þess sem getið er skjala sem urðu til á sama tímabili og sem varpa ljósi á frekari stjórnsýslu þessa tímabils. Í skránni er aðeins getið þeirra skjala sem hafa varðveist en víst er að frekari skjalagerð en sem

kemur fram í skránni átti sér stað. Skjalaskráin sjálf er ein af grundvallarniðurstöðum rannsóknarinnar.

Þessi rannsókn á lénsmönnum, þróun stjórnsýslu konungs og skjalasafni lénsmanna 1541–1683 verður vonandi til þess að auka og auðvelda rannsóknir fræðimanna á sögu þessa tímabils.

6.3 Skrá yfir skjalasafn Bessastaða og tengd skjalasöfn

Eftirfarandi skrá er leiðarvísir að þeim skjölum sem til urðu á Íslandi og í Danmörku vegna starfa og verkefna lénsmanns á Íslandi. Skráin skiptist annars vegar í þau skjöl sem á tímabilinu 1541–1683 hafa tilheyrt skjalasafni Bessastaða, þ.e. dálkana Bessastaðir-skjalaflokkur og „lýsing“. Hins vegar eru í dálkinum „tengd söfn“ skráð þau skjöl sem til hafa orðið vegna starfa lénsmanna þó að ekki hafi þau tilheyrt skjalasafninu. Þessi skjöl hafa ýmist verið samin af lénsmanni/fógeta til afhendingar í rentukammer eða kansellí. Hér er jafnframt getið ýmissa skjala sem voru samin af sýslumönnum, klausturhöldurum, umboðsmönnum, biskupum og fleirum, vegna embættisstarfa þeirra og til þess að geta skilað upplýsingum til Bessastaða, rentukammers eða kansellís. Er það gert því þau varpa ljósi á sögu þessa tímabils. Í skránni eru Jónsbækur taldar með skjalasafni lénsins enda embættisbækur sem lénsmenn þurftu nauðsynlega að hafa við höndina vegna starfs síns. Slík bók eða bækur hafa örugglega verið til á Bessastöðum þó einhverjir lénsmenn hafi litið á ákveðna Jónsbók sem séreign sína.

Dálkurinn „núverandi staðsetning“ sýnir núverandi geymslustað skjala og vísað er til skráningarnúmers/auðkennis á safni þar sem skjalið er varðveitt. Rétt er að undirstrika hér að skráin er ekki endanleg og örugglega eiga eftir að finnast heimildir síðar sem tilheyrt hafa safninu eða skjöl tengd því.

Við umfjöllun um skjölin er stuðst við skrár yfir einstök skjalasöfn á Ríkisskjalasafninu danska og á Þjóðskjalasafni Íslands.

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

Þjóðskjalasafn Íslands:

Útgefnar skrár:

Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík, I.1. Reykjavík 1903, Skrá um skjöl í Landsskjalasafninu í Reykjavík, III. Reykjavík 1910 og Skrár Þjóðskjalasafns III, Biskupsskjalasafn. Reykjavík 1956.

Óútgefnar skrár:

Leyndarskjalasafn, skjalasafn Stiftamtmanns, Skrá um skjöl í steinklefa, Skjalasafn umboðanna, Jarðabækur-sérsafn.

Á vef, skjalaskrá.skjalasafn.is:

Sýsluskjalasöfn, Rentukammer, Kansellí, Amtmaður.

Ríkisskjalasafnið danska:

Á vef, Sa.dk/Daisy:

*Skjalasafn Rentukammers, skjalasafn Kansellís, Reikningar, Sér-
ligt stillede landskaberog unionsriger.*

Á öðrum söfnum er stuðst við eftirfarandi leiðarvísa:

Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafns I–III.* Reykjavík 1918–1937.

Kålund, Kr., *Katalog over De Oldnorsk-Islandske Håndskrifter i Det Store Kongelige Bibliotek og Universitetsbiblioteket, samt Den Arnamagnæanske Samlings tilvækst 1894–1899.* København 1900.

Katalog over den Arnamagnæanske Håndskriftsamling I–II. Ritstjóri K. Kålund. København 1889–1894. Jafnframt er vísað til annarra heimilda sem getið er jafnóðum og til megintexta þegar svo ber undir.

Skráin er ekki tæmandi að því leyti að ekki eru talin upp t.d. tilskipunarsöfn enda oft um að ræða margar uppskriftir sömu skjala.

Í skránni hefur miklu magni skjala, sem hafa tilheyrt skjalasafni Bessastaða, verið safnað saman samkvæmt skjalfraðilegri aðferð. Skráin sýnir einnig skjöl frá öðrum embættismönnum á Íslandi á tímabilinu. Styrkur þessarar skrár er að hér er opnaður möguleiki á frekari rannsóknum á þessu tímabili en skjölin hafa verið óaðgengileg hingað

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

til. Hún gegnir því miklu hlutverki í niðurstöðum þessarar rannsóknar enda tengjast skjölin beint þróun stjórnsýslunnar og varpar ljósi á hana.

Skránni er raðað eftir eftirfarandi skjalaflokkum:

- A Jónsbækur
- B Alþingisbækur
- C Dómabækur
- D Konungsbréf og önnur bréf
- E Afskriftir konungsbréfa
- F Klaustrabréf
- G Afskriftir klaustraskjala (Umboðin)
- H Jarðabækur konungseigna
- I Jarðabækur yfir jarðir dómkirkna og kirkna
- J Máldagar og afritabækur bréfa kirkjunnar
- K Jarðabækur umboða/innistæðuskrár
- L Listar/reikningar yfir tekjur og gjöld

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
A Jónsbækur		<p>AM. 161 4to. Jónsbók.</p> <p>Jónsbók með réttarbótum, konungsbréfum, alþingisdómum og fleiru. Páll Stígsson sem hér var lénsmaður 1559–1566 eignaðist fagurt skinnhandrit af Jónsbók skreytt öllum regnbogans litum.</p> <p>Handritið er talið skrifað um 1561–1565 af Grími Skúlasyni í Hrúna. Bókin hefst á registri yfir Jónsbók á dönsku, síðan koma ýmsar formúlur um t.d. hvernig setja á alþingi og segja því upp, sýslumannaeiður, lögmannaeiður, Gamli sáttmáli, hvernig setja á héraðsþing og slíta þeim og skýring á tíund á dönsku. Eftir Jónsbók koma í handritinu ýmsar réttarbætur, síðan búalög, konungsbréf og alþingisdómar 1490–1565 og að lokum kristniréttur Árna biskups. Fremst í bókinni stendur: „Thenne Bog hörer migh Henrick Kragh tiill med rette och tend erfued iegh epter minn gode Broder Pouell Sti-sisenn aar 1566 tend gaff hand migh wdii siin Testa-ment“. Henrik Krag var hér lénsmaður 1567–1569 og var hálfbróðir Páls.</p>
A Jónsbækur		<p>Thott 2102 4to. Jónsbók.</p> <p>Jónsbók með réttarbótum, konungsbréfum, alþingisdómum og fleiru.</p> <p>Kristófer Valkendorf lénsmaður Íslands árið 1569 og síðar mikill áhrifamaður í konungsþjónustu og rentumeistari, eignaðist eintak af Jónsbók á íslensku, að gjöf frá biskupnum í Skálholti. Bókin er skrifuð í Skálholti árið 1568 af Grími Skúlasyni.</p>
A Jónsbækur		<p>Lbs. 6 fol. Jónsbók. (Kölluð Tíglabók)</p> <p>Jónsbók með réttarbótum, konungsbréfum, alþingisdómum og fleiru.</p> <p>Danska Jónsbókarþýðingin sem er í Lbs. 6, fol er talin skrifuð um 1623. Á bókinni stendur, „I:P:</p>

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

*Tengd söfn**Núverandi safn*

Den Arnamagnæanske
Samling, Kaupmanna-
höfn

Konunglega bóka-
safnið í Kaupmanna-
höfn

Lanndsbókasafn-Há-
skólabókasafn. Hand-
ritasafn

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		1631“. Er talið að þetta sé upphafsstafir Jakobs Péturssonar sem var fógeti Holgeirs Rosenkrants árin 1620–1624 og hann hafi átt bókina. Er talið að Brynjólfur biskup Sveinsson hafi eignast þessa bók, líklega árið 1639 þegar hann dvaldi í Kaupmannahöfn og flutt hana með sér til Íslands aftur.
A Jónsbækur		Lbs. 7 fol. Jónsbók. Jónsbók með réttarbótum, konungsbréfum, alþingisdómum og fleiru. Afrit af Lbs. 6, fol., skrifað 1658, tileinkað Henrik Bjelke lénsmanni (1648–1683) að því er talið er.
A Jónsbækur		Gl. kgl. sml. 3276 4to. Jónsbók. Jónsbók með réttarbótum, konungsbréfum, alþingisdómum og fleiru. Handritið er skrifað 1644 af Lauritz Nielsson fógeta Pros Mund árin 1641–1645. Á forsiðu bókarinnar stendur neðst: „Skreffven paa Bessesteed af Lavrits Nielsson, Fowged paa Island: 1644“ Í bókinni er auk Jónsbókar, réttarbætur, alþingisdómar og Gamli sáttmáli, allt á dönsku.
A Jónsbækur		Gl. kgl. sml. 1159 fol. Jónsbók. Jónsbók með réttarbótum, konungsbréfum, alþingisdómum og fleiru. Bókin er einnig talin skrifuð af Lauritz Nielsson og er nafn hans á fyrstu síðu handritsins. Í þessu handriti eru auk Jónsbókar, réttarbætur á dönsku, alþingis- og lögmannsdómar, uppköst að nýjum kristnirétti frá Ólafi Hjaltasyni biskup og Árna Gíslasyni, hirðsiðir, búalög og ýmsir dómar og alþingissamþykktir.

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
		Lanndsbókasafn-Háskólabókasafn. Handritasafn
		Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
A Jónsbækur		Gl. kgl. sml. 3671a 8vo. Jónsbók. Jónsbók með réttarbótum, konungsbréfum, alþingisdómum og fleiru. Þórður Henriksson á Innrahólmi á Akranesi sendi Pros Mund bókina árið 1641 ásamt lykli að bókinni Gl. kgl. sml. 3671b, 8vo.
A Jónsbækur		Gl. kgl. sml. 3671b 8vo. Lykill Jónsbókar. Handritið er lykill að bókinni eða „lykill þeirrar íslensku lögbókar“. eru í bókinni mjög nákvæmar leiðbeiningar um íslensk lög með ýmsum útskýringum auk þess sem sérstaklega er fjallað um hreppsstjórn og þar vísað til skoðana Þórðar Guðmundssonar lögmanns (sunnan og austan 1570–1606). Bókin er skrifuð af Þórði Henrikssyni á Innrahólmi á Akranesi árið 1641 handa Pros Mund lénsmanni (1633–1645).
A Jónsbækur		Nokkrar gerðir af Jónsbók má rekja til lénsmanna og fógeta þeirra. Í handritaskránni í Jónsbókarútgáfu Ólafs Halldórssonar eru t.d. talin 25 handrit Jónsbókar á dönsku og Mór Jónsson hefur talið þau 33. Auk þeirra sem hér hafa áður verið nefnd, má nefna úr skrá Ólafs:Stock. Papp. 4: o nr. 68. „Schreffuit udi Island paa Bessestad 1625“. (Jonsbogen, samt. Rb., kgl. Forordninger og fl.).Stock. Papp. 4: o nr. 65. „Sammensancket af Jennss Söffrenssenn Anno 1646“ (Jb. med kgl. Forordn. 1542–1638).DR., Papirshdskr., skr. ca. 1634 (har tilhørt Jens Søffrenssenn). Sjá, Jónsbók. København 1904, útg. Ólafur Halldórsson, bls. LVI. Ólafur Halldórsson, Jónsbók. Odense 1970, Appendix, bls. 24.Ath. rétt tilvísun í handritið DR., Papirshdskr., skr. ca. 1634 er:DRA. D. Kancelli. 164. 1572–1660 Diverse Breve, Dokumenter og Akter sagligt ordnede. IA.

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
		Konunglega bóka- safnið í Kaupmanna- höfn
		Konunglega bóka- safnið í Kaupmanna- höfn
		Ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn og fleiri

LÉNID ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		Lovgivning. 2. Manuskript med afskrifter af Jonsbogen i dansk oversættelse, norske Retterbøder paa islandsk, adskillige dsk. Forordninger m.m. 1542–1637 samt Retsformularer.
B Alþingisbækur	Alþingisbækur a.m.k. frá 1631	

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
	<p>Alþingisbækur sem rekja má til lénsmanna eru ekki varðveittar. Færsla alþingisbóka hefst fyrst árið 1570, eftir því sem fræðimenn helst telja. Áður hafi dómur verið gefnir út sérstaklega. Það hafi verið lögmennirnir Þórður Guðmundsson (1570–1606) og Jón Jónsson (1573–1606) sem héldu þessar bækur þingsins sem þekktar eru af eigin hvötum og án þess að þær væru lögboðnar. Telur Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður auðsætt að þessar bækur hafi aðeins verið minnisbækur fyrir lögmennina sjálfa en ekki fyrirskipaðar alþingisbækur sem skylda væri að halda. Þessar bækur eru: ÞÍ. Skjalasafn Öxarárþings. I. Bók í arkarbroti rituð nálægt 1650–1660. Á kili bókarinnar stendur, Lögmansbók Þórðar lögmans Guðmundssonar.</p> <p>Lbs. 63 4to. Ágrip úr þingbók Jóns lögmans Jónssonar.</p> <p>Frá 1607–1621 eru alþingisbækur ekki varðveittar óslitnar. Þó er til ágrip af alþingisbók Jóns lögmans Sigurðssonar 1607–1617 í Lbs. 63 4to. Fyrir árin 1622–1630 eru alþingisbækurnar varðveittar í afskrift frá um 1660.</p> <p>Skýrar reglur voru settar um störf alþingisskrifara árið 1631. Verður að ætla að minnsta kosti frá 1638 þegar laun alþingisskrifara voru ákveðin hafi auk innsigliðu bókarinnar sérstaklega verið tekið afrit af allri bókinni fyrir lénsmenn og lögmennina. Alþingisbækurnar eru nú varðveittar til ársins 1800 í mörgum afskriftum en ekki frumbækurnar sjálfar sem skrifarinn hélt á sjálfu alþingi og gerði síðan afrit eftir. Mörg alþingisbókasöfn eru varðveitt, t.d. í ÞÍ. Skjalasafn Öxarárþings.</p> <p>Sjá um alþingisbækur, Jón Þorkelsson: Skrá um skjöl og bækur III, bls. xi–xvi, Alþingisbækur Íslands I. bls. iii–vi.</p>	<p>Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands og fleiri</p>

LÉNID ÍSLAND 1541-1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
C Dómabækur	C Dómabækur	
C Dómabækur	C Dómabækur	

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
<p>Þí. Skjalasafn Öxarárþings. I. Dómabók Þjóðskjalasafns í fol. Skjalabók talin skrifuð ca. 1580–1635 og inniheldur skjöl frá árunum 1263–1635. Auk Gamla sáttmála, kirkjuskipunar Kristjáns III, búalaga og fleira er í bókinni fjöldi af héraðsdómum, alþingisdómum, lögmannaómum og úrskurðum, samþykktum, hirðstjórabréfum, vitnisburðum og biskupsskipunum frá 1275–1623.</p> <p>Jón Þorkelsson telur, í Skrá um skjöl og bækur III. útg. 1910, bls. 3 að hinn upphaflegi stofn bókarinnar hafi verið skrifaður fyrir Magnús Jónsson sýslumann í Ögri og Bæ á Rauðasandi (d. 1591), því á spássium bregði allvíða fyrir smáklausum með hendi hans, og einnig eru ýmis skjöl í bókinni tekin beint eftir bréfabók Eggerts lögmanns Hannessonar tengdaföður hans. Síðan hefur bókin verið augin um 1600–1604 og enn 1606 eða litlu síðar og allt fram að 1635 með ýmsum höndum. Um varðveislusögu og innihald bókarinnar sjá nánar Skrá um skjöl og bækur III. Skjalasafn Öxarárþings. Reykjavík 1910, bls. 3–5.</p> <p>Margar bækur af þessum toga eru varðveittar á Landsbókasafni og víðar, þ.e. tilskipanasöfn og verður þeirra ekki getið hér frekar enda uppskriftir frá seinni tímum.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands
<p>Þí. Skjalasafn Öxarárþings. I. Bók í arkarbroti rituð nálægt 1650–1660. Á kili bókarinnar stendur: „Lögmansbók Þórðar lögmanns Guðmundssonar“. Í bókinni eru:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Konungs- og höfuðsmannabréf frá 1450–1645. 2. Bessastaðapóstur frá 1685, og eru þeir ritaðir síðar inn í bókina með stórgerðri samtíða hendi. 3. Nokkrir Alþingisdómar og héraðsdómar frá 1490–1565. 4. Alþingisbók og lögmansbók Þórðar lögmanns Guðmundssonar frá 1570–1606. <p>Afskriftir bókarinnar er í Lbs.120 og 121 4to. Jón Þorkelsson segir í Skrá um skjöl og bækur III. (1910), bls. 5 að eftir því sem fyrst sé til vitað hafi bókin verið í eigu Gísla Jónssonar (biskups Vigfússonar) á Reykhólum og síðar í Mávahlíð (d.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNID ÍSLAND 1541-1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
C Dómabækur	C Dómabækur	
C Dómabækur	C Dómabækur	

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
<p>1715). Því næst hafi eignast hana Magnús amtmaður Gíslason sonur hans. Sjá nánar um varðveislusögu bókarinnar í Skrá um skjöl og bækur III. Reykjavík 1910. bls. 5–8.</p> <p>Verður að ætla að lénsmenn hafi haft slíka eða sambærilega bók í skjalasafni sínu auk Jónsbóka þó að ekki séu þær varðveittar.</p>	
<p>ÞÍ. Skrá I.1. 94. III. Bók skrifuð að mestu leyti ca. 1600–1625. Á kili bókarinnar stendur Gömul Dómabók. Bókin er í 4to.</p> <p>Í bókinni eru ýmis bréf og dómar m.a., dómar og úrskurðir Jóns lögmanns Sigurðssonar 1600–1617 með hans eigin hendi og hendi Páls Pálssonar, og skjöl Helgafellsklausturs hin fornu 1250–1513, öll með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar ca. 1600.</p> <p>Telur Jón Þorkelsson, sjá Skrá um skjöl og bækur I.1 bls. 81, að bókin sé með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar á Reynistað (d.1636) og eru bl. 1–95 og 119–159 öll með hans hendi; um líkt leyti eða litlu síðar hafi bl. 161–166 verið rituð með hendi Björns Jónssonar á Skarðsá; síðar á 17. öld (ca. 1674–1683) hafi bl. 96, 98–99a, og 111–117 með hendi Hallgríms Halldórssonar á Víðimýri verið bætt við og loks hafi Páll stúdent Pálsson, 1828 og síðar, bætt inn nokkrum blaðsíðum. Sjá nánari lýsingu á innihaldi bókarinnar í Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu I.1. (1903), bls. 81–84.</p> <p>Þessi bók er aðeins skráð í elstu skrá Þjóðskjalasafns. Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu. I.1. Reykjavík 1903.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands
<p>Lbs. 63 4to. II. Konungsbréf og tilskipanir, alþingis- og héraðsdómar (1420–1639). Ágrip af þingbókum Jóns lögmanns Jónssonar og Jóns Sigurðssonar á Reynistað.</p> <p>Bókin er skrifuð ca. 1640. Í henni er einnig Recess Kristjáns III. og fleira.</p>	Lanndsbókasafn-Háskólabókasafn. Handritasafn

LÉNID ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
C Dómabækur	C Dómabækur	
D Konungsbréf og önnur bréf	ÞÍ. Skjalasafn Stiftamtmanns III. nr. 2. Þrjú skinnbréf 1565–1643	<p>Þrjú skinnbréf 1565–1643.</p> <p>Bréfin eru: 1. 13. apríl 1565. Konungsstaðfesting á Stóradómi 30. júní 1564. 2. 18. maí 1641. Próventu- gerningur Margrétar Gunnsteinsdóttur. 3. 30. júní 1643. Kaupbréf Pros Mund höfuðsmanns fyrir jörðinni Dyrhólum. Enn fremur er hér með lagt toll- kammerbréf til stiftamtmanns frá 17. nóvember 1779, en það varðar tvö ofangreind skinnbréf, sennilega nr. 2 og 3. Þessi þrjú bréf tók Johan C. Pin- gel amtmaður með sér til Kaupmannahafnar þegar hann fluttist frá Íslandi og fundust þau þar í dánar- búi hans. „Vestindisk Gvineisk Rente og General Toldkammer“ sendi þau svo aftur til Thodal stift- amtmanns með bréfi sbr. tollkammerbréf til stift- amtmanns dagsett 17. nóvember 1779.; „Ved Skri- velse af 16. Octobr. sidstleden haver det kongelige Rentekammer her til Kammeret indsendt vedlagte</p>

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
<p>AM 254 4to. Dómabók (þingbók) Einars sýslumanns Hákonarsonar 1619–1626. Sjá einnig afskrift frá 1896 ÞÍ. Árn. GA/9 örk 1 (eldra V.1).</p> <p>ÞÍ. Árn. GA/9 örk 2 (eldra V. 2). Dómabók Jóns sýslumanns Vigfússonar 1666–1677.</p> <p>ÞÍ. Snæf. GA/1 örk 1 (eldra IV.1.a). Dóma- og þingbók Matthíasar Guðmundssonar 1652–1667. (Thott 2109 4to).</p> <p>ÞÍ. Dal. GA/4 örk 1 (eldra V.1). Dóma- og þingbók Bjarna sýslumanns Péturssonar 1653–1654 (brot).</p> <p>ÞÍ. Barð. GA/1 örk 1 (eldra IV.1). Dóma- og þingbók Eggerts sýslumanns Björnssonar 1661–1662.</p> <p>ÞÍ. Hún. GA/3 örk 1 (eldra V.1). Dóma- og þingbók Guðmundar Hákonarsonar og Jóns Sigurðssonar sýslumanna í Húnavatnsþingi 1621–1648 (í afskrift frá um 1670).</p> <p>ÞÍ. Skag. GA/1 örk 1 (eldra V.1). Dóma- og þingbók Benedikts sýslumanns Halldórssonar 1673–1680.</p> <p>AM 249 a 4to. Dómabók Gísla sýslumanns á Hlíðarenda 1597–1612. Úr Rangárþingi.</p>	<p>Þjóðskjalasafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum</p>

LÉNID ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		2(!) paa Pergament skrevne breve, som udj forrige Amtmand paa Jsland afg. Etatz Raad Pingels Sterboe ere forefundne: men da disse Pergaments–Documenter ansees at henhöre til Stiftets Archiv i Jsland, saa have vi ikke villet unnlade herved at tilsende Hr. Stiftamtmanden samme med tjenstlig Anmodning, at De vilde besörge dem optagne til bevaring udj bemældte Archiv“. Sjá Jón Þorkelsson, Skrá um skjöl og bækur I, 1, bls. 86. Sjá umfjöllun um Próventusamning Margrétar Gunnsteinsdóttur í: Kristjana Kristinsdóttir, „Um konur í íslenskum lénsreikningum“, Kvennaslóðir (Reykjavík 2001).
D Konungsbréf og önnur bréf	ÞÍ. Skjalasafn Stiftamtmanns III. nr. 3. Konungsbréf til höfuðsmanns 1542–1682	Konungsbréf til höfuðsmanns 1542–1682. Um 90 pappírbréf, langflest í frumriti, og þrjú opin bréf prentuð. Mörg þessara bréfa eru stíluð til ýmissa manna á Íslandi, en sum eru opin konungsbréf. Á mörg þessara bréfa votta lögmennirnir að þau hafi verið lesin upp á alþingi. Enn fremur er hér skrá eða listi yfir 55 bréf frá árunum 1542–1619 sem lágu á Bessastöðum og Hákon Ormsson hafði afritað.
D Konungsbréf og önnur bréf	ÞÍ. Leyndarskjalasafn 1. 5a-40, 2. 45. Miscellanea, 3. Supplem I, 10–22, 4. Supplem II, 31–32	Þessi skjöl voru afhent Þjóðskjalasafni í dönsku sendingunni 1928. Hér í eru m.a. skjöl sem tengjast siðaskiptunum og eignarhaldi á jörðum. Skjölin eru upphaflega skráð í skrá Gríms Thorkelín leyndarskjalavarðar yfir Leyndarskjalasafn í Registratur nr. 13 í Ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn. Skrár Gríms eru númer 10–14, og er í bók nr. 13 skráð skjöl varðandi hertogadæmin, Noreg, Svíþjóð og Ísland. Í skránni eru 121 númer sem hann hefur skráð sem skjöl varðandi Ísland og af þeim hefur um þriðjungur verið afhentur Þjóðskjalasafni og er afhendingin merkt í skrána. Sjá nánar skrána í Þjóðskjalasafni, Skjöl úr Leyndarskjalasafni Dana. Í

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

Tengd söfn

Núverandi safn

Þjóðskjalasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		henni er hvert einstakt skjal skráð og númerað á sama hátt og í skrá Gríms Thorkelín.
D Konungsbréf og önnur bréf	AM. 381 fol. Bréfasafn	Í þessu handriti eru nokkur stjórnsýsluskjöl bæði í frumriti og afskrift frá um 1563 til um 1662. M.a. um verslunina, veitingabréf Bjelke árið 1650 fyrir Vestmannaeyjum, bréf hans 1662 til sýslumanna (umboðsmanns Árnessýslu) vegna erfðahylluminnar og fleira, auk frumritaðs uppkasts að bréfi Pouls Stigesen til konungs árið 1563 um nytjar brennisteins, fálkatekju og fleira. Bréfið er prentað í Íslensku fornbréfasafni XIV bls. 128–130.
D Konungsbréf og önnur bréf		

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
		Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
	<p>DRA. Særligt stillede landskaber og unionsriger. D. 11. Island. Supplem II. kassi nr. 1809.</p> <p>Hér verður helst getið þriggja skjala, þ.e. skjala númer 27, 28 og 29, sem öll eru frá Poul Stigesen lénsmanni til konungs.</p> <p>Skjalið númer 28 er dagsett 14. júlí 1560. Skjal númer 27 er frá árinu 1561 og númer 29 frá 1563. Í þessum bréfum fjallar Poul m.a. um brennisteinsnám og verslun, óskírlífi og sektir við því, um að jarðeignir séu að heimildarlausu komnar undir klaustur og kirkjur, í arfaskiptum gangi þeir auðugu fyrir og hvort ekki megi flytja lögréttu því hún sé að hruni komin. Hann leggur til að prestar fái veitingabréf frá lénsmanni en ekki biskupi og að skipaður verði dómur 24 manna sem yfirfari dóma lögmanna. Þetta sé nauðsynlegt því dómur þeirra sé ekki alltaf sanngjarnir og fátækt fólk sé oft órétti beitt.</p> <p>Páll Eggert Ólason fjallar um innihald þessara bréfa í Menn og menntir III, bls. 300–302. Sjá einnig Íslenzkt fornbréfasafn XIII, bls. 502–505, bls. 623–626 og Íslenzkt fornbréfasafn XIV, bls. 69–72.</p> <p>Skjölín númer 33–35 fjalla öll um brennisteinsnám og verslun á Íslandi ýmist í afriti eða frumriti.</p> <p>Númer 55 eru ýmis skjöl frá 1602–1607 vegna erfða eftir Johan Bocholt lénsmann 1597–1602.</p>	Ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn

LÉNID ÍSLAND 1541-1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
D Konungsbréf og önnur bréf		
D Konungsbréf og önnur bréf		
D Konungsbréf og önnur bréf		
D Konungsbréf og önnur bréf		

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
<p>Sjá nánar skrá Gríms Thorkelín yfir Leyndarskjalasafn Registratur nr. 13 í Ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn. Skrár Gríms eru númer 10–14, og eru í bók nr. 13 skráð skjöl varðandi hertogadæmin, Noreg, Svíþjóð og Ísland. Í skránni eru 121 númer sem hann hefur skráð sem skjöl varðandi Ísland og af þeim hefur um þriðjungur verið afhentur Þjóðskjalasafni og er afhendingin merkt í skrána.</p>	
<p>Þí. Kansellí–KA. KA. KA/1 1548–1649 Innkomin bréf og önnur skjöl. KA. KA/2 1650–1679 Innkomin bréf og önnur skjöl.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands
<p>Þí. Rtk. B27/1. 1661–1699. Innkomin bréf og ódagsett eftirrit.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands
<p>DRA. Rentukammer, Kansellí og Leyndarskjalasafn konungs (Særligt stillede landskaber) Í þessum skjalasöfnum a.m.k. er að finna ýmis skjöl sem varða Ísland á tímabilinu 1541–1683. Þau hafa ekki verið afhent til Íslands þar sem þau tengjast ýmsum dönskum málefnum t.d. vegna verslunarinnar t.d. í Leyndarskjalasafni D-11 kassar nr. 1801, 1803–1805 og 1807, auk ýmissa málefna á Íslandi sem ekki hafa verið skoðuð sérstaklega bæði í kansellíu og rentukammeri. Er þó rétt að geta þess hér til upplýsingar.</p>	Ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn
<p>Þí. Barð. C/1 ör 1 (eldra III.1). Bréfabók Eggerts Björnssonar á Skarði sýslumanns í Barðastrandasýsu 1632–1673. Hér í eru m.a. bréf til lénsmanns. Sjá Gunnar Örn Hannesson, Bréfabók Eggerts Björnssonar sýslumanns á Skarði á Skarðsströnd. Ritgerð til M.A.-prófs (2011), Landsbókasafn–Háskólabókasafn.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
E Afskriftir konungsbréfa	Þí. Skjalasafn Stiftamtmanns IV. nr. 1. Tilskipanir, konungsbréf, úrskurðir og bréf konungs og stjórnardeilda varðandi Ísland 1329–1746.	<p>Tilskipanir, konungsbréf, úrskurðir og bréf konungs og stjórnardeilda varðandi Ísland 1329–1711. Bókin er 217 bls. í 4to auk registurs og skrár um konungsbréf og tilskipanir 1698–1746 sem ekki hafa verið færð inn í bókina en liggja enn við amtið. Skráin er með annarri hendi en bókin. Bókin er rauð að lit.</p> <p>Ofan við registrið stendur með enn annarri hendi: „Tilhörer Bessetæds Archiv“.</p> <p>Skjöl frá tímabili lénsmanna eru á bls. 1–157.</p> <p>Fremst í bókinni á forsiðu er vísað til þess að Christian Müller amtmaður hafi lánað Árna Magnússyni úr amtskistunni 121 bréf yfir eignir klaustranna á Íslandi eins og fram komi á kvittun Árna í amtskistunni dagsett 9. september 1703.</p> <p>Önnur sambærileg bók er í skjalasafni Stiftamtmanns. IV. nr. 2. Skjölin í henni eru frá árunum 1450–1722. Hún er röskar 1200 bls. í folio auk registurs fremst í bókinni. Hún er skrifuð með ýmsum höndum, líklega á árunum 1760–1772. Skjölin frá tímabili lénsmanna eru á bls. 1–339.</p> <p>Sjá nánar óprentaðan formála yfir skjalasafn Stiftamtmanns eftir Gunnar Sveinsson.</p>
E Afskriftir konungsbréfa	Þí. Skjalasafn Rtk. G/1, Bachmanniana, safn af konungsúrskurðum og stjórnarbréfum varðandi Ísland 1573–1800	Þessi skjöl voru afhent Þjóðskjalasafni í dönsku sendingunni 1928. Bachmanniana, safn af konungsúrskurðum og stjórnarbréfum varðandi Ísland 1573–1800.
F Klaustrabréf	Þí. Skrá um skjöl í steinklefa. I. Skinn-	<p>Reynistaðarklaustursbréf. 46 eða 47 að tölu.</p> <p>Sjá nánar skrána yfir skjölin. Skrá um skjöl í steinklefa.</p>

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

*Tengd söfn**Núverandi safn*

Þjóðskjalasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
	bréf úr Árnasafni. Reynistaðarklaustursbréf	<p>Í Danmörku var litið svo á að eignir klaustra og kirkna hafi við siðaskiptin komist í eigu konungs og þar með jarðaskjöl þeirra og verður að ætla að svo hafi einnig verið á Íslandi. Í úrskurði Christoffers Huitfeldt lénsmanns árið 1541 vegna einnar jarðar Ögmundar biskups Pálssonar er þessu einmitt haldið fram. Öll klaustur í Danmerkur og Noregs ríki og á Íslandi, og allar gamlar klaustraeignir séu dæmdar undir kóng og eigi ævinlega að fara með eftir hans ráðum og vilja.</p> <p>Afskriftir þessara skjala eru í Þjóðskjalasafni Íslands. Skjalasafn umboðanna. IX.1. Skrá um skjöl og bækur III, bls. xxvii–xxviii þar eru þau 46, en í Skýrsla um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar, bls. 46 eru þau 46 eða 47.</p>
F Klaustrabréf	ÞÍ. Skrá um skjöl í steinklefa. I. Skinnbréf úr Árnasafni. Möðruvallaklaustursbréf	Möðruvallaklaustursbréf. 6 að tölu. Sjá nánar ÞÍ. Skrá um skjöl í steinklefa.
F Klaustrabréf	ÞÍ. Skrá um skjöl í steinklefa. I. Skinnbréf úr Árnasafni. Munkaþverárklaustursbréf.	Munkaþverárklaustursbréf. 46 eða 47 að tölu. Sjá nánar ÞÍ. Skrá um skjöl í steinklefa. Þau eru 46 í Skrá um skjöl og bækur III, bls. xxviii–xxiv. Þau eru 46 eða 47 í Skýrsla um skjöl og handrit úr safni Árna Magnússonar, bls. 46.

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

*Tengd söfn**Núverandi safn*

Þjóðskjalasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
F Klaustrabréf	ÞÍ. Skrá um skjöl í steinklefa. I. Skinnbréf úr Árnasafni. Skriðuklaustursbréf	<p>Skriðuklaustursbréf. 15 eða 16 að tölu.</p> <p>Af frumritum Skriðuklaustursbréfa er töluvert til enn, þó glötuðust mörg frumbréf vegna flutnings þeirra til Kaupmannahafnar 1697. Sjá Skrá um skjöl og bækur III. bls. xxxi. Í vísitásiu Brynjólfs Sveinsonar biskups á Skriðu í Fljótsdal 1641 eru talin 32 bréf. Af þeim bréfum eru 15 enn til í frumriti, 6 eru glötuð og 11 eru til í afskriftum en frumrit þeirra glötuð. Það eru þau frumrit sem flutt voru til Kaupmannahafnar árið 1697. En áður en bréfin voru send burt var tekið af þeim afrit annað á Skorrastað 7. september og hitt á Berufirði 28. september 1697. Einnig er til afrit frá 1704 og enn annað eftir því frá 1741 gert af séra Grími Bessasyni, sbr. Ny. kgl. saml. 1845 d, 4to. Jón Þorkelsson. Skýrsla frá Þjóðskjalasafninu í Reykjavík. 1917, bls. 72–78. Sjá einnig AM 914, 4to í afskriftir klaustraskjala. Ath. Afskrift þessara skjala liggja í ÞÍ. Skjalasafn umboðanna VI,1. Skriðuklausturskajöl 1585–1679. Í Skrá um skjöl og handrit III, bls. xxix–xxx eru þau talin 15 en 16 í Skýrsla um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar, bls. 46.</p>
F Klaustrabréf	ÞÍ. Skrá um skjöl í steinklefa. I. Skinnbréf úr Árnasafni. Kirkjubæjarklaustursbréf	<p>Kirkjubæjarklaustursbréf. 3 að tölu.</p> <p>Flest hin fornu bréf Kirkjubæjarklausturs hafa horfið snemma á 17. öld. Í vísitásiu Brynjólfs biskups 17. september 1641 í Kirkjubæ segir, „Haldast nú vj bréf á kálfskinn af xxj. Lofar Nikulás Þormóðsson að láta biskupinn fá þeirra meining og innihald að vita, ef þau koma honum aptur í hendur frá Bessastöðum, hvert þau eru nú til útskriptar send“.</p> <p>Bréf þessi komu aldrei aftur frá Bessastöðum og nú þekkjast aðeins 3 af þeim. Sjá Skrá um skjöl og bækur III. bls. xxxi.</p>

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

Tengd söfn

Núverandi safn

Þjóðskjalasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
F Klaustrabréf	Þí. Skrá um skjöl í steinklefa XIV. Þí. Skrá um skjöl í steinklefa XV. Þingeyraklaustursbréf	Þingeyraklaustursbréf á skinni. (XIV) 1. askja. 29 bréf rá 1326–1645. Þ. á m. bréfin þrjú sem afhent voru 1904. AM Fasc. LXXIII. 1, 3 og 4. Þingeyraklaustursbréf á pappír (XV) 1. askja. Bréfin eru frá ca. 1200–1891 og hafa ýmislegt um Þingeyraklausturskirkju inni að halda. Ath. Skjölin eru einnig skráð í Þí. Skjalasafn umboðanna. IX. Sjá,,Um klaustrin“ eftir Árna Magnússon, Jón Þorkelsson bjó til prentunar, Blanda II, bls. 46–47. Samkvæmt Skýrslu um skjöl og handrit eru skinnbréfin 15 og pappírsbréfin 52, bls. 50. Sjá einnig Skrá um skjöl og handrit III, bls. 313.
F Klaustrabréf	Þykkvabæjarklaustur	<p>Þykkvabæjarklaustur. Öll frumrit hinna fornu bréfa og nær öll hin fornu bréf Þykkvabæjarklausturs glötuðust fyrir meir en 400 árum. (Stendur 300 í heimildinni en hún er nú nær 100 ára). Ýmsar sagnir hafa gengið um það fram á 18. öld, hvernig skjöl klaustursins hafi glatast. Segja sumir að skjölin hafi verið geymd í turni klausturkirkjunnar en turninn hafi fokið og bréfin týnst á þann hátt. Hitt er þó sennilegra sem Þorsteinn klausturhaldari Magnússon og sýslumaður á Þykkvabæjarklaustri segir árið 1651 við afskrift sína af Dyrhóladómi frá 8. maí 1449, að:</p> <p>„Í þann tíma, sem Eiríkur heitinn Jakobsson hafði haldið Þykkvabæjarklaustur [1583–1590] eða lengur, þá höfðu fyrir honum skemzt, vöknað og fúnað öll klaustursins bréf, svo ekki höfðu lesandi verið, utan fáein, hver bréfaskemd að eptir hans dag hafði til Alþingis komið, og honum þar dæmt verið, að hans arfar skyldu borga og bítala allan þann skaða, sem klaustrið þar af feingi eður fá kynni et cetera“. Íslenskt fornbréfasafn IV, bls. 761–762.</p> <p>Þorsteinn Magnússon tók við Þykkvabæjarklaustri 1612 nær 20 árum eftir lát Eiríks Jakobs-</p>

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

Tengd söfn

Núverandi safn

Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		sonar, svo að honum ættu að vera kunnug örlög skjalanna. Sjá Skrá um skjöl og bækur III. bls. xxxi–xxxii. Sjá einnig „Um klaustrin“ eftir Árna Magnússon, Jón Þorkelsson bjó til prentunar, Blanda II, bls. 45. Fáein nákvæm afrit eru va rðveitt sjá Skýrsla um skjöl og handrit bls. 50.
G Afskriftir klaustraskjala	ÞÍ. Skjalasafn Amtmanns B/182. Afrit af skjölum ýmissa klaustra ca. 1200–1643	Bók skrifuð um 1640 með hendi Hákonar Orms-sonar alþingisskrifara. Í henni eru afskriftir af klaustraskjölum: <ol style="list-style-type: none"> 1. Reynistaðarklaustursskjöl 1315–1609. 2. Munkaþverárklaustursskjöl ca. 1270–1507. 3. Möðruvallaklaustursskjöl 1442–1610. 4. Þingeyraklaustursskjöl ca. 1200–1629. 5. Skriðuklaustursskjöl 1480–1525. 6. Viðeyjarklaustursskjöl 1641–1643.
G Afskriftir klaustraskjala	AM. 280 4to. Bessastaðakópiubók	Skjalabók með hendi Hákonar Ormssonar skrifuð 1642. Hún inniheldur afskriftir af skjölum klaustranna. Bækurnar, ÞÍ. Skjalasafn Amtmanns II. nr. 111 og AM 280, 4to eru svipaðar þó ekki séu þær alveg samhljóða og er í AM bókinni einnig getið innistæðu Reynistaðar, Arnarstapa, Bessastaða, Viðeyjar, Munkaþverár, Þingeyra, Möðruvalla, Kirkjubæjar og Þykkvabæjar. Í þeirri bók stendur: <p>„Anno 1642 aa Jolafostu voru þessar Menn samankommner a Kongsgaardenum a Bessastodum til ad yfferlesa þaug Breff Reikningskape Klaustranna sem velbyrdig herra Hoffudsmann Pros Munndt haffde befalad Logmonnum badum ad yfferskoda a næsta fyrerfarende Alþynge Aarne Oddsson Logmadur Paall Giislason vegne Magnusar Logmanns Þordur Henriksson i naalægd Umbodsmannssins Lauridtz Niellssonar.“</p>

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

*Tengd söfn**Núverandi safn*

Þjóðskjalasafn Íslands

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		<p>Sennilega á önnur þessara bóka heima í skjalasafni Bessastaða og hin í kansellíu eða rentukammeri, þó e.t.v. séu hér komnar þær tvær samhljóða bækur yfir klaustraeignir sem árið 1662 lágu í skjalasafni Bessastaða. Sjá Árnasafn í Kaupmannahöfn Steph 70. Innistæðuskrá Bessastaða 1662. Sjá einnig Skýrsla um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar, bls. 43–44 neðanmálgrein.</p>
G Afskriftir klaustraskjala	AM. 238 4to. Bessastaðabók. Afskriftir Viðeyjarklaustursskjala	<p>Bók skrifuð á pappír kringum 1570. Í henni eru m.a. bréf Viðeyjarklausturs og kemur hún í stað frumrita af þeim. Bókin er talin hafa fylgt skjalasafninu á Bessastöðum. Í bókinni eru einnig bréf vegna jarða séra Björns Jónssonar, skrár um jarðir hans, Ara lögmanns Jónssonar og Ögmundar biskups Pálssonar, sem konungur eignaði sér.</p> <p>Afskriftir af þessum skjölum er að finna í AM 65a 8vo og AM 65b 8vo. Sjá umfjöllun um bókina: Ragnheiður Mósesdóttir, „Bessastaðabók og varðveisla Viðeyjarklaustursskjala“, Saga tímarit Sögufélags XXXIV (1996), bls. 219–254. Sjá „Um klaustrin“ eftir Árna Magnússon, Jón Þorkelsson bjó til prentunar, Blanda II, bls. 45–46.</p>
G Afskriftir klaustraskjala		

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
		Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
	<p>Þí. Skrá I, 1. 94. III. Á kili bókarinnar stendur Gömul Dóma-bók. Bókin er í 4to. 21. Skjöl Helgafellsklausturs.</p> <p>Bók skrifuð að mestu leyti ca. 1600–1625 með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar á Reynistað.</p> <p>Það sem hér skiptir mestu máli er uppskrift Helgafellsskjala á bl. 119–159. Jón Sigurðsson hafði Stapaumboð og Snæfellsnessýslu eftir Gísla Þórðarson á árunum 1613–15, en var lögmaður norðan og vestan til 1618. Mun því þessi uppskrift yngri en sú í AM 264, 4to. Jón Þorkelsson uppgötvaði ekki fyrir en komið var að útgáfu sjötta bindis Fornbréfasafnsins að hér var komin hin fullkonnasta uppskrift Helgafellsskjala sem völ var á.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNID ÍSLAND 1541-1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
G Afskriftir klaustraskjala		
G Afskriftir klaustraskjala		
G Afskriftir klaustraskjala		

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
<p>Skrifarinn hefur ráðist í að skrifa upp alla hina fornu skjalabók Helgafellsklasturs og skrifað beint upp í sömu röð og skjölin voru í forritinu. Formáli skrifarans fyrir uppskriftinni er þannig:</p> <p>„Hier epterfylgia maldagar nockrer og brief sem liggia fyrir ArnarStapans Jordum og gotze“</p> <p>Í skrá ÞÍ I, 1 (1903) bls. 81–84 er nákvæm lýsing Jóns Þorkelssonar á innihaldi hennar. Sjá hér grein Sveinbjörns Rafnssonar, „Skjalabók Helgafellsklasturs“. Saga tímarit Sögufélags XVII (1979), bls. 171–174.</p>	
<p>AM. 264 4to Skjöl Helgafellsklasturs.</p> <p>Bókin hefur upphaflega verið hluti af Dómabók Gísla Þórðarsonar lögmanns en síðan verið skorin úr henni. Afskriftin af skjölum Helgafellsklasturs er gerð 1606 og er talin elsta uppskrift sem varðveitt er af hinni fornu Helgafellsbók. Eitt einkenni þessarar uppskriftar er að þau skjöl sem upp eru tekin eru skrifuð upp óstytt. Hins vegar er hér aðeins um að ræða úrval skjala úr Helgafellsbókinni fornu, fullkomnari uppskrift er í ÞÍ. Skrá I,1. 94.III. (1903) Gömul dómabók 4to. Sjá hér grein Sveinbjörns Rafnssonar, Skjalabók Helgafellsklasturs. Saga XVII (1979), bls. 167–170 og 171–174. Sjá einnig Pál Eggert Ólason, Handritakröfur Íslendinga, Reykjavík 1939, bls. 14.</p>	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
<p>AM. 252 4to. Skjöl Helgafellsklasturs.</p> <p>Sveinbjörn Rafnsson telur ljóst að þetta handrit hafi fylgt Stapaumboði og sýslumönnum Snæfellsness á 17. öld. Handritið er yngra en þau tvö hér að framan. Nefnir Sveinbjörn nokkur handrit sem runnin eru frá þessu og verður eins þeirra getið hér að neðan. Sjá nánar lýsingu Sveinbjörns Rafnssonar í Sögu XVII (1979), bls. 174–179.</p>	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
<p>ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Skjalasafn Stapa- og Skógarstrandaumboð IX.1. Máldagabók Arnarstapaumboðs (Helgafellsklastursjarða) ca. 1250–1649, með nokkrum yngri viðbótum</p>	Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNID ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
G Afskriftir klaustraskjala		
G Afskriftir klaustraskjala		
G Afskriftir klaustraskjala		
H Jarðabækur yfir konungseignir	AM. 902c 4to. Jarðabók yfir klaustraeignir og konungsjarðir 1550–1579	AM. 902c 4to er elsta jarðabók yfir klaustraeignir og konungsjarðir frá árunum 1550–1579. Að hluta er bókin talin vera með hendi Eggerts Hannessonar. Þorvaldur Thoroddsen telur, og vísar þar til Árna Magnússonar að Johan Bocholt lénsmaður (í fyrria sinn 1570–1587) hafi sett þessa bók saman. Páll Eggert Ólason, Handritakröfur Íslendinga, Reykjavík

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
<p>til 1734. Elsti stofn bókarinnar (bls. 1–78) hefur þessa fyrir-sögn: „Nockrar Maldaga Copiur saman skryfadar epter mal-dagabök Helgafellsklausurs. Vm Jtök nockra Jarda sem liggia i Arnarstapa vmbode a Snæfellsnese“. Aftan við þetta stendur: „Þetta næst riettu Copierad Effter Máldagabök Matthiasar Gudmundssonar medkienner Sigurdur Eyriksson eh.“</p> <p>Þetta handrit telur Sveinbjörn Rafnsson runnið frá AM. 252 4to. Saga XVII (1979), bls. 176.</p>	
<p>AM. 277 4to. Afskriftir Reynistaðarklausursbréfa. Pappír. Skrifað kringum 1640 af Guðmundi Andrésyni. Í gulu skinnumslagi. Þykir léleg afskrift.</p>	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
<p>AM. 278a 4to. Afskriftir af nokkrum Þingeyraklausursbréfum. Pappír. Skrifað á 17. öld. Páll Eggert Ólason, Handritakröfur Íslendinga, Reykjavík 1939, bls. 14.</p>	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
<p>AM. 914 4to. Afskriftir Skriðuklausursbréfa.</p> <p>Staðfest afrit Skriðuklausursbréfa sem nú eru ekki til í frumriti. Skrifað 1697.</p> <p>Önnur staðfest afskrift er varðveitt, AM 265, 4to, gerð árið 1704. Með hendi Árna Magnússonar stendur framan á henni „Skridulaustursbrefa Copier“.</p> <p>Sjá Fornbréfasafn VIII. bls. 401–402. Sjá einnig Pál Eggert Ólason, Handritakröfur Íslendinga, Reykjavík 1939, bls. 18.</p>	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		<p>1939, bls 18. Þar segir hann að bókin sé „eign skjalasafns Bessastaðafógeta“.</p> <p>Í Þjóðskjalasafni er til afskrift þessarar bókar. Konungsjarðabók frá seinni hluta 16. aldar. Sjá skrá yfir jarðabækur I. flokkur. Jarðabækur á 16. öld. I.1. Þar segir að bókin sé sennilega frá 1569–1575 og vísað til þess að Þ.Vilm. (Þórhallur Vilmundarson?) telji bókina frá því fyrir 1569.</p>
H Jarðabækur yfir konungseignir	AM 459 fol. Jarðabók 1583–1616	<p>AM 459 fol. er jarðabók frá árunum 1583–1616 yfir konungsjarðir er lágu til Bessastaða, auk skrár yfir sýslurnar, klaustrin og hafnirnar m.m. Þessa jarðabók kallar Páll Eggert Ólason brot úr jarðabók Bocholts 1583. Þegar Árni Magnússon er að aldursgreina bókina AM 459 fol. notar hann m.a. jarðabók til viðmiðunar sem er kölluð Johan Bocholt jarðabók „den grønne“ og sem sögð er samin um svipað leyti eða kringum 1583.</p> <p>Í Þjóðskjalasafni er til afrit þessarar bókar, Jarðabók frá seinni hluta 16. aldar. Afrit af A.M. 459 fol.</p> <p>Sjá skrá yfir jarðabækur. I. flokkur. Jarðabækur frá 16. öld. I. 3. Sjá einnig Pál Eggert Ólason, Handritakröfur Íslendinga, Reykjavík 1939, bls. 12. Þar segir að handritið ætti að vera í skjalasafni Bessastaðafógeta á Bessastöðum.</p>
H Jarðabækur yfir konungseignir	AM 457. fol Jarðabók í Snæfellsnessýslu 1681–1686	AM 457. fol er jarðabók Snæfellsnessýslu yfir konungseignir 1681–1686. Hún ætti að vera í skjalasafni Bessastaðafógeta sbr, Pál Eggert Ólason, Handritakröfur Íslendinga, Reykjavík 1939, bls. 12.
H Jarðabækur yfir konungseignir	AM 238 4to. Bessastaðabók.	<p>AM 238 4to eða Bessastaðabók. Í þessari bók eru m.a. varðveittar í afskrift skrár yfir:</p> <ol style="list-style-type: none"> Jarðeignir sem Jón biskup Arason hafði farg-

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

*Tengd söfn**Núverandi safn*

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
		Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
		Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
		Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		<p>að frá Hólastól og hann hafði fengið stólnum í stað þeirra. Gerð 1552–1553.</p> <ol style="list-style-type: none"> 2. Skrá yfir jarðeignir Björns Jónssonar og Ara Jónssonar. Gerð 1552–1553. 3. Skrá yfir jarðir Ögmundar biskups Pálssonar á Vestfjörðum og í Borgarfirði talin gerð 1541 og einnig afskriftir Viðeyjarklausturskjala. <p>Þessi bók er talin skrifuð á síðari hluta 16. aldar (1570).</p> <p>Sjá umfjöllun um bókina: Ragnheiður Mósesdóttir, „Bessastaðabók og varðveisla Viðeyjarklausturskjala“, Saga XXXIV (1996), bls. 219–254. Sjá einnig Pál Eggert Ólason, bls. 13, þar segir að Bessastaðabók sé úr skjalasafni Bessastaðafógeta.</p>
H Jarðabækur yfir konungseignir		
H Jarðabækur yfir konungseignir		
H Jarðabækur yfir konungseignir	ÞÍ. Jarðabækursérsafn. A/1 örk 1 Jarðabók yfir konungseignir 1633–1634	Frá Landsbókasafni eru komin á Þjóðskjalasafn jarðaskjöl talin frá árunum 1633–34. Páll Eggert Ólason telur þessi skjöl jarðabók eða undirbúningsheimildir fyrir jarðabók. Sjá Menn og menntir III, bls.179. Í henni er getið konungsjarða, bæði landskuldar og leigukúgilda, auk afgjaldsins af umboðsjörðunum, klaustrunum og sýslunum. Ýmsar athugasemdir við bæina gætu bent til að þessi bók hafi

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

*Tengd söfn**Núverandi safn*

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
	<p>Þí. Bps. III.2. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar um alkirkjur í Hólabiskupsdæmi 1590–1616 m.m.</p> <p>Í þessari bók er skrá um konungsjarðir á Íslandi árið 1590, auk skráa um prestssetur og kirknaeignir í Skálholtsbiskupsdæmi og jarðir Skálholtsdómkirkju.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands
	<p>Þí. Norska gjöfin, legg 14. Jarðabók 1597.</p> <p>Í þessari bók er bæði getið konungsjarða og jarða Skálholts- og Hólastiftis (stiftens indkomst).</p>	Þjóðskjalasafn Íslands
		Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNID ÍSLAND 1541-1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		verið notuð í léninu við eftirlit með tekjum léns- manns og mun hún því hafa legið í skjalasafni Bessa- staða.
H Jarðabækur yfir konungs- eignir	ÞÍ. Leyndar- skjalasafn. Supplem II. nr. 37. Jarðabók 1638	Jarðabók 1638 (1639). Framan á þessari bók er ár- talið 1638 en hún er ekki undirrituð. Í bókinni er getið leigukúgilda, landskuldar og dýrleika jarð- anna. Auk þess er getið nafna umboðsmanna og sýslumanna og hversu hátt afgjald þeir greiða. Listi er yfir kauphafnirnar og að lokum eru svo leiðbein- ingar um hvernig skilja á dýrleika jarða og íslenskt verðgildi. Sennilega er þessi bók frumrit eða grunn- bók jarðabókanna frá 1639 og hefur tilheyrt skjala- safni Bessastaða.
H Jarðabækur yfir konungs- eignir		
H Jarðabækur yfir konungs- eignir	AM 460 fol. Jarðabók 1639	Jón Þorkelsson Þjóðskjalavörður telur þessa bók frumrit bókarinnar frá 1639. Í henni eru engar at- hugasemdir eins og í rentukammerbókinni og hún er óundirrituð. Getið er leigukúgilda, landskuldar og dýrleika. Á eftir jarðabókinni kemur listi yfir

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
		Þjóðskjalasafn Íslands
	<p>ÞÍ. Rtk. F/4 1631–1640 Reikningar jarðabókarsjóðs. Lénreikningar. Jarðabók 1639.</p> <p>Björn Lárusson telur þessa bók afskrift jarðabókarinnar 1638 í ÞÍ. Leyndarskjalasafn Supplem II. nr. 37. Hún er undirrituð af Pros Mund og liggur nú í rentukammeri. Af bókinni má sjá, að hún hefur verið yfirfarin í rentukammerinu, því á henni stendur „Er saaledes rett eftirlagt och beregnet bekiendir Thommis Thommisson“ og hún hefur verið notuð við endurskoðun á reikningum Jens Søffrensen í rentukammerinu. „Disse Leyer och Landskyld ehr confererit med dend sidste indleffuerede Jordbog som afgangne Pros Mund hafer ladet leffuere Anno 1640“. Í bókinni er getið leigukúgilda, landskuldar og dýrleika jarðanna.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands
		Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		<p>sýslurnar og hverjir halda þær, með nöfnum sýslumanna og hvað þeir greiða af hverri sýslu. Síðan kemur listi yfir umboðsjarðirnar og klaustrin, hverjir halda þær jarðir og hvað greitt er af þeim. Aftast er svo nákvæm útlistun á íslenska kauptaxt- anum.</p> <p>Árni Magnússon telur þessa bók samda af Jens Søffrensen og jafnvel skrifaða með hans hendi. Hann segir þessa bók samhljóða jarðabók sem liggir nú í rentukammeri, undirrituð af Johann Petersen Klein 4. ágúst 1683 með vitnisburði tveggja votta á Bessastöðum þann 29. júlí 1685. ÞÍ. Rtk. E/1 örk 1639–1699 Jarðabók Jóhans Petersen Klein 1639. Sjá einnig Pál Eggert Ólason, Handritakröfur Íslendinga, Reykjavík 1939, bls. 12. Þar segir að bókin sé úr skjalasafni Bessastaðafógeta.</p>
H Jarðabækur yfir konungseignir		
H Jarðabækur yfir konungseignir	ÞÍ. Jarðabækursafn A/1 örk 3 Jarðabók Jens Søffrensen 1639 og skrá um jarðir Hen-riks Bjelke hirdstjóra fra ca. 1675–1683	<p>Jarðabók 1639. Aðra bók frá árinu 1639 sem nú er varðveitt í Þjóðskjalasafni staðfestir Johann Petersen Klein sem „Richtig Copie effter Originalen““ Í þeirri bók er einnig skrá um jarðir Henrik léns- manns 1675–1683. Í lok bókarinnar segir :</p> <p>„Denne Jordebog med 50 beshrefne Blade, at vere dend samme, huoreffter ieg underschrefften Indkomsten her i Landet effter Forlæningsbrefuene i Issland oppebaaret hafuer, saa at ieg ey af nogen meere Kongl: Mayst:“. Framhaldið er því miður glatað.</p>

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

*Tengd söfn**Núverandi safn*

Þí. Rtk. E/1 örk 1 1639–1699 Jarðabók Jóhanns Petersen Klein 1639. Þessi bók er samhljóða AM 460, fol og liggur nú með rentukammerskjölum undirrituð af Johann Petersen Klein 4. ágúst 1683 og með vitnisburði tveggja votta á Bessastöðum þann 29. júlí 1685.

Þjóðskjalasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNID ÍSLAND 1541-1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
H Jarðabækur yfir konungseignir		
H Jarðabækur yfir konungseignir		
H Jarðabækur yfir konungseignir	AM 211b 4to Jarðabók Ísafjarðarsýslu	AM 211b 4to Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1658 og 1695. Árið 1657 var send út sérstök tilskipun um gerð jarðabókar. Í þeirri tilskipun er gert ráð fyrir að sýslumennirnir í hverri sýslu láti gera jarðabók yfir allar jarðir í sýslunum, þar sem fram átti að

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
<p>Lbs. 492,4to. Jarðabók 1639. Þessi bók er enn ein jarðabók frá árinu 1639, og er sennilega afskrift bókar í léninu. Telur Páll Eggert Ólason þessa bók gerða af Jens Søffrensen eins og AM 460, fol. Í skrá Landsbókasafns segir hann að í bókinni séu í fyrsta lagi allar konungsjarðir á Íslandi ásamt hafnartali og klaustrajarðaregistri á dönsku. Í öðru lagi skrá yfir prestajarðir og kirkjueignir í Skálholtsstifti frá 1639 og í þriðja lagi skrá yfir kristfjárjarðir í Skálholtsstifti. Ef til vill hefur þessi bók verið ætluð rentukammeri eða kansellíu til upplýsingar</p>	<p>Landsbókasafn-Háskólabókasafn. Handritasafn</p>
<p>ÞÍ. Rtk. E/1 örk 3. 1639–1699 Jarðabók frá árinu 1660 yfir konungsjarðir og tekjur af sýslunum.</p> <p>Í athugasemdum rentumeistara árið 1661 við reikninga Henriks Bjelke frá árunum 1657–1660 vísar rentumeistari til veitingabréfsins um að lénsmaðurinn eigi að skila inn jarðabók bæði yfir kirkjujarðir sem og aðrar jarðir. Bjelke segir í svari sínu árið 1662 að slík bók sé til í rentukammeri og engin breyting hafi orðið á henni fyrir utan þær fjórar jarðir sem lagðar voru til spítalans. En hann geti þó þrátt fyrir ómakið sem því fylgi útbúið jarðabók. Síðan getur Jørgen Hansen rentuskrifari þess að bókin hafi verið afhent. Má gera ráð fyrir, þó ekki sé það fullkannað, að hér eigi hann við jarðabókina 1660 sem er undirrituð af Tómasi Nikulássyni, fógeta Bielke. Hún liggur nú í rentukammerskjöllum. Í henni er aðeins getið leigukúgilda, landskuldar og dýrleika konungsjarða auk afgangdsins af sýslunum, en ekki allra jarða eins og ætlast var til í tilskipun konungs 1657. Bókin er sennilega afskrift bókar sem lá í léninu og í henni koma fram þær breytingar sem orðið hafa á eignarhaldi á jörðum frá árinu 1638.</p>	<p>Þjóðskjalasafn Íslands</p>
	<p>Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum</p>

LÉNIÐ ÍSLAND 1541–1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
		<p>koma dýrleiki jarðanna, kúgildafjöldi og landskuld. Fógetinn á Bessastöðum átti síðan að útbúa jarðabók fyrir allt landið eftir þessum bókum sýslumanna. Menn virðast ekki hafa hlýtt þessu og var þessi tilskipun endurtekin á alþingi árið 1668. Árið 1682 var gengið eftir að farið væri fullkomlega eftir tilskipuninni frá árinu 1657.</p> <p>Björn Lárússon bendir þó á í bókinni <i>Íslands jordebok undir förindustriell tid</i>, að í afskrift frá um 1750 sé varðveitt jarðabók Ísafjarðarsýslu frá árinu 1658. Páll Eggert Ólason, <i>Handritakröfur Íslendinga</i>, Reykjavík 1939, bls. 12, 13. Telur hann bókina vera hluta af jarðakjöllum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.</p>
H Jarðabækur yfir konungseignir	Þí. Skrá um skjöl í Steinklefa. Varia II. 47. Jarðabók Húnavatnssýslu 1681	Jarðabók Húnavatnssýslu 1681. Þær upplýsingar sem fram koma í bókinni hafa verið fengnar á hreppsþingum. Fyrst er getið bæja, kirkju-, stóls- og konungsjarða í Svínavatnshreppi, Áshreppi, Torfalækjarhreppi, Engihlíðarhreppi, Bólstaðarhlíðarhreppi, og Vindhælishreppi. Getið er landskuldar og fjölda leigu- og eignarkúgilda. Bókin er án athugasemda og er ekki undirrituð.
H Jarðabækur yfir konungseignir		

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
		Þjóðskjalasafn Íslands
	<p>Þí. Rtk. D2/1. 1681. Stríðshjálpin 1681 – bréf og skrár bundnar í sérstaka bók.</p> <p>Tilraunir voru gerðar til að leggja aukaskatta á Íslendinga, t.d. árin 1624 og 1638 en Íslendingar báðu sér vægðar og varð því lítið úr þeim. Eitthvað mun þó hafa safnast árið 1638, en skjöl eru ekki varðveitt um það. Heimildir eru aftur á móti varðveittar vegna Stríðshjálparinnar 1681 svokölluðu, en hún var aukaskattur sem lagður var á samkvæmt bréfi konungs frá árinu 1679. Bréfið er birt á alþingi árin 1680 og aftur 1682 og samkvæmt konungsbréfi 1681 sem birt var á alþingi 1682 var skatturinn minnkaður um helming. Sýslumenn áttu að inn-</p>	Þjóðskjalasafn Íslands

LÉNID ÍSLAND 1541-1683

<i>Skjalaflokkur</i>	<i>Bessastaðir skjalaflokkur</i>	<i>Lýsing</i>
H Jarðabækur yfir konungs- eignir		
H Jarðabækur yfir konungs- eignir		
I Jarðabækur yfir jarðir dóm- kirkna og kirkna		

SKRÁ YFIR SKJALASAFN BESSASTAÐA

	<i>Tengd söfn</i>	<i>Núverandi safn</i>
	heimta skattinn hver í sinni sýslu. Skýrslur sýslumanna eða jarðabækur eru varðveittar úr flestum sýslum landsins, ýmist frá árunum 1681, 1682 eða 1683. Getið er bæjarnafna, oft eigenda með nafni, ef jörðin var í einkaeigu, landskuldar, kúgilda og stundum dýrleika. Björn Lárusson fjallar um þessar heimildir í bók sinni Íslands jordebog under förindustriell tid, bls. 10–16.	
	<p>ÞÍ. Rtk. E/3. 1681. Ný jarðabók yfir Ísland árið 1681, kennd við Johann Petersen. Þrátt fyrir það er það fyrst árið 1686 sem ný jarðabók var samin. Björn Lárusson hefur sýnt fram á að sú jarðabók, sem kennd hefur verið Johann Pedersen Klein og sögð vera frá árinu 1681, er í raun eftir Heidemann landfógeta frá árinu 1686. Vinnsla hennar byggði á þeim línnum sem lagðar voru í bréfi konungs um stríðsskatt árið 1679.</p> <p>Sjá Björn Lárusson, Old Icelandic Land Registers bls. 12–16. Sami, Íslands jordebog under förindustriell tid, bls. 16–18.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands
	<p>ÞÍ. Rtk. F/1–F/6. Reikningar jarðabókarsjóðs. Lénsreikningar. Lénsmennirnir þurftu samkvæmt veitingabréfinu að skila árlega inn jarðabók til rentukammers. Reyndin var að þeir skiluðu þeim inn við lénsmannsskipti vegna uppgjörsins. Slíkar jarðabækur eru varðveittar frá árunum 1597, 1606, 1616, 1632/3, 1639, ein sennilega frá árinu 1645 auk einnar ótímasettrar. Í þessum bókum er tekinn fram fjöldi leigukúgilda og landskuldar, auk þess sem dýrleika jarðanna er getið í bókinni frá 1639. Bækurnar virðast byggja hver á annarri, þ.e. vera uppskriftir eftir sömu eða sambærilegri bók sem lá í skjalasafni Bessastaða.</p>	Þjóðskjalasafn Íslands
